

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1996

Technical and Bibliographic Notes / Notes techniques et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

- ☐ Coloured covers / Couverture de couleur
- ☐ Covers damaged / Couverture endommagée
- ☐ Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée
- ☐ Cover title missing / Le titre de couverture manque
- ☐ Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- ☐ Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- ☐ Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur
- ☐ Bound with other material / Relié avec d'autres documents
- ☐ Only edition available / Seule édition disponible
- ☐ Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.
- ☐ Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.
- ☒ Additional comments / Commentaires supplémentaires: **Text in Icelandic. Page 193-194 are missing.**

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modification dans la méthode normale de l'image sont indiqués ci-dessous.

- ☐ Coloured pages / Pages de couleur
- ☐ Pages damaged / Pages endommagées
- ☐ Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées
- ☒ Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou piquées
- ☐ Pages detached / Pages détachées
- ☒ Showthrough / Transparence
- ☒ Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression
- ☐ Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire
- ☐ Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible.
- ☐ Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposant ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir la meilleure image possible.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

10x		14x		18x		22x		26x		30x	
					✓						
	12x		16x		20x		24x		28x		32x

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:


University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol $\rightarrow$ (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:


University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.

Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.


Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole $\rightarrow$ signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

75 *etc*

SÖGUSAFN HEIMSKRINGLU

Adalheidur


Skáldsaga


BYGÐ Á SANN-SÖGULEGUM
GRUNÐVELLI

DÝDD ÚR NORSKU

Arnþjotur B. Olsen

WINNIPEG
PRENTSMÍÐJA HEIMSKRINGLU
1908





Arnuljotur B. Olson

Aðalheiður.

SKALDSAGA, BYGD Á SANNSÖGULEGUM
GRUNDVELLI.

I. KAPÍTULI.

"Ég ætla að spyrja yður einnar spurningar, Miss Carlton. Er það vilji yðar, að þetta hjónaband eigi sér stað?"

"Já, það er minn vilji", mælti hún með lágrí lagurri rödd.

"Það er aileg á yðar valdi", mælti hann. "Ef þér óskið, að hætt sé við þetta allt saman, þá skal það verða gert, en ef þér endilega viljið giftast mér, þá verður það svo að vera".

"Það er alls ekki ósk mín að við það sé hætt", mælti hún.

"Það er að segja, ef þér viljið giftast mér, þó þér vitið -- já, fyrirsefið, þó ég segi það blátt áfram -- að ég elska yður ekki".

Hún eldroðnaði og fram á varir hennar komu reiðiyrdi, en hún hefti sig og sagði ekki orð, fyrir en

hún hafði náð aldri yfir sjálfri sér. "Ég vil reyna að vinna ast yðar", mælti hún.

"Það er maðurinn, sem á að vinna", sagði hann í höstuna tón.

Hún leit þottalega framani hann og mælti lágt: "Mín ósk og vilji er það, að við gíftumst, lávarður Caren, það er búið að fastákveða það, og alt er undir þá búið".

"Sveit mér ef ég get þakkað yður fyrir það. Ég segi yður hreint út Miss Carlton, að mér hefir aldrei geðfast að þvingunar hjónaböndum, og ég vonast fastlega eftir því, að þér hefðuð svo mikla skynsemi, til að bera og kvenlegar tilfinningar, að þér samþykkuð aldrei þetta hjónaband".

Hún mætti ekki orð frá munni, en hver sem hefði virt hana fyrir sér, hefði séð, hversu illa henni leið. Hún roðnaði og kreisti hendurnar saman, það var andséð, að hún átti í stríði við sjálfa sig, og hana langaði til að gjalda honum í sömu mynt, en hun stílti sig og þagði.

"Aldrei á æli minni hefi ég sært tilfinningar annara", hélt hann áfram, "og ég virði alt, sem kvenlegt er, og því undrast ég að þér, jafnvel uppalin, skynsöu og góð stúlka — því ég veit að þér eruð það — skuluð vilja gíftast mér á móti vilja mínum".

"Þér talið hörd orð og bitur, en ég vona, að þér breytið betur en þér talið", svaraði hún.

"Nei, miklu ver. — Af því heiðvirður karlmaður á, eftir mínu áliti, að sýna kvenmanninum virðingu og umburðarlyndi, þá vil ég ekki segja meira, en það skuluð þér vita, Miss Carlton, að hugsunin um þetta kemur mér í ilt skap. Viljið þér ennþá halda fast við ákvörðun yðar? Viljið þér þrátt fyrir þessa upplýsingu mína láta gefa okkur í hjónaband?"

Aftur átti hún í stríði við sjálfa sig, en eftir

augnallíks þögn mælti hún : "Ég get ekki gefið yður lausan Caren lávarður. Með tímanum fáið þér betra álit á mér".

"Nei, aldrei, það megið þér vera vissar um. Ég er alveg hissa á þrálæti yðar. Ég vonaði, að þér settuð yður á móti þessum ráðahag, þegar þér vissuð um vilja mínu í því efni".

"Þeir tímar munu koma, að yður mun ekki undra, þó eg saki þetta mál fast. Ég er þess fullviss, að með tímanum skiljið þér mig betur".

"Ég skil yður fyllilega, Miss Carlton. Þér viljið fullnægja samningi, sem ég hata. Það getur ekki verið nema um þá einu ástæðu að ræða frá yðar hálfu".

"Hán leit snöggt framan í hann og mælti : "Hverjar haldið þér að sán ástæður minar?"

"Ég get ekki hugsað mér þær aðrar en þær, að þér sækist eftir upphafið og aðalsnafni, sækist eftir að vera nefnd Lady Caren á Brookland. Þér skuluð fá þá ósk yðar uppfyllta. Nafn mitt og andæfi getið þér fengið, en heldur ekki meira. Þér skapið mér gledisnautt líf. Aldrei skuluð þér finna þá ást hjá mér, sem hver maður er skyldur að bera til korn sinnar. Samningunum skal verða fullnægt með því, að ganga með yður fram fyrir altarið, svo þér að nafninu til getið orðið kóran mín en aldrei neitt meira. Við kirkjudyrnar skulum við skilja, það er mín ákvörðun. Viljið þér ennþá ganga út í þetta hjónaband?"

Miss Carlton varð náfól og lá narri að hún félli öngvit ír þessari hörðni ræðu. "Þér eruð harður við mig og óréttlátur", sagði hún lágt. "Ég hugsa hvorki um upplæfð eða andæfi".

Hann hóf háðslega og mælti : "Ég er ekki svo hegómlegur, að ég haldi, að yður litist svo vel á mig, eða þér elskið mig svo mikið, að þér endilega

vegna þess viljið eiga mig. Þér eruð óneitanlega alt of mikil persóna til þess. Ég hefi aldrei verið í vinkap við yður. Verið nú sanngjörn og réttlát gagnvart mér, Miss Carlton. Síðan ég heyrði um þessa svindulegu erfðaskrá, hefi ég næstum forðast yður. Hvað segið þér nú?"

"Ég get ekki neitað því", sagði hún, og djúp hrygð lýsti sér í andliti Lennar.

"Jæja, þér neitið því þó ekki. Finnst yður að ég hafi sagt það gert nokkuð það, sem þér getið byggt hokkra von á? Svarið mér!"

"Nei", mælti hún svo varla heyrðist.

"Hér á engin ást sér stað. Það er einungis vegna nafnbóta minna og auðæfa, eins og ég sagði áður, að þér haldið þessu hjónabandi svo fast fram".

"Þér getið hugsað um það, hvað sem þér viljið", en ég vona, að guð gefi, að sá tíni komi, að þér skiljið mig betur". Hún ætlaði að segja fleira, en astur stilti hún sig.

"Hvað ég hugsa, Miss Carlton. Ég vil ekki segja yður það. Það skal verða eins og þér óskið, þér skulið verða konan mín, eignast auðæfi mín. En við kirkjudyrrnar skiljum við. Þér veitið Lady Carren, og þá veitist yður það, sem þér sækist svo ákaft eftir".

"Þér dæmið mig mjög ranglega", mælti hún seinlega.

"Svarið einni spurningu minni, Miss Carlton: Munduð þér halda svona fast við þenna skammarlega samning, væri það ekki vegna auðæfa minna og matorða?"

Hún leit á hann með því augnaráði, sem sá einn á til, sem hefir góða samvirkni.

"Þér svarið ekki", mælti hann óþolinmóður.

"Nei. Ég get það ekki", og hún ætlaði ekki að geta stundið orðunum upp. Henni var eins innan-

brjósta og manni, sem slept hefur allri von um björgun.

"Ég hugsaði þá rétt. Þér viljið ekki segja ósatt en getið ekki neitað því, að andæti mín hafa áhrif á yður."

Mörgum árum síðar — þegar samuleikurinn í ljós — mundi Lord Caren eftir, hversu sakleysi og hún leit út undir þessu samtali. Hún var sér meðvitandi, að breytni heunar var rétt, og það veitti henni djörfing til að hlusta á þau hörð og særandi orð sem komu frá vörum hans. Nú varð löng þögn. Þau stóðu eini í skrantal Lady Caren, í London á Englandi. Það var glaða sólskin og loftið var illuandi af blómum. Fuglarnir sungu gláðir í tréjum. Alt sýndist vera unaðslegt. Í salnum var sá skrantlegasti húsbúnaður, sem hægt er að hugsa sér. Fögur málverk, útlend blóm og dýr voru þar, sem Lady Caren, móðir Allan Carens lávarðar, hafði keypt. Innan um alt þetta skraut stóðu þau Adalheiður Carlton og Allan Caren. Hann stóð upp við fallegt blómsturborð.

"Fyrirgefðu", mælti hann allt í einu. "Ég tók ekkert eftir að þér stóðst".

Með meðlæddri hæversku, færði hann henni stól, og hún settist niður. Það stóð líka á takinörkum, því krastar hennar voru að þrotum komnir. Henni kom til huga hvílik mótsetning það væri hjá honum, að taka tillit til sinnar líkamlegu þreytu, á sama tíma, sem hann var að sára hjarta hennar með því hvassasta sverði, sem til er: — Fyrirlituningu.

"Jæja," sagði hann. "Að þremur vikum liðnum verð ég 24 ára gamall. og úr því ég verð að vera giftur þá, þá þykir mér fíkt að Lady Caren hafi ákvarðað brúðkaupið áður en þær 3 vikur eru liðnar. Tímann fram að brúðkaupinu ætla ég að nota til að

fara til París. Þegar alt er tilbúið, lætur Lady Caren mig vita, og ég skal vera til staðar til að vera við þá athöfn, sem aldrei ætti að eiga sér stað"

Hún hneigði sig þegjandi.

"Þér hafið með vilja yðar gert mér lífið leiðinlegt, og við kirkjudyrnar skiljum við. Munið það. En þér skuluð fá það, sem þér girnist svo mjög að ná í".

Þarna sat Aðalheiður Carlton, ung og fögur, andspænis þonum, og þó fann hann ekki einu sinni til meðanmákvinnar með henni. Það, sem mest einkendi fegurð hennar var, hve björt yfirlitum hún var. Það var eins og hún flytti sólskin með sér hvar sem hún var. Allir hennar andlitsdrættir voru eins fallegir og fullkennir og hægt er að hugsa sér. Ennið var hatt, augalrýrnar dökkar og kinnarnar rósrauðar með spékoppa, munnurinn lítill og nefið beint. Í einu orði sagt, hún var fyrirtaks fögur, og út úr andliti hennar skein hjarta og æska. Hún hafði mikið hár, sem fest var saman í hnút á miðju höfðinu. Hvernig gat Lord Caren horft á hana án þess að dáðst að fegurð hennar? Hún var þó fullkomlega ímynd ungdóms og fegurðar. En Lord Caren horfði á hana næstum með fyrirlitningu.

"Ég þarf ekki að dvelja hér lengur. Við skiljum nú hvort annað, og samveran getur ekki orðið skemti leg fyrir hvornugt okkar. Ég skal gera það, sem mér ber að gera, og áður en við skiljum, skal ég ganga svo frá öllu, að þér, sem Lady Caren, haldið heiðri yðar og réttindum. Í kveld fer ég til Parísar. Verið þér sálar".

Hún stóð upp og færði sig einn feti nær.

"Þér sögðust ætla að skilja við mig við kirkjudyrnar?"

"Já", mælti hann. "Þetta hjónaband er að eins til að sýnast, en ekki til að vera".

Hann hneigði sig lítið eitt og fór út úr salnum. Þegar Adalheiður var orðin ein, tók hún upp blóm, sem hann hafði fleygt á gólfid, og kysti það innilega. "Ég skal vinna þig, elskan mín!" sagði hún í hálfum hljóðum, já, vinna þig svo vel, að ég verði þér það dýrmætasta í eign þinni".

II. KAPÍTULI.

Gleði hennar yfir þessari tilhugsun varaði ekki nema stutta stund. Hún kastaði frá sér blóminu, er hún mintist hinna óbilgjörnu orða hans, og blóðið þaut fram í kinnar hennar. "Ó, hvílik forlög! Að ég skuli þurfa að niðurlægja mig svona, næstum biðja hann að eiga mig. Það er hart, að þurfa endilega að fullnægja þessum samningnum, þegar ég vildi helst rífa þá í sundur og troða undir fótum mér. En ég elska hann. Hefir sönn ást nokkurntíma orðið fyrir slíku ranglæti? Hefir nokkur manneskja komist í svona niðurlægingu? Samt skal Caren aldrei komast að því, svo framarlega, að mér veitist styrkur til að bera það". Hún gekk órólega fram og aftur í þínum skrantlega sal. Öðruhvorum stansaði hún þar sem Lord Caren hafði staðið, og það leit út fyrir, að hún hugsaði sér að fá þar uppreisn fyrir það, sem hún varð að liða, og hún greip höndnum fyrir andlitið, til að byrgja roða hann er færðist í kinnar henni.

"Þó ég elski Lann, myndi ég ekki hafa lofað nemu, hefði ég vitað alt, sem ég veit nú. Himneski guð! Skyldi ég nokkurntíma geta unnið bug á hatri hans og fyrirlitningu? Hann vill gera það

fyrir mig að eiga mig. Ég á að bera nafn hans og titil. Ég á að verða Lady Caren. En hann ætlar að yfirgefa mig við kirkjudyrnar, því hann vill ekki lifa með þeirri konu, sem hann ekki elskar".

"Ég gæti troðið alla peninga hans undir fótum mér, og ættgöfgi hans líka, en ég verð að frelsa hann hvað sem það kostar".

Alt í einu varð hún rólegri. "Ég verð að frelsa þig!" hrópaði hún. "Frelsa þig þó, svo þú hatir mig alla æfi. Aldrei skaltu af minnum vörum heyra leyndarmálid, sem ég legg mig í sölnurnar fyrir, til að bjarga þér. En er það réttlátt, að ég skuli verða að lifa fyrir syndir annara?" Hún fleygði sér fyrir neðan Hólmstúrborðið, og hin stóru, fögru blóm næstum kuldun hana, og grét eins sárt og nokkur kona getur grátið.

Lítilsvirt ást, virðingarleysi og ranglæti, sem henni var sýnt. Lá eins og farg á hjarta hennar. "Skýldi ást nokkurntíma geta lifað eins skipbrot?" lugsaði hún. "Ég skyldi hafa reynt að vinna hann með tímamun, en eftir þetta hatar hann mig. Hann álitur mig ókvenlega, eigingjarna og ráðríka. Mig, sem gæti látið líf mitt fyrir hann ef á því staði, dáið til að gera hann ánægðan".

Fallega langa hárið hennar hafði fallið niður, en hún fleygði því óþolinmóðlega aftur fyrir sig. "Nei, hjarta hans er eins og steinn. Aldrei mun hann elska mig. Hann getur ekki einu sinni litið mig hlýlegu augnaráði. Ó, góði guð, hjálpaðu mér! Hvernig á ég að lifa og þola alla þessa niðurlægingu og fyrirliðningu?"

Í þessu opnuðust dyrnar, og há, tíguleg kona gekk inn.

"Aðalheiður, elsku barnið mitt, ert þú hér enn-þá? Ég sá ykkur Allan fara hér inn, og síðan hef

ég verið svo óróleg. Ég þorði ekki að ávarpa hann þegar hann fór í burtu".

"Ó, góða Adalheiður, segðu mér frá viðræðu ykkar, ég þoli ekki þessa óvissu lengur".

"Þú þarft ekki að vera neitt hrædd, Lady Caren", sagði Adalheiðunni lágt. "Brúðkaupið skal standa 14. júní eins og þér hafist, óskað eftir".

"Það er mjög gott

Mér lefir líðið afarilla, en nú er úr því bætt".

"Ekki svo mjög gott. Lady Caren. Sonnr þinn vill að visu siga mig, en hann segist skilja við mig við kirkjudygnar. Hann vill gera það, sem ERFDA-SKRÁIN býður honum, en ekki meira. Hvernig á ég að bera þvílíka skömm og litilsvirðingu?"

Lady Caren varð náhvít og augu hennar fylltust tárur. "Veslings Adalheiður, sagði hann þetta?"

"Já, aldrei hefði ég getað trúað því, að ég gæti borið það, sem ég hefi orðið að bera þenna morgun. Ef það hefði ekki verið vegna loforðsins, sem ég gaf yður, Lady Caren, þá hefði ég farið strax í burtu úr þessu húsi og aldrei litið hann framár"

"Af hverju neyddir þú mig til að lofa þessu?"

Þessi háa unga stúlka stóð upprétt fyrir framan húsmóðurina í þessu skrantlega húsi, og augu hennar leiftuðu af geðslræringu.

"Af hverju neyddir þú mig til að lofa þessu?" spurði hún aftur. "Hann sagði, að ég væri ókvenleg, að ég vildi giftast sér vegna nafusins og auðæfanna. Aldrei gleymi ég þeim orðum, — aldrei".

"Af hverju lést þú mig lofa þessu? Ég sem er móðurlaust barn, og þú hefur því átt að hafa meðunnkvnu með mér".

Lady Caren stóð upp og tók hana ífang sér.

"Segðu þetta ekki, Adalheiður. Aldrei skaltu verða móðurlaus meðan ég lifi. Veslings barn, hvað þú hefur grátið. Blessuð falletu augn þín eru

þrútin af gráti. Hvernig á ég að þakka þér fyrir það, sem þú hefir gert fyrir mig? Ég veit, hvað þú leggur í söhurnar fyrir mig og kaun að meta það. Þú ert svo göfug og góð stúlka, og sonur minn hlýtur það tíma minn að elska þig, og þá fer alt vel".

"Nei," sagði Adalheiður sorglega, "en ég hefi gefið þér ioforð mitt, Lady Caren, og það vil ég halda. En enginn skal meitt um það fá að vita, og ég skal hafa það ein út af fyrir mig. Aldrei mun Allan elska mig. Hann ætlar að giftast mér og yfirgefa mig strax, svo ég verði höfð til spotts og aðhláturs. Fólk mun benda á mig og segja: 'Þetta er konan, sem lávarður Caren yfirgaf við kirkjudyrnar á sjálfan brúðkaupsdaginn'. Það mun ilægja að mér og segja, að ég hafi átt hann að eins vegna peninga hans, og hann kærir sig ekkert um mig. Hvernig á ég að bera þetta? Það mun segja, að ég hafi peninga hans, en geri verið án ástar hans".

Lady Caren kysti hið fagra andlit hennar. "Þú ert dugleg og hugrökk og þess vegna getur þú borið þetta. Þú elskar son minn og ást þín er sönn og staðföst. Hans vegna getur þú liðið og þagað. Ást þín til hans gefur þér styrk til þessa. Hefir álit mitt á þér ekki verið rétt? Eða hefi ég um of álitid þig hugrakka?"

Adalheiður reis upp úr faðmi Lady Caren og það var eins og Ejarma legði yfir andlit hennar.

"Ég get borið það", sagði hún, — "vegna hans. Ást mín er sterkari enn dauðinn. Hún getur einnig þolað fyrirlitningu. Vertu ekki hrædd eða óróleg mín vegna, eg get borið það alt saman".

Augu Lady Caren lýstu innilegu trausti og þakket.

"Ég er nú ánægðari og rólegri, en ég hefi verið í langan tíma", mælti hún. "Ó, Adalheiður! Þú hefir frelsað mig, — frelsað son minn. Sá, sem

blesað getur, blessi þig þúsund sinnum fyrir það! "Þig mun aldrei iðra þess", bætti hún við, þegar hún sá, hversu hún unga stúlka leit vonleysislega út.

"Nei, ég hef haldið orð min og ætla mér ekki að taka þau aftur héðanaf. Vertu alveg róleg þess vegna, Lady Caren".

Það mátti næstum lesa örvæntinguna út úr svip Adalheiðar, þegar Lady Caren gekk út til að skipa fyrir um undirbúning undir brúðkaupið. "Allflestar konur gefa einungis ást sína", sagði hún upphátt við sjálfa sig, "en ég hef ekki að eins gefið hana, heldur einnig heiður minn, — já, jafnvel sjálft lífið, og ekkert fengið í staðinn nema — fyrirlitninguna".

Nokkrum tíma seinna sagði hún við Lady Caren án þess að lita upp: "Sögðu Allan ekki eitt einasta orð af því, sem ég hef sagt þér. Láttu mig eina um, að milda skap hans. Það er trúna mín, að það geri einungis illt verra, að aðrir blandi sér inn í málefni okkar".

Lady Caren hlýddi henni með mestu ánægju. Henni þótti ekkert miður, að vera laus við afskipti af þeim.

Undirbúningurinn undir brúðkaupið gekk vel. Blöðin fluttu fréttir um brúðarskrautið og gimsteinana, ný aktýgi, nýja hesta, og þau sögðu, að ungu hjónin ætluðu strax eftir brúðkaupið til Brooklands — búgarðs Carens lávarðar — og dvelja þar hveiti-brandsdagana. Það var ekki neitt ofmælt í þessum fregnunum, því margar hendur fengu nóg að starfa tilefni af brúðkaupinu. Margar saumakonur voru fengnar. Lady Caren gaf brúðurinni svo mikið af dýrmætum silfurgrípum og gimsteinum, að það var næstum óteljandi. Margar ungu stúlkurnar sáröfunduðu Adalheiði, sem átti að njóta alls þessa. En það leit ekki út fyrir, að Adalheiður tæki neitt eftir því. Hún var alla tíma, þegar hún gat því við

komid, á herbergi sínu, og talaði fátt. Þegar hún var spurð um eitthvað, sem viðkomi búningi hennar, þá stóð henni svo alveg á sama um hann, að margir undruðust yfir því. Saumakonurnar sýndu henni margar tegundir af hvítu silki, sem hún átti svo að velja úr í brúðarkjólinn. En hún sagði þeim að fara með það til Lady Caren og láta hana velja, — "hún hefir miklu fullkonnari þekkingu á því en ég", mælti hún. Madame Louise, ein af saumakonunum, leit upp brosandi og sagði: "En þetta er brúðarkjöllinn yðar, Miss Carlton! Og hann ættnð þér sjálfar að velja. Mér finnst fyrir mitt leyti, að þér ættuð að taka þetta". Aðalheiður leit snögglega á það og sagði, að það "væri víst gott. Eftir þetta hélt Mad. Louise, að eitthvað væri hér öðruvísi en það ætti að vera. Henni þótti það ekki náttúrlegt, að ung stúlka skyldi ekki hafa gaman af því, að velja sér í brúðarkjól. "Ég er viss um, að þó ég hefði sýnt henni svart "Creme", þá hefði hún sagt að það væri ágætt". Aðalheiður hugsaði líka, að eftir ástæðum ætti hún miklu fremur að standa fyrir framau altarið svartklædd, en hvít-klædd. Hún næstum skalf, þegar Lady Caren sýndi henni Orange blómin, sem hún átti að bera. Henni fannst það napurt háð, að skreyta brúður, sem ekki átti ást manns síns, með Orange blómum. Hún hafði innilega beðið Lady Caren, að láta brúðkaupið fara fræn svo lítið bæri á, en Lady Caren hafði svar- að því með þessum orðum: "Hvað ætli heimurinn segði? Allan stendur svo hátt í mannfélaginu, að að hér getur ekki verið að tala um brúðkaup í kyr- þey. Margir dagar liðu svo, að þeir einungis voru sorg og kvíði fyrir Aðalheiði. Þó tók hún öllu með þolinmæði, og ekki sá hún eftir skuldbindingu sinni. En hún bað guð um styrk og hugrekki til að leysa það verk af hendi, sem hún hafði nú tekið að sér.

Arnefjörður B. Olson

III. KAPÍTULI.

Juanita, greifainna af Silvara, sat aléin í skraut-sal sínum. Hin rósröuð silkiqluggatjöld vorn dreg-in niður, en dagsljósið þrengdi sér samt inn til að skína á konn þá, sem inni var, og sem leit út fyrir að vera eitt af málverkum hins fræga Titians. Að rétt var hún spænsk og óvenjulega fögur, með mikið dökkt hár, og dökkleit, eldfjörug augu. Hún var klædd í svartan flaneliskjól, sem var svo fleginn, að allur hinn mjallhvíti háls hennar sást. Hún var í sannleika fögur og ásjáleg þar sem hún sat þarna og reyður hjarminn frá gluggatjöldunum féll á hana. Við hlið hennar lá bók í skrautbandi, sem hún hafði verið að lesa í. en í annari hendinni hélt hún á bréfi, sem hún hafði verið að lesa með innilegu lrosi á vörunum. Bréfið hljóðaði þannig :

"Ég er á ferð til Parisar, fer gegnum London. Mig langar til að sjá yður, Nita! Viljið þér leyfa mér leyfa mér að heimsækja yður kl. , ?"

A. C.

"Já, Allan Caren! Ég vil og skal taka á mót þér", sagði þessi fagra kona hálfhátt. "Hvað skyldir þú nú segja mér? Ætli að þú sért nú laus við þessa köldu, fölu ensku stúlku, sem heldur þér fjötrunum? Kemur þú til að biðja mig að verða Lady Caren? Þú verður þá að flýta þér, því tuttugu piltar knékrjúpa daglega fyrir fótum mér, og ég þarf ekki annað en velja einn af þeim". Þessi fallega stúlka

gat næstum komið hverjum einasta manni til að elska sig, og margir vildu þeir leggja mikið í söiurnar, þó ekki væri nema að eins til þess, að fá bros af henuar yndislegu vörum. Sjálf gat hún ekki elskað iinnilega. Hreina, djúpa og sannu ást átti hún ekki til í eigu sinni. Ég óska að halda fegurð minni eins lengi og eg get", sagði hún við sjálfa sig, "og ekkert gæti eyðilagt hana fyrir eu þessi drepandi, breunandi ást". Hún ásetti sér að njóta lífsins eins vel og hún gæti, og eiga þannu ríkasta mann, er hún átti vól á. Hún sagðist hvorki vilja elska eða hata, heldur vera eins og sumarfluglarnir og bað sitja í sólskiðinu. Einn meðal þeirra, sem flöggrað höfðu, eins og fluga í kringum hina fögru greifainnu, var Lord Caren. Hann hafði að vísu ekki beint sótt sig ákæft eftir henni, en hún sá, að hann dáðist að sér. Hún tók nákvæmlega eftir honum, því að fanga hann, var góð bráð, að leuuar álitu. Henni leist líka betur á hann en nokkuru hinna, og bar því hlýjastau hug til hans. Einn dag þegar Lord Caren tók eftir því, að hann var að flækjast í uet þessarar stúlku, sagði hann henni um trúlofunu sína. Faðir hans, Desmond Caren, hafði unnið föðurlandi sínu mikla frágð. Á öllu Englandi var ekki til meiri stjórnmálamaður en hann. Konungi fanst svo mikið til hans koma, að hann gerði hann að Barón á Brookland. Átt haus var bæði gömul og göfug, en hann var þó sá fyrsti í heinu, sem tók aðalsnafnbót. Allan Caren lávarður var einkasonur þessa mikla manns, og hlaut því að sjálfsgöðu erfðanafn hans og jarðeignir, þar á meðal greifasetrið Brookland. Það höfuðból hafði gengið í erfðir til eizta sonar í ættinni manni fram af manni. Þegar Desmond Caren var dáinn, og erfðaskrá hans var lesin upp, fanst ýmsu af ættingjum hans hún vera nokkuð undarleg. Öll auðæni hans átti Allan sonur hans að fá með því

skilyrði, að hann ætti fyrir komu Miss Adalheiði Carlton fösturdóttur hans. Ef Allan Caren ekki vildi ganga að því, að eiga Miss Carlton, þá átti allur andurinn að ganga til hennar undir eins og hún yrði fullmyndug. Allan varð því annaðhvort að ganga að því að eiga hana eða verða arllans. Ált þetta sagði Alan sjálfur Nitu greifainnn. Hún hafði bæði orðið hrygg og reið, og sagt, að faðir hans hefði verið bæði harður og hjartalans. "Nei", sagði Caren, "greifainni, þetta megið þér ekki segja. Faðir minn var sá heiðarlegasti maður, sem hægt er að hugsa sér, og hann var alveg sjálfráður því, hvað hann gerði við eigur sínar". — "Ér hún falleg, þessi drös, sem þér hefir verið fyrirhugað að eiga?" spurði greifainnan. — "Því á ég óhægt með að svara. Hún var uppeidsdóttir föður minn, en hefir gengið á skóla erlendis, svo ég þekki hana varla. En móðir mín hefir sagt henni frá þessu, og hún biður eftir, að ég uppfylli samninginn. Ég hélt að það væri réttara og heiðarlegra, að segja þér frá þessu, Nita". — "Af því þér hélduð að mér væri farið að þykja vænt um yður", mælti hún brosandi. "Hvað ætlið þér nú að gera?" — "Ég ætla að biðja Miss Carlton að gefa mig lausan", svaraði hann með alvörn. — "En ef hún vill nú ekki gera það?" — "Þá verð ég, nanðngur viljugur, að eiga hana". — Þetta samtal átti sér stað nokkrum dögum áður en Lord Caren lagði á stað í Parísarierð sína. En nú ætlaði hann að hitta Nitu og láta hana vita, hvernig sér hefði gengið að lá sig lausan. Þegar hún lélt að hann færi að koma, bjó hún sig mjög skrautlega. Þegar Lord Caren kom, þurfti hún ekki annað en líta hann til að sjá, hvernig í öllu lá.

"Hún vill ekki gefa yður lausan", mælti hún um leið og hún rétti honum hendina alsetta demants-hringjum.

"Nei", mælti hann, "og þess vegna er ég kominn til að kveðja yður, Níta".

"Því þá það?"

"Já, ég má til", mælti hann. "Sjáið þér ekki, ég verð að leggja ást mína í hönd. Þér megið reiða yður á það, ef ég væri laus, þá skyldi ég biðja yður að verða konan mín. En af þeirri ástæðu, að ég er það ekki, verð ég að kveðja yður fyrir fult og allt".

"Það er þó ekki sjálfsagt!"

"Já, það er nauðsynlegt. Þó ég ekki elski þá stulku, sem á að verða Lady Caren, þá vil ég samt í hugsunum, orðum og gerðum vera henni trúur. Ég og ættmenn mínir látum sámd vora og æru ganga á undan öllu öðru".

"Og þér elskið hana ekki?"

"Nei. Í því er freistingin fölgir, Níta".

Hún færði sig nær honum og lagði hönd sína á handlegg honum. "En ef þér sjálfur skornðust undan þessu samningi?"

"Adalsnafn mitt þýfir mér það ekki, og ef ég gerði það, yrði ég fátækur maður. Og þér, jafnfullleg sem þér ernd, gæuð ekki, átt fátækan mann".

"Nei, það væri mér ómöglegt", mælti hún og hrollur fór í gegn um hana af þeirri tilhugsun. "Ætti ég peninga, þá skyldi ég gefa yður þá alla saman, en ég er alveg komin upp á náð frænku minnar, og hún myndi aldrei samþykkja, að ég ætti fátækan mann".

"Það er ekkert eftir neina að kveðjast", mælti hann hryggur. "Samleikurinn er sá, að ég gat ekki séð yður, svo ég elskaði yður ekki, Níta. Verið þér sálar".

Annaðhvort þótti Níta vænt um Caren eða Lenni sárnaði, að þessi ágætismaður var henni tapaður. Víst var það, að henni vöknaði um augu. "Verið þér sálar", mælti hún og varir hennar skulfu. "Allan! Þetta eru hörð forlög"

Hann tók í hönd hennar, en hún snéri sér að honum eins og til að kyssa hann.

"Nei, Nita! Ég ætla ekki að kyssa yður", mælti hann. "Verið þér sælar. Það getur skeð, að við hittumst að mörgum árum liðnum aftur, og þá getum við verið góðir vinir".

Hann yhrgef hana hryggur í huga. Hún var falleg og góð, að honum fanst. Hvernig gat hann yfirgefið hana. Honum fanst hann fara úr Paradís út í raturkúlða og myrkur. Að eins einn þekti sorg þá, er skar hjarta hans.

Þegar hann var farinn, gekk hún að spegli til að gæta að, hvort hún væri randeygð eftir tárin. Austín Chandos mátti ekki sjá hana randeygða, því hann var sá næsti, úr því að Lord Caren var hættur að hugsa um hana. Nú varð hún að gera sig ánægða með að verða Lady Chandos. Angu hennar litu út líkt og vant var, en samt baðaði hún þan úr ilm-vatni, og bjó sig til að taka á móti, Sir Austín Chandos.

Caren lavandið hólta áfram til Parísar með huga um fastan við þessa fögru konu, sem hann hafði yfirgefið. Hann dvaldi í París til 12. júní, og ekkert lét hann sig skifta mndirbúninginn mndir brúðkaup sitt. Ef Lady Caren skrifaði honum og spurði hann um eitthvað, þá sagði hann, að hún skyldi ráða því. Þann 12. júní kom hann aftur til London og fór strax til Brookland. Lady Caren tók hjartanlega á móti honum.

"Hvað mér þykir vænt um, að þú ert kominn aftur, Allan minn. Ég er alt af hrædd um þig þegar þú ert á ferðalagi. Nú er alt búið mndir morgnundaginn".

"Ég vona þú hafir fát fólk, móðir mín", sagði hann.

"Allan!" mælti Lady C

"Það er ekki rétt

að tala svona. Aðalheiður er fósturdóttir föður þíns, og hana unni henni mjög mikið. Hún getur ekki gift sig ón viðhafnar. Við höfum að eins sex brúðarmeðjur. Það getur ekki minna verið. Og boðsfólkið er að eins 50 manns, og það að eins af st. rstu aðalsættunum. Ég vona þú verðir ánægður með þetta, Allan."

"Já, móðir mín. Á milli okkar þarf enginn mis-
skilningur að vera. Mér er alveg sama um allt".

"Ó, Allan! Hugsaðu þér þetta öðruvísi. Þú þarft einnigis að þekkja Aðalheiði. Hún er í sann-
leika sú gólgasta og besta stúlka, sem hægt er að hugsa sér, og þú þarft að samhverast um þetta, þá er ég viss um, að þú hlýtur að elska hana. Ég von-
aði, að ég mundi verða bæði glöð og ánægð á brúð-
kaupsdaginu þínu".

Hún léi á kné við hlið hans, tók um hendur hans og vætt þar tárnum.

"Góði Allan, reyndu að elska Aðalheiði. Gerðu það minn vegna".

Hann brósti danflega.

"Én kæra móðir mín, ef ég get ekki elskað hana vegna hennar sjálfrar, hvernig á ég þá að elska hana þín vegna?"

Síðar spurði hann móður sína þess, hvort hún hefði nokkra íngmynd um, af hverju faðir hans hefði gert þessa ráðstöfun, en hún roðnaði við og leit nið-
ur fyrir sig.

"Hann fefir víst álitid, að þú gætir ekki fengið betri stúlku en Aðalheiði fyrir eigin konu", mælti hún.

Lord Caren fór að þessu samtali loknu til hótels þess, sem hann hélt til á. Én hann háttaði ekki um kveldið, heldur sat og horfði á stjörnur þangað til lýsti af degi. Á þann hátt eyddi hann nóttunni fyrir brúðkaup sitt.

IV. KAPÍTUL.

Brúðkaupsdagur Adalheiðar Carlton var runninn upp. Ihmur af Orange blómunum hlátur og gleði var heivetna. Folkið í húsinu klæddi sig í skrauthúning sinn. Og allir vildu auka á gleði Adalheiðar, því hún var elskuð af öllum.

Það var fallegur Lópur brúðkaupsskarinn.

Brúðarmeðjarnar sex voru allar hvítklæddar.

Lady Caren var á silfurgránum silkikjól, og hinir brúðkaupsæstirnir voru í allavega litnum búningi. Meðum dáðust að öllum þeim dýrmatu gjöfum, sem brúðurin fékk, en undrudust um leið vör því, að engin gjöf var frá brúðgumanninum. Hjónavígslan átti að fara fram kl. 11, og nú var komið að þeim tíma.

Ein manneskja í þessum Leða og krantkledda hóp var bleik sem dauðinn. Þær sem bjuggu brúðurina undrudust það, hve náhvít Linn var. Enginn blóðdropi var sjáanlegur í andliti hennar.

Hinn fallegi og skrautlegi brúðarkjöll gat ekki komið henni til að brosa, og þegar slörið og Orange-blómun voru látni á hana, þá skalf hún eins og verið væri að hafa hana lifandi í líkkleði.

Lady Caren leit líka alvarlega út, og hún alvarlegu angu hennar fylgdu brúðurinni hvert sem hún fór.

Þegar búð var að búa brúðurina, dáðust allir að fegnir hennar, og sögðust ekki hafa séð þessallega brúður. Hið gullfallega hár hennar leit svo fallega út undir brúðarblejminni. Hún hafði ekki sagt eitt einasta orð, meðan verið var að búa hana. Vanalega er ekki gott, að gera ungri brúður til hæfis.

Hún vill náttúrulega líta vel út í augum hans, sem er henni meira virði en allur heimurinn. En Aðalheiður var þögull sem steinn. Ekkert gamanyrði hrant henni af vörum, og hinar fölu kinnar hennar framleiddu ekki eitt einasta ánægjubros. Hún gerði alt, sem hún var beðin um, og fólkinu fanst hún vera undarleg braður. Það var sem kulda legði frá henni og þegar ungar vinstúlkur hennar hvísluðu að henni lamingjónskonu, svaraði hún ekki. Og því var það ekki að ástaðulausu, að boðsfólkið fór að hafa orð á því sín á milli, að eitthvað mundi að henni ganga.

Lady Caren færði henni vínklas.

"Draktu þetta, elsku Aðalheiður mín", mælti hún. Svo hvíslaði hún þessum orðum í eyra hennar: "Þú lefaðir mér að bera það vel. Láttu nú ekki hugfallast".

"Ég skal ekki gefast upp, Lady Caren, en ég vildi að þetta væri um garð gengið. Hann yfirgefur mig strax, og það verður hart að bera".

"Guð gefi að alt gangi vel", sagði Lady Caren.

Í þessum svifum var kallað á brúðurina, því nú átti að leggja af stað til kirkjunnar. Alt var gert sem henni gat verið til sæmdar. Forsætis ráðherraun var viðstaddur. Hann hafði verið aldavinur Lord Desmond Caren. Hann hafði lofað mjög hina fráberu fegurð Aðalheiðar, en samt tók hann eftir því, hve fól hún var. Aðalheiður átti að keyra með honum til kirkjunnar. Nú var komið að þeirri stund, sem hún átti að giftast Lord Allan Caren. Á leiðinni til kirkjunnar var hún sífellt að hugsa um þetta. Hugsa um það, að eftir lítinn tíma mundi fólk hafa sig til spotts og aðhláturs, benda á sig og segja, að þetta væri konau, sem brúðguminn hefði yfirgefið á sjálfan brúðkaupsdaginn. Einnig hugsaði hún um það, að eftir örstutta stund mundi alt komast í uppnaun, og boðsgestirnir myndu andvitað flytja þá

fregn út um alt. Alt í einu vaknaði hún af þessum leiðinlega draumi við það, að hún tók eftir því, að ráðherrann var að tala við hana. En hún átti mjög erfitt með að setja sig inn í það samtal. Hún heyrði hann vera að tala um hamingju dáins vinar síns. En hún átti erfitt með að skilja samhengi í því sem hann sagði. Hann horfði á hana með með-
amkvæm, næstum ótta.

"Þér saknið móður yðar í dag?" sagði hann.

Hún stundi við. "Ég vildi að ég lægi við hlið heunar", hugsaði hún.

Ráðherrann myndaði sér, að hún hlýti að vera mjög taugaveikluð, þar sem hún var svo hrygg, en hann dáðist að fegurð heunar.

Nokkrum mínútum seinna var hún kominn inn í miðjan brúðkaupsskarann. Biskup hafði verið fenginn til að gífta, svo alt væri sem hátíðlegast.

Alt í kringum brúðurina voru menn í einkennisbúningi, og konur klæddar hvítum silkikjólum.

Ofursti Seatou var einn af brúðarsveinunum. Adalheiði var snöggvást litið á hana, en í andliti hans var ekkert nema stranga alvöru að finna. Og henni faust hann líta út eins og dómari, sem situr í dómarsæti á móti vilja sínum. Í augum hans var enga meðliðun að finna, og henni faust óhamingja sín vera meiri en nokkru sinni áður.

Hljóðfæraslátturinn hætti og biskupinn talaði hátíðleg og fegur orð, og að því búnu lagði hann fyrir brúðhjónin vanalegar spurningar: "Ég, Allan Car-
en, tek þig. Adalheiður Carlton, mér til eigin konu, o. s. frv.

Málrómur hans var kaldur og óþýður. Adalheiði fanst hún geta hljóðað upp, þegar þetta napra háð dundi yfir hana. Hann tók hendi hennar og dró hringinn á finger henni. Nú var hún orðin Lady Careu. Henni fanst sem alt í draumi. Hljóðfæra-

slátturinn byrjaði aftur og hljómaði um alla kirkjuna, og brúðhjónin, ásamt brúðarsveinum og brúðarmeyjum, gengu inn í skríðhúsið til að skrifa nöfn sín. Einnhver nefndi hana Lady Caren. En hún skalf, er hún mintist þess, hvernig hann, sem nú var orðinn maðurinn hennar, hafði nefnt hana þessu nafni kalt og liturt. Að nokkrum mínútum liðnum myndi skömmin, sem hún átti í vöndum, koma í ljós, og fólk byrja að hlægja að henni. Nokkrir myndu andvitað vorkenna henni, en hinir yrðu samt fleiri, sem gleððust yfir óförum hennar. Að nokkrum mínútum liðnum atlaði maðurinn hennar, sem nú var orðinn, að yfirgefa hana og sjá hana aldrei fram-
ar. Þínu sinni enn atlaði hún að biðja hann að yfirgefa sig ekki. Svo varð að taka því, sem að höndum bar.

Á meðan brúðarmeyjarnar voru brosandi og glað-
varar að skrifa nöfn sín, sneri Aðalheiður sér að manni sínum og bað, hann að tala við sig eina mínútu. Hann leiddi hana til hlíðar, og þá fóru brúðarmeyjarnar að brosa, því þær höldu að hann atlaði að lvisla að henni ástarordum.

Í fyrsta skifti þann dag leit hann framan í hana, og hann fann til meðannkvunar með henni, þegar hann sá, að sorg og angist skein út úr andliti hennar. Hún hafði hendurnar undir brúðarslörinn, og hann sá þá lína í giftingarhringinn. Svo hóf hún upp lehdurnar eins og hún væri að biðja til guðs:

“Í guðsnafni hlifðu mér af því ég er svo ung!” mælti hún.

Það, að hún vildi biðja sig um meðliðun, hræddi hjarta hans.

“Við hverju á ég að hlífa yður?” mælti hann.

“Fyrir þeirri skömm og miðurlagingu, sem ég verð fyrir, ef þú yfirgefur mig nú við kirkjudygnar, eins og þú hefur talað um. Ó, Lord Caren, hlifðu

mér af því ég er kona, sem get fundið til. Hlífðu mér af því ég er konan þín. Vegna þess bands, sem við höfum bundist í dag, þá hlífðu mér!"

Hann sá að hún gat naumast talað.

"Ég vil vera ambátt þín", sagði hún ennfremur. "Ég vil lifa og deyja fyrir þig, ef þú að eins hlífir mér við þessu!"

Hann lagði.

Hún leit aftur framani hann, og að nýju hræðrist hann til meðannkvinnar, þegar hann sá, hve hrygg hún var.

Hugsaðu þér, hvað brúðkaupsdagurinn er fyrir aðrar stúlkur og hvað hann er fyrir mig. Hugsaðu þér ást þá og umhyggju, sem boðin er ungum stúlkum með hjónabandinu, og hugsaðu þér hvað biður mín. Hafðu meðliðnu með mér af því ég er ung kona. Eg veit, að svívirdingin drepur mig. Já, dóm drepur mig", endurtók hún. "Þú verður ekki kominn langt frá kirkjunni, þegar ég dett niður dauð. Í guðsnafni hlífðu mér við þessu!"

"Það skal vera eins og þú óskar", mælti hann. Hann gat ekki annað en kent í brjósti um hana.

"Yfirgeftu mig ekki, ef þú að eins getur þolað nærveru mína, þá skal eg aldrei heimta minstu vinnu af þér, -- aldrei ónáða þig".

"Þú vilt víst, að ég ferðist með þér til Brooklands í dag. Ég skal gera það. Þegar við komum þangað, getum við talað um framtíðina. En hvað er að þér? Férstu veik?"

Henni lá við að hníga niður, svo mikið varð henni um, þegar þessari þungu byrði var létt af henni.

"Ég þakka þér innilega", sagði hún lágt. "Þú hefir frelsað mig frá mikilli skömm. Á morgun hefði nafn mitt staðið í öllum blöðum og komist inn á hvert einasta heimili. Blöðunum hefði þótt slæg-

ur í því, að flytja söguna um giftingu mína! Þess vegna þakka ég þér fyrir, að þú hefir frelsað mig frá öllu þessu".

"Ég hafði ekki hugsað út í þetta", mælti hann hreinskilnislega. "Ég hugsaði einungis um sjálfan mig og það sem ég verð að líða. Þú segir satt. Við verðum að láta alt sýnast eins og það ætti að vera, í það minsta fyrst um sinn, svo fólk fái ekki tækifæri til að tala um okkur. Svo er nógur tími til að hugsa um ókomna tímann".

Meðan gengid var í skrudgöngu út úr kirkjunni, þakkaði hún guði fyrir þau loforð, sem maðurinn hennar hafði gefið henni. Einn sinni leit hún til hans og brosti blitt og ánægjulega :

"Ég skal vinna þig, elskan mín. Ég skal reyna að kenna þér að elska mig"

Eftir brúðkaupið fór fólk að tala um það sín á milli, að undanlegt hefði verið, hve Lord Caren hefði verið þögull, og hversu danf hin unga brúður hefði verið. Í fyrstunni hafði enginn veitt því eftirtekt, vegna skrautsins og hvað alt, sem brúðkaupið snerti, var stórkostlegt. Ræður voru fluttar og allstaðar var glaumur og gleði, en svo fóru menn að taka eftir því, hve brúðhjónin bæði voru undarleg. Hann tók eftir því, sem hún sagði, og svaraði því. Eins var með hana, hún var boðin og búin til að gera alt sem hann vantaði, en enginn minsti vottur um ást var sýnilegur af hans hálfu.

Hann kallaði hana venjulega Lady Caren og sumum faust ekki laust við láð í málrómi hans, þegar hann nefndi hana því nafni.

Þetta er það undarlegasta brúðkaup, sem ég hafi verið í", sagði fólk sín á milli. "Það virðist vera að eins fyrir siðasakir, að brúðurin brosir lítið eitt einstaka sinnum".

Á leiðinni frá kirkjunni sagði hún við sjálfa sig :

"Með þolinnaði, trú og von skal ég með tímanum vinna þig, Lord Caren".

Gat hún það?

Svar upp á þessa spurningu er frásögn sú, sem hér fer á eftir.

Arnfjötur B. Olson

V. KAPÍTULI.

Það leit helzt út fyrir, að málþráðarskeyti hefði verið sent um það, að ungu hjónin væru á leiðinni til Brookland. Á hverri járnbrautarstöð, þar sem nokkur viðstaða var, þyrptist fólkið saman til að sjá þau Lord Caren og konu hans. Það sagði sín á milli, að þau væru ein sér í vagnklefa. Lávarðurinn hafði sagt, að hann vildi helzt vera út af fyrir sig, og enginn undraðist yfir því, heldur þótti mönnum kynlegt, hve mikið af blóðum og bókuum hann hafði með sér. Menn álitu, að hann gæti ekki varið tímanum betur en tala við konu sína. En Lord Caren hafði nú aðra skoðun. Hann hefði viljað gefa mikið til að þurfa ekki að fara þessa ferð, en hann hafði nú einn sinni lofað því, og það loforð varð lann að efna.

Það voru margir, sem öfunduðu þessa fögru, skrautklæddu konu, þegar hún sté upp í vagninn, með marga þjóna í kring um sig, sem hlýddu hverri bendingu frá henni, og eiga einn af rikustu og fallegustu lávörðum, Englands fyrir eiginmann. Enginn hefði getað trúað því, að hjarta þessarar konu liði sárar kvalir.

Þjónustustúlka Lady Caren, Jane Hinton, og þjónu lávarðarins, Robert Darham, voru í sama vagni aftur í lestinni. Þau töluðu ekki orða saman. Jane sa í djúpum hugsunum. Hún var reynd og

greind. Hún hafði verið í þjónustu hjá Isabel Rockingham áður en hún gifti sig, og hún vissi, að vanalega eru brúður gláðar og hamingjusamar. Af hverju hafði húsmóðir hennar vakað nótt eftir nótt og grátid eins og hjarta hennar átlaði að springa, og á morgnana varla getað klætt sig? Hún sá líka, að húsmóðir hennar var engin ást sýnd, engin smá, fjótlega skrifuð bréf voru send henni, sem Lady Isabel hafði svo oft fengið meðan hún var trúlofuð. Kveldið fyrir brúðkaupið hafði hún setið á herbergi sínu og verið að laga til brúðarkjólinu, og þá hlafði hún svo greinilega heyrt grát. Og brúðkaupsmorgunin hafði brúðrin verið svo veikluleg, að það var kallað á Lady Caren, og Jane hafði heyrt Miss Carlton segja. "Mínir kraftar eru að þrotum kommir. Hvað á ég að gera?"

Það var þess vegna engin undur, þó stúlkan sæi, að ekki var allt með feldu. Hún sá, að húsmóðir hennar lagði mikið en lítið í sölurnar, og hún sá líka, að Lord Caren lét sér alls ekki ant um konu sína. Henni fannst því ráðlegast, bæði vegna sjálftar sín og húsbanda sinna, að skifta sér sem minst af Mr. Darham, þjóni lávarðarinnar.

Mr. Darham hafði líka margt að hugsa um. Hann hafði heyrt söguna um Juanitu greifadóttur. En þó hann væri vel greindur, gat hann ekki skilið, af hverju Lord Caren skyldi fara að giftast Miss Carlton, ur því hann ekki elskaði hana. Því það fannst honum hægt að sjá, að honum þætti alls ekkert vænt um hana. Þau höfðu ferðast margar mílur, án þess að tali saman. Loks sagði Jane: "Ég vona, að ökkur líði vel á Brookland". Og Darham óskaði þess sama, "Þó er ég í efa um það," mælti hann. "Ef ég væri lávarður, skyldi ég aldrei gifta mig". Og Jane fannst það alveg rétt. Svo var samtalið þar með búið.

Í vagninum þar sem nýgiftu hjónin voru, var heldur ekki nein gleði eða skemtnun á ferðum. Þegar lestin stóð við, horfði fólk með undrun og aðdáun á hið fagra, fola andlit, sem leit út um gluggann á vagninum. Þar höfðu enn ekki talað eitt orð saman. Þegar lestin var að fara af stað, hafði hana spurt hana um, hvaða bók hún væri að lesa. Hún leit framan í hann og augun flutu í tárnum, en hana annaðhvort sá það ekki eða vildi ekki sjá það. Hana leit strax nðan

“Ég les ‘Cornhill’, sögu eftir Mrs. Gaskell”.

“Hvað er það?” spurði hann.

“Um komur og stúlkur”, sagði hún, en sá samt eftir að hafa sagt það.

“Komur og stúlkur! Er það skemtilegt?” Og hann rétti henni bókina eftir að hafa skorið út úr fyrir hana. Nú varð löng þögn. Svo mælti lávarðurinn alt í einu: “Viltu hafa gluggann aftur?” En hún neitadi því. “Mér þykir graslyktin af jörðunni svo góð”, mælti hún. Hún horfði út um gluggann á skógana og engin, sem sýndust fljúga framhjá. Vesalings Adalheidur! Að aldri til var hún næstnu barn. Vel gat verið, að hún hefði einhverntíma hugsað um Lríðkaupsferðina með manni, sem elskaði hana og tilbæði. Hún hefði að líkindum hugsað um, hve glöð og ánægð hún myndi þá verða. En, nú. Nú var hún í raun og veru að ferðast þessa ferð. En hversu ólíkt var það ekki því, sem hana hafði í sínum barnslegu draumum dreynt um? Þegar hún leit á hið alvarlega, harða en fagra andlit manns síns, stundi hún við.

Hann leit snöggt á hana. “Þú ert víst þreytt”. mælti hann, “það er svo heitt í dag”. Og hún ólansama kona graddist af þessum fán orðum.

“Er ennþá langt til Brookland? Hvað oft, sem

ég íer þessa leið, man ég ekki nöfnin á járnbrauta-stöðvinnunum".

Lávarðurinn leit á úrið sitt. "Við eigum eftir klókkutíma íerð og vögurinn frá Lynne Regis til Brooklands, sem við keyrum, er ekki langur".

Nú varð aftur þögn. Hún las eða lét sem hún væri að lesa, svo lagði hún bókina frá sér og horfði út um gluggann. Henni þótti gaman að horfa á allt, sem sýndist hendast framhjá, — gamlar kirkjur, falleg smáþorp, ár, skóga og græn engi. Hvað heimurinn sýndist fagur! Fuglarnir á trjámum, blómur í sólskininu, allt sýndist vera svo rólegt og ánægjulegt. Það var sem hjarta hennar þyrsti eftir gleði og ánægju og gerði uppreist móti sorg hennar. Aftur stundi hún þungan, en lávarðurinn virtist nú ekkert taka eftir því.

Rétt á eftir stansaði lestin hjá Lynne Regis. Þar vissi hvert mannsbarn, að Caren lávarður var með konu sína á leið til Brooklands. Skrantlegur vagn beið eftir þeim, og þjónninn sagði húsbónda sínum, að mikill undirbúningur væri gerður til að taka á móti honum. "Fánar eru hafnir á stöng allstaðar og stráð blómum um allt", mælti hann ennfremur. "Það var ómögulegt, að fá það ofan af því". Lávarðurinn hafði nefnilega óskað eftir, að engin viðhöfn ætti sér stað, þegar hann kæmi til Brookland. Hann leit mjög ergilega út. "En ég var búinn að — —" lengra komst hann ekki, því honum varð lítið á konu sína, og hann las í augum hennar óánægju og sorg. "Nu, jæja, við verðum þá í staðinn að þóknast þeim", sagði hann svo. "Keyrðu hægt".

Hann hafði samt ekki húist við öllum þeim fólksfjölda, er kom á móti honum og bauð þau velkomin með söng og hljóðfærslætti. Og þótt hann af freimsta megni reyndi að herða hjarta sitt fyrir öllu,

komu þó tár í augu hans. Nú óskaði hann að hafa við hlið sér konu þá, sem hann elskaði.

"Lengi lifi Lady Caren!" var hrópað meðan vagninn keyrði hægt framhjá. "Guð blessi hana", sagði fólkid. "Guð gefi þeim hamingjusama framtíð!" Hún var ekki ókunnug meðal þeirra. Í öllum þessum mannfjölda fanst enginn, sem hún ekki hafði hjálpað, annaðhvort með góðum ráðum eða peningum. Og þegar það fréttist, að hún ætti að verða Lady Caren, hafði það ákvarðað að taka á móti henni eins vel og mögulegt væri.

"Lengi lifi Lady Caren!" Það sýndist sem þetta hljómaði um alt og fuglarnir í loftinu tæku undir. Blóðið hljóp fram í kindar hennar, og hún auðsjáanlega gladdist af, að sjá jafnmörg kunnug andlit í kring um sig.

"Það lítur út fyrir, að þvi þyki vænt um að sjá mig", mælti hún blátt áfram. "Þú lætur það ekki vita, að þér þyki ekkert vænt um mig, Allan. Ætlað'n að gera það?" Hún var svo alvörugefin og bað hann svo innilega, að hann gat ekki neitað bön hennar.

"Nei, það þarf ekki að vita það", sagði hann. Og þegar vagninn stansaði fyrir framan hinar skrautlegu tröppur, sem legu upp að höllinni, tók hann í hönd konu sína og þakkaði fólkinu fyrir þá hjartanlegu móttöku, sem það hafði veitt henni.

En hvað Lady Caren þótti vænt um, að enginn fékk að vita, hvernig í öllu lá. Og hún þakkaði guð fyrir það.

Í ganginum stóð þjónustufólkið, og heilsaði Aðalheidur því öllu vingjarnlega. En öllum fanst hún vera alt annað en glöð. Alt fólkid hafði fengið eitt-hvað að gjöf, og allir voru glaðir og ánægðir, nema sjálf trúðhjónin! Það hafði verið borið á borð handa þeim einum í einu herberginu. Lady Caren

gekk strax til herbergja sinna, og þegar hringt var til miðdegisverðar, lét hún skila til Lord Caren, að hún hefði höfnðverk og gæti ekki komið niður að borða, heldur ætlaði að drekka bolla af te í herbergi sínu.

Það sýndist sem lávarðurinn tæki þessu mjög rólega. Þjónninn, sem kom með skilabóðin til hans, hélt að hann myndi strax flóta sér upp til hennar með meðni við höfnðverk, en lávarðurinn sagði að eins "jája", sneri sér síðan að ráðsmanninum og sagði: "Ég vona, að þú lafir látið vnið standa á is, Forbes".

Þegar ráðsmaðurinn sagði ráðskommuni frá þessu, hristi hún góða Mrs. Carbon höfnðid og sagði: "Það sýnir ekki mikla ást, eða finst þér það?"

Caren lávarður borðaði einn í því herbergi, sem konungar höfðu borðað í í gamla daga, og Lady Adalheiður drakk ein te á herbergi sínu. Eftir máltíð kveikti lávarðarinn í vindli og gekk út. Í garðinum kring um höllina var fagur hundur með linditriðju allt í kring. Svo háum og laufríkum, að saman náðu í teppunum svo ekki sást til himins. Þar inni var svalt því sól náði ekki til. Til og frá stóðu líkneski úr marmara og 'Dryader', og jók það mjög fegurð þeirra, að græn tré stóðu allt í kring um þau. Stundum var farið með ljós út í hundinn. Í hundinum voru einnig margir járnbekkir og stólar og borð með blómmum og bókum á. Hvert einasta kvöld, sem Lord Caren dvaldi á Brookland, gekk hann inn í þenna hund og reykti þar vindil sinn, og þangað gekk hann nú á brúðkaupsdaginn sinn 14. júní.

Lady Adalheiður drakk einn bolla af tei eins og áður er sagt. Jane kom með steiktan hænuunga til hennar, en hún vildi ekkert þiggja. Loks borðaði hún þó fáeinar vínþrúgur til að þaknast Jane.

Þegar Jane sá, að Lady Caren ætlaði ekkert að hreyfa sig úr herbergi sínu, bað hún hana að koma

út. "Veðrið er svo gott og þú styrkist við að vera úti", sagði Jane. Hún hafði lengi verið í þjómustu Aðalheidar og þótti mjög vænt um hana.

Hin unga kona stundi þungan þegar Jane kom með kjóla, sem hún svo átti að velja úr. Hins e ; það stæði ekki á sama, hvernig hún var búin. Hér var enginn, sem veitti því neina eftirtekt, hugsaði hún. Jane tók kjól, sem var bryddur með kníplingum og ræðum blómum og mjög fallegur.

"Viljið þér fara í þennan, Lady Caren?" spurði hún svo, en Aðalheidur leit varla á hann. Henni stóð alveg á sama um, hvernig hún var búin.

Þegar hún var klædd og hið fagra hár liðaðist um höfuð og háls henni, var hún mjög fögur, en um leið mjög dýpur að sjá. Allir, sem sáu hana, kendu í brjósti um hana og skildu ekkert í af hverju að hún skyldi vera svona sorgmædd og veikluleg eins og hún virtist vera.

Hún spurði hvar lávarðurinn væri. Þjónninn, sem hún spurði að þessu, leit alveg hissa framan í hana, svo hún blóðroðnaði.

"Um þetta leyti dags reykir lávarðurinn vanalega vindil út í garðinum", svaraði þjónninn fullur meðsamkvunar með þeirri brúður, sem ekki hafði hugmynd um, hvar maður hennar var að finna.

"Ég ætla að ganga til hans", mælti hún. Hún mundi, að hann var vanur að sitja í trjálundinum, og þangað gekk hún. Hann hvorki heyrði hann né sá, hann sat hjá einu líkneskinu í djúpum þönkum, og hann hrökk við, er hún kom við handlegg hans.

"Fyrirgefðu", mælti hún, og var blóðrauð í framan. Ég ætlaði ekki að ónáða þig, en ég vildi segin mega tala við þig".

"Þú gerir mér ekkert ónáði", mælti hann kuldalega.

Mig langaði svo til, að þakka þér fyrir, að þú

frelsaðir mig í morgun, fyrir að þú gerðir eins og ég bað þig um. Mér fannst ég ekki geta verið róleg fyrir en ég hafði þakkað þér fyrir það".

Hann hneigði sig og vissi ekki, hvað hann ætti að segja. Hann vildi ekki segja henni, að honum hefði þótt vant um það, og lét því nægja að hneigja sig.

"Ef ég hefði vitað, að þú varst í svona djúpu hugsaum", mælti hún, "skyldi ég ekki hafa komið og ónáðað þig".

"Jú, við þurfum að tala saman", mælti Lord Caren, "og það er best að ljúka því af. Þú baðst mig í morgun að hlifa þér og mér líka fyrir nuntali sóls. Það hefi ég nú gert. Það er best að við komum okkur nú saman um, hvernig við í framtíðinni högum okkur", mælti hann í hörðum róm. "Viltu ekki setjast niður?"

Hún hrökk við, en settist svo á stól þar nálægt. Hún leit út eins og elskulegt, hjálparlaust barn.

"Þú verður að fyrirgefa, þó ég segi eitthvað, sem ekki lætur vel í eyrum", mælti hann. "Ég þarf líklega ekki að minna þig á, að þú giftist mér í dag þvert á móti vilja mínum." — Hún náfölnaði, ætlaði að segja eitthvað, en hætti við það. — "Af hverju þú gerðir það, það veistu best sjálf", mælti hann einfremur, "enda er of seint að tala um það nú. Við erum ljón bæði fyrir guði og mönnum, býst ég við, þó milli okkar sé veggur, sem dauðinn einn getur rifð sundur".

Hún sagði ekkert, en kreisti svo fast saman höndurnar, að giftingahringurinn skarst inn í finger hennar.

"Það var samt mjög skynsamlegt, sem þú sagðir í morgun", mælti hann. "Ég ætlaði mér fastlega frðast strax langt í burtu og sjá þig aldrei fram-
ar, en þú hafðir alveg rétt fyrir þér. Það hefði vak-

ið umtal um allt England. Mér þykir vænt um, að þú baðst mig um að koma með þér hingað, og að ég skyldi gera það".

"Það þykir mér líka", sagði hún.

Lávarðurinn hélt strax áfram: "Það sem nú verðum að gera, er að villa fólki sjónir, og láta allt líta sem best: át. svo fólkið fái ekkert til að tala um, og það vona ég við getum gert".

Það brá fyrir dálitlu vonarglampa í augum hennar. "Hvað mér þykir vænt um það", mælti hún lágt.

"Já, allt er betra, en að láta tala um sig yfir þvert og endilangt England. Nú ætla ég að segja þér, hvernig ég hef hugað mér að hafa það, Lady Caren".

Hún leit til hans alvarlega. "Ætlar þú æfinlega að kalla mig Lady Caren?" spurði hún.

"Já, þú skalt hafa full not af nafni þínu".

"Það var ekki meaning mín, en hvað þú misskilur mig. Mér faust það að eins hljóma óþýðlega".

"Þú gleymir, að einasta skilyrðið fyrir, að við búum hér er, að allt sé kalt okkar á milli. Það verður allt af að vera svo. Þú skilur það víst, Lady Caren?"

Já, hún skildi það vel.

"Jæja, ef þú vilt hlusta á mig í nokkrar mínútur. Þá skal ég skýra þetta þetta. Við skulum bæði búa hér á Brookland, en skilyrðið fyrir því, að við búum hér bæði heima eru þessi: Þú getur valið þér eins mörg herbergi og þú vilt, en ég hef mín úr af fyrir mig. Við hördum hvort í okkar herbergjum nema þegar gestir eru, þá vil ég að við hördum saman. Þú raður því, hvort þú tekur þér húsmóðursætið við borðið eða ekki. Ég ferðast burtu þegar mig langar til, og verð eins lengi í burtu eins og mér líkar. Þú getur gert það sama. Ég lýð hingað

að vinum mínum nær sem mér dettur það í hug, og það getur þú gert líka. Mér finst við vel geta búið í sama húsi, án þess að hafa mikið saman að sælda" Hann þagnaði og leit framan í hana. "Samþykkir þú þetta?"

"Já", mælti hún, "ég samþykki alt sem þú óskar eftir".

"Þegar ég er heima", mælti hann ennfremur, "þá skal mér vera ánægja í, að keyra með þér eða fara skemtiliferðir, hvort heldur ríðandi eða gangandi. Og hvað peningum viðvíkur, þá skalt þú fá bankabók, sem þú brúkar eftir því, sem þér bezt líkar".

Það lék dálítið bros um varir hennar, þegar hann sagði þetta, og hann tók eftir því, en ekki skildi hann það fyrir löngu síðar. Hún þakkaði honum og hann stóð upp. "Við þurfum nú ekkert meira að tala saman, Lady Caren", sagði hann. En mundi eftir því, að ef þú á einhvern hátt þarft hjálpar við, þá skal ég vera reiðubúinn að veita þér hana". Aftur þakkaði hún honum og gekk svo heim til hússins.

Um kveldið áður en hún sofnaði það hún guð heitt og iunilega, að mykja hjarta hans, svo að hann með tímanum elskaði sig.

VI. KAPÍTULI.

Það voru liðnar 5 vikur frá giftingunni. Þau höfðu heimsótt nágranna sína og boðið þeim aftur til sín. Að eins þegar gestir voru borðaði Aðal-leiður í borðsalnum og tók sér þá húsmóðursætið við borðið. Öllum þótti gaman að koma að Brokk-

land. Aðalheiður var svo vingjarnleg við alla, og öllum þótti hún bæði falleg og skemtileg. Það var hreinasta unun að eins að horfa á hana, sagði fólk. Máltíðarnar voru hinar ríkmannlegustu, og allt var gert til að gera gestunum lífið sem þægilegast. Á eftir hverju heimboði þakkaði lávarðurinn konu sinni fyrir, hve hún hefði leyst skyldur sínar vel af hendri.

Allan þennan tíma hafði hún nákvæmlega hlýtt og farið eftir þeim fyrirskipunum, sem hann hafði sett. Hún hafði aldrei komið inn í herbergi hans. Hún hafði ekki séð hann nema á morgnana og á sunnudögum, þegar þau eftir venju óku saman til kirkjunnar í Lynne Regis. Þegar ókunnugir börðuðu hjá þeim, töluðu þau saman til að vekja ekkert umtal. Þegar þau óku saman, töluðu þau varla orð saman. Og inargan dag sáu þau alls ekki.

Aðalheiður hafði valið sér herbergi í vesturparti hallarinnar. Þau voru stór og björt. Úr einn herberginu lágu dyr út í garðinn, svo hún þurfti ekki fremur en hún vildi, að ganga í gegnum ganginn eða gestaherbergin.

Annaðhvort vildi þjónustufólkið ekki taka eftir, eða það alls ekki veitti sambúð hjónanna neina eftirtekt. Víst var um það, að ekki var um það talað. Ráðskonan kom hvern morgun inn til Aðalheiðar til að fá skipanir hjá henni fyrir þann daginn. Og allt gekk eins og Aðalheiður væri hin ánægðasta. Fyrst hafði lávarðurinn oft sent til heimar og látið spyrja hana um, hvort hún vildi aka, ganga eða ríða út með honum, en oftast var svarið það sama: Hún þakkaði fyrir og kvaðst vilja vera heima. Hún ætlaði sér ekki að ónáða hann um of, og vildi að hana gæti verið fri og frjáls fyrir sér. Ef hún var stödd í gestaherbergjunum og heyrði til hans, flýtti hún sér í burtu. Hann hefði tæpast vitað af, að hún var

í húsinn, hefði hún ekki ekið með honum til kirkjunnar og verið við er gestir komu.

Hann tók rólega og brosandi á móti öllum þeim hamingjunoskum, sem hann fékk, og allir hrósuðu honum fyrir, hve hann hefði valið sér fagra og yndislega konu. Hann var mjög kurtteis og nákvæmur við hana, þegar aðrir sán til, og þá roðnaði hún af ánægju. Þeir, sem sán hana þá, héldu hana mjög hamingjusama. Hann gætti þess vandlega, að tala hlýlega til hennar, þegar aðrir heyrðu til, því hann minnstist alt af þessara orða hennar: "Hlífðu mér af því ég er svo ung!" Hann hlífði henni á þennan hátt. Enginn sá þann vegg, sem lá á milli þeirra, og sem hann hafði sagt að dauðinn einn gæti rifsið niður.

Aðallheiður var ekki alveg svift hamingjunnar. Hún sánnu auðvitað, að ást hennar var einkisvört og hún hafði orðið að þola skömm og niðurlagningu, en að náttúrufari var hún léttlynd og stundinn kom það fyrir, að hún söng og hló eins og barn, er engu sorg þakkar. Þá hljómaði hún fagra rödd hennar um Brooklands gömlu skrantali, og gamla þjónustufólkið leit þá svo ánægjulega út, því það stóð þá í þeirri trú, að hún væri glöð og hamingjusöm. Það komu þær stundir fyrir, að hún virtist gleyma hinni svarta slugga, sem eins og grúfði sig yfir lífi hennar, — því, að hún átti þann mann, sem vægast sagt, ekki elskaði hana.

En svo komu aftur dagar, sem hún varla gat yfirgefið berbergi sitt. Þá fannst henni byrðin verða svo þung, og eina frelsisvonin væri dauðinn. En guð er svo miskunnsamur, að leggja engum þyngri byrði á herður, en hann er fær um að bera.

Einn morgun það lávarðurinn hana að finna sig, og ef hún ætlaði að koma, þá fíndi hún lamm í bóka-

herberginu. Hún flýtaði þangað alveg forviðað. Og þar var hann fyrir með þið bréf í hendinni.

"Ég óskaði eftir að ráðfæra mig við þig, Lady. Caren", mælti hann með leið og hann rétti henni stól.

"Ég hef fengið bréf frá Lady Die Benton, sem er frændkona mín. Hún óskar eftir að mega heimsækja okkur ásamt manni sínum, Sir Guy Benton. Þú manst vist eftir honum?"

"Já, ég sá hann oft í London og mér leist mjög vel á hann, en ég hef aldrei séð Lady Die".

"Þú skalt alveg ráða því, hverju ég svara".

"Því get ég ekki ráðið".

"En væri það þægilegt fyrir þig, að fá gesti hingað?"

"Ój, mér finst stundum vera svo einmanalegt hér".

"Tú leit svo sakleysislega og unglega út, að næstum kendi í brjósti um hana.

"Já, ég er viss um, að þér leiðist hér", mælti hann. "Á ég þá að segja Lady Die að koma?"

Hann hafði sagt þetta brosandi. En svo datt honum í hug, að hún hefði átt sig móti vilja sínum. Hann næstum sá eftir að hafa brosað. En hjarta hennar hafði það glatt ósegjanlega mikið.

"Já", mælti hún, "ég hef heyrt að Lady Die sé mjög skemtileg, skynsöm og vel uppalin kona".

Hann kneigði sig og hún sá, að hann vildi ekkert meira við hana tala.

"Ég vildi að eins heyra álit þitt um þetta", mælti hann svo.

"Hvenær kemur Lady Die hingað?" spurði hún, um leið og hún stóð upp. "Ég skal sjá um að herbergin séu til taks".

"Þau koma hingað á fimtundagskveldið".

"Óskar þú eftir nokkrum þessu viðvikjandi?"

"Nei, Mrs. Carbon veit hvaða herbergi Lady

Die hafði, þegar hún dvaldi hér fyrir 4 árum síðan. Þakka þér fyrir, Lady Caren". Og nú hnægði hann sér aftur og samtalið var á enda. Hún fór út og nokkurs konar örvænting greip hana.

"Hann elskar mig aldrei", malti hún við sjálfa sig, "og ef hann ekki gerir það, þá væri best að deyja".

Hún mundi eftir, að Lady Caren hafði talað um þessa Lady Die, og hversu Sir Guy þótti vænt um hana og væri henni eftirlátur. "Hún sér strax að mannum mínum þykir ekkert vænt um mig", hugsaði hún, og hún gat varla tára bundist. En svo fór hún að finna Mrs. Carbon og leit líka sjálf eftir að allt væri til reiðu að taka á móti gestinum.

Á fimtudagsmorguninn gekk hún út í garðinn til að tína nokkrar rósir. Lávarðurinn gekk þar fram hjá og sá hana. Það var í fyrsta sinni eftir brúðkaup þeirra, að þau hittust í garðinum.

"Értu að tína rósir?" spurði hann til þess að segja eitthvað.

"Já, og sjáðu hvað ég hef gert, Lord Caren. Ég hef rekið mig á stóran þyrnir, sem stungist hefir í fingurinn á mér, og ég kenni svo til".

Houm fannst hann mega til að bjóða henni að ná honum út. "Það tekur ekki eina mínútu", sagði hann. "Þeir þú vel kvalir?"

Hún leit til hans ásakandi augnaráði. "Já", mælti hún alvarlega, "ég þoli þér vel".

Hann tók um hendi hennar á meðan hann dró þyrnirinn út, og tók þá eitt hringnum, sem fyrir þau bæði var ekki annað en leðinlegur fjötur. Hve litil var ekki hendi hennar, sem skalf er hann snerti hana. Blóðið hljóp fram í kinnar hennar og hún leit út fyrir að vera hálf hrædd við hann. "Ég

vona, að þú finnur ekki mikið til", sagði hann. En hún ansaði ekki, heldur sneri sér undan með augun full af tárum.

VII. KAPÍTULI.

Lady Adalheidur sat ein í hinni smekklega og skrautlegu herbergi sínu. Í fyrsta skifti eftir brúðkaup sitt langaði hana nú til að líta vel út. Konan sem hún átti nú að sjá, hlaut að vera falleg, úr því að maður hennar elskaði hana jafn innilega og Lún hafði heyrt að hann gerði. "Honum þykir vist miklu meir til hennar konna en sjálfs síns. Hann tekur ráttúrlega nákvæmlega eftir, hvernig hún er klædd, og velur líklega sjálfur handa henni þau blóm eða skrautgripi, sem hún skreytir sig með". Þannig hugsaði Adalheidur og löng, djúp stuna leið frá brjósti hennar.

Hana langaði svo innilega til, að Allan óskaði eftir, að hún liti vel út, svo Lady Die litist vel á hana, en það voru lítil líkindi til þess, að hann gerði það. Hann hafði svo greinilega látið það í ljós, að honum ekki geðjaðist að henni, og hvernig gat hún þá vonast eftir, að hann hugsaði nokkuð um útlit hennar? "Hans einasta ósk hvað mig snertir", hugsaði hún, "er að verða sem fyrst laus við mig". En svo sá hún þó eftir, að ætla honum svona illt, og hélt, ef á allt væri litið, þá væri hann ekki svo slæmur.

Jáne varð mjög glöð, er hún sá að Lady Adalheidur hafði meiri áhuga á, að búa sig betur en vant var. Hún sýndi henni kjól, sem var bryddur með hvítum kniplingum, — einn af þeim kjólum, sem fyr-

ir brúðkaupið var pantaður frá París, og sem Aðalheiður hafði myndað sér, að hún myndi aldrei fara í. "Ef þér verðir í þessum kjól og brúkið nokkra gimsteina, þá lítið þér vel út, Lady mín", sagði Jane.

Það var sem birti yfir Aðalheiði, þrátt fyrir alt, sem hún varð að líða, var hún þá svo barnsleg, að hafa gaman af að líta vel út.

"Mér þætti gaman að vita, hvort Lord Caren þykja demantar fallegir". Jane leit á hana stórum augnum, því þetta var í fyrsta skifti, sem hún hafði heyrt hana óska eftir að vita, hverju lávarðinum geðjaðist best að.

"Ég veit með vissu, að honum þykja gimsteinar fallegir", sagði Jane, "því hann vikdi alt af að móðir sín bæri gimsteina".

Jane þarfti nú ekki lengur að ergja sig yfir því, að húsmóðir hennar vildi ekki skreyta sig. Því Lady Aðalheiður sagði henni strax að koma með gimsteina hýrslu sína. Hún næstum skalf af ákafa, þegar hún sá hina fögru steina. Hún hefði gjarnan viljað hafa gimsteina frá hvirfli til ilja, ef hún hefði verið viss um, að lávarðinum geðjaðist að því.

Hún valdi sér hálsfesti, brjóstnál, armband og gimsteinastjörnur, sem hún setti í hár sitt.

Þegar hún var alklædd og sá sig í speglinum, mátti hún vera ánægð með útlit sitt, því hún var bæði fögur og tíguleg. Hún var lítið eitt rjóðari, en hún átti að sér, og í andliti hennar speglaði sig óttablandin von. Þennan morgun hafði hann verið vingjarnlegri við hana en endrarnar, og nú átti hún að lörða með honum í dag.

Hún beið á herbergi sínu þangað til hún heyrði að gestirnir væru að koma. Ef hún hefði verið elsk uð af manni sínum, myndi hún hafa flýtt sér út til að bjóða hjónin velkomin. Hún var glöð en hálf-fermin í lánni nýju stöðu sinni sem húsmóðir. Nú

gekk hún niður í gestasalinn, en þar var enginn. Það var sem vonbrigðum brigði fyrir í andliti hennar. Hún hafði vonast eftir að sjá mann sinn þar, og sjá hvort honum gedjaðist að sér, og hvort hann væri eins vingjarnlegur og um morguninn. En nú var var hann farinn út til að taka á móti gestum sínum.

Hún fékk hjartslátt, þegar hún heyrði hlátur og mannamál. Hún, sem átti ekki ást manns síns, kveð fyrir að mæta konu, sem var elskuð og virt af manni sínum. Skyldi nú Lady Die sjá strax, að Lord Caren hvorki elskaði eða kærði sig neitt um konuna sína.

Hún fékk ekki tíma til að hugsa meira um þetta, því Lord Caren kom nú inn með gesti sína. Á þessu augnabliki fann hún betur en nokkru sinni áður til stöðu sinnar. Hér var enginn elsknlegur og blíður eiginmaður, sem greip hendi hennar og með ánægju sagði hana vera konuna sína. Lord Caren sagði blátt áfram: "Lady Aðalheiður Caren, Sir Guy og Lady Benton".

Lady Die gekk strax til Aðalheiðar, tók um báðar hendur hennar og kysti hana. "Við erum frændkonur", mælti hún, "og ég er viss um, að við verðum fjótt vinkonur".

Sir Guy hrósaði Aðalheiði mikið, svo hún smám saman fékk hug til að lita á mann sinn, til að sjá, hvort hann væri á sama máli. En hann veitti henni enga eftirtekt, heldur var í fjörugu samtali við Lady Die.

"Hvað það er fallegt hér á Brookland", sagði nú Lady Die. "mig langaði svo að koma hingað, því ég þekki engan stað sem er fallegri á sumrin".

"Hér er fallegt árið í kring", ansaði Lord Caren.

"Já, það er edlilegt að yður finnist það", mælti hún brosandi, og leit um leið á Lady Aðalheiði. "Guy segir allt af, að hann hafi ekkert tekið eftir,

hversu fallegt var á Beecham fyr en hann fór að búa þar stöðugt".

Lord Caren hneigði sig alvarlega, því hann var alveg í vandræðum með að svara spaugsyrðum Lady Die. En Aðalheiður tók sér það mjög nærri.

"Ég hélt, að ég mundi hitta Lady Caren hér", mælti Lady Die.

En Lord Caren hló. "Lady Caren er hér", mælti hann.

"Maður villist á þessum nöfnum", mælti Lady Die. "Það ætti ekki að vera nema ein Lady Caren. Aðalheiður er það fallegasta nafn, sem ég hefi heyrt, og því vil ég kalla yður Lady Aðalheiði. Lady Caren er ekki eins þýðlegt nafn. Eða hvað finst yður, Allan?"

Allan lávarður komst alveg í vandræði, því um þetta hafði hann aldrei hugsað. Hann sagði samt, að sér lindist það sama.

"Allir góðir menn, sem elska konuna sína, kalla hana einhverja gælunafni. Hvað kallar þú Aðalheiði, Allan?"

Hverju átti hann að svara? Hann brosti vandræðalega og Aðalheiður eldroðnaði. En til allrar hamingju var hringt til að skifta um föt, svo hann komst hjá að svara.

"Á ég ekki að vísa yður á herbergi yðar?" mælti Lady Aðalheiður í mjúkum og lágum róm, og þær gengu út úr salnum.

Þegar þar voru farnar, snéri Sir Guy sér að Allan og sagði: "Ég óska yður til hamingju, Allan. Aldrei á æfi minni hefi ég séð svo elskulega og falllega konu, sem Lady Aðalheiði. Því hafið þér aldrei nefnt hana í bréfum yðar. Die og ég höfum allt af verið að hugsa um, hvernig hún myndi líta út. Ég er viss um, að hún á ekki sinn líka á öllu Englandi".

Lord Caren varð alveg forviða. Hann hafði aldrei hugsað hið minsta um, hvort konan hans væri skemtileg eða ekki. Honum stóð það alveg á sama, en það var það víska, að ekki geðjaðist honum að henni.

"Ég hefði getað ímyndað mér, að þér gætud ekki um annað skrifað en hana", mælti Sir Guy, því hann vissi ekkert um, hvernig sakir stóðu. "Aldrei hefði ég hitt fyrir jafn yndislega konu, sem hefir allt jafn skemtilegt við sig og hún hefir. Og ef hún er eins góð og hún er falleg, þá hljótið þér að vera mjög hamingjusamur".

"Já, ég ímynda mér, að flestir álíti mig mjög hamingjusaman í mann", mælti Lord Caren. En Sir Guy tók ekki eftir hinum napra málróm hans. "En nu skulum við fara og skifta um fót", og þeir gengu til herbergja sinna. Lord Allan var í vondu skapi. Hann var búinn að heyra nóg af svo góðu. Það var þó fyrir sig, þegar þeir voru einir, Sir Guy og hann, en þegar Lady Die kom líka, var það óþolandi.

"Ég ætla að skrifa Randolph og bjóða honum hingað, og einhverjum fleirum, og ef húsið er fult af gestum, fær Lady Die nóg að hugsa", mælti hann við sjálfan sig.

Hann hafði því næst fataskifti en honum leið illa. Hann var að náttúrufari ærlegur maður, og kunni því illa, að standa í falskri stöðu, og hann ásetti sér að breyta því sem fyrst. En þegar hann flýtti sér niður tröppurnar, sá hann bregða fyrir hvítklæddri konu í einum ganginum, og strax kom lítið hendi við handlegg hans.

"Mér þykir svo leiðinlegt, að þú ert í vondu skapi, Lord Caren. en þú mátt ekki láta sjá, að þú sért reiður við mig?"

"Ég skal reyna það", mælti hann. Þetta er sú

versta staða, sem nokkur getur verið í, en ég skal gera það sem ég get til þess að dylja það". Og með þetta varð Lady Adalheiður að gera sig ánægð.

VIII. KAPÍTUL.

"Ó, hvað hér er fallegt!", sagði Lady Die, "það rei hefi ég verið eins ánægð og nú".

Máltíðin, sem Adalheiður hafði sviðin svo fyrir, var lifin. Maður hennar hafði samarlega verið eins þægilegur við hana eins og hann gat. Hann hafði drukkid henni glas af víni, og gestirnir okku ekkert eftir, hvernig sambúð þeirra í raun og vera var. Eftir máltíðina gengu karlmennirnir út í garðinn og reyktu þar vindil. "Eignum við að elta karlmennina?" spurði Lady Die, "ég vildi svo fegin vera hjá minnum manni". Og Adalheiður játti því lágt, því hún var viss um, að hún myndi ekki vera velkomin. Þegar þær svo komu inn í trjálundinn vildi Sir Gny endilega breiða teppi á jörðina þar sem þær sátu, til þess að það færi sem best um þær. "Hér er í sandeika fallegt", sagði Lady Die, "þessi skrantasalur náttúrunnar er miklu fallegri en nokkurt herbergi getur verið. Mér finnst líka eins og fuglarnir syngi hér betur en annarstaðar."

"Yður þykir víst vænt um Brookland", mælti Lady Adalheiður hugsandi.

"Mér finnst ég vera hér alveg eins og heima, og hvergi er eins fallegt og hér. Yður þykir víst vænt um það líka? Hefir Brookland ekki verið heimili yðar í mörg ár?"

"Að nokkru leyti. Þar sem Lady Caren bjó,

þar átti ég heima, en ég var sjaldan hér, því ég var 6 ár í skóla á Frakklandi og 3 ár í skóla á Þýzka-landi. Ég er að eins 19 ára nú, og ég man varla eftir mér áður en ég ferðaðist til útlanda".

"Munið þer eftir foreldrum yðar?" spurði Lady Die blízlega.

"Nei", svaraði Lady Adalheiður í sorgblöndnum róm. "Ég hef engar kærar endurminningar eins og flestir aðrir lafa, ég man hvorki eftir föður né móður. Samt finst mér stundum ég minnst föður míng, en móðir mín dó er ég fæddist. Mig minnir, að ég hafi átt heima í húsi nálægt skógi. Hve lengi ég dvaldi þar, hef ég enga hugmynd um, en svo hef ég víst farið sjólderð, því ég man eftir stórum bylgjum".

Lady Die hlustaði á með mestri eftirtekt. "Var faðir yðar nokkuð skyldur Caren ættinni?" spurði hún.

"Nei, en Lord Caren sagði mér, að faðir minn hefði verið beztu vinur sinn, þegar þeir voru drengir, en hann vildi aldrei tala um hann. Éinn sinni er ég kom heim, það ég hann að segja mér eitthvað um foreldra mína, en hann vildi helst ekkert um þá tala, svo ég nefndi það aldrei oftar".

"Það hefur þó ekki verið neitt leyndarmál, byst ég við?"

"Nei, langt frá. Faðir minn var beztu vinur Lord Carens, og þegar hann sá, að hann mundi deyja, það sá Lord Caren að ala mig upp, og það gerði hann. Ég er alls ekki vanþakklát, og Lady Caren hefur ávallt verið mér sem beztu móðir, og mér þykir fjarska vænt um hana".

"Þið Allan hafið víst elskast frá því þið voruð börn?"

Það var sem skugga legði yfir andlit Adalheiðar. "Nei", mælti hún, "ég sá Allan ekki fyr en fyrir ári

siðan. Hann var aldrei heima, þegar ég kom heim. Fyrst þegar ég kom til Brooklands, var hann á skóla í Eton. Þín seinna meir, þegar ég kom heim í skólafriðna, var hann á skóla í Oxford, og nú þegar Lady Caren tók mig af skólanum, var hann á ferð utanlands. Og þannig; atvikaðist það, að við hittumst ekki fyr en í fyrra".

"Ástin hefir þá strax tekið sér bústað í hjörtum ykkar? Þér þurfið ekki að roðna eins og það sé nokkuð ljótt, að þér elskið manninn yðar. Karlleika á milli hjóna met ég mest af öllu í heiminum. Mér þykir svo hjartanlega vænt um minn mann".

Hverju skyldi hún svara, konan, sem ekki átti hjarta manns síns. Hún þagði og laut niður að hinu háa grasi, sem var í kring um hana.

"Hún er feimin", hugsaði Lady Die. "Hún hugsar fleira en hún talar". Og ekki hélt hún minna þupp á þessa rýju vinkonu sína fyrir það.

"Erud þér að eins 19 ára?" sagði Lady Die. "Þér eruð auðvitað ekki eldri að sjá, en það er eins og andlitsdrættir yðar beri vott um mótlæti, eða eitthvað það, sem ekki er náttúrlögt hjá konu á yðar aldri".

Lady Aðalheiður stundi þungan. Hversu lítið dreyindi ekki þessa konu, sem var svo ánægð, og elskuð af manni sínum, um allt það mótlæti, sem hún leið daglega?

Karlmenirnir höfðu gengið lengra í burtu, en nú fundu þær reykjarlykt. "Þarna koma mennirnir okkar", saði Lady Die, "ég þekki svo vel reykjarlykt, mér þykir hún svo góð. Sir Guy þykir ekkert varið í, að reykja á kveldin, nema ég sé hjá honum. Þér hafið vist ekki vamið Allan á það sama?"

Lady Aðalheiður fölnaði eins og ætlaði að liða yfir hana. "Kæra Lady Die", sagði hún, "talið

ekki um þetta við Allan. Í öllum þeim gerir þér það ekki".

"Er hann þvílíkur harðstjóri?"

"Nei, nei, þér misstiljið mig. Hann vill bara ekki láta stríða sér".

"Já, þá lefir hann breytt æði mikið, því þegar við fyrir þremur árum síðan hittumst á Hendon Hall var ég alt af að stríða lönum, og ég er þó viss um, að honum þótti ég skeutikg".

"Já, það er ég viss um að honum þykir. Hann varð svo glaður þegar hann heyrði, að þér ætluðud að koma".

"Ég þorði nú varla að skrifa honnu fyrst", sagði Lady Die, "ég man vist eftir, hvernig ég var fyrst eftir brúðkaupið; ég var grön út í hvern, sem heimsótti okkur, og vildi alt af vera ein með Guy. Ég geld satt að segja, að ég hefði hatað hvern, sem hefði heimsótt okkur fyrstu sex vikurnar, sem við vorum gift. Ég vona samt, að þér hatid mig ekki, Lady Adalheidur?"

"Nei, þvert a móti, ég er yðnr þakklát fyrir að þér heimsóttud mig".

Lady Die leit upp alveg hissa.

"Hafid þér nokkur tíma séð Trenton Abbedi?" spurði hún svo.

"Nei, en mér hefir verið sagt, að það sé fallegasti kastaliur á öllu Englandi, og mig langar mjög mikið til að sjá hann".

"Ég ætla að segja Allan það, og svo förum við þangað á morgun".

"Nei, það megið þér ekki gera. Þér megið ekki segja Allan, að mig langi til að fara þangað. Honum þótti það svo undarlegt". Nú þagnaði hún alt í einu, því Lady Die horfði á hana með mestu undrun.

"Nú eruð þér að gera að gamni yðar, Lady Adal-

Sögusala Heimskringlu

heiður, og þó eruð þér of alvarlegar til þess. Því skyldi ég ekki mega segja Allan, að yður langi til að sjá Trenton?"

Lady Aðalheiður roðnaði við. "Ég vil ekki láta hann vita, þó mig langi til að ferðast eitthvað".

"Nú, það er svona lagað. Þér viljið ekki biðja hann neins, nema það sé í fullu samræmi við hans eigin óskir. Lady Aðalheiður Caren, það var gott, að ég kom hingað! Vitið þér, að með þessu skemmið þér alveg manninn yðar, og skeindur eiginmaður er mikla verri en skemt barn, þó vont sé. Ég verð að kenna yður, að þér getið verið góðar, þó þér í öllu farið ekki að annara vilja, og þér getið verið ákveðnar án þess að vera of strangar".

"Já, þér megið kenna mér um það eins og þér viljið", mælti Aðalheiður óánægjulega, og í því augnu mennu þeirra fram hjá. Önnur konan leit með ánægjubrosi framan í mann sinn, en hin snéri sér undan til þess að sjá ekki hið kalda og óþýða augna-ráð manns síns, ef honum á annað borð skyldi verða að vegi, að líta til hennar.

Þar voru nú aftur einar, og Lady Die fór að tala um, að Lord Allan væri sá bezt reiddmaður, er hún hefði þekt, "og einnig keyrir hann mjög vel", lét hún við. "Finst yður það ekki? Hann hefir náttúrlega oft keyrt út með yður?"

"Nei, ég hef aldrei beðið hann um það".

"Nú, já ja, hver hefir sína siði, en sem stendur skil ég yður alla ekki, Lady Aðalheiður, en kannske geri ég það með tímanum. En ég er hér um bil viss um, að þér eruð hræddar við Allan, og það getur orðið mjög hættulegt fyrir yður, ef þér látið hann verða þess áskynja".

"Die! Komdu inn og syngdu fyrir okkur", kallaði Sir Gny, og Lady Die stóð strax upp, tók í hendi

hans þegar hann kom til þeirra, og svo gengu þau öll saman inn í gestasalinn.

IX. KAPÍTULI.

Hversu hræðilegt var það ekki fyrir Adalheidi, að eiga ekki ást manns síns? Aldrei hafði Lady Adalheidur fandið sárara til þess, en eftir að Lady Die og maður hennar komu til Brooklands. Sir Guy það komu sína að syngja, hann fann nóturnar fyrir hana og stóð við hlið hennar meðan hún söng, og á öllu sást, að hann dáðist að henni.

Aftur á móti sat húsmóðirin á Brookland ein sér, og hlýddi á. Hún tók sér mjög nærri, að maður hennar hafði ekki einu sinni litið á búning hennar. Hún hafði þó vonað fastlega, að hann myndi segja nokkur orð við hana því viðvikjandi, sérstaklega úr því honum þótti gimsteinar fallegir. En það var öðru nær en hann gerði það, og það var ekki að sjá að honum þætti neitt til þeirra koma. Hann hafði rétt henni stól, spurt hana hvort hún vildi hafa gluggann opinn eða ekki, sagt að veðrið væri gott, og svo fanst honum, að hann væri búinn að gera vel og hún gæti ekki ætlast til meira af sér.

Á meðan Lady Die söng tók hún nákvæmlega eftir, kommu. Hann greip hverja bókina eftir aðra, leit á þær, en lagði þær svo frá sér aftur. Svo skoðaði hann nokkrar myndir, sem voru nýkomnar frá London, en alls enga ánægju var hægt að sjá á honum. Svo gekk hann að einum glugganum og sýndist vera í þungu skap. Hvað myndi ekki Lady

Aðalheiður vilja gefa fyrir að geta lesið hugsanir hans?

En það vissi hún vel, að henni var ekki unt að skapa hominu neina gleði.

Lady Die söng mjög vel og með mikilli tilfinningu fallugt kvæði um ást, er skyldi vera ódauðleg. Það var eins og tónarnir þrengdu sér inn í hjarta Aðalheiðar, og móti vilja hennar runnu tár niður kinnar henni. Hún lant yfir bók, sem hún hélt á, svo enginn tæki eftir þeim.

Alt í einu hætti Lady Die að syngja. "Við verðum öll svo hljóð yfir að heyra þessi sorgarlög", mælti hún. "Kara Lady Aðalheiður, þér eruð með tárin í augnum. Aldrei skal ég syngja oftari, ef þér hryggist af því".

Lord Caren sneri sér snögglega við, þegar hann heyrði meind tár, og það var hægt að sjá, að honum líkaði miður. Lady Aðalheiður sá það líka og harkaði af sér eins vel og hún gat. "Söngur gerir mig ávalt hrygga", sagði hún, "ég get ekki hlustað á alvörugefnu lög, án þess mér vökni um augu".

"Ég hef oft hugsað um, hvernig á því standi", sagði nú Lady Die, "að ég, sem er sú glaðasta og léttlyndasta manneskja, sem til er, skuli verða mest hrifin af sorgarlögum. Mér þykir miklu meira varið í alvarleg stykki en fjörug lög. Sama er að segja með sögur. En hvernig skyldi standa á þessu?"

"Þér sækist eftir því, sem er í fullri mótsetning við sjálfa yður", sagði Lord Allan.

"Það getur vel verið. En hvað þér eruð vænn að útskýra þetta, Allan. Hefði ég spurt Sir Guy að þessu, hefði hann bara komið með langa heimspakisræðu.

Sir Guy svaraði með einhverju spaugsyrði, og Lord Caren hló hjartanlega að því. Það var í fyrsta

sinni eftir brúðkaup þeirra, sem kona hans hafði heyrð hann hlægja. Hún kát til hans með undrun, og hann sá það, og strax varð hann eins alvörugelinn og vant var.

Lady Die var kát og skemtileg, hún talaði svo fjörugt og látt áfram um alt sem hún hafði séð í London í veizlumun við hirðina. Aldrei hafði hún séð annað eins skrant, og eins mikið af gümsteinum. "Mér þykja gümsteinar svo fallegir og allir ekta skrautgripir", bætti hún við.

"Það getur vel verið við þvílík tækifæri", sagði Lord Caren. "að þeir eigi vel við, en annars þykja mér blóm miklu fallegri", og hann leit með ánægju á kjól Lady Die. Hann var úr hvítu silki, alveg skrautlaus, og hún bar enga skrautgrip, þrátt fyrir það þótt henni þætti jafnmikið í þá varið sem hún hafði sagt.

Þannig bar Lady Adalheiður ekkert úr hýtum fyrir alt það ómak, er hún hafði gert sér með bænning sinn, og hún hugsaði með sér, að honum gæðjastist að öllu nema því, er henni kæmi við. "Bara að hann vissi, hvað mig langar til að gæðjast honum", hugsaði hún.

"Allan!" sagði Lady Die alt í einu. "Þér sögðust áðan, að Beauty Randolph kæmi hingað bráðum".

"Já, ég hefði boðið honum að koma hingað, og ég vona að hann komi. Mér þykir hann svo skemtilegur".

Lady Die sá á svip Adalheiðar, að hana langaði að vita, hver þessi kašteinn Randolph væri, og hún sagði henni, að það væri ekkert á móti því, að hún spyrði nu það, og þó þorði Lún loks að spyrja um það.

"Hver er þessi 'Beauty'?" sagði hún hikandi.

"Hann er 'Household' uppáhald. Hann er fallægur og hreinskilinn, en feiminn sem ung stúlka.

Hann roðnar, ef einhver talar til hans, en samt er hann lugrakkur sem ljón, og alt af er hann ástfanginn. Hann er það undarlegasta sambland, sem ég þekki af manni til. Hann heitir kasteinn Beri Randolph, og verður Jarl af Shirley, þegar frændi hans deyr. Hann verður ástfanginn í hverri ungri, fallægri stúlku, sem hann sér. Hann getur ekki að því gert. Og í London þykir ekkert í þá stúlkun varið, sem kasteinu Randolph hefir ekki orðið ástfanginn í".

"Hversvegna er hann kallaður 'Beauty'?"

"Af því andlit hans er hvítt sem snjór og rautt sem blóð, og hann hefir mikið gult hár. En, Allan, í hverri á 'Beauty' að verða ástfanginn hér?"

"Það veit ég ekki, ég hef ekkert hugsað um það og engri hef ég boðið hingað. Þér verðið líklega að hafa hann, Die".

"Nei, þakka yður fyrir. Hann var ástfanginn í mér fyrir tveimur árum síðan. Er það ekki satt, Guy?"

"Sir Guy hló, og sagði, að hann gæti orðið ástfanginn í henni aftur. "Ástfanginn í þér, elsku konan mín", bætti hann við.

Lady Aðalheiður virti þessi hjón fyrir sér, sem höfðu jafnmikla tiltrú hvort til annars, að þau gátu gert þannig að gamni sínu. Henni virtist það alveg ómögulegt.

"Aðalheiður", sagði Lady Die, "hafið þér gaman af að láta þínum litast vel á yður?"

Aðalheiður varð eldrauð í framan og leit mjög vandraðalega út.

"Ónei", svaraði hún.

En Lord Caren greip frammi fyrir henni og sagði: "Lady Aðalheiði þykir meira varið í það, sem einhver er vert, heldur en annan eins hégóma".

EKKI vissi Aðalheiður, hvort maður hennar sagði þetta til að lífsa henni eða þvert á móti. En hún

var svo alvörugfin og meðnleg að sjá, að allir hefðu getað kent í brjósti um hana.

Lady Die fór nú út úr herberginu, og Adalheiður ætlaði á eftir henni, en þá sagði Lord Allan, að hann þyrfti að tala við hana. Hún beið þess vegna kyrr, og hjarta heunar sló hratt af eftirvæntingu eftir að fá að vita, hvað hann ætlaði að tala við hana. Skyldi hann ætla að þakka henni fyrir, hve hún hafði skeint vel gestum hans? Skyldi hann ætla að tala nokkur vinkjarnleg orð við hana, sem hann þó ekki var vanur að gera?

Þegar Lord Caren hafði búið Sir Guy góða nótt snéri hann sér að henni mjög alvörugfinn án þess að segja neitt.

"Þú óskaðir að tala við mig, Lord Caren".

"Já", mælti hann. "Ég vil hvorki vera harður né ósamgjarn, en þú verður að muna eftir einu, og það er það, að láta ekki koma fyrir oftast það sem kom fyrir hér í kveld. Kona, sem grætur í annara viðurvist á sinn eigin heimili, vekur umtal, og engin vel mentuð kona myndi láta annað eins koma fyrir. Þetta er nokkuð, sem mér er ómöglegt að liða. Þú gerir sv. að muna eftir þessu, Lady Caren".

Hún hlóðröðnaði. "Þakka þér fyrir", mælti hún kuldalega. "Þú skalt ekki þurfa að minna mig á það oftast".

Arnþjótur B. Olson

X. KAPÍTULI. —

Um kveldið, er Sir Guy og Lady Die voru komin til herbergja sinna, fórn þau að tala um Lord Caren og Adalheiði. Die sagðist ekkert skilja í, hvernig sambúð þeirra í raun og veru væri.

Hún kvaðst alt af hafa haldið, að Allan yrði bæði góður og eftirlátur eiginmaður, en það væri langt frá að svo væri, því Aðalheiður væri auðsjáanlega hrædd við hann, og þyrði varla að tala orð, þegar hann væri viðstaddur. Aftur á móti þóttist hún viss um, að Aðalheiður elskaði Allan mjög heitt. Sir Guy þótti um eugau mann eins vænt og Lord Allan, að komu hans undanskilinni, og þess vegna tók hann svari Allans. Hann áleit, að Aðalheiður, sem var svo ung, vantaði þekkingu til þess að styra jafnstóru heinili, og þess vegna væri hún feimín og drægi sig í hlé. "En af hverju heldur þú, að hún elski hann svo heitt?"

"Ó, það er nú lægt að sjá. Hvenær sem hún heyrir til hans, roðnar hún svo yndislega, og ef hann talar við hana, er eins og sál hennar fái nýtt líf. Ef hann gengur svo nærri henni, að hann komi við kjólinn hennar, þá titrar hún. Já, hún elskar hann, Guy, líklega hlútt of mikið".

"Því segir þú þetta, Diana! En hvað kvenfólk annars hefir mörg leyndarmál"

"Tíminn mun sýna það, hvort ég hefi rangt fyrir mér".

"Ég er viss um, að Allan elskar hana, það er ómögulegt annað. Segðu mér, kára Die. hefurðu nokkurntíma séð jafnfagra og yndislega konu og Lady Aðalheiði? Það er alveg óhugsandi, að maður hennar ekki elski hana.

Þau töluðu nú saman um Allan og hina spönsku greifainnu Janitu Silvala. Hvorugt þeirra hafði séð hana, en þau höfðu mikið heyrt um hana talað. Þau höfðu heyrt, að hún hefði gaman af að lokka karlmennina að sér og fleygja þeim svo frá sér aftur, þegar hún kyntist nýjum pilti, sem henni þótti meiri fengur í. Ef Lord Allan hefði verið alvara með að fá hana, þá hefði víst verið hægt fyrir hann að láta

hana verða Lady Caren. En í stað þess valdi hann Aðalheiði, unga og yndislega stúlku, sem ekkert átti til annað en fegurð sína. Þau höfðu ekki minstu hugmynd um, að Allan hefði átt Aðalheiði einungis vegna erfðaskrár föður síns.

Þetta kveld grét Aðalheiður ennþá sárara en vanalega. Hún var frá sér af örvæntingu yfir því, hvernig maður hennar breytti við hana. Hjarta hennar nærri brann af löngun til þess að ganga til manns síns og segja honum leyðarmál sitt, sem algjörlega myndi eyðileggja hann. Að síða hana allveg eins og hún væri alla uppalin skólastelpa! Hún átti í megnu stríði við sjálfa sig, en að lokum sigraði ást hennar, og hún hélt áfram að bera hina þungu byrði, er hún varla gat risið undir.

Hún hafði gengið frá honum þetta kvöld með þóttasvip, og hann hafði aldrei séð hana svo áður. Og köld og þóttaleg sat hún inni í svefnherbergi sínu, með tárbot augu. "Það er hart", sagði hún aftur og aftur við sjálfa sig, "að ég skuli þurfa að líða fyrir annara syndir og yfirsjónir".

En svo varð hún smámsaman rólegri. Vestlings Allan, ef hann bara vissi alt. Þú verð að vera þolinmóð og bera þetta vegna hans, og með tímanum mun hann elska mig. Og þessi orð hafði hún upp aftur og aftur. Hún reiddi sig á ókomna tímann. Hann var vimur hennar, sem einhverntíma mundi flytja henni luggun og gleði. En hún stundi þungan í hvert skifti, er hún hugsaði um, hve langt myndi verða þangað til sá tími kæmi.

Næsta morgun við morgunverð var talað um, hvar menn ættu að skemta sér um daginn. "Við skulum keyra til Trenton Abbedi", sagði Lady Die. "Ég hef fastlega ásett mér, að fara þangað í dag".

"Á ég að að keyra þig?" spurði Sir Guy.

"Nei", mælti hún, "Allan keyrir mig, þú keyrir

með Lady Aðalheiði í hennar vagni. Samþykkið þér það?" spurði hún Aðalheiði.

"Já, með mestu áhægju", svaraði hún. Henni fannst svo mikið til um, að það skyldi vera tekið tillit til, hvers hún óskaði sér.

"Þér fáið góðan fylgdarmann þar sem Guy minn er", sagði Lady Die, og ég myndi ekki sleppa honum við neina aðra en yður. En þér megið ekki heldur verða alþrýðissöm, þó ég segi eitthvað fallegt við Allan".

Hvernig átti hún að vera alþrýðissöm? Hún var svö gröm með sjálfri sér, og henni fannst hún geta hlegið kuldahlátur yfir því að nokkrum skyldi koma annað eins til hugar. En hún gætti sín, og enginn sá neina gremju á svip hennar.

"Já, ég skal lofa yður því, að ég skal ekki verða hrædd um hann", sagði hún svo. En hún leit ekki á mann sínum, þegar hún sagði þetta.

"Það sýnir, að þér berið fullkomnið traust annaðhvort til mín eða Allan, og ég skal með tímaunni komast að, hvort okkar það er".

Aðalheiður sá, hve mikla nærgætni og umhugsun Lord Allan sýndi Lady Die. Hann gætti að, hvort aktýgin væru rétt á hestunum. "Prins Charlie (svo hét annar hesturinn), er dutlungasamur og misjafnlega fjörugur, og við verðum að hafa góða stjórn á honum, Die".

"Alt sem lifir verður að hafa fjör í sér", sagði Die, "menn, konur og börn. Ef þau eiga ekki fjör og gleði, væri betra fyrir þau að vera án lífsins".

Hún hafði veitt Allan nákvæma eftirtekt allan morguninn, og hún sá, að hann að vissu leyti var mjög afskiðtalaus af konu síni. "Ég skyldi víst fljótt opna á honum angan væri ég í Aðalheiðar sporum", hugsaði hún. "Aðalheiður er allt of eftirgefánleg við hann, en það er alls ekki rétt að koma honum upp á það".

Ástæðan fyrir því, að Lady Die vildi keyra með Allan, var sú, að hún vildi fá tækifæri til að tala við hann einan og hrósa hinni ungu konu hans. Hún sá, að ekki var alt sem skyldi á milli þeirra, og óskaði svo innilega eftir, að sjá þau bæði ánægðari, en þau voru nú. Henni hafði strax litist svo vel á Adalheidi, hún var svo ólík öllum öðrum, er hún hafði kynst. Hún talaði svo hlýtt og hreinskilnislega um hana við Allan á leiðinni, að það var auðheyrt, að orðin komu frá hjartanu. Hún hrósaði henni fyrir fegurð hennar og framkomu og hve hún hefði fallega rödd. En alt þetta hafði engin önnur áhrif á Lord Caren en þau, að hann dáðist að, hve Lady Die gati hrósað annari konu mikið.

"Þér ertuð að vera mjög ánægður og hamingjusamur, Allan, því þér eigið þá yndislegustu og skemtilegustu konu, sem ég hef þekkt, og það hefir þó mikið að segja."

Það var sem Lord Caren vildi ekkert um þetta tala. Tvívegis reyndi hann til að breyta um muntalefni. Hann vakti eftirtekt hennar á einu og öðru, sem fyrir augum bar. Hann talaði um eitt og annað, sem hann ætlaði að láta gera á löndum sínum. En Lady Die var alltaf undan. Hún lét hann fyllilega skilja, að aðrir litu á konu hans, sem hina frelkæmmostu, sem tí. væri, — hann gat svo hugsað um það, hvað hann vildi.

Sir Guy hafði og mjög mikla skemmtun af ferðinni. Hann var alla leiðina að tala um Lord Caren. Adalheidi laði frá því fyrsta þótti Sir Guy skemtilegur, en af því hann var alt af að tala um mann hennar við hana, þótti henni einþá meira til hans koma. Hann mundi eftir svo mörgu frá dreugja-árumum, og alt sem hann sagði, bar vott um, hve hugtakkur, gófgur og góður Allan var.

"Ég þakka yður hjartanlega fyrir samveruna",

mælti hún, þegar þau voru rétt komin heim aftur. "Aldrei á æfi minni hafi ég skemt mér eins vel". Sir Guy lét í ljósi gleði sína yfir því, og sagði að það kæmi vist af því, að hann hefði talað svo mikið um mann hennar, en Adalheiður ansaði því engu.

Sir Guy hugsaði með sjálfum sér: "Ékki ret skilið í, ef tvar jafn elskulegar og skemtilegar persónur, sem þessi hjón eru, geta ekki elskað hvort annað. Die hlýtur að hafa rangt fyrir sér í þessu".

XI. KAPÍTULI.

Þetta kvöld kom 'Beauty' Randolph til Brookland, og Adalheiður sá mann þar sem hann var, sem var alt öðruvísi en allir, sem hún hafði áður séð. Hún skildi strax, þegar hún sá hann, af hverju hann var kallaður 'Beauty', því andlit hans var hvítt og mjúkt eins og á ungri stúlku. Hann hafði mikið gult hár, breitt enn, blá, dreymandi augu, sem leiftrundu stöðum allt í einu af eldi og óþaga. Hann hafði hvítar og smáar hendur, en handtök hans voru hörð sem stál.

Útlit hans og skaplyndi var svo ólíkt, að það var næstum óskiljanlegt. Hann hafði farið herferð til Indlands, og þó hann væri að eins 24 ára gamall hafði hann áunnid sér mikla frægð, bæði fyrir það, að hann var ávallt fremstur í flokki manna sinna á móti óvinum sínum, og eins fyrir tigrisdýrsveiðar. En þegar hann kom til Englands aftur, lagði hann niður hvernigsku að vilja móður sinnar.

Í allri London var enginn í eins miklum metum meðal æðalsfólksins eins og hann. Kvenfólkinn

þótti svo gaman að sjá hið fallega andlit hans og heyra hina mjúku rödd hans, sem hafði hljómað svo sterkt og djarflega í bardögnum, og sjá hinar fallegu hvítu hendur, sem höfðu barist svo vasklega.

En hinn ungi maður hafði einn veikleika og hann var sá, að hann varð ástfanginn í hverri fallegri stúlku, sem hann sá, og hann sagði sjálfur, að hann gæti ekkert að því gert. Fegurðin hafði algerlega vald yfir honum. Samt sem áður hafði hann aldrei gert sig sekum í neinu óheimillegu. Aldrei hafði hann flekkað mannorð neinnar konu né stúlku, aldrei spilt þamungju þeirra. Ungur konur og stúlkur höfðu mikla ánægju af að tala við hann og gefa honum undir tönnu, og það gerði hann líka með mestu ánægju, því allir vissu að með því var ekkert alvarlegt meint. Svo voru þær að stríða honum með, að einhverntíma vrði hann í raun og veru ástfanginn, og sögðu honum að gæta sín. En hann sagði, að allir fjótrar, er kvenfólkið legði um sig, væru rósafjótrar, sem hann gæti slitið, hvenær sem hann vildi.

Annadhvort var hann heppinn eða óheppinn, en eunþá var hjarta hans ósnert. Heimurinn hafði tekið á honum með silkilöndum.

Strax frá því fyrst að Adalheidur sá hann, hafði henni litist vel á hann. Hann var svo ólíkur öllum, sem hún hafði áður þekkt. Sama var að segja um hann, — hann var alveg gagntekiinn af fegurð hennar. Hann hafði séð svo margar fallegar stúlkur um dagana, sem höfðu brosað óspart til hans, en Adalheidur var svo ólík þeim öllum samum, og virtist hafa svo fá bros til að gefa burtu. Honum fannst, þrátt fyrir hve nóg og fögur hún var, að það hvíla eins og einhver skuggi yfir henni, svo dummur, að það skar hann í hjartað að sjá það. Hann var alveg frá sér numinn af fræmkomu hennar. Hún var svo einstæðingsleg. Það var eins og hún áltíð sig ekki til-

hefja þann fólkinu, og að sér væri þar alveg ofaukið. Hann gat ómögulega skilið, af hverju þetta stafaði. En samt sem áður fannst honum hún einmitt fyrir þetta veru aðkaðandi. Hann hafði oft verið ástfanginn af henni vina sinna, og þeim þótti gaman að, en hann hafði honum dottið í hug, að spilla þeim við nánast. Honum hefði þyr komið til hugar, að þrjú hafi verið í hús vinar síns til að stela frá honum, hið fyrsta hafa frena frá honum trausti komn hans.

En áður en hann var svo alt öðruvís en hinar. Í fyrsta áttunda áttunda talaði nokkur löfsyrði um hana, og hann hafði hana hálf hikandi, eins og hún ekki skildi hana.

"Allan", þetta var Lady Die hlægjandi, "varaðu þig, sörðu ekki að 'Beauty' er orðinu ástfanginn í Aðalheiði?"

Lord Caren brosti. "Á, er hann það?" mælti hann. "En ég er ekki hræddur, Diana". Þó hann hefði aldrei talað eitt einasta vingjarnlegt orð við hana, né reynt að vinna þó ekki væri nema vináttu hennar, þóttist hann viss um, að hún yrði sér trú.

Lady Die skemti sér sérlega vel. Aðalheiður hafði ekki minstu hugmynd um, að 'Beauty' væri ástfanginn í henni, og hann varð þess vegna mjög alvarlegur.

Nokkur skíma komu til Brookland Lady Kan og dóttir hennar, sem hét Alisa, falleg og skemtileg stúlka. Það hefði verið trúlegt, að 'Beauty' hefði snúið sér að henni, en það var öðru meir. Hann fylgdi jafn trúfast og fyrri Lady Caren. Alisa Kan var að visu ekki eins lagleg eins og Lady Die eða Aðalheiður, en hún var samt lifuð og sálin í öllu og mjög yndisleg stúlka. Lady Caren, sem alls ekki var fljóttekm, þótti samt strax vænt um líma gláðlyndu og góðhjörtuðu stúlku. Og aldrei spurði hún að neinum nærgöngulnum spurningum, og var því sú

eina af öllum gestunum, er sýndist enga eftirtekt veita því, hvernig sambúðin var á milli hjónanna. Ef hún talaði við Adalheiði um mann hennar, þá gerði hún það alveg eins og hún myndi hafa talað við hverja aðra gifta konu. En hinir gestirnir á Brookland fóru nú bráðlega að taka eftir, að ekki var allt sem skýldi á milli hjónanna. Aldrei sást þau tala ástúðlega saman, og ef einhver bað Adalheiði að lifja Lord Caren um eitthvað, roðnaði hún og reyndi ávallt að komast hjá því.

Það var langt síðan að jafn mikill glaumur og gleði hafði ríkt á Brookland. Herbergin voru full af gestum, og það hefði víst mátt víða leita, ef hefði átt að finna aðrar eins kátar og fjörugar manneskjur eins og Missu Kah, 'Beauty' og Lady Die. Það var blátur, söngur og hljóðfærasláttur frá morgni til kvelds. Á hverjum degi var annaðhvort ríðið eða kevrt í burtu, og ávallt var 'Beauty' fylgd af myndur Lady Adalheiðar.

Einn sinn sagði Lady Die við manninn sinn: "Hvað getur ekki komið fyrir, ef eng, faileg kona mætir tilfinningarleysi hjá manni sínum, en er svo alt af með öðrum eins manni og Kaftin Randolph?"

Lady Die gat ekki dulist það, að Lord Allan var aldrei ástúðlegur við konu sína. Hann sýndi henni æfinlega mikla kurteisí, en hann var kaldur og tilfinningarlaus gagnvart henni, og það áleit Lady Die verst af öllu.

Lady Die reyndi, hvenær sem hún fékk tækifæri til, að nálægja þau hvort annað. Hún fékk þau til að ganga með sér um blómgarðinn og reyndi til, að fá þau til að tala saman, en Lord Caren svaraði að eins því, sem hún spurði hann um, sagði kannske nokkur orð við konu sína, og flýtti sér svo í burtu. Einn sinni kom það meira að segja fyrir, að hann

varð mjög óþolinmóður yfir því, að hún vildi fá hann til að tala við sig og Aðalheiði, og eftir það reyndi hún aldrei til þess.

"Þess meira, sem ég reyni að draga þau saman, þess meira fjarlægjast þau hvort annað", huasaði Lady Die, "og þess vegna er best, að ég skifti mér ekkert af því. Og hún breytti rétt í því.

Arnþjotur B. Olsen

XII. KAPÍTULI.

Það var nýbúið að borða miðdagsmatinn. Karlmenirnir sátu ennþá við borðið. KaSTEINN Randolph var að segja sögu af sér og tigrisdýri, sem hann hafði yfirunnið, og hinir hlustuðu á með mestu athygli, svo þeir tóku ekkert eftir, hvað tímanum leið. Lady Caren og Lady Diana höfðu lagt sig út af. Lady Die sagði það væri það bezta meðal til að styrkja líkamann, að hvíla sig um miðjan daginn í 5 mínútur. Lady Aðalheiður las í bók, en Miss Alisa Kan var mjög ergileg yfir því, að karlmennirnir skyldu sitja svo lengi á eftir matnum.

Þegar 5 mínútur voru liðnar, stóð Lady Die upp og opnaði einu gluggann, svo að kveldloftið streymdi inn til þeirra. Ált í einu sneri hún sér að Lady Aðalheiði. "Karlmenirnir sitja of lengi við borðið", sagði hún svo.

"Það er kaSTEIN Randolph að kenna", sagði Aðalheiður. "Hann er víst að segja þeim eina bardaga-söguna sína núna".

"Já, en þér verðið að gefa Allan vísbendingu um að koma".

Lady Aðalheiður leit upp alveg forviða. "Ég

get ekki beðið Allan um það", mælti hún svo, "hann heldi víst, að ég væri ekki með sjálfri mér".

"Þér eruð húsmóðirin og yður ber að hlýða í öllu", sagði Lady Die. En svo sá hún eftir að hafa sagt þetta, og hún gekk til Aðalheiðar og kysti hana.

"Það kemur oft fyrir að ég tala, án þess að hugsa nokkuð um það, sem ég segi, fyrir en ég er búin að segja það, og svo sé ég líka alt af eftir því á eftir. Ég veit, að þér eruð alt of góðar og gæfar til að vilja í nokkru setja yður á móti vilja manns yðar. Ég get dáðst að undirgeðni yðar, en mér er ómögulegt að breyta eftir henni. Ef Guy stríðir mér, langar mig sérlega mikið til, að gefa honum sitt undir hvort, þó ég viti að það sé næsta ókvenlegt, en svo vil ég líka kyssa hann á eftir".

Lady Aðalheiður stundi þungan. Hún dáðist að því, hve gott samkomulag var á milli Lady Die og manns hemmar, en það var heldur ekki frítt fyrir, að hún öfundaðist yfir því.

"Við skulum koma út í garðinn" sagði Lady Die. "Alísa, komið þér með okkur. Það er eins og sólin og bíomin bjóði manni til sín".

Þar gengu því næst allar út í garðinn og settust niður. Alt í eirri þeyrðu þar, að karluennirnir voru á leiðinni til þeirra. Miss Alísa áleit að það væri réttast, að tala ekkert orð við þá. En Lady Die hló dálítið háðslega, og hélt að sumar af þeim mundu líða mest við það sjálfar.

Lord Carcu gekk strak til þeirra, er þeir komu í garðinn. "Við eigum víst skilið, Die, það sem þér sýnist að vilja láta okkur fá, langa áminningarræðu. En það var 'Beauty' að kenna, því hann var að segja okkur sögu".

"Það er rangt af honum", mælti Lady Die. "En

þér þurfið ekki að afsaka yður fyrir mér, heldur fyrir Lady Aðalheiði".

Lord Caren sneri sér strax til konu sinnar, —

það kom ekki oft fyrir, að hann gerði sig sekan í ókurteisni gagnvart henni.

"Mér þykir mjög leiðinlegt, að við sátum svona lengi við borðið", sagði hann mjög vingjarnlega. Aðalheiður roðnaði og leit niður til þess að mæta ekki augnaráði hans. Allir tóku eftir þessu, ekki sist Lord Caren sjálfur. Það var andséð, að henni fanst hann ekki þurfa að afsaka sig fyrir sér. En nú kom Beauty og sagði:

"Trúið þeim ekki, Lady Caren. Það er nú kom Beauty" og sagði:

"Trúið þeim ekki, Lady Caren. Það er nú vanalega eibogabara í hverju húsi, og eitt af þeim er ég. En eiguna við ekki að ganga til linditrjáanna?"

Án þess að segja eitt einasta orð, sneri Aðalheiður sér frá manni sínum og gekk með kaftain Randolph að linditrjám nokkrum, sem voru upphaldsstaður hennar.

Alisa horfði á eftir þeim löngunar angum. "Ékkert skil ég í því," sagði hún við sjálfa sig, "að Lady Caren gengur ekki með manni sínum, en er allt af með þeim eina karlmanni, sem ég gæti verið með. Það sýnir ekki mikinn smekk af húsmóðurinni á leimilinu".

En Alisa Kan hafði ekki minstu hugmynd um það, að ef Lady Aðalheiður hefði mátt ganga við hlið manns síns og tala alúðlega við lann, hefði hún álitid sig þá hamingjusömustu manneskju í heiminum.

Lord Caren sá, að Alísu leiddist, og hann var með henni allt kveldið, en henni fanst ekki mikið til hans koma móti því, sem að vera með kaftain Randolph.

Næsta morgun var veður hið besta, og Lord Caren stakk upp á því við morgunverð, að gestirnir skyldu ganga út að stórum skógi þar í grendinni. "Caprifólinnar, upphaldsblómin yðar, Díe, eru nú í fullum blóma", mælti hann.

Það urðu samt ekki margir af gestunum, sem fórn til skóगतins. Sir Guy varð að svara bréfum sínum. Lady Kan varð einnig að skrifa, og Alisa varð svo gróm yfir því hve litla eftirtekt kašteinn Randolph veitti sér, og vildi því vera heima. "Ég fe höfnðverk af að ganga í sólarhitann", sagði hún.

Það vörn þau kašteinn Randolph, Lady Díe, Lord Caren og Adalheidiur, sem höldu af stað. Lady Díe beið með mikilli óþolinnaði eftir því, að Lord Allan sýndi nú komu sinni þá kurteis, að ganga með henni og 'Beanty' beið eftir því sama, en þau þurftu ekki lengi að bíða, því Lord Caren gekk strax til Lady Díe og rétti henni hendina. "Nú, Díe", sagði hann, "við skulum nú tína Caprifólin".

Það var ónögulegt að sjá, hvort Adalheidi líkaði þeir eða ver. Hún sneri sér að kašteinn Randolph og sagði brosandi: "Nú, nú, kašteinn, hvað ætlið þér að finna handa mér?"

En hann svaraði að eins með alþektri hendingu: "Ér hefi keypt nokkuð handa þinni", og þetta marg-undirtók hann hlægjandi meðan þau höldu af stað.

"Ekkert þykir mér fallegra en þessi grasengi á Englandi", sagði hann. "Þegar ég var á Indlandi, dreyndi mig svo oft um þau. Mér þykir að vissu leyti meira varið í þau en skógarni".

Þau beygðu dálítið út af veginum og komu að lítilli hæð, sem var alþaki af viltum rósum og Caprifólinum. Lady Díe hljóðaði upp af gleði og aðdánn.

"Setjist hér niður, Lady Díe", sagði Lord Caren,

"ég ætla að fara upp á hæðina og tína eins mikið og þér getið borið".

Lady Die og Lady Aðalheiður settust nú niður fyrir neðan hæðina, en Lord Allan fór strax að tína blómin.

"Lady Caren", sagði Randolph hálf letilega, "ef þér viltið fá nokkrar rósir, skal ég ná þeim fyrir yður".

"Nei", sagði Aðalheiður þrosandi, "þér skuluð alls ekki hafa fyrir því".

En allt í einu heyrðist köll og hávaði. Lord Caren, sem stóð hærra en hitt fólkið, leit fljótlega í kring um sig, fleygði strax frá sér blómunum og flýtti sér niður til þeirra. Þau heyrðu kallað: "Óður hundur!"

"Óður hundur!" Lady Die æpti upp yfir sig af hræðslu. "Hann kemur hingað. Hvað eigum við að taka til bragðs" En Lord Caren hafði strax gripið hana og borið hana upp á hæðina. "Reynið nú að koma yfir girðinguna, og þá er yður óhætt", sagði hann. Þetta bar allt svo fljótt að, að ekki varð fleira sagt. En Aðalheiði fanst sem stungið væri hnif í hjarta sér. Því augliti til auglitis við dauðann hafði Allan gleymt henni til þess að frelsa Lady Die.

XIII. KAPÍTULI.

Alt í einu sást stór óður hundur koma hlaupandi. Tveir menn komu hlaupandi á eftir honum, en þess meira, sem þeir aptu og kölluðu á hann, þess meira stökk hann áfram. Lady Aðalheiður rak upp hljóð af hræðslu.

"Verið þér ekki hræddar", sagði kasteinn Randolph. "Þetta er ekki í fyrsta sinni, sem ég mæti vitlausu dýri, og svo gæti ég gjarnan látið hlið fyrir yður".

Í snatri tók hann silkiklút úr vasa sínum og batt um hendi sér. "Gnð veri með mér", mælti hann svo.

Síðar meir, þegar Lady Caren hugsaði um þetta hræðilega atvik, fanst henni miklu meira til hinnar ungru hetju koma af því hann á neyðarinnar tíma fól sig guði á vald.

Á næsta augnabliki kom hundurinn á móti þeim með gapandi gín, og hljóp þegar að kastein Randolph en hann var ekki óviðbúinn og sló dýrið með hnæla sínum milli argnanna. Tvö högg, jafnvel útilátin, fylgdu á eftir því fyrsta, og dýrið datt niður dautt fyrir fætur honum. Lady Adalheiður grét bæði af þakklátsemi og líka af hræðslu við hattuna, sem nú var alstaðin.

"Þarna liggur hann dauður", mælti kasteinn Randolph við eltingamenntina, sem nú komn nær.

"Dauður?" spurðu þeir með mestu undrun.

"Já", mælti hann rólegur, "ég brant hausinn í sandur!"

Menirnir horfðu alveg forviða á hinn nýja mann. "Þér eruð hugrökkur maður, herra minn, mælti svo annar þeirra.

"Kæra Lady Caren", mælti kasteinn Randolph. "Það er engin ástæða fyrir yður, að vera lengur hræddar. Dýrið liggur þarna dautt".

"Adalheiður!" mælti lág rödd við hlið hennar. "Ég get ekki fyrirgefið sjálfum mér, að ég skyldi fyrst hugsa um Dæ". Maður hennar laut yfir hana og horfði sorgbitinn í andlit hennar. Hann hafði aldrei fyr talað jafn alúðlega við hana.

"Það gerir alls ekkert til", mælti hún, "það var mjög eðlilegt, að þú skyldir hugsa fyrst um Die".

Kaiteinn Randolph varð alveg forviða að heyra þetta. Hann hafði strax í byrjun furðað sig á því, að Lord Allan hjálpaði fyr frændkonu sinni, en sinni eiginkonu, og þó heyrði hann nú þessi blíðu orð: "Það var alveg eðlilegt, að þú skyldir hugsa fyrst um Die".

Það var alveg ómögulegt, að hann elskaði konuna sína, jafn fögur og hún var. Ef hann elskaði hana, þá hefði hann líka fyrst frelsað hana. Eftir þetta var Randolph viss um, að Lord Caren ekki elskaði konu sína, og hún heldur ekki hann.

"Það er nú allstaðar eitthvað að", hugsaði hann með sér, "og eitthvað er að hér á Brookland".

Lady Die varð föl sem nár, hún sagðist ekkert óttast meira en vilt dýr. "Aðalheiður!" sagði hún, "það væri náttúrulegt, að þér hötuðuð mig fyrir að ég tók mannum yðar frá yður, en ég varð alveg forviða af hræðslu, svo ég vissi ekkert, hvað ég gerði".

"Ég hafði verndarmann", mælti Lady Caren, og horfði þakklátlega á Kaitein Randolph, en hún hræddist að sjá, hve fögur hann var.

"Ernið þer særdur?" spurði hún.

"Ég vona ekki", mælti hann, "en ég held samt, að ég hafi rífið mig á hendinni". Það var blóðbleittur á henni.

"Hann hefir bitið yður!" hljóðaði Lady Die.

"Nei", mælti hann rólega, "hann hafði engan tíma til þess, en ég fann, að ég kom við tennur hans, þegar ég sló hann síðasta höggið, og þær hafu líklega farið inn ír skinninu".

Kvenfólkið vildi láta sækja lækur strax, en kaiteinninn áleit, að ef eitru hefði komist inn í hendina á annað forð, þá myndi það drepa hann áður en lækurinn fæmi. En hann bað Lord Allan að binda

fast um hendi sér og koma svo með sér til næsta hús.

Skammt þaðan var lítið hús, og þangað flýtti nú allur hópurinn sér.

"Ég ætla að brenna eitrið út", sagði kašteinn Randolph. "Það er það vissasta. En kvenfólkið ætti að ganga út á meðan, því þær geta ekki horft á það".

Lady Caren leit á hann hinum rólegu, skærn angum sínum. "Leyfið mér að vera inni", mælti hún. "Skeð getur, að ég geti eitthvað hjálpað til". Og hún sat kyr inni, en Lady Die sat fyrir utan skjálfaði af hræðslu.

"Hitaði tangirnar", sagði Randolph við Lord Caren. Til allrar hamingju var eldur lifandi í kofanum, og Lord Caren gerði tangirnar hvítlóandi, og kašteinn Randolph hélt þeim við sárið. Lady Adalheidi horfði alt af á þá og sást hvergi bregða. En hún hefði ekki getað hugsað sér, að nokkur maður gæti liðið aðrar eins kvalir með jafnmikilli rósemi, eins og kašteinn Randolph.

"Ég er viss um, að þetta dugar, 'Beanty'" sagði nú Lord Caren.

"Ég get þolað það í hálfa mínútu einþá", sagði kašteinn Randolph. "Það er best að vera viss".

Þegar þetta var afstaðið, spurði hann Lady Adalheidi, hvort hún gæti hjálpað sér um nokkuð til að binda um sárið.

"Lofið þér mér að binda um hendina", mælti hún, og hún gerði það mjög vel, og meðan hún var að því, féllu tár af augum hennar niður á sárið.

"Þessi dropi lækna", sagði kašteinn Randolph.

Hún tók silkisjal, sem hún átti, og batt það í bindi um öxl hans, leit síðan brosandi til hans. Eftir ráðum hennar drakk hann svo lítið eitt af víni, og síðan héldu þau heimleiðis.

XIV. KAPÍTULI.

Lord Allan hafð verið sjóvarvottur að því, að kasteinn Randolph brendi sárið, og hveruig Lady Aðalheiður aðstoðaði hann, áu þess að láta sér bregða. Það hafði haft mikil áhrif á hann og í fyrsta skifti á æfinni horfði hann á konu sína með aðdáun. Hann hugsaði nú meira og meira um hana. Flestar aðrar konur mundu hafa sýnt reiði eða afbrýðissemi, ef þeim hefði verið sýnt annað eins skeytlingarleysi og hann hafði nýlega sýnt Lady Aðalheiði. Sumar konur mundu hafa ávítað hann, aðrar ekki ansað honum, en Lady Aðalheiður var öðruvísi, hún hafði brosað svo blítt til hans, og meira að segja, afsakað hann sjálf.

"Hann frelsaði líf hennar á meðan ég einungis hugsaði um Lady Die", sagði Lord Caren aftur og aftur við sjálfan sig.

Á hennleiðinni var Lord Caren miklu viðgjarnlegri við konu sína, en hann var vanur að vera, og bauð henni að leiða lana, en hún afsakkaði. "Ég má ekki hugsa að eins um sjálfa mig", sagði hún. "Die er ekki búin að ná sér ennþá, og hefir meiri þörf fyrir stuðning en ég".

Þetta sagði hún brosamli og varð því næst samferða kastein Randolph, sem í raun og veru hafði frelsað líf hennar, eða frá því sem verra var bitu hundsins *).

*) Ef að vatusóður hundur bitur mann, deyr maðurinn af því, sé ekki á augabragði leitað lækningar við því.

Hún hló og gerði að gamni sínu, en hjarta hennar þræddi af því, að maður hennar hugsaði svo lítið um hana, að mitt í dauðans greipum gleymdi hann henni til að frelsa aðra konu, en enginn sá né skildi, hvað Adalheiður leið, nema kašteinn Randolph, hann var sá eini, sem sýndist að skilja hana.

"Eftir þetta skulum við alt af vera vinir, Lady Caren", sagði hann blátt áfram, "af því ég með guðs hjálp varð til að frelsa líf yðar. Mér finnst þér vera mér meira, en nokkur önnur manneskja í heiminum. Ég vildi óska að ég ætti systir, er væri lík yður, góð, hlíf og hugdjörf, og mig langar til að biðja yður stórrar bómar".

"Það yrði mér ervitt, að neita yður um nokkuð, eftir það sem gerst hefir hér í dag.

"Verið þér þá nokkurs konar eldri systir mín. Maðurinn yðar og ég höfum ávalt verið allra bestu vinir, og ef að hann væri hér, er ég viss um, að hann vildi, að þér yrðuð við Lón mínu. Ég meina ekki ljótt eða óheiðarlegt með þessu, Lady Caren, nei, langt frá, því ég ber fyrir engri konu eins mikla virðingu og yður. Viljið þér nú ekki alt af vera vinkona mín, og finna að við mig, þegar þér álitid þess sé förf? Ég get ekki lýst því fyrir yður, hve mikla ánægja ég hefði af því, ef þér vilduð nú losa mig þessu".

"Ég losa því", mælti hún, "og skal vera yður góð og einkæg vinkona, eins lengi og ég lifi".

Eftir þetta töluðu þau ekki mikið saman, því bæði höfðu nóg að hugsa. Hann hugsaði um, hvernig sambúð hjónanna myndi vera varið. En hún var að hugsa um hið mikla tilfinningarleysi marns síns gagnvart sér.

Lord Caren leið heldur ekki sérlega vel á heimleiðinni, en Lady Die náði sér sljótt aftur.

"Allan", mælti hún, "að mínu álitu hafuð þér

hagað yður alveg ófyrirgefanlega gagnvart konu yð-
ur, þar sem þér létuð hana hugsa um sig sjálfa, en
þjörguðuð mér".

"Ég veit það", mælti hann andmjúkur. "Það
eru víst margar konur til, sem aldrei mundu fyrir-
gefa annað eins. Ég veit ekkert, hvernig á því stóð
— ef ég á að segja sannleikann, þá alveg gleymdi ég
henni, en hugsaði að eins um yður. En dæmið mig
nú ekki meira, Díe".

N

"Það er nokkuð undarlegt þetta", mælti Lady
Díe, "en ég skal ekki nefna það meira úr því yður er
það á móti".

Þegar heim kom, var náttúrlega talað um þenna
atburð. Alisa Kan náfölnaði. "Ég sé eftir, að ég
var ekki með", mælti hún við kastein Randolph.

"Ekkert sé ég eftir því", svaraði hann, "það hefði
getað orðið líkshætta fyrir yður".

"Já, en ég hefði þó getað létt undir með yður",
svaraði hún. En kasteinninn veitti þessu enga eftir-
tekt. Hann var alt af að hugsa um Lady Caren og
mann hennar.

Ekkert í heiminum hataði Lord Caren eins mikið
eins og þjófað. Ef einhver kom til hans og bað
hann um mat, föt eða peninga, var hann lús að gefa
honum það, en ef einhver stal frá honum, — það gat
hann ekki fyrirgefið.

Þann morgun var honum sagt frá, að maður að
nafni Yem. Cuyers hefði skotið héra í skóginum, er
tilheyrði herragardinum. Skinnið, hansinn og lapp-
irnar höfðu sést fyrir utan kofa hans. Nú var lá-
varðurinn spurður að, hvað ætti að gera við hann.

"Hegna honum fyrir það", var svarið. "Látið
setja hann inn".

Þenna sama morgun var Lady Aðalheiður, ka-
steinn Randolph og Alisa Kan á gangi skamt frá
höllinni. Þá komu boð til Lady Aðalheiðar frá

Mrs. Conyers, er var mjög veik, og bað hún hana að finna sig.

"Ég ætla að keyra yður þangað", sagði kašteinn Randolph, "það er of langt að ganga það".

"Viljið þér koma með, Alisa?" sagði Lady Caren.

Alisa svaraði ekki strax. Hún vonaðist eftir, að kašteinn Randolph, myndi sér það líka, en þegar hann talaði ekki neitt um það, að hún kæmi með, sagðist hún ekki vilja fara.

"Ekki get ég skilið, af hverju Alisa er orðin svona umbreytt", sagði kašteinninn, þegar hún var farin frá þeim. "Í fyrra kyntist ég henni og áleit hana vera þá skemtilegustu og kátustu unga stúlku, er ég hafði hitt. Af hverju skyldi hún vera orðin svona umbreytt?"

Lady Caren brosti. Hún þóttist vita, hvers vegna Alisa var orðin svona umbreytt.

Kašteinninn keyrði Lady Caren niður að húsi Mrs. Conyers. Hann beið úti á meðan hún gekk inn. Hún kom aftur eftir lítinn tíma, og hann sá, að illa lá á henni.

"Tívað hefir komið fyrir?" spurði hann. Get ég nokkuð hjálpað yður?"

Hún leit á hann með tárin í augnum. "Kašteinn Randolph", sagði hún og stundi við, "ég hefi séð svo mikla fátækt og eynd, að það sker mig í hjartað. Ég ætla að segja yður það alt saman. Sara Conyers hefir legið veik í marga mánuði. Hún segir, að maðurinn sinn sé sér mjög óður og þykji vænt um sig og börnin, en stundum kemur það fyrir, að hann drekkur sig fullan, og þá er hann að heiman í 3 til 4 daga, og þá hefir hún og börnin ekkert að borða. Í gærkveldi kom hann heim og þá sagði hún honum, að hún og börnin væru nærri dauð úr hungri og enginn matur eða peningar væru til í húsinu.

Hann gekk þá í burtu, náði í qinn héra og sauð hann handla henni. Hann sagði, að einn af skógarvörðun-
hefði gefið sér hann, til þess að hún yrði róleg. En
nú kemur það í ljós, að hann hefir stolið honum, og
Lord Caren hefir skipað, að láta setja manninn í
varðhald".

"Hann á það skilið", sagði kašteinninn.

"Það getur verið, að hann hafi gott af, að hon-
um sé dæmt hegnt fyrir það", sagði Lady Aðal-
heidur, þen það er kona hans, sem ég er að hugsa
um. Hún grét svo sárt og ásakði sig fyrir að hafa
komið honum til að taka hérann. "Ef ég hefði ekki
nefnt, að við værum soptin, hefði hann ekki gert
það", mælti hún. Hún bað mig grátandi um, að
biðja Lord Caren um, að náða hann. Ég er viss
um, að ef þér hefðuð séð hina láta, ólánssömu
komi, að þér hefðuð kent í brjósti um hana. Hún á
ljögur börn, sem öll voru grátandi. Ég hefi aldrei
kent í brjósti um nokkra manneskju eins og þessa
veiku og láta komu".

"Það er mjög leiðinlegt", sagði kašteinninn.

"Það sýnist vera hart, að svo hundruðum skiftir
af hérnum skuli hlaupa í kring um kofa íulla af
svöngu fólki, og þó má það ekki taka einn þeirra".

"Þetta megir þér ekki láta manninn yðar heyra.
Honum er svo ant um, að lögunum sé hlýtt".

"Já, en það er hart að hegna manni, þó að hann
taki einn líra. þegar svona stendur á. Hvað get ég
gert til að fá hann lausan?"

"Farið þér til Lord Caren og liðjið hann að láta
hann lausan", mælti kašteinninn.

Hún Kristi höfuðið. "Það þori ég ekki, — það
er að segja, ég held það þýði ekkert. Getið þér ekki
ráðlagt mér neitt annað?"

Hinn ungi maður varð alveg forviða. "Það er
alveg óhugsandi, að Lord Caren neiti yður um það.

Farið strax til hans, þegar viðkominn heim, og segði honum, hvað þér takið yður þetta nærri. Biðjið hann að gera það fyrir sjálfa yður, og ég er viss um, að hann geri það".

"Haldið þú að hann geri það?" spurði hún mjög alvarlega.

"Já, það er ég viss um, Lady Caren. Þér gerið mig alveg forviða! Hver gæti neitað yður um nokkuð, sérstaklega þegar ekki er meira varið í það en þetta?"

XV. KAPÍTULI.

Lady Aðalheiði leið alls ekki vel. Hún sá ljósa að hafa nokkurtíma heimsótt hina veiku konu. Hún varð hún að biðja mann sinn bóna, og hún viss vel, að það var ekki sagt, að hann bænheyrði sig. Og það sem verst var af öllu var, að kasteinninn í hólfi hennar vissi allt um þetta. Hvað myndi hann að hugsa, ef Allan yrði ekki við bæn hennar? Hann myndi sjá, að hún væri sú manneskja, sem Lord Caren vildi sist gera greiða. Hún var því mjög alvarleg þegar þau gengu inn í höllina.

"Ég held helst, að þér séuð hræddar við að biðja Lord Caren um þetta", sagði kasteinninn hlægjandi. "Þér litið út eins og barn, sem á von á hirtingu".

Lady Aðalheiður reyndi að brosa, hún vildi ekki fyrir nokkurn mann láta hann vita, að það var sannleikur, sem hann sagði.

"Hvar er Lord Caren?" spurði hún þjón, sem hún mætti í hinum stóra gangi.

"Í tóluksherberginu", var svarið.

Hún barð á dyrnar og henni var sagt að "koma

inn". Lord Caren leit upp brosandi, en brosið hvarf, þegar hann sá, hver inn komin, og óánægjuský sveif yfir andlit hans.

"Ég hélt það væri Die. Óskar þú að tala við mig, Lady Caren?"

Brosið lafði þá verið ætlað Lady Die en ekki henni. Hann gladdist yfir, að sjá frændkonu sína koma, en varð ergilegur, þegar hann sá, að það var konan hans.

"Ég kem til að biðja yður stórrar bóna", sagði hún blátt áfram, "og ég vona, að þér neitid mér ekki nú hvar".

"Þú mátt vera viss um, að ég vil gera það, ef hun er ekki óánægjörn".

Málrómur hans var kaldur og kurtis, en hann dró úr henni allan kjark. Hún stóð alt af i dyrunna.

"Viltu ekki koma inn og fá þér sæti?" spurði hann og stóð upp.

Hún gekk inn, framhjá stólnum, sem hann hafði boðið henni og beint til hans. Hún lagði hendina sína litlu á hárlegg hans, en aftur misti hún kjarkinn, hún farn að eins og hann hrykti við, er hún suerti hann. "Ég kom til að biðja þig bóna, ekki fyrir sjálfa mig, heldur fyrir aðra".

Hann hneigði sig kuldalega, en með sjálfum sér hugsaði hann, að þetta skyldi ekki koma fyrir aftur. Hún mátti ekki koma inn til hans hvenær sem hún vildi og biðja hann um það, er henni þóknaðist.

"Mér skal vera ánægja að hlusta á þig", sagði hann þurlega.

Hún leit til hans. Úr augnum hennar mátti lesa alla þá sorg, er hjarta hennar átti.

"Ó, brostu til mín", sagði hún hrygg. "Talaðu hlýlega við mig, annars þori ég ekki að segja það, sem ég ætlaði að biðja þig um".

"En, kára Lady Caren, þú ert þó ekkert barn, er gleðst af brosi en hræðist grettið andlit".

Tárin komu í angu hennar og varir hennar skulfu Flestir mundu hafa kent í brjósti um hana.

"Æ, fara að þú værir vingjarnlegri við mig, Allan". &

"Þú gleymir samtali okkar", mælti hann, og andlit hans var harti og kalt. "Tár áttu ekki að komna fyrir."

Hún eldroðnaði og tárin stönsuðu. "Ég bið fyrirgefningar", mælti hún, "ég hafði gleymt því. Ég hef ekki einasta tapað minni, heldur og skynseminni líka, úr því ég lað um slíkt".

Það var honum sjálfum að kenna, að hún sagði þetta, en þó fylli honum það illa.

"Mér fykir leiðinlegt", sagði hún, "að ég ónáðaði þig, en ég skal nú ekki telja hér lengi. Ég koma til að líða þig að fyrirgefna Conyers".

"Þú gerir vel í því, eða hitt þó heldur", sagði hann leiðslegi. "Hann er sá verstí þjófur og þorpári í öllu nágrenninu. Í staðinn fyrir, að láta hann sleppa við hegningu, vildi ég helst láta hann líða tvöfalt við það, sem hann verður dæmdur til, og ég skyldi víst gera það, ef ég vissi, hvernig ég ætti að fara að því".

"Það er ekki hans vegna, heldur vegna konu hans, sem ég bið um þetta", mælti Adalheidur. Og svo lýsti hún fyrir honum allri þeirri fátækt og eynd, er hún hafði verið sjónarvottur að. Hann hlustaði með eftirtekt á hana, og er hún þagnaði, sat hann nækkra stund þegjandi.

"Það hefir verið leiðinlegt fyrir þig að sjá og heyra þetta", mælti hann svo, "en ég get ekki séð, að ég geti neitt gert fyrir þig í þessu efni. Ég hef fastlega ásett mér, að líða ekki þjófnað á jarðeign minni. Ef Conyers hefði beðið mig um hjálp, skyldi

hann hafa lengið hana, en nú vildi hann heldur brjóta lögin, og því verður hann nú að líða fyrir það".

"Já, en konan hans, hefir ekkert ilt gert, og þó lifur hún miklu meira við þetta en hann. Þó hann sé í fangelsi, fær hann þó bæði mat og drykk, en konan og börnin sveita".

"Það gengur nú svo í heiminum", mælti hann, "að sá saklausli lifur fyrir þann seka. Þú veist, að ég get ekki ráðið bót á því".

"Já, það gengur nú svo", sagði hún. En í hjarta sér hugsaði hún: "Hver ætli viti það betur en ég?"

Hún átláði að fara við svo húið burtu úr herberginu. Hann var að vísu ekki ókurteis við hana, en það var auðsæð, að honum geðjaðist ekki að því, að hún skyldi vera þar. Hana langaði svo til að segja nokknd, er myndi fljótt hafa haft þau áhrif á hann, að hann ekki neitaði henni um jafnlitið, en hún kaus samt heldur að vera blíð og auðmjúk. Hún hugsaði líka um, hvað kasteinn Randolph myndi segja er hann vissi, að hún hefði lengið afsvar.

"Lord Caren", sagði hún blíðlega. "Í guðs nafni veittu mér bæn mína. Það er meira en meðauðkvun með hinnni fátæku konu, sem knýr mig til að biðja þig þessarar bóna, en ástæðuna fyrir því get ég ekki sagt þér".

Hún greip svo um hendur hans og leit tárbotum augnum framan í hann. Þitt augnablik leit út fyrir, að hann átláði að láta undan, en svo sagði hann mjög alvarlega:

"Ég get það ekki, Lady Caren. Mér þykir leiðinlegt að neita þér um jafnlitið og þetta, en trúðu mér, ef ég léti þetta óhegnt, þá væri mér alveg ómögulegt í framtíðinni, að vernda skóga mína fyrir næturbjófum, og ég fullvissa þig um, að það hefði vondar afleiðingar í för með sér".

"Þú neitar þá þan minni".

"Já, en mér fellur það mjög illa, og ég vona, að í næsta skifti, er þú biður mig um eitthvað, geti ég orðið við þan þinni".

Í nokkrar mínútur var Adalheiður eldraud í framan, og það var sem reiðiyrdi brynni á vörum hennar, en hún hélt því til baka. Roðinn hvarf og hún fölnaði upp.

"Mér fellur illa, að hafa ónáðað þig með nærveru minni, og andmýkt mig til einskis", sagði hún um leið og hún gekk út úr herberginu. Hann bað hana ekkert um að dvelja lengur. Honum fannst að hann hafa breytt rétt, en aftur á móti þótti honum leiðinlegt, að geta ekki orðið við bön hennar.

"Það er allt af leiðinlegt, þegar kvenfólk fer að blanda sér inn í þessháttar. Hjá þeim ráða tilfinningarnar mesta, en skynsemin situr á bakannum".

Hann tók aftur til að skrifa, en nú gekk það ekki eins vel og fyr. Það var sem svifi milli hans og penmans hið tarvota andlit konunnar hans. Honum leið illa, og svo gekk hann út úr herberginu.

Lady Adalheiður vildi ekki láta neinn sjá að hún gefði grátið, og gekk þess vegna til sinna eigin herbergja. $\frac{1}{2}$

"Hvernig á ég að geta borið þetta til lengdar?" sagði hún. "Ó, guð, hjálpaðu mér til að bera þalt þetta með þögn og þolinmæði. Bara að hann vissi það allt saman, þá myndi hann breyta öðruvísi við mig, en hann gerir. En hann skal aldrei fá að vita það svo framarlega, sem guð gefur mér þrek til að bera það".

En hún grét eins og hjarta hennar ætlaði að springa. Það var svo hart, að hún skyldi vera sem ambáti þar sem hún átti að vera húsmóðir, og hún blýddi með ótta og hræðslu þar sem hún hefði átt að ráða öllu.

"Hann að segja mér, að sá saklausi líði fyrir þá seku!" hrópaði hún, "eins og ég viti það ekki. Fyrir hvern líð ég? Hvers vegna er ég ánægð með að dvelja hér? Þiginkona en ekki elskuð. Það er troðið á hjarta mín, ást mín einskis metin, og ég er höfð að háði og spotti. Og hvers vegna þoli ég alt þetta? Ó, guð, því verð ég að þola alt þetta?"

Eftir, að hafa ítausið þannig hjarta sínu, varð hún rólegri. Hún þvoði sér úr volgu vatni og kleddist mjög skrantlega. Hún hugsaði sér, að hvorki kasteinu Randolph eða Lady Die skyldu komast að því, að henni félli miður, að hún fékk ekki bæn sína uppfyllta. Svo gekk hún niður í salinn, róleg og brosandi eins og ekkert væri um að vera. Kasteininn var þar, og hún sá, að hann hafði verið að vonast eftir sér. Hann gekk hratt á móti henni og sagði: "Þér eruð brosandi, og ég er viss um, að þér hafið góðar fréttir að fara Mrs. Conyers".

"Nei, það hefi ég ekki".

Hann leit á hana alveg hissa.

"Neitaði Lord Caren bæn yðar?"

"Já, það var líka alveg vitlaust af mér að biðja um það. Þessi Conyers er einhver sá versti næturþjófur hér í kring og Lord Caren getur ekki látið svo leiðis mann sieppa hjá hegningu".

Alt þetta samtal heyrði Lord Caren, því hann kom inn í þessu að leita að Lady Die.

XVI. KAPÍTULI.

Þessi athurður hafði meiri áhrif á Lord Caren, en hann vildi kannast við. Hann heyrði, hversu á-

kaft hún hafði afsakað hann, og þó var hann nýlega búinn að andnýkja hana. Hversu margar komur myndu ekki í hennar sporum hafa sýnt ónot og glaðst yfir, að heyra honum miðrað og kallaðan harðstjóra. Þetta var þá ástandan fyrir því, að hún vildi lá ósk sinni framgengt, en sem hún ekki vildi nefna. Hún vildi ekki láta kastein Randolph vita, að hún hefði beðið hann bítar, en fengið afsvar. Hann gat ekki annað en dáðst að þolinnaði hennar, og hvernig hún þoldi honum allan þann kulda og ómarggætni, er hann svo oft sýndi henni.

"Það eru ekki margar komur í heiminum, sem eru líkar henni", hugsaði hann. En þó að hann hugsaði hlýlegar til hennar en vami hans var, dreyndi hann þó ekki um ást.

Nokkrir gestir voru boðnir til miðdagsverðar, og eftir máltíðina hópuðust flestir af þeim að stórum glugga, er sneri í vestur. Kveldloftið streymdi inn um hana og slutti með sér inn af margvislegum blónum, sem nnu fyrir utan. Fuglarnir sungu á trjánnum og allt var kyrt og rólegt. Lady Adalheiður sat á stól við glingann, og golan féykta til og frá hinni mikla hári hennar. Hún var svo fögur og skrautlega hún, að allir dáðust að henni, ekki síst Lady Die.

Kasteininn Randolph virti hana nákvæmlega fyrir sér, og andræðist yfir því, að það var sem óánægju-skuggi hvíldi yfir andliti hennar. Alísa Kan varð æ meira og meira afbrýðissöm, er hún sá, hve mikla eftirtekt kasteininn veitti Adalheiði. Loks gekk kasteininn til Lady Adalheiðar, studdist við stól hennar og sagði: "Ég er að reyna að ráða einu gátu".

Án þess að snúa sér við, spurði hún hvoft hún gæti nokkuð hjálpað honum.

"Af hverja kemur það, að þér, sú fegursta og

gálfasta af öllum konum, eruð ávalt hrygg að sjá?"

Hún roðnaði og fullyrti, að svo væri ekki. En hann sagði, að þó hún gerði að gamni sínu og sýndis: fjörug, klæddi sig vel og brosti öðru hvoru, þá lægi þó þunglyndi á bak við.

"Ég hefi enga ástæðu til að vera þunglynd eða óánægð", sagði hún. "Það hljóta því að vera einhverjar drættir í andliti mínu, er gera þetta að verkum".

"Nei, þér hafið enga ástæðu til að vera hryggar, en ég held — — —"

Hann komst ekki lengra með setninguna, því hún sneri sér að honum og leit hræðshulega framan í hann. Hún sá, að Lord Caren var á leiðinni til þeirra. Hann leit svo vingjarnlega og ánægjulega út, að hún varð alveg forvið. Hann settist niður við hlið hennar. "Nú get ég sagt þér góðar fréttir", sagði hann. "Mér þótti svo fjarska leiðinlegt, að heita þau þinni í morgun, en nú hefi ég hugsað um það, og ég vona, að þú verðir ánægð með það, sem ég hefi gert".

Aldrei gleymdi hann þeirri gleði, er skein út úr andliti hennar við þessi tíðindi, og gerði hana líkasta engli.

"Ég gat ekki látið Conyers sleppa við hegningu, en ég hefi gert ávent, ég hefi séð nú, að hann fær væga hegningu, og ég hefi séð fyrir konu hans og börnum".

"Á hvaða hátt?" spurði hún og leit framan í hann. Augu hennar leitruðu af gleði.

"Nyrzta "port"-herbergið stendur autt, þangað getur hún flutt. Hún fær nóg til að lifa af, og þú getur hjálpað henni eins mikið eins og þú vilt".

Hún þakkaði honum innilega fyrir það, sem hann hafði gert. "En hvað þú ert góður", sagði hún.

Hann brosti og var mjög ánægður yfir því, að hafa gert hana ánægða og látið fólk sjá, að hann virti óskir og vilja hennar.

Hún komst mjög við af þessu. Gleðin skein út andliti hennar og hið yndislegasta bros lék um varir hennar. Hann hafði verið svo vingjarnlegur við hana, og hún áleit, að vináttu ætti skylt við ást. Gat ekki skoð, að snámsaman lærði hann að elska hana? Hana næstum svimaði, þegar hún hugsaði til, hvilikrar hamingju hún yrði þá aðnjótandi.

Hun gekk út úr herberginu, þar var hlátur, söngur og hljóðfærsláttur. Hún vildi vera ein sér og hugsa um hamingju sína. Hann, maðurinn hennar, er hún elskaði svo heitt, hann hafði hugsað um hana allan daginn. Það hafði hrygt hann, að neita henni og hún hafði allt af verið að hugsa um, hvernig að hann gæti bætt úr því. Hún hafði aldrei verið svona glöð síðan daginn þegar hún fyrst vissi, að hún yrði að lifa fyrir syndir og órétt annara. Hún blessaði í hjarta sínu hina fátæku konu, sem óbeinlínis var orsök í þessari gleði hennar.

Hann hafði hugsað um hana allan daginn! Var það sá sami maður, sem fyrr hafði sagt, að sér geðjafnaðist ekki að henni? Hún þakkaði guði fyrir, að hafa gefið sér þolinmæði til þess, að bera það, sem hún hafði orðið að lifa, og hún vonaði, að með tímanum myndi sér takast að vinna hann.

Hún gekk út á svalirnar. Þar voru alls konar blóm. Hún horfði til himins, og þakklætistár glitruðu í augum hennar. "Guð gefi, að hann einhvern tíma elski mig", hugsaði hún.

Alt í einu heyrði hún fótatak.

"Hver er þar?" spurði Lord Caren. Hún gekk inn. "Ért það þú, Adalheiður? Mér fannst ég sakna þín".

Þetta var í fyrsta sinni, sem hann nefndi hana

Aðalheiði. og hljómurinn af því var henni sem inn-dælasti hljóðfærsláttur.

"Mig langaði svo til, að vera ein í nokkrar mínút-ur", sagði hún, "en nú fer ég inn aftur. Hún tók um hendi hans og kysti hana. Hann dró hana ekki að sér, heldur lagði hina á höfuð henni. "Við-kvæma hjarta!" mælti hann. "Viðkvæma, með-aumkvunarfella hjarta!" Og svo gekk hann í burtu.

Nú var hún ennþá glaðari. Hann hafði talað svo blíðlega við hana, og hönd hans hafði hvílt á höfði hennar hafði hvílt á höfði hennar.

"Ég skal með tímanum vinna hann", mælti hún. "Himneski guð, hjálpaðu mér til að vinna hann, og nokkra stund stóð hún sem í draumi. En er hún ætlaði aftur inn, sá hún vasabók liggja við fætur sínar.

Hún brosti. "Nú hefi ég fundið eitthvað verð-mætt", hagsaði hún. Hún hélt bókinni upp við ljósið og leitaði eftir nafni á henni. En þegar hún sneri henni til, losnaði bandið utan af henni og ljós-mynd datt út úr henni. Hún tók hana upp, og sá, að það var mynd af óvanalega friðri konu, andliti, sem ekki var hægt að gleyma, en sem fylgdi huga mauns allt til dauðans. Það var mynd af spánskri konu, og Lady Aðalheiður hafði aldrei á æfi sinni séð jafnfallegt andlit.

Hún horfði á myndina. Hver gat hún verið, þessi fallega kona? Hún sneri myndinni við, og á bakhlíðinni var skrifað með hendi manns hennar: "Nita. Töpuð 14. júní".

Myndin datt úr hendi hennar, og hún rak upp lágt hljóð. En svo tók hún myndina upp aftur og leit á hana. Henni fanst augun horfa á sig og segja: "Já, horfðu nákvæmlega á mig. Hann elskaði mig, en tapaði mér daginn sem hann giftist þér. Ég étti og á eum hjarta haus, og því mun

hann aldrei elska þig. Já, horfðu á mig, ég á hjarta hans".

Henni fanst, sem hinar fögru varir töluðu þetta, þó það einungis væru hennar eigin hugsanir. Hún lét því næst myndina í bókina aftur. Gat ekki skeð, að einhver annar en Lord Caren ætti bókina? En sú von brást strax, því nafn hans stóð þar og ýmsir reikniugar, er tilheyrðu honum, voru þar. Það var því enginn efi á, að hann átti bókina.

Aftur tók hún myndina og gekk út á svalirnar, og virti hana einn betur fyrir sér. Hún átti án efa hjarta manns hennar, og hún þurfti ekki eftir þetta að gera sér von um að vinna það. Hún stundi þungan.

Það virtist vera svo hart, að hún fyrir hálfri stundu síðan hafði verið svo glöð og ánægð og í fyrsta skifti mætt vinskapi og blíðu frá hálfu manns eins, en nú var heimurinn í augum hennar auðn ein og myrkur. Hver var hún, er hann hafði elskað og tæpað 14. júní?

XVII. KAPÍTULI.

Lord Caren hafði gengið inn til gesta sinna. Aldrei hafði hann hugsað jafnhlýlega til konu sinnar og nú. Hvað hún gat verið þakklát, blíð og hjartagóð. Hann var svo ánægður með sjálfan sig, fyrir að hafa látið að óskum hennar, og honum þótti vænt um að sjá, hvað henni þótti mikið til þess koma. Þegar hann fór að hugsa um hana, fanst honum að hún vera mjög yndisleg og góð. Hann skildi ekkert í því, að hún, jafnfögur, skynsöm og gallalaus, kyldi hafa samþykkt hina skammarlegu erfðaskrá. Það var

svo ólíkt henni. Þegar hann lærði að þekkja hana, fanst honum, að hún myndi vere sú síðasta í öllum heiminum, er gerði sig seka í því. Hann þóttist viss um, að hann myndi aldrei skilja þetta, en honum datt náttúrliga ekki í hug, að ef hann vissi það, yrði það honum hið þungbærasta, er fyrir hann gæti komið. Hann lngsaði um, hve þakklát hún hafði verið, og hve lítið það hafði kostað hann, að veita henni þessa ánægju. Hann lofaði því með sjálfum sér, að hann skyldi aldrei framar neita henni um, að hjálpa þurfandi fólki, hún hafði svo mikla ánægju af því. Rödd hennar hafði skolið, er hún þakkaði honum, og honum fanst hendi sín brenna, sem hún hafði kyst. Hann saknaði hennar úr herberginu, og hann langaði til að sjá hana aftur.

En þegar hún loksins kom, var orðin mikil breyting á henni. Gleðin, sem hafði skinið úr augnum hennar, var horfin, en í staðinn komin sorg og órvænting. Vanalega var hann sá fyrsti, er hún leit til, þegar hún kom inn, en nú gekk hún framhjá honum eins og hún sæi hann ekki. Hvilík umbreyting! Lord Caren vissi ekki, hvað hann átti að halda.

Kaþteinn Randolph settist strax hjá henni, og hún talaði við hann miklu glaðlegar og hlýlegar, en nokkru sinni áður. En hann fann þó vel, að öll gleði hennar var uppgerð, og þrátt fyrir það, þó bros léki um varir hennar, þá skulfu þær af geðs-hræringu. Hann sá, að hún var hryggari en nokkru sinni fyr. Lord Caren gekk til þeirr en hún lét sem hún tæki ekkert eftir honum.

"Lady Aðalheiður", sagði hann, "viltu syngja fyrir okkur?"

"Nei", sagði hún, "ég vil heldur sitja kyr og tala við kaþteinn Randolph".

Hann brosti framan í kaþteinin, en lét ekki til

manns síns. Hann spurði hana að einhverju fleiru, og hún svaraði honum, en leit aldrei á hann.

"Á hverju talar hún svona kuldalega við mig og litur ekki einu sinni við mér", hugsaði hann. Éf þetta sama konan, sem fyrir hálfum tíma kysti á hönd mína og brosti svo blöðlega til mín?"

Adalheiður lét sem hún væri hin glaðasta allt kveldið. Gestinum fannst hún aldrei hafa verið jafnskemtileg. Lady Dæ var alveg hrifin af henni. Alisa Kæn var afbrýðissamari en nokkrn sinni áður. En Adalheiður lét allt kveldið, sem hún ekki sá mann sinn, og nú fyrst lærði hann að meta hið vinnjarelega og hlýlega viðmót hennar, og hann saknaði þess.

Um kveldið, er þau skyldu ganga hvert til sinna herbergja, gerði Lord Caren það sem hann aldrei hafði gert fyrri. Hann rétti henni hendina, þegar hann bauð henni góða nótt, en hún að eins hneigði íg djúpt og leit ekki við hönd hans.

"Hvi skyldi ég hreyfa við henni?" sagði hún við sjálfa sig. "Hún tilheyrir þeirri, sem hann tapaði 14. júní".


Hverju getur ekki afbrýðissemi komið til leiðar? Alt til þessa tíma hafði hún getað sætt sig við, að hana ekki elkaði hana, en nú, er hún vissi að hann elskaði aðra, þá var úti með þolinmæði hennar. Henni fannst, að í hjarta sér breuna eldur, sem hún hafði ekki þekt fyr. Allan þann tíma, sem hún hafði lagt sig alla fram til að vinna hann, hafði hugur hans dvalið hjá þessari spönskri konu. "Hann hlýtur að hata mig. Hörð eru forlög mín. Ég hef næstnað beðið hann um að elska mig. Ég hef kyst hönd hans á sama tíma sem hann hataði mig af því, ég stóð á milli hans og konu þeirrar, sem hann elskar".

Þessi uppgötvun breytti framkomu hennar alger-



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

lega. Í viðmóti sínu gagnvart Lord Caren var hún nú hin kaldasta. Allir veittu því eftirtekt, ekki sist Lady Die.

Morguninn eftir ætlaði alt fólk að fara skemti-ferð. Lady Die vildi helst riða við hlið Lady Aðalheiðar, og Lord Caren skoðaði sig alt af sem sjálf-sagðan fylgdarmann Lady Die. Þau þrjú riðu því saman. Hann virti konu sína fyrir sér og gat ekki annað en tekið eftir, hve fögur hún var. Hún bar sig vel á hestbaki, og útiloftið hafði sett roða í kinnar henni, svo allir hlutu því að dáðst að henni. Já, hann hlaut að viðurkenna það með sjálfum sér, að í seinni tíð dvaldi hugur hans æ meira og meira hjá henni.

Þegar þau fóru í gegnum lítið þorp, þá sagði Lady Die:

Allan, hér býr fóstur móður minnar. Ég hef lofað, að heimsækja hana í dag".

"Gamla Mrs. Dingley", sagði hann. "Hún býr hér í litlu húsi við veginn. Ég kem oft til hennar yðar vegna, Die".

Þegar þau komu að húsi Mrs. Dingley, kom ungur maður í hendingskasti út úr húsinu. Hann var að sjá í mjög vondu skapi. Lady Die bað Lady Aðalheiði, að koma með sér inn, því hana langaði til, að hún kyntist gömlu konunni og hjálpaði henni, því hún var fremur fátæk. Lord Caren hjálpaði þeim af baki og svo gengu þau öll inn í hús. Þar sat hin gamla kona hágrátandi, og hjá henni var ung kona, einnig mjög sorgbitin á sjá. Þegar þau höfðu heilsað, fór gamla konan að segja þeim raunasögu sína. "Maðarinn, sem þið mættuð, var sonur minn og þessi kona er konan hans", sagði hún. "Hann er einasta barnið mitt og ég sé hann aldrei framar".

Lady Die tók um hendur gömlu konunnar, og bað hana að segja sér, hvað að henni gengi.

Gamla konan sagði: "Sonur minn varð ástfanginn í tveimur stúlkum. Anna, sem hér situr, var önnur þeirra. Hann kyntist henni þegar hann var drengur, og lofaði þá að eiga hana. Ég hef ekkert út á hana að setja. Hún er goð og dugleg stúlka, en skynsöm er hún ekki. Svo kom önnur stúlka þingað, Annabel Davis að nafni, svo fögur, að allir dáðust að heuni, og sýni minum leist svo vel á hana, að hann varð næstum vitlaus af, að geta ekki fengið hana. Hann bað Önnu um, að leysa sig frá lofordi sínu, en það vildi hún ekki gera. Hann varð að standa við það, sem hann hafði lofað henni, nefnilega að ganga að eiga hana".

"Mér þótti svo vænt um hann", sagði Anna grátandi.

"Já, hún vildi ekki tapa honum", hélt hin gamla konu áfram, "og svo átti hann hana. Annabel varð frávita af reiði og lét sem hún sæi ekki son minn. En þeim syni minum og Önnu, samdi ekki saman, og aldrei var hér friður né ánægja".

"Þér verðir að taka kjark í yður og reyna að

"Ég vildi að ég væri dauð", sagði Anna.
 vinna mann yðar aftur", sagði Lady Die. "En þolsumóð verðir þér að vera". En Lady Adalheiður gekk til hinnar ungu konu, lagði hönd sína á handlegg hennar og sagði: "Það er satt, Anna, við förlögur líkum yðar, fæst engin hjálp nema dauðinn". Það var sem orð hennar kæmu frá hjarta hennar sjálfrar.

Lord Caren leit á hana, en hún virtist enga eftirtekt veita honum né Lady Die.

"Að biðja um brauð", sagði hún ennfremur, "og fá stein, — að gefa manni yðar alla ást yðar allt líf yðar, en fá í staðinn að eins fyrirliðningu, enginn veit hvað það er sárt, nema guð einn. Aðrir geta sagt yður að herða upp hugann og byrja nýtt líf, en ég

veit, að það heita, sem getur komið fyrir þá konu, er dauðinn".

Strax eftir þessi orð gekk Lady Aðalheiður út úr húsinu, án þess að líta í kring um sig.

Lord Caren leit alveg forviða á Lady Die. Hann vissi ekki, hvað hann átti að hugsa.

XVIII. KAPÍTULI.

Lady Die og Lord Caren fóru út rétt á eftir, og gengu til hesto sinna. Lady Aðalheiður stóð þar, alveg róleg að sjá, en stolt og tigugleg. Hún brosti til Lady Die, og enginn hefði getað ímyndað sér, að hún hefði fyrir nokkrum mínútum síðan verið í jafnmiklum geðshræringum og hún hafði verið.

"Kæra Aðalheiður", sagði Lady Die, "þér eruð líkastar hvítlvindi, sem kemur snögt og hverfur snögglega, — ég gat tæpast náð andanum áðan".

"Er það svo? Ég kemst stundum í svo miklar geðshræringar, og veit þá varla hvað ég segi". Hún sá á andliti manns síns, að hún mundi ekki hafa breytt skynsamlega, hún hafði aldrei séð hann jafnreiðan. Hann talaði ekki eitt einasta orð við hana, en hló og gerði að gamni sínu við Lady Die. Hann leit ekki einusinnis við henni, og hún sá mjög eftir að hafa sagt það, sem hún sagði í húsinu. "Hvað þýðir fyrir mig öll mín þolinnaði og umburðarlyndi, þegar alt er lagt út á versta veg fyrir mér?" sagði hún við sjálfa sig.

Þegar þau komu aftur til hins fólksins, reið Lady Die til manns síns, og sagði honum það, er við hafði

borið. Adalheiður var því ein hjá manni sínum á meðan.

"Allan", mælti hún, "ég sársé eftir, að ég sagði það, sem ég talaði áðan, ég hugsaði hreint ekkert út í það, sem ég sagði".

"Mér er alveg sama", sagði hann. "Þó þú viljir láta allan heiminn vita, hvaða skilyrðum sambúð okkar er bundin, þá máttu það mín vegna".

"Ég vona, að þú takir þér það ekki nærri", mælti hún blíðlega.

"Nei, langt frá, það kemur mér ekkert við. Þú ert frjals að segja meiningu þína. En það geta verið skiftar skoðanir um, hvort allt af eigi við að segja hana. En nú verð ég að fara, ég lofaði gestunum, að visa þeim vegi n til Gaston Consee".

Hann reið í hurtnu, og alla leiðina forðaðist hann hana, og eftir að þau komu heim, gekk það eins. Hún var mjög sorgbitin yfir því. "Þétt augnablik milt af óþolinmæði hefir eyðilagt fyrir mér það, sem ég var búin að ávinna mér með margra mánaða þolinmæði", hugsaði hún. En þegar hún hugsaði um myndina af henni, sem hann tapaði 14. júní, þá hurfu allar blíðari tilfinningar gagnvart honum úr hjarta hennar.

"Mér er ómögulegt að vinna hann, úr því hann eiskar jafnagra konu og myndin er af", hugsaði hún.

Sambúðin 8 milli þeirra varð æ kaldari og kaldari. Lord Caren tók sér mjög nærri, það sem kona hans hafði sagt á hinn óhamingjusama heimili. Hann hafði verið farinn að veita konu sinni nána eftirtekt. Hann var farinn að dáðst að kinni yndislegu framkomu hennar í öllum greinum, og honum þótti vænt um að sjá. Iðe öllum þótti mikið til hennar koma. Svo vikli hann heldur ekki, að gestir hans vissu um hina köldu sambúð þeirra.

Nú var þessu öllu lokð. Hún hafði að fyrra

bragði gefið til kynna, hvernig að sambúð þeirra væri varið, svo Lady Die hafði heyrt. Allir skildu, við hvað hún atti.

Hann hugsaði sér, að héðan af skildi hann ekkert gera til að bæta samkomulag þeirra. Hún hafði nú komið því svo fyrir, að þau byggju saman um tíma, en skildu svo, og berðu því við að þeim gæti ekki lynt saman. Hún gat nú sjálf ráðið, hvenær það yrði. En Lord Caren hugsaði ávalt meira og meira um það, hvers vegna þessi blíða, þolimmóða og hæg-láta kona hefði átt hann á móti vilja hans.

"Það getur ekki hafa verið af því, að hún elskaði mig", hugsaði hann, "til þess er hún of sönn og göl-ug kona. Nei, þetta fæ ég aldrei skilið. Því meir sem ég hugsu um það, því minna skil ég í því".

Um þessar mundir fékk Lord Caren bréf frá móð-ur sinni, gömlu Lady Caren. Hún spurði hann, hvort hún mætti koma og heimsækja hann. "Ég hefði mikla ánægju af, að koma til Brookland nú", skrifaði hún, "ég myndi hitta svo marga þar, sem mig langaði til að sjá, og ég vildi svo gjarnan dvelja þar nokkra vikur".

Lávarðurinn rétti komu sinni bréfið og hneigði sig kuldalega. Hann skildi ekkert í, að hún roðnaði og varit hennar skulfu.

"Á ég að svara því, eða vilt þú gera það?"

"Það er skrifað til þín, svo þú náttúrlega svarar því, eg ætla líka að skrifa henni nokkrar línur".

Þennan dag var hún miklu hryggari en vanalega. Hún kveið svo fyrir, að láta Lady Caren sjá. Hve skamt hún var á veg kominn með að vinna ást manns síns. Hún vissi, að Lady Caren myndi á auga-bragði sjá, hvernig sakirnar stóðu, að á milli þeirra var múr, sem illa mundi ganga að brjóta niður.

"En ég get ekki að því gert", hugsaði hún. "Ég hef gert það, sem ég hef getað, og ekki sé ég

eftir lofordi mínu, en það er sem þungur steinn hvíl á hjarta mínu, og líf mitt er eyðilagt".

"Er von á móður yðar, Allan?", sagði Lady Die. "Ég er í sannleika glöð yfir, ef svo er".

"Það er eðlilegt, henni þótti allt af svo vænt um yðar, ég var nastum afbrýðissattur yfir því".

Die hristi alvörugefin höfnðið. "Ég á við, Allan, að ég óska eftir að hún komi hingað, því ég álit að hér sé engi vanþörf á, að tala um fyrir summu hverju. Ég er of ung og óreynd til þess, og svo kæri ég mig ekki um, að blanda mér inn í annara málemi".

Hann skildi fullvel, hvað hún meinti, nefnilega sambúðina milli hans og konu hans. Hann kja þó sem hann skildi hana ekki.

"Við erum öll of óskynsöm", sagði hann. "og það skaðaði vist engan, þó manni væri sagt til syndanna af einhverjum, sem maður virti".

"Ég vildi óska, að sumir okkar hefðu minni skynsemi, en meiri samgírni til að bera", sagði Die.

Hann kysti á hendi hennar. "Kæra frændkona, sagði hann, "prestar kenna, vítrir menn halda ræður sínar, en sérhver maður þekkir sorgir síns eigin hjarta".

Lady Die svaraði ekki. Hún fann, að Lord Caren talaði þetta af hjartans sannfæringu. Hún fann, að hann bar í hjarta sér djúpa sorg og að hann myndi alls ekki vera tilfinningarlaus eða vondur maður. Hún vissi, að hér voru tvær óhamingjusamar manneskjur, og þó höfðu bæði til að bera æsku, fegurð, gáfur og auðæfi. Hún fann, að hún myndi seint skilja, af hverju það kæmi, að þeim gæti ekki samid.

Lady Caren móðir Allans var komin. Það allra fyrsta sem hún gerði, var að virða tengdadóttur sína

fyrir sér, og hún sá strax, að hún var langt frá að vera olamungjusöm. Hún flýtti sér því næst til herbergja sinna til að hugsa í næði um raunir sínar.

Að vísu leit út fyrir í fljótu bragði, að alt væri eins og það ætti að vera. Lord Caren var bæði skemtilegur og gestrisinn húsbóndi, sem gerði alt til að skemta gestum sínum. En Lady Caren þurfti ekki að dvelja þar lengi til að sjá, að sambúðin á milli sonar síns og tengdadóttur var kaldari en sjálfur daudinn.

Strax fyrsta kveldið reyndi hún að tala við Aðalheiði í einrúmi. En það var sem hún forðaðist að vera en með henni. En Lady Caren fann upp ráð. "Það er svo heitt hér inni, Aðalheiður", sagði hún. "Viltu ekki koma með mér út í laufskálann. Mig langar svo til að sjá 'burknirinn'."

Á Englandi er 'burknir' í miklu afhaldi og hafður í sérstöknu húsi, þar sem hann er ræktaður út af fyrir sig.

Þar voru gosbrunnar um alt, og til og frá voru bekkir, til þess að menn gætu setið þar.

Þegar þar komu þangað, settust þær niður og Lady Caren sagði: "Mig langaði til að tala við þig, Aðalheiður. Segðu mér, hvort þú ert hamingjusöm".

"Ég kvarta ekki", sagði Aðalheiður og sneri sér undan, "og aldrei skal ég gera það, Lady Caren, það matu vera viss um".

"Ég spurði ekki þess vegna, Aðalheiður", sagði Lady Caren, "því þú ert of góð og göfug stúlka til þess að þú kvartir. En ég er svo áhyggjufull þín vegna. Ég vonaði svo fastlega, að þú með þinni fegurð, blíðu og þolinmæði myndir vinna Allan".

"En nú er það ekki, það getur hver og einn séð, Lady Caren", sagði Aðalheiður beisklega.

"Já, ég sé það Adalheiður, og þú trúir ekki, hve-
g tek það nærri mér".

"Það er ekkert hægt að hjálpa þvi, og ég álit
bezt, að tala ekki um það meira".

"Ó, vertu ekki stolt, Adalheiður, ég held að ég
líði meira en þú".

"Ég er ekki stolt", sagði Adalheiður rannalega.

Ég veit ekki, af hverju ég ætti að vera það. Ég
veit, að eilífverðað að líða fyrir það, sem þú þekk-
ir til og ég er viljug til að gera það, en mér finst
ekki þurfa að tala meira um það".

"Já, smalti Lady Caren, "Ég hef hugsað alt of
mikið um sjálfa mig, ég hef heimtað of mikið af þér,
án þess að hafa nokkurn rétt til þess. Ég sé nú,
að það var rari látt og illa gert, og ég sé svo
fjaraskalega út að ég gerði það".

"Þú gerðir það í þeztu meiningu" sagði Adal-
heiður, "og Allan hefir líðið engu síður en ég. Hjóna-
band okkar hefir frá því fyrsta verið mjög óhau-
ingjusamt".

"Þá hefir þér líðið illa", sagði Lady Caren.
"Eiginkona og ekki eiginkona, húsmóðir á heimilinu,
en þó án nokkurrar stöðu, sjálf elskandi en ekki
elskuð. Ó, hversu hörð forlög hefi ég lagt þér á
herðar?"

"Ég get borið það", sagði Adalheiður lítið eitt
gladari. "Ég get borið það betur, en hann hefir
getað borið sorgina og skömmina".

Lady Caren laut niður og kysti hana innilega.
"Ég vildi", sagði hún, "að hann þekti þig eins vel
og ég geri, þá myndi hann elska þig meira en alt
annað í heiminni. Adalheiður, ég hef engan rétt
til að spyrja þig, ég hef gert þér nógu mikið illt, en
segðu mér. Hefurðu gert það sem þú hefir getað
til að vinna hann?"

"Já, ég hef gert allt, sem í mínu valdi stendur,

en allt er árangurslaust, ég sé ekki, að mér þýði neitt að reyna það meira. Én eitt vil ég biðja þig um, Lady Caren. Nefndu aldrei oftast sambúð mína og manns míns. Ég þoli það ekki, ég get líðið og borið harm mínu í hljóði, en ég þoli ekki að heyra aðra tala um það. Nú verð ég að fara inn aftur, gestir mínir munu sakna mín."

Og nú yfirlagaf hún tengdamóðir sína.

Arnþjófur B. Olsen

NIX. KAPÍTULI.

Lady Caren vildi ekki ganga strax aftur inn í gestasalina. Henni láð mjög illa, ver en henni hafði láðið nokkru sinni áður. Hún hafði gert allt sem hún gat, til þess að somur hennar gengi að eiga hina yndislegu og fögru Aðalheiði, en nú sá hún, að ljónaband þeirra var mjög óhamingjusamt. Aðalheiður var orðin svo breytt, að hún varla þekti í henni hina glöðu barnslegu og blíðu stúlku, sem hún hafði alið upp. Nú var hún orðin köld, nærri þóttaleg, og hið þýða og þægilega viðmót hennar var horfið.

"Hún er mjög óánægð, það sé ég betur en hún hyggur", lagsaði Lady Caren með sér, "og ég er viss um, að þess verður ekki langt að biða, þar til hún hefir ekki þolinmæði til að bera þetta lengur. Segi hún Allen frá öllu, mun það drepa mig, því ég er ekki sterk fyrir, — en ekki get ég láð henni, þó hún gerði það. Hver gæti þolað þegjandi það sem hún verður að þola? Hún sem daglega verður að þola rangindi og afskiptaleysi manns síns".

Lady Caren sat þenna dag alen innan um hin

yndislega blóm. Hún var farin að eldast, en var einþá lagleg og mjög tignleg kona. "Ég sé engin ráð við þessu", sagði hún við sjálfa sig. "Það hefði verið betra, að þau hefðu aldrei gilst. "E, að öll þessimynd skuli vera að kenna einum manni".

Alt í einu hrökk hún við við það, að hendi var lögð á herðar henni. Það var sonur hennar, sem kom inn til hennar.

"Mamama! Það er óvanalegt að finna þig ena, og jafn þrygga eins og þú lítur út fyrir að vera. Vekur vera þín á Brookland upp gamlir endurninn- ingar?"

"Nei, Allan, en mér þykir vænt um, að þú komst. Mig langaði svo til að taka við þig".

Hann settist niður við hlið hennar. "Mer finnst það vera eins og þegar ég var drengur, að sitja hér hlið þína. Etlarðu að ávita mig?"

"Ég vildi óska, að þú værir drengur einþá" sagði Lady Caren og stundi þungan.

"Af vissnum ástæðnum óska ég þess sama", sagði hann rólega.

"Hafa vonir þínar svikið þig, Allan? Við gerðum þó eins og við gátum til að gera þig hamingju- saman. bæði laðir þinn og eg".

"Maður verður að setta sig við, þó rósablöð visni", mælti hann og reyndi að brosa.

"En, Allan, ég skil ekki, hvers vegna þú segir þetta. Þú ert að hlúma ríkustu mönnum á Íng- landi".

"Já, og ég sakist ekki eftir meiri auðlegð, en ég nú þegar á".

"Þú ert heilsugóður, hefur góða hæfileika. Þú ert virtur og elskaður af öllum og þó talar þú um visnaðar rósir". Og hún leit kvíðandi framan í hlið lagra, karlmannlega andlit hans.

"Þetta er hlutur, sem ég get sjálfur borið samt um".

Móðirin lagði hönd sína á höfuð hans. "Allan getur þú ekki sagt mér öll leyndarmál þín?"

Hann leit beint í augu hennar. "Mamma, getur þú ekki sagt mér öll þín leyndarmál?" Hún smíði sér undan angaráði hans, til þess að láta hann ekki sjá, hve mjög hún brá. "Mamma, þú ert þín leyndarmál, lofaðu mig að eiga mín".

"Hvaða heimsku færðu mátt?" sagði Lady Caren. "Hefir ekki hlútt mitt verið sem opin bók, sem hver hefur mátt lesa".

Það var seint hjún væri bæði óttaslegin og hálfreið, þegar hún sagði þetta. Sonur hennar leit upp áveg hessa, hann var óvanur að heyra hana tala þannig.

"Ég var að gera að gamni mínu, mamma. 'Ekki veit ég til, að þú þurfir neinu að leyna fyrir mér, en ég fer samt mestum að halda það'".

Ei hana hefði veitt móður sinni nána eftirtekt, þó hefði hann blotið að sjá, að varir hennar skulu og augu hennar lýstu hræðslu og ótta. Hún reyndi nú að koma í tal, er henni lá þyngst á hjarta, en hún vissi varla, hvernig hún skyldi byrja.

"Mér sýnist Aðalheiður ekki líta hraustlega út, Allan".

"Sýnist þér það? Veðrið hefir verið svo heitt, og ég held að enginn líti vel út eða líði vel".

Það leit út fyrir, að hann talaði alveg blátt áfram. En Lady Caren tók eftir því, að þegar Aðalheiður var nefnd, var sem hann yrði alvarlegri og fjarlægðist hana.

"Það lítur ekki út fyrir, að hún sé ánægð. Þú veist, Allan, að ég hef alt af skoðað hana sem dóttur mína, og ég er áhyggjufull hennar vegna".

"Hugsar þú min vishættu og þessu?" spurði hann hlægjandi.

"Nei, Allan, ég geri alls ekki að gamni manni".

"Áðan varstu að leggja saman öll þan gæði, sem ég væri aðnjótandi. Þíns má telja það sem Adalheiður hefir til að bera. Hún er ung og mjög falleg".

"Finnt þér hún vera falleg?" sagði Lady Caren g'adlega".

"Náttúrlega", sagði hann rólega. Hún er hka rik, og hefir eins og þú sagðir að ég hefði ágeti stöðn í naanflaginu. Hvað þarf meira til að gera manneskju hamingjansama?"

"Ég get sagt þér, hvað hana vantar", sagði Lady Caren, "Ég skil ekki í, að þú veidist móður þinni fyrir þa".

"Ég að reiðast þér? Það striddi á móti náttúru minni. Segðu það sem þú vilt".

"Adalheiður þarf að eiga ást manns síns, en ég er hrædd um, að hún hafi ekki fundið hana ennþá".

"Hefir hún kvartað fyrir þér?" spurði hann mjög rólega.

"Adalheiður að kvarta!" En hvað þú þekkir hana lítið, Allan! Taktu eftir því, sem ég segi. Það er móðir þín, sem talar við þig og segir þér af hjartans samfæringu, að hvergi í heiminum finst gófugri né betri kona, en Adalheiður, konan þín!"

"Ég meita því alls ekki", mælti hann rólega.

"Nú, ert þú þú berð ekki á móti því, að hún verðskuldi karleika, því elskar þú hana þá ekki?"

"Við skulum ekki tala um það". Svo sat hann nokkrar mínútur steinþeggjandi, þá sagði hann allt í einu: "Ég er oft að hugsa um hina undarlegu erfðaskrá föður míns, og þess meira, sem ég hugsa um hana, þess undarlegri virðist mér hún vera. Það var óréttlátt og ljótt, að gera mig, eina barnið hans,

arflausaur. Hvernig gat hann, sem ærlegur, heið-
virður maður, gert það?"

Lady Caren fólnaði upp. "Ég get ekki sagt um
það. En hann hefir víst haldið, að Aðalheiður yrði
óvanalega góð kona, því hann þekkti hina mörgu og
góðu hæfileika hennar".

"Nei, það hefir ekki verið það, sem kom honum
til þess. Ekki hefði faðir minn gert mig arflausan,
þó ég sæi ekki sömu kosti og hann hjá einni per-
sónu. Það hefði líka verið heimskulegt".

"Ég get ekki sagt um það," sagði Lady Caren.
En hann tók ekkert eftir því, að hún kreisti fast
saman höndunum, og reyndi að sýnast sem rólegust.

"Nei, það er engin von, að þú getir það, mamma.
En það er það vissa, að faðir minn hefir álitid sig
breyta rétt, þegar hann samdi erfðaskrána, og trúin
á hann, sem heiðvirðan og réttlátan mann, gefur
mér þolinnaði til að una við hlutskifti mitt. Fað-
ir minn var heiðursmaður, og ef ég tapaði trúnni á
hann myndi ég jafnvel tapa trúnni á guð".

Lady Caren sagði ekkert, en hún kysti hendi
hans.

Rétt á eftir sagði hún svo: "Nú skulum við
fara inn til gestanna, því þeir fara annars að undr-
ast um okkur".

XX. KAPÍTULI.

Morgunverðar herbergið á Brookland var eitt af
þeim fegurstu í allri höllinni. Það var stórt og
hátt undir loft. gluggarnir náðu, að frönskum sið,
frá gólf og upp að lofti, og úti fyrir voru allskonar
blóm, sem vöfðu sig upp með gluggunum.

Öllum þótti skemtilegt, að sitja í þessu herbergi og létu sig sjaldan vanta til morgunverðar. Aðalheiður sat ávalt í húsmóðursætinu, og kašteinn Randolph reyndi alt af að ná í sæti við hlið hennar. Inn í þetta herbergi var alt af farið með póstinu, og lásu menn þar bréf sín, og höfðu svo nóg að tala um á eftir. Einnig komu gestirnir sér þar saman um, með hvaða skemtum þeir skyldu eyða þessum og þessum deginum. Alisa Kan sagði, að morgunverðartíminn væri skemtilegasti tími dagsins, og hinir gestirnir voru henni samnála.

Öfund á heima meira og minna í hverju manulegu hjarta, og það sýmist vera fyrirgefianlegt, að ef maður, sem verður að vinna baki brotnu til þess að geta framfleytt lífi sínu, liti yfir þennan glaða, áhyggjulausa og iðjulausa hóp, — þó að þá vaknaði í hjarta hans öfund og óánægja yfir þessum máls-hætti: „Í sveita þíns andlitis skaltu þíns brandi nota“.

Þó mátti finna í þessum glaða hóp hjarta miklu göfugra og betra, en flestra annara, hærri og kegri. Það var Lady Aðalheiður. Hún var jafn yndisleg eins og morguninn sjálfur, og kašteinn Randolph kallaði hana morgunstjörnuna. Miss Alisa Kan var einnig mjög yndisleg. Lady Die sagði, að á morgunana væri fólk ávalt svo sérviturt. Þennan morgun, sem hér ræðir um, var hin virðulega Lady Caren, móðir lávarðarins, nýkomin. Aðalheiður vildi láta hana sitja í hinu gamla sæti sínu við enda borðsins, en hún vildi það ekki.

„Ég skipa það sæti ekki eins vel og þú, kára Aðalheiður“, sagði hún innilega. „En því kemur Allan ekki?“

Það kom oft fyrir, að Lord Caren kom með þeim seinustu inn í borðsalinn. Svo þegar hann kom, tók móðir hans nákvæmlega eftir, hvernig hann

heilsaði þeim, er fyrir voru. Hana sjálfa kysti hann innilega og spurði um líðan hennar. Hann kysti glaðlega á hönd Lady Die, sagði nokkur spaugsyrði við Alisu. En fyrir konu sinni hneigði hann sig stírt og kuldalega. Hún leit niður fyrir sig og hann settist í sæti sitt, án þess að tala orð við hana.

"Er pósturinn kominn?" spurði hann.

"Nei", sagði kašteinn Randolph.

"EKKI veit ég hvernig fari fyrir okkur hér úti á landi, ef enginn póstur kemur".

"Mér fyrir mitt leyti", sagði Alisa, "þykir sá tími dagsins skemtilegastur, sem pósturinn kemur".

"Já", sagði kašteinn Randolph, "hinum ungu og fögru þykir það. Ég vildi að ég væri bréf, þá þætti yður ég kannske skemtilegur".

"Það gæti verið, að þér hefðuð slæmar fréttir að færa", sagði hún og blóðroðnaði, "og þá rífi ég yður í sundur og flýgði yður í burtu".

"Ó, hvílik forlög! Þér yrðuð ekki svo harðar, Lady Aðalheiður, þér mynduð lesa mig og geyma svo".

Lady Aðalheiður var sú eina, sem aldrei lét neina gleði í ljósi, þegar pósturinn var borinn inn. Kašteinn Randolph hafði tekið eftir því og sagði: "Ég hef tekið eftir því, Lady Aðalheiður, að þér veitið póstinum alls enga eftirtekt".

Hún leit rólega framan í hann. "Aldrei á æfi minni hef ég fengið bréf, sem nokkuð hefir verið varið í".

Allir urðu forviða, er þeir heyrðu þetta. Hún hafði sagt það svo rólega og blátt áfram.

"EKKI einasinni ástabréf?" hrópaði kašteinn Randolph.

Hún roðnaði. Henni hafði ekki komið til hugar, að þetta hefði neinar afleiðingar í för með sér, en Lady Die kom henni fljótlega til hjálpar.

"Þér gleymið, kašteinn Randolph, að Lady Aðalheiður þurfti ekki á því líkum bréfum að halda. Hún var stöðugt með unnusta sínum".

Lord Caren sagði ekkert, og nú varð leiðmleg þögn. Svo sagði Lady Die:

"Engin skýsöm manneskja getur kallað ásta-bréf skemtileg. Þó ég sé ekki eldri en ég er, þá hefi ég þó fengið fjarska mörg ástabréf. Meðal annars er sjaldan nokkurt orð satt í þeim".

"Guy!" hrópaði Lord Caren. "Þetta er vægast talað ósatt. Ég er viss um, að þú hefir aldrei skrifað ósatt orð á æfi þinni".

"Ég hafi fengið ástabréf frá fleirum en Sir Guy Veriton", sagði Lady Die og leit brosandil til manns síns.

Lady Aðalheiður hlustaði með athygli á samtalið. Hversu hamingjusöm voru ekki þessi hjón, sem spauguðu þannig og gerðu að gamni sínu hvert við annað! Hivílikur munur var ekki á hinu innræga sambandi milli þessara hjóna, og hinu kalda samlífi milli hennar og manns hennar. Hún stundi þungan, svo kašteinn Randolph, sem alt af veitti henni nána eftirtekt, tók eftir því.

"Mér geðjaðist alt af svo vel að Caren", hugsaði kašteinn Randolph með sér, "en nú þykir mér með hverjum deginum æ minna og minna til hans koma. Hvers vegna sýnir hann konu sinni jafnmikinn kulda og hann gerir? Aldrei veitir hann henni hina minstu eftirtekt. Það er sem honum standi alveg á sama um hana, og þó er hún sú fullkomnasta kona, sem ég hafi nokkurntíma þekt. Af hverju skyldi sambúð þeirra vera jafn þur og köld eins og hún er?"

Honum þótti þetta mjög leiðinlegt, því þó hann yrði ástfanginn í hverju fögru andliti, eins og áður er sagt, þá fanst honum meira til Lady Aðalheiðar koma, en allra þeirra sem hann hafði áður þekt.

Hann dæðist svo að, hve saklaus og góð hún var, og með hve mikilli þolinmæði hún bar kulda og tilfinningarleysi manns síns. Hann skoðaði hana sem hetju, og leit upp til hennar með lotningarverðri tilbeiðslu, sér ekkert átti skylt við ást þá, sem hann vanalega bar til annara kvenna.

Þegar hann var að hngsa um alt þetta, var pósturinn borinn inn. Lord Caren tók hann í sundur og rétti sérhverjum sin bréf. Kaftæmminn fékk mörg, og Lord Caren gat ekki annað en brosað, þegar hann sá, hve mörg af þeim voru rituð með kvenmannshendi.

Alisa fékk einnig tvö bréf, og hún roðnaði og vonaði, að kaftæmminn sæi, að þau voru rituð með karlmannshendi. Svo kom eitt bréf til Lady Caren.

"Það er frá Indlandi, mamma", sagði Lord Caren um leið og hann rétti henni það. "Skrifar þú nokkrum þar?"

Ef einhver hefði virt Lady Caren fyrir sér, þegar hún las þetta bréf, hefði hann séð, að hún náfölnaði. Hún reyndi að dylja það með því að drekka úr kaffibolla, en hendur hennar skulfu, svo hún var nærri búin að missa bollann. Þegar hún var búin að lesa bréfið, stakk hún því í vasa sinn. Hún tók engan þátt í samtalinu, og Lord Caren tók eftir því, og sagði: "Gengur nokknd að þér, mamma? Þú litur svo illa út. Eigum við ekki að koma út, loftið er svo þungt hér inni?" En það vildi hún með engu móti, fyr en búið væri að! "Áa.

"Hefir nokknd komið fyrir mamma?" spurði hann svo.

"Nei, Allan, það var satt, sem þú sagðir, það var svo heitt í húsinu, og ég er ekki vel hraust í dag. En nú skulum við koma út, veðrið er svo gott".

Þau gengu til og frá og töluðu um hitt og þetta.

Alt í einu sagði Lord Caren: "Frá hverjuin var Indlandsbréfið?"

"Það var frá Clavering hershöfðingja, bezta vini föður þíns, Allan".

"Frá Clavering hershöfðingja. Hvað hefir hann dvalið lengi á Indlandi?"

"Það eru 20 ár síðan að hann fór frá Englandi, en 15 ár hefir hann verið á Indlandi".

"Una, hvað skrifar hann?" spurði lávarðnrinn. Hann þóttist viss um, að móðir sín ketti sig lesa bréfið, en það gerði hún samt ekki.

"Hann talar um, að koma til Englands, og segir, að fyrst af öllu vilji hann heimsækja mig og börn mín. Hann hefir nefnilega heyrt um giftingu ykkar, og gleðst mjög yfir henni".

"Hvers vegna gleðst hann af því? Hann þekkir alls ekki Adalheiði".

Lady Caren varð mjög vandræðaleg. "Hann vissi um ósk manns míns í því tilliti og þykir nú vænt um, að hún rættist", sagði hún.

"Hvenær kemur hann?"

"Hann talar um, að koma fyrir jólin, en ef hann getur það ekki þá ætlar hann að heimsækja okkur í London í maímánuði".

"Hann getur komið hvenær sem hann vill, það skal verða tekið vel á móti honum. Sestu nú hérna, mamma, og reyndu að ná þér aftur. Mér leiðist svo að sjá þig svona föla. Ég verð að líta eftir hestunum".

Lady Caren sat ein í fáar mínútur og tár runnu niður kinnar hennar. "Mér finst það svo hart og óréttlátt, að leyndarmálið skuli vera lagt á herðar tveimur saklausum konum. Hvað á ég að gera, ef hann kemur? Ó, guð minn góður, hvað á ég að gera?"

XXI. KAPÍTULI.

September var kominn. Trén voru litíð eitt farin að fölna. Samt sem áður var herragarðurinn Brookland í mesta blóma. Lady Caren hafði sagt syni sínum, að fólk vonaðist eftir að hann þéldi mikla veizlu í tilefni af brúðkaupi sínu. Í fyrstunni kít hann sem hann heyrði það ekki. En hún kít sig ekki. "Þú hefir nú um langan tíma haft húsið fult af gestum, sem auðvitað hafa skenut sér vel, en þæðu þó að fá samsæti áður en þeir færu".

"Við getum haldið eins margar veizlur og þú vilt, en kallaðu þær ekki brúðkaupsveizlur. Við gíftumst í júní, en nú er september".

"Það er auðvitað nokkuð seint, og ekki vil ég gera neitt, sem er á móti vilja þínum. En það ber vott um virðingarleysi fyrir Aðalheiði, að gera það ekki, en það kílur mér svo illa", sagði Lady Caren.

"Ég hugsaði ekki um það frá þeirri hlíð. Það skal verða alveg eins og þú vilt. Við getum haft veizlu þann 18. Ég vona, að Aðalheiður hafi ekki hugsað neitt um þetta. Henni hefir að líkindum ekki dottið það í hug frestur en mér".

"Þú verður að senda boð til Kilsborough Castle, og svo ern hertoginn og hertogainnan af Groton báði heima".

"Þið Aðalheiður skuluð ráða því öllu saman, mamma. Ég skal gera veizluna eins skemtílega og ég get gert, en ég get ekki hugsað um undirbúninginn né boðsbréfin. Það er líklega þetta, sem þú hefir verið að hugsa um í seinni tíð, þú hefir verið svo hrygg að sjá, en að þú skyldir ekki nefna það fyrri".

Síðan að Lady Caren fékk Indlandsbréfið, var hún sem alt önnur manneskja. Henni brá við, hvað lítið sem fyrir kom. Hún sem hafði haft til að bera svo mikla ró og tígualeik, var nú kviðandi og óttaslegin. Hún varð ergileg af hve litlu sem fyrir kom, og summu sýndist eins og hún af fremsta megni vildi kylla eitthvað. Lórd Caren hélt nú að hann hefði komist að, af hverju hún var svona breytt. Hún hafði alt af verið ástúðleg við Aðalheiði, en nú næstum keyrði það fram úr hófi. Hún bar miklu meiri umhyggju fyrir henni en sjálfri sér. Hún léið ekki hið minsta hugsunarleysi, þegar það snætti hana.

Strax á eftir að hún hafði talað um veizluna við son sinn, fór hún að finna Aðalheiði. Henni var það vel fyrirgefanlegt, að hún væk lítið eitt frá samleikanum.

"Aðalheiður", mælti hún, "Allan hefir fastlega ásett sér að halda stóra veizlu í virðingar og minningarskynd um gífingu ykkar."

Hin unga kona leit fram í tengdamóður sína, og ofurlítið vantrúarbross lék um varir hennar.

"Til virðingar fyrir hjónaband okkar, Lady Caren? Það er fallega gert af honum".

Lady Caren líkaði þó hvorki brosið né tónninn, sem hún talaði í. Hún reyndi ávalt að bæta milli sonar og tengdadóttur.

"Já, það er mjög fallega gert. Ég myndi mér, að hann vilji gjarnan sýna hinum göfugustu af nágrönnum sínum, hve fallega konu hann á".

Lady Aðalheiður leit rólega en um leið djarslega framan í tengdamóður sína.

"Lady Caren. Okkar á milli er engin þörf á, að bríka slíkt hæverskutal". En er hún sá, hve hrygg Lady Caren varð, sagði hún: "Nú, jæj, hvað er það, sem Allan vill láta gera?"

Lady Caren stundi þungan. "Aðalheiður, takaðu ekki eins og ykkur Allan standi á sama hvort um annað. Ég tek það svo nærri mér, að það næst-um drepur mig".

"Nei, ég skal ekki gera það, ég skal leggja fram alla krafta mína til þess, að veizlan geti orðið skemtileg".

Hún sá, að Lady Caren hafði þunga byrði að bera, og að hún mátti ekki heyra nefnda hina köldu sarabúð milli sonar síns og tengdadóttur. Aðalheiður hugsaði því minna um sínar eigin raunir, en tók með lífi og sál þátt í undirbúningnum undir samsetið, til þess að þóknast sem mest tengdamóður sinni.

"Ég er svo glaður og ánægður", sagði kaftinn Randolph. Ég vildi sjá yður sem drotnuðu í samseti. Lady Aðalheiður, áður en ég færi burtu".

"Og ég er einnig mjög glöð yfir því", sagði Lady Die. "Við skulum öll dansa okkur í gott skap, or þess þurfum við öll með".

Alt var nú undirbúið fyrir veizluna. Kveldið fyrir heimsótti lávarðurinn komn sína, aldrei þessu vant. Hun var ein í herbergjum sínum, og varð allveg forvið, þegar hún sá hann koma inn, því hann hafði aldrei komið í herbergi hennar fyr. Hann hafði í hendinni nokkrar gimsteina öskjur. Það leit út fyrir, að hann væri hálf vandræðalegur á svipnum.

"En hvað blómin þín eru falleg", sagði hann og leit með aðdána alt í kring um sig. Þykir þér vænt um að hafi blóm hjá þér, Aðalheiður?"

"Já, mér þykir svo vænt um þau, og það er svo náttúrlegt, að maður vilji hafa það hjá sér, sem manni þykir þér vænt um. Mér finnst þau vera gamlir vinir mínir".

En svo eldroðnaði hún, og sá eftir að hafa sagt þetta. En hann virtist samt enga eftirtekt hafa verið því.

"Hvergi í greifadæminum finnst eins falleg blóm og hér á Brookland", sagði hann, "og aldrei hafa umsjónarameynirnir rækt eins vel skyldur sínar eins og nú. Ég er viss um, að það er þér að þakka".

Hún sat í uppáhaldssæti sínu, nálægt stórum, purpuraraudnum "heliotrop". Hún stóð ekki upp, og hann gekk beint til hennar. Blóðið hljóp fram í kinnar henni, og hjarta hennar sló hratt. Hvers vegna skyldi hann koma til hennar, og hvað vildi hann henni? Gat það skeð, þrátt fyrir öll vonbrigðin, að einþá tækist henni að vinna hann?

"Adalheidur", sagði hann alvarlega og rólega, "ég hef tekið eftir, að þú berð aldrei gimsteina".

"Ég á bæði perlur og rúbina, sem Lady Caren hefir gefið mér".

"Á morgun kemur allt göfugasta fólk í ölla greifadæminu hingað. Það hefir þekt föður minn og mig í mörg ár. Ég kann ekki við, að þú þá berir ekki gimsteina".

"Ég get haft perlurnar mínar, þær eru mjög fallegar", sagði hún.

Hann varð hálf vandræðalegur. Svo sagði hann: "Þegar móðir mín flutti hédan, skildi hún náttúrliga eftir alla ættar-gimsteinana. Þeir tilheyra ávalt þeirri, sem er húsmóðir á Brookland, og ég get ekki hugsað mig þig án gimsteina".

"Mig langar ekkert til að bera þá", sagði hún lígt.

"Þú misskilur mig", sagði hann nokkuð ákaft. "Þvert á móti, ég óð þig um að bera þá".

Hann setti öskjurnar frá sér og opnaði þær, hverja eftir aðra. Gimsteinarnir glitruðu á flauelinu, svo maður þoldi varla að horfa á þá.

"Þeir eru mjög fagrir", mælti hún með hinni mestu rósemi. "En það hefir enga þýðingu fyrir

niðig að taka við þeim. En ef þú vilt, skal ég bera þá á morgun".

"Hvers vegna hefir það enga þýðingu, að þú taki við þeim?"

Hún leit freman í hann, og hið blíða augnaráð hennar snorti strengi hjarta hans.

"Þú manst vist ekki eftir, að vera mín hér verður ekki langvinnu. Þessir gínusteinar verða aldrei mín eign".

Í fyrsta skifti á æfi sinni faust honum sem hann langaði til að láðma hana að sér og kyssa hana, — biðja hana að yfirgefa hann almen. En þá datt honum í hug hin gamla, bitra hugsun: Hún átti hann á móti vilja hans.

"Berðu þá á morgun, ef þú vilt gera svo vel", sagði hann. En um leið og hann gekk í burtu, hugsaði hann með sér, að hann vildi ekki vera án hennar, að heinilið án hennar var autt og tómt.

XXII. KAÐITULI.

"Brookland ætti að skifta um nafn í dag og kallast Paradis", sagði Lady Die. "Aðalheiður, þér hafið meiri fegurðarsmekk en nokkur annar".

"Hvers vegna haldið þér það?"

"Af því þér raðið svo vel saman blómum, rósum og málverkum. Ég hef verið viðstödd hinar skrautlegustu veizlur í London og París, en ekkert hef ég séð, er jafnist á við Brookland í dag".

Lady Die sagði þetta því fremur, sem Lord Car-en heyrði til, því fyrst, þegar talað var um samsæt-ið, hafði hann sagt í hugsunarleysi við Lady Die.

"Diana, þér hafið svo gott vit á öllu, er snertir veizlur, viljið þér ekki hjálpa til og sjá um, að allt liti sem best út". En Lady Lie, sem sá hve mjög Adalheiður roðnaði, svaraði strax: "Adalheiður hefir miklu meira vit á þessu en ég. Hún er af náttúrinni listakona og hefir miklu meiri fegurðarsmekk til að þera heldur en ég".

Þá sneri lávarðurinn sér að konu sinni og hneigði sig henni kinnalega. "Náttúrlega meinti ég, að Lady Die ætti bara að hjálpa yður". Þetta átti að vera einsmar alsökun. En hún sneri sér kuldalega að konunni og svaraði stolt: "Mér stendur alveg á samvisku, hvernig sá, að hann hafði gert sig sekan í okkurtegi gegnvalt henni. Það gat hafa komið til að þessu, en hún útbjó allt sem skrantlegast fyrir sig til þess að sýna hommi hvað hún gæti, en hún sýndi honum sárt til þess, hve mikill óréttur henni var gerður. Hún gleymdi aldrei því hræðilega þessu máli, sem ætlaði að gera hana gamla strax á vaskarurum. Fyrir meir kom það þó fyrir, en hún var þó þessu við, og söng og hló og skemti sér, en nú var hún í hornið. Síðan hún fann myndina, leið henni svo illa og nokkru sinni áður. Hún hafði fært henni meira meiri sörg, öfund, — já, næstinni afbrýð og þó var allt þetta svo fjarstætt lundarlagi

Lord Caren heyrði lofsyrði Lady Die, varo hann að jötu, að þau væru sönn. Þenginn stóð henni einu sinni jafnfætis í því, sem að fegurðar tilfellingu í hl.

Hann fór að hugsa um, að með hverjum degi leist honum á betur og betur á hana og fanst allt af meira og meira til hennar komu. Adalheiður varð alveg forviða, er hún leit upp og sá, að maður hennar horfði á hana miklu hlýlegar en vani hans var.

Veislukveldið kom og kvenfólkið gekk til her-
SÖGUSAFN HEIMSKR.

bergja sinna til að kleða sig. Lady Die gekk inn til Aðalheiðar, og sá hina nafufragn gimsteina Carens ættarinnar liggja þar. Frá sér numin hrópaði hún: "Aðalheiður, þér verðið eins og drottning! Á öllu Englandi fanast ek gimsteinar, er geti jafnast á við þessa".

Það leit ekki út fyrir, að Aðalheiði þætti neitt í þetta hrós varið. Vanalega þykir þó ungum og fögrum komna mikið til þess koma.

"Ég veit ekki, hvort mig langar svo mikið til að líkjast drottningu", sagði hún. "Ég man ekki til, að eg hafi lesið um neina þeirra, sem var hamingjusöm. Þessa munuð þér eltir því?"

"Nei, þar held ég ekki. Komur í hárrí stöðu eru sjaldan ánægðar. Hla staða hefir marga þunga ábyrgð í för með sér. Ég myndi mér, Aðalheiður, að þér hafið fundið, að það er sannleikur".

Hu Aðalheiður eyddi þessu. Hún ætlaði ekki að láta neina heyrja það frá sínum vörum, að hjónaband heamar var óhamingjusamt. Hún gat ekki annað en gláðst af þessu írd sinni, er hún sá sig í speglinum kledd, í hina þarantlegasta búning. Enginn málari hefði getað málad eins fagra konu eins og hún var. Hún var í lítum silkikjól bryddum með vatnshljóm, en í hverri lilju lá gimsteinn á stærð við vatnsdropa. Hún hafði einnig gimsteina um háls og handleggji. Þjónustustúlkan leit á hana og vonaði, að hún myndi láta í ljós ánægju sína, en það var síður en svo. Hún stundi þungan, er hún hafði horft á sig um stund.

"Ég skil ekkert í þessu", hugsaði stúlkan með sér. "Hví skyldi húsmóðir mín stynja, þegar hún sér sjálfa sig? Engin verður þó hálft svo fögur sem hún af öllum fjöldanum, sem kemur í kveld".

Lady Aðalheiður gekk niður í gestasalinn. Það kom stundum fyrir, að henni fannst hún varla geta

staðið upprétt, og svo var nú. Henni kom til hugur, að nú væri enginn hlíður eiginmaður, sem tæki um hönd hennar og segði henni, hve mikið honum þætti til hennar koma, leiddi hana inn í salinn og gerði hana kunnuga gestum. Hún varð að ganga þangað ein. Aftur fólst henni hungur, en svo reyndi hún að herða sig upp.

"Þetta dugar ekki, ég kærir mig ekki um, að allir viti, að maðurinn minn ekki elskar mig, og ég vil að Allan sjái, að ég jafnast á við þá, er hann tapaði 14. júní. Og eftir að henni hafði dottið þetta í hug, gekk hún inn í gestasalinn, róleg og tignleg. Enginn sá, að hjerta hennar sló hratt og órólega.

Hertoginn af Granton þús yfir hana lofsvrðum. Honum þótti ávalt mikið koma til friðra kvenna, en engi hafði hann síð eins friða og Lady Adalheiði. Hún sá meim sinn mitt á meðal gestanna. Bara að hann hefði sagt að eins eitt lofsvrði um hana, hversu mundi þá ekki alt hata litid hjartara út í augum hennar. Henni fannst hún verða þreytt, og hana langaði svo í burtu frá öllum þessum glæm. En hún fékk engan tíma til að hugsa um það, því nú áttu meim að ganga skriðgöngu inn í danssalinn.

Lord Caren leiddi hertoginnna af Granton, en hertoginn af Granton leiddi Adalheiði. Þau gengu inn í hina stóru málverkastöfn, sem var ein af þeim fallegustu á öllu Englandi. Og hertoginn hvíslaði að Lady Adalheiði, að engin af öllum þeim kommu, er myndirnar sýndu, væri hálft svo fögur sem hún. En það var sem hún gæfi því engan gamn, hún hvorki roðnaði né léit til jarðar, og hertoginn næstma þótti fyrir, er henni fannst svo litid til þess koma. Þau dansuðu saman fyrsta dansinn, og hún var mjög fegin þegar hann var úti. Henni þótti ekkert varið í hertogann og lof hans. Hinn einmaður, sem hana langaði til að vera saman með.

gekk a milli gestanna og hugsaði ekki einn sinni til hennar.

Hertoginn vildi varla skilja við hana, honum fannst svo mikil til hennar koma, og hefði helst viljað vera við hlið hennar allt kveldið.

"Lady Aðalheiður, þér eruð eins fölsk og allur þeimurim", sagði einhver við hlið hennar í ásakandi rón. Og er hún leit við sá hún kašteín Randolph standa hjá sér.

"Í hverju er ég fölsk?" spurði hún kuldalega.

"Þér gefið hertoganum öll bros yðar, en ég fæ argin".

"Ékki veit ég neitt til þess, en ég varð að dansa við hann kerteisinnar vegna"

"Ég vildi óska, að allir hertogar Englands væru komnir í Randahafið", sagði kašteinninn ergilegur.

"Það væri leiðinlegt, þá drukundu svo margir ágætismaun. Ég get ekki skilið þvílíka ósk".

"Þykir yður hann skemtilegur, Lady Aðalheiður?"

"Hver?"

Hertoginn náttúrlega. Kvenfólki finnst allt af svo mikil til allra hertoga koma".

"Ég er alveg forviða á, hvernig þér talið", sagði hún alvarlega, en kašteinninn blóðroðnaði. "Ég hef ekkert farsað um, hvort mér list á hann eða ekki".

Hún stóð þar róleg og alvörugefin, hátt upphafin yfir jafn hégóinleg spursmál og kašteinninn flutti.

"Það er komninn meðfætt að þína", sagði hann. Hún leit hálfhrædd framan í hann.

"Það er þó ómögulegt, að hann tali nokkurt heimskuhljal við mig, þegar hann veit að ég er gift", hugsaði hún með sér, en blóðið hljóp fram í kinnar hennar og hjartað sló harðara, er hún hugsaði út í

að hann vissi svo mikið um, hvernig sambúðin var mill: lávarðarins og hennar. Hann vissi að hún var gift, og að maður hennar ekki elskaði hana, — þótti ekki einu sinni neitt til hennar koma, og að hann var sú eini, sem enga eftirtekt veitti henni. Hann vissi, að margir dagar liðu, án þess þan töluðu orð saman. Að hún hafði alls engin áhrif á hann. Hún var einmana í allri sinni dýrð. Hann vissi alt þetta, og þó myndi hann ekki voga, að segja neitt vitleysis þvaður við hana".

"Lady Adalheiður, þér lofuðuð að dansa þennan dans við mig", sagði hann. Hún leit til hans.

"Ég skal dansa við yður, ef þér lofuð að tala skýsanlega".

"Ég skal gera alt, sem þér viljið". Og hann hugsaði með sjállum sér, að það væri ekkert til í heiminum, sem hann vildi ekki gera fyrir hana, hann kandi svo í hrjósti um hana, hún var svo yndisleg, blíð og einmana.

Hertoginn hafði veitt þeim nána eftirtekt. "Kafteiminn er ástfanginn í Lady Adalheidi, það er auðsjáanlegt", hugsaði hann. "Hvar er maður hennar?" Ná datt honum í hug, að hann hafði ekki séð Lord Caren tala eitt einasta orð við hana. "Þeim hefir vist sinnast", hugsaði hann, "þó það sé ólíklegt, þau sem eru nýgift". Hann hugsaði sér að svara forvitni sinni, og nokkrum síðar gekk hann til Lord Caren. "Ég hef ekki óskað yður nagilega til hamingju, Lord Caren, með þinni elskuverðu og sögru konu yðar".

Lord Caren hneigði sig að eins. Hertoginn sagði einhver fleiri tofsyrði um konu hans, en hún að eins samþykkti það, og hertoginn hugsaði með sér: "Ég hafði rétt fyrir mér, ekki er alt sem skyldi á Brookland, og ég vildi gjarnan vita, hvernig í öllu liggur".

XXIII. KAÐTULI.

Þótt Lord Caren rétt tæki undir við hertogann, þegar hann hrósaði komu hans, gladdist hann þó með sjálfum sér yfir því, að hún vakti svona mikla eftirtekt. Hann gekk yfir þveran salinn og þangað sem hún sat. Hún var að tala við hertogann af Granton, og lávarðurinn horfði lengi á hana með mestu aðdánn. Hann hlaut að viðurkenna, að hún að öllu leyti hafði fullkomna fegurð til að bera, og leit út eins og tigulegasta drottning. En þó að hann með sjálfum sér hugsaði að hún ætti hvergi sinn líka, þá var svo langt langt frá, að hinn minsti snefill af ást gerði vart við sig í hjarta hans. Á meðan hann stóð kyr og horfði á hana, kom einhver og kallaði á hertogann. Strax og kaftenn Randolph sá Lady Adalheidi sitja eina, gekk hann til hennar. Þr andliti hans skein bæði unhyggja og virðing fyrir henni. Hann laut niður að henni og sagði nokkur orð og hún leit upp brosandi. Kaftenninn sagði eitthvað aftur, og hún brosti á ný. Svo stóð hún upp og gekk í burtn. Yfir andlit lávarðarins sveif dinnur skuggi. Hann elskaði hana ekki, en hún bær hans nafn, hún var konan hans og tilheyrði honum, -- enginn annar mátti skifta sér af henni hið alla minsta.

Hún var aftur orðin ein. Honum fannst hann geta lesið út úr andliti hennar, hve einmanaleg og hrygg hún var. Hann kendi í brjósti um hana. Hann var alis ekki vondur maður. Hann gekk beina leið til hennar.

Aldrei gleymdi hann þeirri gleði, sem lýsti sér í andliti hennar, þegar hún sá hann koma. Hann

varla vissi, hvernig á því stóð, að hann sagði: "Viltu dansa við mig, Adalheiður?"

Hún stóð strax upp. "Já, með mestu ánægju", sagði hún. Hann næstum skall, þegar hún lagði hendi sína á handlegg hans, það var í fyrsta sinn síðan þau höfðu gengið frá altarinu hinn ógæfusama dag, er þau höfðu gífst.

"Ég held, að allir skemti sér vel", sagði hann.

Það var svo nýtt fyrir hana að tala við mann sinn, að hún tapast trúði því, að svo væri, og hún vissi varla hverju hún svaraði.

"Hvaða dans er mest?" spurði hún blátt áfram. En nú lýfjæði valz. Hún leit hálfhrædd framan í matu sinni.

"Ef þér viljið ekki dansa valz við mig, Lord Caren, bá get ég beðið þangað til næsta dans".

Hann næstum hitnaði um hjartaræturnar er hann sá, hve auðmjúk og eftirgefuleg hún var, og hve ljóslega hún gað í skyn, að hún vissi, að hann ekki elskaði hana.

"Ég vil gjarnan dansa valz við þig, ég hef tekið eftir því, að þú dansar mjög vel".

Hún fékk megnan hjartslátt, og nú lagði hann handlegg sína um mitti hennar og þau dönsuðu af stað. Henni fannst, sem væri hún í öðrum betra heimi henni sýndust ljósin bjartari, blómin fegri. Hún elskaði þennan svo heitt.

"Þannig vindi ég deyja", sagði hún og stundi af sælu.

"Ertu þreytt?" spurði lávarðurinn.

"Nei, ekki það allra minsta", sagði hún.

"Nú fer hann frá mér strax aftur og talar aldrei jafn hlýlega til mín aftur", hugsaði hún. Þau dönsuðu þar til valsinn var úti, þá leit hún framan

hann, og hann sá, að hún ætlaðist til, að hann segði einhver vingafruleg orð við hana, og hann gat ekki að sér gert að segja: "Mér hefir verið regluleg ánægja að þessum dans".

"Mér þykir svo vænt um það", mælti hún. "Ég hef aldrei hugsað um, hvort ég dansaði vel eða illa, en framvegis skal ég æfa mig betur". Hann gat ekki annað en brosað að, hversu barnsleg hún var.

Rétt á eftir sagði hann: "En hvað þessir demantar fara þér vel, Aðalheiður".

"Sýnist þér það? En hvað það gleður mig".

Hann ætlaði að fara að segja einhver fleiri hlý og vingafruleg orð við hana. Hann ætlaði að halda lengur um hina litlu hvítu hönd hennar, gleðja hjarta hennar með þeim orðum, er undi aldrei gleyma, — en þá kom honum í hug þetta sama gamla: Hún átti hann á móti vilja hans. Hún notaði óréttláta erfðaskrá til þess að neyða hann til að eiga sig. Hún vildi verða Lady Caren, en hugsaði ekkert um hans eigin hamingju, og þessi hugsun rak í burtu allar blíðar og hlýjar tilfinningar hans gagnvart henni. Hann sneri sér við og hún sá strax breytinguna, sem á honum varð, og henni faust, sem hníf væri stungið í hjarta sér.

"Ég sé, að hertoginn er ein", mælti hann þurlega, "ég verð að fara til hennar." Hún sagði ekkert. Það var sem nokkurs konar angist gripi hana. "Það verður alt af við það sama", hugsaði hún. "Aldrei mun hann elska mig, öll von er úti. Öll mín viðleitni er til ónýtis".

Í því Lord Caren gekk yfirum salinn, hugsaði hann: "Ég hefði elskað hana, ef hún hefði ekki átt mig á móti vilja mínum".

"Ég held, að Lord Caren elski ekki konu sína", sagði hertoginn við konu sína.

"Ég skil ekkert í því", sagði konan hans. "Aldrei hefi ég talað við jafn skeintilega og velmentaða konu sem hana".

"Ég skil það ekki heldur", sagði hertoginn, "en ég er viss um, að ég hefi rétt fyrir mér. Hann einasta ólskar hana ekki, það er svona rétt að hann getur fengið af sér að tala við hana".

Hertogainnan stundi við. Hún var langt frá að vera ánægð, en hertogann þótti þó vænt um hana. Hún sárkendi í brjósti um Aðalheiði, því það yar deginum ljósara, að maður hennar skifti sér ekkert af henni.

Á heimleiðinni hugsaði hún sér, að hún skyldi reyna að nálægja þau hvort annað, eftir því sem hún gæti. Hún vissi ekki, að aðrir höfðu reynt það að árangurskansi.

"Mér gæðjast ekki að hinum unga kašteini Randolph", sagði hertoginn eftir nokkra stund. En kona hans brosti.

"Hann er að vísu kvenhollur, en allir vita, að hann er ekki hættulegur".

"Hann er nú ástfanginn fyrir alvöru", sagði hertoginn. "Hann er ástfanginn í Lady Aðalheiði".

"Það hefir litla þýðingu fyrir hann", sagði hertogainnan. "Ég get lesið í andliti manna, hvað í þeim býr, og Aðalheiðar er eitt af þeim sem má treysta".

"Já, en maður hennar sýnir henni kulda og afskiptalaysi, og hún er img. Ég er hræddur um, að einhverntíma komi það fyrir á Brookland, er okkur tellur mjög illa að heyra"

XXIV. KAPÍTULI.

Vesizlan var liðin og gestirnir fórn nú að smá-
tínast í burtu. Lady Kan var sú fyrsta, sem fór.
Alisu langaði til að vera á Brookland á meðan ka-
steinninn var þar, en móðir hennar sagði: "Það
hefir enga þýðingu, dóttir góð. Mér leilir kašteinn-
inn vel í geð, en ég held hann hugsí ekkert um þig.
Láttu hann sakna þín, og þá getur verið, að honum
lærist það".

Lady Kan sá, að dóttir hennar elskaði kastein
Randolph. Hún óskaði einkis fremar, en sjá hana
ánagða, en hún gat í þessu efni ekkert hjálpað henni.
En hún hafði rétt fyrir sér. Þegar þær voru farn-
ar, saknaði kašteinninn Alisu, og hugsaði nú meira
um hana en áður. Lady Caren hugsaði sig lengi
um, hvort hún ætti að hverfa heim til sín eða ekki,
og hún spurði Lady Die ráða.

"Ég veit ekki, hvað ég á að gera", sagði hún.
"Þó ég verði hér áfram, þá veit ég ekki með hverju
ég á að sameina þau, en ef ég fer í burtu gæti skeð
að þau lærðu þess fremur að skilja hvort annað.
Hvað haldið þér, Die?"

"Ég held, að þau elski aldrei hvert annað, og ég
álit að það sé Allan að kenna. Aðalheiður er fög-
ur og blíð og eftirlátssöm, því í ósköpunum elskar
hann hana ekki?"

"Já, það er óskiljanlegt", sagði Lady Caren.

"Hann ætti að hugsa út í, hvað ung hún er",
sagði Lady Die enn fremur, "og hve fögur hún er.
Hann getur þó ekki ætlast til, að hún gangi gegnum
lífið án þess að njóta ástar og umhyggju. Hún er
að vísu hrein og saklaus sem engill, en hann ætti að

göta séð, að þeir menn eru til, sem kunna að meta legurð og hæfileika hennar".

"Við skulum vona hið besta", sagði Lady Caren. En með hverjum degi sem leið, varð hún órólegri. Hún ásetti sér að fara heim til sín. Hún talaði lengi við Adalheiði, og spurði hana, hvort henni lík aði betur, er gestir voru á Brookland eða ekki, en Lady Adalheiður sagðist helst vilja, að engir gestir væru þar. Lady Caren hélt því heim til sín. Næst á eftir henni fór Sir Guy og kona hans. Lady Die ásetti sér að tala alvarlega við Lord Caren áður en hún færi, og einn morgun hitti hún hann einan í bókaherbergi sínu.

"Allan", sagði hún, "við höfum alt af verið sem systkini, og ég vona þú reiddist mér ekki. Þó ég segi blátt áfram það sem mér býr í brjósti áður en ég fer hédan. Þér vanrækið konu yðar, Allan. Hún er sú besta og inndelasta kona, sem ég þekki. Þér sýnið henni afskiptaleysi, hugsid ekkert um hana. Þér hafið þó engan rétt til þess, það er óréttlátt, það er ljótt, og þér meir en sjáid það sjálfur".

Hefir Adalheiður kvartað undan mér við yður?"

"Nei", sagði hún með tárin í augunum. "Én haldið þér að ég sé blind?"

"Lei ég vona ekki, en má ég spyrja yður að einu. Hefur Adalheiður ekki nafn mitt og er hún ekki húsmóðir hér á Brookland.

"Jú", sagði Lady Die, alveg forviða.

"Trúid mér, Die, einasta vegna þess giftist hún mér"

"Lady Die aptí upp yfir sig af reiði. "Þér hafið, Allan, hræðilega rangt fyrir yður. Hún elskar yður af öllu sínu hjarta".

Hann hló háðslega. Segið þér ekki þetta, Die, hún hefir alt, er hún óskar sér".

"Þér eruð skammarlega ósanngjarn, Allan. Ég

get fullvissað yður um, að engin 16 ára gömul stúlka elskar minnsta sinn eins heitt og Aðalheiður elskar yður. Ég hafi veitt henni nákvæma eftirtekt, og ég er viss um, að hún elskar yður af öllu hjarta".

"Þetta er að eins myndan yðar, Die. En úr því yður er svona ant um mig, get ég sagt yður, að á milli mín og Aðalheiðar hefir aldrei verið um ást að ræða."

"Þér ættuð að skammast yðar að tala svona!" hrópaði Lady Die. "Verið þér eins kaldur og tilfinningarlaus, sem yður lystir, en ég er viss um, að Aðalheiður elskar yður." Ég hafi séð hana títra, er þér komuð nálægt henni. Hún roðnar, er þér talið við hana. Þér eruð blindur, ef þér sjáið þetta ekki, Allan".

"Ég gæti hreinsað mig undan öllum þessum ákærum, ef ég vildi, en ég ætla samt ekki að gera það. En ég vil ráðleggja yður, Die, að blanda yður aldrei frammar inn í málefni milli hjóna, sem yður kemur ekkert við".

Lady Die hafði ekkert upp úr samtalinum við Lord Caren, annað en það, að upp frá þessu varð mjög kalt á milli þeirra. Hún kvaddi Lady Aðalheiði hjartanlega, en ekki þekti hún frekar hugsanir hennar þegar hún fór frá Brookland, en daginn sem hún kom þangað.

Kafteinninn fór síðast frá Brookland. "Ég vildi hafa verið hér kyr", sagði hann við Lady Aðalheiði. "Vera mín hér hefir umbreytt mér, og aldrei mun ég gleyma henni, og þér megið heldur ekki gleyma mér, Lady Aðalheiður".

Hún brosti vingjarnlega, en það var sem hugur hennar væri langt í burtu.

D

"Ég skal ekki gleyma yður", sagði hún blátt áfram".

"Ég mun verða betri maður, ef ég veit að þér

hugsið til mín og haldið spurnum fyrir um mig, — ekki svo að skilja, að ég hafi verið vondur maður", bætti hann við, "en síðan ég kyntist yður, lit ég á alt með öðrum augum en áður".

Hún leit hlýlega til hans. "Ef ég hef haft góð áhrif á yður, þykir mér mjög vant um það".

Hann spurði hana, hvort hann mætti heimsækja þau, þegar þau kæmu til London, og hún játti því, og svo kvöddust þau. Það var sem Lord Caren yrði feginn, þegar hann var farinn. Þó hann ekki sjálfur elskaði konu sína, þá máttu þó ekki aðrir gera það.

Nú voru þá hjónin aftur orðin ein. Sama dag, sem kaiteinninn fór, sagði Lord Caren við konu sína: "Úr því að engir gestir eru hér lengur, er þá ekki best að við tökum upp sönnu háttu og fyr, Adalheidur?"

N

Hún hneigði sig, en svo leit hún framan í hann, og í augnaráði hennar lá meiri ásökun en orð geta lýst.

"Rétt eins og þér sýnist", flýtti hún sér að segja, "ef þér þóknast að breyta einhverju svo segðu til".

"Nei, ég þarf engu að breyta", sagði hann, en hann hugsaði með sér: "Að Die skyldi halda að þessi manneskja elskaði mig!"

"En hefði hann séð konu sína rétt áeftir að hann fór út úr herberginu, hvernig hún stóð þar með samt-anlagðar hendur og horfði á þau blett, sem hann hafði staðið á, og ef hann hefði heyrt að hún sagði: "Með hverjum degi verður von mín veikari, aldrei get ég unnið hann", — þá hefði hann kannske sannfærst um, að Lady Die hafði ekki haft svo raut fyrir sér.

W

Og nú varð þá alt eins og það hafði áður verið á Brookland. Margur dagurinn leið svo, að þau sáu ekki hvort annað. Fólki út í frá sagði, að eitthvað

gengi að Lady Aðalheiði. Hún var svo fól og óánægjuleg. Það var að eins sá minur á, að nú hugsaði Lord Caren varla nu annað en komin sína, þar sem honum hafði traumast komið hún til hugar áður, — nú þekti hann hana betur. Hann hafði tekið eftir legurð hennar, og hve miklum hæfileikum hún var gædd, að allir dáðust að henni, og hann vissi að hún var hreinskilin og sakleysisleg. Í um skildi ekkert í því, af hverju hún hefði átt hann þvert á móti vilja hans. Hann hugsaði um það frá öllum hlidum, en gat enga ráðningu fundið. Hann sá, að það gat varla verið af því, að hana laugadi svo mjög til að verða Lady Caren, því hún var reiðubúin til að yfirgefa stöðu sína nær sem væri. Hann hugsaði um þetta nótt og dag. Hún hefði mátt vera ánægð með það hefði hún vítað það. Ált var betra en hið rólega tillitniugarleysi, sem hann áður hafði sýnt henni.

Þannig líð tíminu til jóla. Á jólanorgunum rétti lávarðurinn heimi hönd sína og bað henni gleðileg jól. „Við verðum nú að undirbúa okkur undir jólaheluhöðin, og hvenær eigum við að flytja til London?“

„Hvenær sem þú vilt“.

„Getum við flutt í lok apríl?“

Hún játti því.

„En við þurfum ekki að tala um það núna, Lord Caren. Þú hefir nú verið mjög góður mér, og það er engin þörf á, að ég noti mér góðsemi þína lengur. Við höfum nú verið það lengi saman, að við getum gefið einhverja sennilega ástæðu fyrir því, að við skiljum eins og við höfum talað um“.

Hann sneri sér snögt við. „Við skulum ekki tala um það núna“, sagði hann.

Síðustu dagana af apríl settust þau að í London.

XXV. KAPÍTULI.

Í stórum, skrantlegum sal í London, þar sem alt má fá fyrir peninga var samanhringað dýrum málverkum, myndastyttum og alls konar skranti. Í þessum sal sat kona svo fögur, að ætla mátti, að þangað væri komið lifandi eitt af hinum fögru grísku líkneskjum. Á salnum voru fjórir stórir gluggar, er allir sneru út að Hyde Park. Konan var skrantlega klædd. Hún virtist vera þreytt, því hún hálflokaði augnum þreytulega, ef það kom fyrir að hún opnaði þau, lét hún þau strax aftur.

Hún hringdi rétt í þessu litilli silfurklukku, sem stóð á borði við hlið hennar. Hendi hennar var fögur og hvít sem mjör og á fingrunum bar hún margar dýrmæta hringi.

Lagleg frönsk þjónustustúlka kom nú inn.

"Hvar er blávangurinn minn?" spurði hún fagra kona með hljómskjerri rödd. "Hefi ég ekki oft sagt yður, Heloise, að þér afdreí megid gleyma að kera mér hann?"

"Ég hélt hertogainnan hefði hann, en ég skal strax sækja hann" ákti stúlkan.

Að örmu spor kom hún aftur með skrantlegan blávang. Skafinn var alt sett gimsteinum, en í vængnum voru fjórir af mjög sjaldgæfum fuglij

"Fékk ég nokkur bréf með póstinum?" Stúlkan fór strax að vita um það, og kom skjótt aftur með mörg bréf á silfurbakka. Hertogainnan leit fljótlega yfir þau, lagðist síðan niður í legubekkin og lokaði augnum.

"Madama Guisar hefir sent yðar náð hirðbúning,

óskið þér að sjá hann?" spurði stúlkan. Hin fagra kona opnaði ekki augun, en sagði stúlkunni að koma inn með húninginn. Hún gerði svo, og hertogainnan fékk þar kjól, sem hver drottning mundi vera fullsæmd af.

Heloise lagði hann þannig, að sólin skein á hann "Hann er mjög fallegur og ég vona að yðar náð sé ánægð með hann".

"Ég held hann dugi", sagði hertogainnan, og svo lét hún aftur augun.

"Hvað skyldi það annars vera, sem húsmóðir minni geðjast að?" hugsaði stúlkan með sér.

"Farðu burt með hann", sagði hertogainnan.

Stúlkan ætlaði nú út, en mætti fyrir utan þjóni, sem kom með boð frá hertogaunni um, hvort hertogainnunni þóknaðist að taka á móti honum.

"Segið hertogaunni að ég sé ein í salnum", mælti hún kuldalega. Heloise ætlaði að fara út, en hertogainnan sagði henni að vera kyrr og taka burtu öll visin blöð af blómunum.

Stúlkan roðnaði, hún vildi ógjarnan vera viðstödd, er þau töluðust við. "Hvað var hertogainnan að tanta fyrir minni sér? Eitthvað mun leiðindi og hvernig hún ætti að lifa þessu lífi".

Nú gekk hertoginn af Ormont inn í salinn. Hann var hár, tiguglegur gamall maður. Hár hans var hvítt, en höfuð sitt bar hann sem stoltasti konungur. Þrátt fyrir aldur hans var eitthvað það i allri framkomu hans, sem vitnaði um mikilmensku og höfðingsskap. Það var sem væri hann fæddur til að skipa og stjórna. Svipur hans var hreinn, og aldrei hafði ein einasta lá eða óheiðarleg hugsun komið i huga hans. Í æsku hafði hann verið með hinum friðustu og þrúðustu mönnum á Englandi. Þegar hann kom inn, virtist hann vera forviða að sjá þjónustustúlkuna inni.

"Ég hélt þú værir hér ein, Nita".

Hún sneri sér huið eitt til hlíðar. "Farið þér út, Heloise, þér getið gert þetta seinna. Svo stundi hún, eins og hún átti vanda til, ósegjanlega þreytu-lega.

Hertoginn stóð kyr þangað til stúlkan var gengin út. Honum kom ekki til hugar, að hún hafði látið stúlkuna vera inni til þess að þurfa ekki það hlusta á bliðmali hans. Þegar þau voru orðin ein, kysti hann á hendi hennar og sagði: "Nita, á morgun rennur upp þýðingarmikill dagur fyrir þig".

"Þú átt víst við, að ég verð gerð kunnug við hirdina", sagði hún kuldalega.

"Já, ég er hræddur um, að þér hafi leiðst. Þú ert ung og elskar líf og gleði. Þéttir daginn á morgun þarftu varla þessa leiðindinu.

"EKKI það".

"Nei, þú veist, að nafnfræg. Innan fjöggra daga verður nafn þitt allra vörum, það fullvissa ég þig um".

Hún lét enga ánægju í ljósi yfir þessu, heldur stundi hún og lokaði augnum enu þá betur. "Setjum svo, að ég verði sú, sem mest lofið fær, hvað gagnar mér það?" hugsaði hún.

Hertoginn dáðist með sjálfum sér að rósemi komu sinnar. Samt hefði honum fundist náttúrlegra, að hún hefði glæðst, og sýnt orðum hans meiri eftirtekt.

Hann lagði nú nokkrar litlar öskjur á borðið. "Þetta eru gimsteinar ættarinnar", sagði hann. "Einnu sinni átti þá voldug drottning, en aldrei hefir legri kona borið þá en þú, elskaða Nita".

Meðan hann talaði, opnaði hann öskjurnar, gimsteinarnir voru báði stórir og mjög fagrir. Hertoginn rétti henni þá og hneigði sig mjög djúpt fyrir

henni. Hún tók á móti þeim með hinni sömu ró og tilfinningarleysi, sem hún hafði áður sýnt honum.

Hann beygði sig niður og kysti hönd hennar. Hún dró hana að visu ekki frá honum, en auðsjáanlegt var, að henni var ekki um það gefið.

"Elskulega Nita, lofaðu mér að óska þér langra, gleðilegra lífdaga, svo þú sem lengst getir borið þessa gimsteina. Ég vona að þér líki vel umgerðirnar?"

"Ég held að þér séu eins og þér eiga að vera", sagði hún, og ekki þakkaði hún honum öðruvísi fyrir þessa skrautgripi, sem hver þjóðhöfðingi var fullsæmdur af.

"Nita", sagði hann og laut niður að henni, ég atlast ekki til að þú þakkir mér með orðum, en það er annað, sem ég óska eftir".

Hann vonaði að hún myndi kyssa sig en sú von brást.

"Hvers óskar þú?" spurði hún.

Hann færði sig fjar. "Ég óska einkis", sagði hann í breyttum róm. Eðginnu dáðist meira að stolti og tíuguleik, en hertoginn af Ormond, en honar kona hans átti hlut að máli og beitti fálæti og um fanst ekki svo sérlega mikið til þess koma, þegstolti gagnvart sjálfum honum.

Það voru liðnir þrír mánuðir síðan hertoginn af Ormond, einn af helztu aðalsmönnum Englands, gekk að eiga hina fögru greifainnu Júanítu af Silvara. Þau höfðu fram að þessum tíma dvalið á meginlandinu. Nú voru þau best að á Ínglandi, og nú átti hún að gerast kunnug við hirðina.

Arnjotur B. Olson

Arnaldur P. Olsen

XXVI. KAPÍTULI.

Hertoginn var genginn út, hann undradist hve-
leið henni þótti til hinna fögru gimsteina koma, en
þó undarlegt virtist vera, þess meira dáðist hann að
henni.

Nokkra stund sat hún alveg kyr, en ekki leið á
löngu fyr en tár streymdu niður kinnar hennar.

"Hvað ég gat verið blind og heimsk!" hrópaði
hún. "Ég bað um brauð, en lét mér svo nægja
stein. Get ég, sem hefi hjarta sem logandi eld, lát-
ist elska þó hjartað þyrsti eftir ást?"

"Ég var viti mínu fjær, að ganga að þessum
ráðahag, þó hann væri álitinn sá bezt og göfugasti
á öllu Englandi". Hún henti gimsteinum frá sér.
"Ég gæti trampað þá undir fótum mér, mér væri
mesta ánægja, að mylja þá ögn fyrir ögn, og sýna
honum þannig, hversu mikið ég met alla gripi hans".

Hún stóð nú á fastur og gekk til og frá um her-
bergið. Hún líktist helzt gyðju haturs og reiði, hún
reigði höfuðið aftur, munnurinn stóð hálfopin, í
augnum hennar brann eldur, og hendurnar kreisti hún
svo fast saman, að fœr komu undan nöglum.

"Ég hugsaði, að ég gæti lifað glöð og ánægð, ef
ég hefði nafnkætur, auð og metorð, en ég hefi getið
skakt til, — hjarta mitt hrópar svo hátt eftir ást og
sælu, að ég næstinn hræðist sjálfa mig. Hvernig á
ég að lifa því lífi, sem ég lífi? Hvernig á ég að fá
hina löngu, leiðinlegu daga til að lifa? Ó, að ég
væri dauð!" Og þessa síðustu setningu marg end-
urtók hún. Þó hafði hún alt, sem hún óskaði eftir,
og auður getur veitt.

Nú kom Heloise aftur inn og hún ætlaði ekki að geta haft angun af gimsteinunum.

"Hvað viljið þér?"

"Maðrinn, sem á að laga hár yðar, er kominn og óskað þú vita, hvenær hann á að koma á morgun".

Hertogainnan ákvað tímann og Heloise ætlaði að fara, en hertogainnan sagði henni, að taka gimsteinana með sér. "Láttu þá í gimsteinahyrzlu mína", sagði hún. En hún talaði ekkert um það, að Heloise skyldi gæta þeirra, eins og jafudýrir gimsteinar og göfugir ættargripir áttu þó heimtingu á.

"Aldrei hefi ég þekt neina þvilika hertogainnu", hugsaði stúlkan með sér. "Skyldi vera hægt, að útvega það, sem henni lízt á? Henni er fæður húnungur, sem hælir hverri drotningu, en hún lítur varla á hann. Hún fær gimsteina, sem hver prinsessa gæti verið stolt af að bera, en hún virðir þá ekki meira en duftið, sem hún gengur á. Ég hefði gaman af að vita, hvað henni getur geðjast að.

Þegar stúlkan var gengin út, fór hertogainnan að hugsa um alt það lof og hrós, sem hún myndi fá. Hún þóttist vita, að öllum myndi þykja hún miklu fallegri, en hinar ljósharðu, rólegu ensku stúlkur. "En hvi skyldi mér ekki standa á sama?" hugsaði hún svo.

Aftur opnaðust dyrnar og Lady Montfalcon kom inn. Hún heilsaði hertogainnunni með handabandi.

"Hvað gengur að yður?" spurði hún. "Þér ernd svo þreytulegar að sjá. Þér verðið að ná yður fyrir morgundaginn".

Lady Montfalcon var um þessar mundir drotning samkvæmislífsins í London. Hún var ekkert frbærlega fögur, en hún var höfðingleg í allri framgöngu og mjög tíguleg. Að vera í kunningsskap við hana, var lykillinn að öllum æðstu samkvæmum í London.

Orð hennar voru lög, tæki hún eitthvað nýtt upp, varð það strax í móð. Ef hún talaði niðrandi um einhvern, átti sá hinn sami ekki uppreisnar von á meðal aðalsfólksins í London.

Lady Montfalcon braut aldrei á móti þeim reglum, sem hún hafði einni sinni sett sér. Einn af þeim var, að gera enga konu kunnuga við hirðina, nema að hún væri svo fögur, að hún sjálf fengi hrós fyrir, að koma með hana á samkvæmin. Að vera gerð kunnug af Lady Montfalcon, var sama og vera fræg fyrir fegurð. Ef það fréttist, að hún atlaði að koma með konu með sér, vakti það mikið umtal. "Ný fegurð", sögðu piltarnir hver við annan. "Nýr keppinautur", sögðu stúlkurnar. Engum þýddi, að biðja Lady Montfalcon um, að gera sig kunnuga, ef hún var eins og fólk er flest. Þegar hertoginn af Ormont bað hana að gera hina ungu konu sína kunnuga við hirðina, leit hún þrosandi til hans og sagði: "Þér vitið, hvað fólk segir viðvikjandi reglum minum".

"Ég óttast það ekki", mælti hann. "Ég get sagt yður án þess ég skrunni nokkuð, að ég held í fullri alvöru, að hún sé hin fegursta kona í öllu Englandi".

"Þá er alt gott", sagði hún. Og þegar henni svo var sýnd hin unga hertogainna, óskaði hún sjálfri sér til hamingju með þann sigur, sem hún nú skyldi vinna. "Engin verður eins fögur og hún", hugsaði Lady Montfalcon. "Við höfum nóg af ljósum fögrum konum, en hertogainnan af Ormont mun skina meðal þeirra sem stjarna um heiðskira nótt".

Allir voru mjög forvitnir eftir að sjáa undanfögru konu. Lady Montfalcon hefði verið ánægðari, ef hertogainnan hefði látið meiri gleði og áhuga í fösi, en hún nú gerði. Ín þetta var samt nýtt fyrir

hana, og hún gat ekki annað en dáðst að tíguleik hinnar ungu hertogainnu.

"Það verður fjarska margt fólk þarna" sagði hún. Allir eru næstum viti sínu fjær eftir að sjá yður. Þér verðið vonandi ekki feimnar, þó fólk horfi á yður?"

"Nei", mælti hertogainnan rólega. "Það megið þér vera vissar um, Lady Montfalcon".

Lady Montfalcon spurði nana nú um búning hennar og gimsteina, og hertogainnan svaraði öllu þessu svo rólega og hugsunarlaust, að Lady Montfalcon að síðustu hálfreiddist.

"Þér fáið keppinant á morgun, hertogainna, og fólk segir meira að segja, að hann verði hættulegur".

"Mér þykir ekkert að því".

"Lady Aðalheiður Careu kemur til hirðarinnar, og verður gerð kunnug þar. Mér er sagt, að hún sé frábærlega falleg".

Hertogainnan fölnaði upp, varinnar sýndust næstum blóðlausar, hendur hennar skulfn. Hún stóð samt upp jafuróleg og hún átti að sér.

Ilmuriinn af þessum blónum er of sterkur fyrir mig, ég vil helst aldrei hafa Heliotroper inni í húsi. Hvað vornð þér að segja um keppinant minn, Lady Montfalcon?"

Maður hennar er lávarður Careu á Brookland, einhver rikasti og gáfaðasti maðurinn á öllu Englandi. Ég held hún hafi verið fósturdóttir föður hans".

"Verður hún gerð kunnug við hirðina á morgun?" spurði Nita seinlega.

"Já, ég hef séð gimsteina hennar. Þeir eru hinir skrautlegustu, þér megið ekki standa henni að baki í því tilliti. Það virðist þó, sem yður standi á sama um allt þetta".

Hertogainnan roðnaði. "Ég er ekki hugsunar-

laus", sagði hún. "Það er sem þér segið, það dugir ekki, að ég standi á baki neinni á morgun, þér megid alveg reiða yðnr á mig. En er þessi Lady Adalheidur Caren eins falleg og sagt er?" spurði hún hugsandi, og rödd hennar lýsti nokkurs konar hrygð, en Lady Montfalcon tók ekkert eftir því.

"Já, það held ég", sagði Lady Montfalcon, "ég hef heyrt svo marga tala með meiru aðdæmi um hina frábæru fögurð hennar, en ég hef því miður ekki séð hana".

"Hún er víst ung og hamingjusöm? Elskar maður hennar hana heitt?"

Lady Montfalcon hló hjartanlega. "Hvers konar spurning er þetta? Ég get ekki svarað henni. Þetta er sú síðasta spurning, sem ég spyrði nokkurn manni um".

Hertoginn ræðnaði. "Ég skil ekkert í, hvers vegna ég spurði um það".

"Úr því hún er ung og fögur, tel ég víst, að maður hennar, Lord Caren, elski hana. En, mín kára hertogaimma, ást eiginmanna er stundum ekki langvarandi".

Skömmu eftir þetta fór Lady Montfalcon.

Nú var sem hertogaimnan vaknaði af dvala, allt tilfinningarleysi hennar var nú horfið á svipstundu. Maður hennar og þjónustustúlka gátu verið ánægð yfir því, hve mikið athygli hún veitti nú búningi sínum og ginsteinum. Hertoginn brosti, þegar hann sá breytinguna, sem á henni varð. "Hún hefir nú ginsteinna æðis, sem allar konur fá fyr eða seinna", hugsaði hann.

"Áður hafði hún ekki litið á hirðbúning sinn, en nú stóð hún tímum saman og horfði á hann. Hann varð að vera eins skrautlögur og hægt var, enda var hann það. Hún hafði alveg gleymt Monsieur Anatole, manni þeim, sem laga átti hár hennar eftir nýj-

asta móð. En nú varð hann alt í einu að þýðingar-
mikum manni í augum hennar. Enginn gat gert
henni til hæfis. Þeir, sem áður höfðu undrast yfir
fálæti hennar, dáðust nú að fyndni hennar og glað-
varð. Sama kveldið var hún svo hlýleg og ræðm
við mann sinn, að hann komst í sjöunda himinn.
Hún var hún litillátasta við alla, sem ekki var þó
vani hennar, — og orsökina til alls þess var sú, þó
hún ekki vildi kammast við það, að hún átti von á,
að sjá hann aftur.

Hún hafði treyst of mikið á viljakraft sinn. Líf
hennar hafði verið rólegt og tilbreytingalaust, þag-
að til hún kynst Caren lávarði. Honum gaf hún
hið heita, ástriðufullu hjarta sitt. Hún var einka-
barn greifa Di Silvara. Hann hafði tapað lífi og öll-
um eignum sínum í borgarastríðinu á Spáni, og þá
var hún 15 ára gömul, og átti engan að nema eina
frændkonn, sem átti heima í London. Hún tók hina
ungu stúlku að sér og ól hana upp. Hún sá, að Júa-
níta mundi verða óviðjafnanlega fögur, og sagði því
við hana :

“Þeir, sem lifa í heiminum, og vilja fá góða stöðu
í homum, verða að vera heimslegir. Þú ert falleg,
Níta, og með fegurð þinni og aðstoð minni ættir þú
að geta fengið hvaða aðalsmann sem er í þessu
landi. Taktu nú eftir því, sem ég segi : Hugsaðu
ekkert um annan eins hégóma sem ást og þvíumlikt.
Þú verður að giftast ríkum manni. Ég vil ekki sjá
þig framar, ef þú átt fátækan mann, og þú færð þá
ekki einn einasta skilding eftir mig, en ef þú átt rík-
an mann, skaltu fá alt sem ég á”.

Júaníta var að eins 16 ára, þegar hún sá Caren
lávarð í fyrsta sinni. Hún var barn að aldri, en í
hjarta og hugsunum fullþroska. Hún elskaði hann
af öllu sínu hjarta. Hún tilbað hann svo, að hún
næstum hræddist sjálfa sig. Mrs. Clair, frænka

hennar, sagði henni, að hann með tímanum yrði lífvarður á Brookland, og hún væri mjög heppin, ef hún gæti klófest hann og orðið svo Lady Caren. Caren elskaði hana að vissu leyti, honum laust hún vera sú fegursta og skemtilegasta stúlka, sem hann þekkti. En samt bað hann hennar ekki, og áður en hann fékk nokkurt takiferi til þess, dó faðir hans, og hann varð nú annaðhvort að eiga Miss Carlton eða að verða arflaus. Hann varð nú að yfirgefa Jánitu sína, og þegar svo skilnaðarstundin kom, fann hann hve heitt og innilega hann elskaði hana. En fyrir hana, sem elskaði hann eins og spanskur konur að eins geta, fyrir hana varð skilnaðarstundin þeiskari en sjálfur dandinn.

Samt sem áður lét hún sem sér stæði alveg á sama. Kona af gömlum spönskum aðalsbálki grætur ekki þó hún fái óleknandi sár. "Ég skal ekki gefast upp fyrir þetta", hugsaði hún.

Hún reyndi að gleyma honum. Hertogiinn af Ormont hittir hana nokkrum sinnum. Hann varð frá sér numinn af fegurð hennar og bað hennar svo. Þá var það, að hún treysti sjálfri sér um of. Hún áleit, að hún gæti lifað, án þess að elska, bara hún hefði auð og allsnægtir, svo myndi hún verða ánægð.

Hertogiinn var göfugur og góður maður. Hún dáðist að því, hve tigulegur hann var, og henni þótti hann skemtilegur, en hún bar ekki minsta snefil af ást til hans. Hún vissi, að þó hún biði í 20 ár, fengi hún aldrei eins gott gjafirð og þetta. Hún varð hertogainna af Ormont. Hún varð ráðandi yfir öllum hinum mörgu og stóru ættaróðulum hans, og Ormonts höllin í London var sögð með hinum skrautlegustu höllum þar. Búningur hennar, gimsteinar, hestar og vagnar yrði svo skrautlegt, að hált England myndi öfunda hana.

"Hvers get ég óskað frekara?" spurði hún sjálfa sig, "ég væri blind og heimsk, ef ég neitaði öðrum eins ráðahag".

Ef Lord Caren hefði slept arfi sínum og átt hana, hefði hún með gleði lifað í fátækt með honum, en nú hafði hann ekki nefnt það á nafn, svo nú var bezt að eiga hertogann, og reyna að njóta lífsins sem bezt.

Mrs. Clair var mjög ánægð yfir ráðahagnum. "Þú hefur veitt betur en ég bjóst við, Nita, og enginn veit, hvað framtíðin geymir í skauti sínu handa þér." Mrs. Clair stóð í þeirri meiningu, að Júanita hefði hætt að hugsa um Caren, til þess að ná í hertogann af Ormont. Brúðkaupid var lið skrautlegasta, sem hugsast gat. En þann sama dag sá Júanita, að hún hafði dæmt sjálfa sig skakt, og ætlað sig sterkari fyrir, en hún í raun og veru var.

Það var ekki eingöngu að hertoginn dáðist að henni, heldur elskaði hann hana innilega. Hefði hann ekki elskað hana, en verið eins kaldur og tillinn-ingarkans, eins og hún virtist að vera, þá hefði alt gætað farið vel, en hann elskaði hana, og sem eðlilegt var, óskaði hann eftir ást á móti, — en hana gat hún ekki gefið honum. Já, meira að segja, nú gat varla þolað bliðlæti hans. Hún hrökk saman, ef hann nálægðist hana, og vildi helst aldrei vera ein hjá honum. Í fyrstunni hafði hann álitid þetta stafa af feimni, og faust því meira til hennar koma; en svo fór hann að hugsa betur út í það. "Gat það verið, að hin unga, fagra kona hans hefði gengist fyrir auðæfum hans, en hefði ýmígust á sjálfum honum?" Sú kom tíðin, að hann fékk svar upp á þessa spurningu sína.

Hingað til hafði hún ekkert hugsað um, hvort hún myndi sjá Lord Caren aftur. Heimurinn er svo stór, og það voru lítill líkindi til þess, en nú var hann í London, og að öllum líkindum mættust þau í

samkvæmum á hverjum degi. Hún laun til einhverrar undarlegrar gleði í hjarta sínu. Hún átti að fá að sjá hann og komu hans líka.

"Ég er svo forvitin eftir að fá að vita, hvernig hún lítur út", hugsaði hún. "Skyldi hann elska hana eins mikið og hann elskaði mig. Ég skal samt fá hann til að viðurkenna, að hann hefir ekki átt þá fegurstu konu, sem til er. Ég skal koma honum til að játa, að hann sjái eftir, að hann kans ekki heldur að lifa í fátækt með mér. Ég hlakka til að sjá, hvort hann lítur á mig með nokkuð af hinu fornu ást í augnaráði sínu, og hvort hann man eftir, að ég elskaði hann. Æ, hvað ég elskaði hann!"

"Þú situr í svo djúpu þönkuu, kára Jánita, að þú tekur ekkert eftir mér", sagði hertoginn brosaandi.

"Ég bið afsökunar", sagði hún vingjarnlega, "ég var að hugsa um nokkuð, sem Lady Montfalcon sagði mér. Hvað varstu að segja?"

"Ég var að spyrja þig um, hvort þú vildir fara á hinn stóra dansleik, sem haldinn verður við hirðina, eftir að búið er að kynna fólkið. Ég vildi óska að þú farir, því þar verður margt skemtilegt fólk".

Henni kom nú til hugar, að Allan Caren yrði þar og hún fengi tækifæri til að tala við hann. Hún leit til manns síns miklu blíðlegar en vanalega, og sagðist gjarnan vilja fara. "En því kemur þú ekki líka?" bætti hún við.

Hann kysti á hönd hennar. "Jú, ég er mjög glaður yfir því, að fara með þér". En nú tók hún ekki lengur eftir orðum hans.

Hún svaf lítið um nóttina, hún var alt af að hugsa um, að nú ætti hún að fá að sjá hann. Skyldi hann minnst á fyrri daga? Ekki var nú langt síðan að þeim hafði þótt svo vænt hvoru um annað. Henni fanst nóttin aldrei ætla að líða. Það var

ekki hinn upprennandi dag, er hún þráði svo mjög, eða að sjá, hver sú yrði, er mest þætti tilkoma á samkomunni. Nei það var til að sjá Allan Caren og að komast eftir, hvort hann myndi eftir henni, eða elskaði þá kom, hverrar stöðu hún hafi getið líf sitt til að hafa.

XXVII. KAPÍTULI.

Niundi maí var runninn upp bjartur og fagur. Blómin voru farin að rakna við úr vetrardáinn, og fuglarnir sungu ánægjulega. Aldrei gleymdi hertogainnan af Ormont þessum degi.

Þegar leið að þeim tíma, sem átti að fara að kynna hana við hirðina, klæddist hún í hinn skrautlega hirðbúning sinn og hlóð eins miklu af gínsteinum utan á sig, sem hægt var. Hún var frábærlega fögn, þegar hún var komin í hirðbúninginn, henni fór hann vel, og hún bar sig eins og drottning. Þegar hún leit í spegilinn, brósti hún ánægjulega yfir legurð sinni.

"Það er ekki vegna sjálfrar mín, sem mér þykir vænt um legurð mína", hugsaði hún, "heldur vegna hans, af því að einu sinni þótti honum vænt um mig og skeð getur, að honum þykji það ennþá".

Hún sté upp í skrautlegan vagn og ók til konungshallarinnar (St. James).

Alla leiðina hugsaði hertogainnan ekki um annað en Caren lávarð. Hún hlakkaði svo til að sjá hann, og skeð gat hún gæti taleð við hann. Að nokkur hætta stafaði af smíði þeirra, kom henni ekki til huga. Hún vildi endurnýja kunningsskap þeirra og komast að því, hvort honum þætti ennþá nokkuð

vænt um sig. Hún gat ekki séð neitt ljótt í því, hún þekti ekki hjarta sitt, né vissi hvað í því bjó.

Lady Montfalcon varð mjög ánægjuleg, þegar hún sá hina fögru hertogainnu. "Þér eruð alls ekki teinmar", sagði hún.

"Feimin? Hefi skyldi ég vera það?"

"Summar konur eru það, og ég gæti sagt yður margar sögur um það, en nú er enginn tími til þess. Þíns og ég sagði yður, er hér mesti fjöldi fólks samankominn".

Hertogainnan skemti sér nú vel við að horfa á hin fögru andlit, hina skrautlegu búninga og alla hina dýru ginstaina.

"Ékki datt mér í hug, að jafnmargar fallegar konur væru til á Englandi", sagði hún við Lady Montfalcon.

"Það hafa fleiri en þér haldið það sama, en þeir hinir sönnu hafa stórlega rangt fyrir sér. Ég hef verið við flestar hirðir í Evrópu og hvergi séð neitt, sem jafnast á við hina fögru, rólegu framkomnu enskra kvenna".

Alt í einu tók hertogainnan eftir tveimur konum, önnur var há og höfðingleg, nokkud öldrun að sjá. Hún var skrantlega klædd, í blárri flanelskápu, brydda með gyttum kniplingum, og hún bar ginstaina af dýrustu tegund. Hún var í fjörugu sam tali við unga stúlku, sem stóð við hlið hennar. Hertogainnan hafði ekki augun af þessari ungu stúlku. Aldrei á æfi sinni hafði hún séð jafnlagra konu, hún var fögur sem lilja, augun voru blá að lit, og út úr þeim skein greind og göfuglyndi. Hárið var mikið og lagurt og féll í lokkun niður um samnhvítan hálsinn. Hún var í fallegum hvítum silkikjól, og ginsteinarnar hennar báru af öllum, sem sáust þar.

"Ég vildi, að ég vissi, hver þetta er", angsaði hertogainnan. Hún tók nákvæmlega eftir, hve allar

hreyfingar þessarar mugu komu vörn yndislegar. Hún var líkust saklausum, góðum engh.

"Lady Montfalcon", sagði hún alt í einu, "hvaða komur eru það, sem standa þarna við gluggann, önnur er í blárri flanelskápu, en hin í hvítum silkikjól?"

Lady Montfalcon leit í kring um sig. "Eldri konan er Lady Caren, en hin yngri er Lady Aðalheiður Caren, kona Allans lávarðar. Ég talaði um hana við yður í gær. Hún er keppinamtur okkar. Ég er viss um, að það báðar verðið drotningar samkvæmislífsins þetta ár".

Aftur fólhuði hið lagra spanska andlit. "Hún er keppinamtur minn", mælti hún seimlega. "Hún er framúrskarandi fögur".

"Já, en það eruð svo ólíkar, af því getið þér hrósað og dæmt að henni".

Hertoginn gat ekki haft augun af þessum tveimur konum, móður Allans og konu hans. Þegar hún horfði á hið lagra andlit Aðalheiðar, tapaði hún þeirri von, sem hún hafði haft.

"Ég er viss um hann elskar hana og hefir gleymt mér, ég get ekki jafnast á við hana, hún er svo yndislega fögur. Hvað hann hlýtur að elska hana!"

Lady Montfalcon var alveg hissa yfir hve þögn hertoginn var orðin alt í einu.

"Er Caren lávarður hér?"

"Ég veit það ekki, en mig minnir að Carens attin eigi að þjóna í sveit drotningarinnar".

Hún var nú búin að sjá nóg. Hún hafði séð konu hans í allri hennar dýrð. Hún varð eldrand í framan, augu hennar glömpuð, en hún hafði ekki tíma til að hugsa um fleira, því nú var gengið inn í salinn þar sem kynna átti fólkið hvert öðrn.

— — — Nú var hin hátíðlega athöfn um garð gengin, og hertoginn keyrði aftur heim til sín. Aldrei höfðu sést við hirðina í einu tvær jafnfagrar

konur. Önnur var drottning meðal hinna ljóshærðu, hjörtn kvenna, en hún dökk á brúnn og brá, alveg tofrandi fögnu. Allir töluðu um þær, það var ein og sama meining, aðdáunin náði jafnt yfir báðar.

"Ætlið þér ekki að koma á dansleikina, sem sendiherrann heldur í kveld í Lackvill. Höllinni?" spurði Lady Monteleon hertogainnuna. "Hæð og hún kvaddi hana.

"Jú", mælti hún hróðug yfir allri þeirri frægð, en hún hatði áunnid sér.

"Þá sjáum við tvo keppnanta hvorn við annars hlið, því Carens fólkid verður þar"

Svo kvóddust þær.

Nú átti hún að fá að sjá hann, gat verið að hún dansaði við hann. Hún hugsaði sér að komast eftir hvort hann elskadi þessa fögru konu sína meira en hann hafði elskað hana.

Hún var vingjarnleg við mann sinn og tók brosaandi á móti öllu því hrósi, sem hann hlóð á hana. Betur hefði verið, að einhver hefði nú hvíslað að henni, að hún væri í hættu stödd, að hún væri í þann veginn, að beygja inn á ranga leið, er að vísu væri blóttum stráð, en færði til eyndar og örvauntingu. En enginn bentu henni að stansa meðan tími var til. Hinnar illu vættir höfðu lagt fjötra um hjarta hennar, sem ómögulegt var að slíta, nema því að eins að hún hefði þekt sitt eigið hjarta, og gætt með viti og forsjánu.

Þegar hún kom heim, sagði hún manni sínum, að hún væri þreytt og ætlaði að hvíla sig áður en hún færi á dansleikinn um kveldið.

Hertoginn yfirgaf hana, fullviss um það, að hann hafði valið vel, er hann hafði átt þessa undurfögru konu. En á meðan sat hún og hugsaði um fegurð Adalheiðar Carens, og hvort maður hennar myndi elska hana.

XXVIII. KAPÍTULI.

Maður getur hugsað sér randá rós innan um hvítar liljur, purpuralitáða nelliku innan um vafningsplöntu. Alveg eins var hertogainnan af Orimont innanum hinar ljóðhærðu ensku stúlkur. Búningur hennar var hinn skrautlegasti, og hún bar svo marga gimsteina utan á sér, að þegar hún hreyfði sig, var sem logar léku utan um hana. Allra angu höfðu á hana og undruðust skart og fegurð hennar.

"Hver er hún? Nei, hvað þessi er skrautleg!" Þessi og því lík orð heyrðust úr öllum áttum.

Hertoginn var í sjöunda hinmi af sælu. Hann var of stoltur til að láta bera á því, en þeir sem þektu hann, sán vel, hve mjög hann var upp með sér af konu sinni. Það kom samt alls ekki flatt upp á hann, hve mikla aðdánn kona hans fékk, hann hafði vítað það fyrir fram. Honum faust hún vera fegursta konan á öllu Englandi. Hann var mjög upp með sér yfir því, að hafa valið sér jafniríða konu, og honum þótti vænt um, að kona hans fékk alt þetta lof, sem hún með réttu átti skilið.

Hertogahjónin höfðu komið snemma. Hann hafði það ávalt fyrir reglu, að koma snemma. "Það eru nógn margir, sem þykir mest varið í, að koma sem seinast", sagði hann. Hrósinnu, sem rignði yfir hertogainnuna, stóð því sem hæst, þegar lávarður Caren kom á dansleikinn með móður sína og konu. Allra angu snérust nú að Lady Aðalheiði. Var hún fegri en hertogainnan? Er snjóklukka fegri en nellika af sama lit? Báðar þessar konur voru fullkomnar að fegurð, hvor upp á sinn máta.

"Við höfum nóg að horfa á í kveld", sagði greifinn af Lorne, oflátungur mikill. "Aldrei á minni æfi hefi ég séð tvær konur svona jafnagrar, en mun leið svona ólíkar".

Það sem hann sagði var endurtekið um allan salinn. Hertoginn horfði alt af við og við fram í ganginn. Hún hafði farið á dansleikinn eingöngu til að sjá Caren lávarð, en hann var ekki kominn.

Hún hafði glaðst yfir segurð sinni og skarti einungis af því, að hann sæi nú, hve mjög aðrir dádust að henni, og hverju hann hefði tapað. Alt þetta var hún að hugsa um, og hún brosti illgirnilega yfir því.

Hún dansaði við furstann af Gadsteen. Þeir, sem ekki tóku þátt í dansinum, höfðu ekki augun af henni. Furstinn var algerlega hrifinn af henni. En allan tímann gætti hún að, hvort hún sæi ekki Caren lávarð. Furstinn veitti því samt enga eftirtekt. Alt í einu stansaði hún og fölnaði upp. Hann var kominn og hjá honum stóð þessi hjarta, fagra kona, sem hann hafði gengið að eiga. Nokkra stund kom hún engu orði upp, en hún náði sér fljótt. Henni fannst hún nú alt í einu vera hærri og segri en áður, bros lék um varir henni. Hún vissi, að Caren lávarður horfði á sig. Þau höfðu horfst í augu.

"Mér fellur það illa, yðar tign", sagði hún við furstann, "að ég er þreytt og vil hvíla mig í nokkrar mínútur".

Hann leiddi hana til sætis í skugga af nokkrum og settist við hlið hennar. Henni þótti samt alls ekki neitt til þess koma. Hún vildi vera ein og ætlaðist svo til, að Caren lávarður kæmi til sín. Korteisreglan leyfði þó ekki annað en hún talaði við furstann. Hún hló og gerði að gamni sínu, en óskaði í huga sér, að hann væri kominn veg allrar ver-

aldar. Að lokum kom húsmóðirin hennu til hjálpar, og leiddi furstann á burt með sér.

Nú var hún ein. Hún sýndist vera róleg en þó sló hjarta hennar út og titt, hver einasta taug í líkama hennar skalf, því nú uálgaðist hær n hana. Hún vissi það, án þess hún þó sæi hann. Það kom því ekki flatt upp á hana, þegar hún fann, að einhver stóð fyrir framan hana. Hún leit upp og sá þann mann, sem hún elskaði svo heitt.

"Nita", sagði hann. Það var eitthvað það í málrómi hans, sem smerti hjarta hennar. "Nita, fyrirgefið mér, en þetta nafn slapp alveg óvart af vörum mér".

"Frá yðar vörum óska ég aldrei að heyra annað nafn". Hún færði sig til, svo hann gæti sest yð hlið heunar.

Ástarblossi leiftraði úr augum hennar, sem hefði átt að koma honum til að gæta sín, en hann virtist euga eftirtekt veita því.

"Ekki datt mér í hug, að ég myndi hitta yður hér".

"Því þá ekki?" sagði hún.

"Ég veit það ekki. Þó hafði ég heyrt, að þér væruð í London. Ég hef oft hugsað um, hvar og hvenær við mundum hittast aftur".

"Þér hafði þá hugsað til mín, þér hafði munað eftir mér!" hrópaði hún, og nú tók hann eftir blossomum í augum hennar, og hann roðnaði. Hann elskaði ekki konu sína, en hann virti hana, og honum kom ekki til hugar, að svíkja hana í neinu. Á meðan hún bjó undir hans þaki, skyldi enginn blettur falla á hana. En þegar þessi ástarsjúku lagu hittu hans, var það alt annað en hlýlega, sem hann hugsaði til konu sinnar.

Hún var svo glöð yfir að sjá hann aftur.

"Þekkið þér manninn minn?" spurði hún. En

hann sagðist tæpast þekkja hann. "Þið verðið að kynnast og verða vinir. Hann var að tala um yður í gær".

"Það skal vera mér ánægja". En honum komu í hug þessi orð: "Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu".

Hann leit í augu hennar og las úr þeim, hvað hún vildi, og hann gat ekki neitað henni.

"Viljið þér dansa við mig?" spurði hann. Án þess að svara, lagði hún hönd sína á handlegg hans. Svo höfu þau inn á meðal dansendanna.

XXIX. KAPÍTULI.

Nokkru síðar hafði kaþteinn Randolph séð Lady Aðalheiði, og flýtti hann sér nú til heimar. "Hafið þér til dans handa mér? Ég bý bara um einn. Er lávarður Caren hér?"

"Já, hann er hér".

"Þér spyrjið mig ekki um, hvernig ég gat fundið yður í þessum þrengslum".

"Ég býst við, að þér hafið leitað að mér".

"Nei, það hefði enga þýðingu haft. Éir mig langaði til að sjá, hver það væri, sem allir töluðu um og dáðust að, ég vissi að það hlyti að vera þér".

Lady Aðalheiður brosti að fagurgala hans. Hún skildi hann orðið svo vel.

"Vitið þér, að fólk segir, að þér og hertogainnan af Ormont séu drottningar samkvæmisins. Ég hefi séð hertogainnuna, og mér þykir hún ekki eins fögur og þér".

"Hertogainnan af Ormont? Hver er hún?" spurði Aðalheiður seinlega.

"Mín kæra Lady Aðalheiður, hvað hafði þér verið að gera síðan þér komuð hingað?" spurði kasteinninn.

"Ég hef dansað og talað við marga ágætismenn og skemt mér vel".

"En haldið þér, að ég trúi því að þér hvorki hafið séð hertogainnuna af Ormont, né heyrt, hvernig fólk er bandvitlaust í að hrósa henni?"

"Ég hlusta aldrei á bandvitlaust fólk, — ég hef alt af verið með mínum kunningjum. Hver er hún, kasteinn Randolph?"

"Þarna er maðurinn hennar, hertoginn af Ormont. Hann er að tala við Lady Caren."

Hún leit þangað, og sá laglegan en aldraðan mann, með mörg heiðursmerki á brjóstinu, og sem leit út eins og tígulegasti aðalsmaður frá toppi til tólar.

"Hann er gamall".

"Já, en kona hans er ung. Það hefir ekkert að segja meðal hinna æðri stétta, Lady Aðalheiður. Nei, sjáið þér! Nú dansar maðurinn yðar við hertogainnuna".

Lady Aðalheiður leit þangað, sem kasteinninn benti henni. Henni sortuaði fyrir augum. Hún þekkti strax hertogainnuna. Það var konan, sem myndin var af, er hún hafði fundið: "Elskuð og töpuð!" Þau höfðu þá hist þarna aftur, — maðurinn hennar, sem ekki elskaði konuna sína, og hún, sem hann einu sinni hafði elskað svo heitt!

Hún stundi þungan, en herti sig svo upp. "Vitið þér, hvað hertogainnan hét, áður en hún giftist?"

Júanita greifainna di Silvara. Hún er ættuð af Spáni".

Það hlaut að vera sú sama. Á myndinni hafði

staðið "Nita". Þetta var þá konan, sem maður
hennar muni svo mjög, og nú höfðu þau hist aftur.
Hver skyldi endirinn verða?

"Þér verðið að hafa mig afsakaða", sagði Lady
Adalheiður, "en ég vil heldur hvíla mig en dansa".

"Ég verð þá að fá að sitja hjá yður, ég vil
miklu heldur tala við yður en dansa".

Hún vildi sitja kyr og virða fyrir sér hina fögru
mótstöðukonu sína, taka eftir hverjum draetti í and-
liti hennar. Í einum orði sagt: athuga nákvæmlega
konu þá, er maður hennar hafði elskað. Randolph
var í góðni skapi og talaði um alla heima og geimna.
Hann var alveg forvið yfir þögn og láfati Lady Ad-
alheiðar. Hún brosti ekki að orðum hans, og setti
heldur ekki ofan í við hann, þegar hann hrósaði henni,
sem hún var þó von að gera. Hún tók varla eftir
 því, sem hann sagði, en horfði alt af á hertogann
af Ormont og mann sinn, sem nú sat við hlið hennar.

Caren lávarður var á góðri leið með að flækjast
í net það, sem hertoginn lagði fyrir hann. Eftir
að þau höfðu dansað valsinn, hafði hún beðið um is,
og hann fylgdi henni þangað sem ísinn var veittur.
Og eftir það vildi hún alls ekki sleppa honum frá sér.

"Ég vona, að við hittumst oft", sagði hún.
"Þér verðið strax í kvöld að kynna mig konu yðar.
Við skulum verða vinkomur, það er ég viss um, og
þér, Caren lávarður, verðið að heimsækja okkur við
og við".

Hann játti því öllu. Nú kom hertoginn til
þeirra. Hann þekti Caren lávarð mjög lítið, en
kona hans brosti blíðlega framan í hann. Eftir það
gat hún gert alt sem hana lysti fyrir honum.

"Gervase", sagði hún, "Caren lávarður er einn af
bestu vinum mínum, og ég óska þú lærir að þekkja
hann og verðir vinur hans mín vegna".

"Það er mér hin mesta ánægja", sagði hertog-

inn. "Ég leyfi mér, Caren lávarður, að óska yður til hamingju með hina elskulegu konu yðar. Rétt áðan hafði ég þá ánægju, að kynnast þeirri fægurstu, yndislegustu konu, sem ég nokkurn tíma hef fyrir hitt, Lady Aðalheiði Caren".

Hertogainnuna sárlangaði að taka fyrir munnmanni sínum, en hún hugsaði sig um og ákætt best, að taka öllu vel. Hún brosti eins blítt og hún gat. "Ég tala ekki um, hvað ég öfunda þig, ég var rétt núna að biðja Caren lávarð að sýna mér konu sína".

"Ef þér erud ekki boðinn neitt annað, þá væri mér og hertogainnunni hin mesta áragja í, að sjá yður og konu yðar hjá okkur næsta föstudag. Furstinn af Gadenstein borðar líka með okkur".

Lávarðurinnu hneigði sig. Hann virti þennan aldraða heiðursmann fyrir sér, sem var svo algerlega grunlaus um nokkuð ílt eða óheiðarlegt. Honum datt í hug, að hver sá maður, sem notaði sér traust og tiltrú jafn göfugs eiginmanns, væri verri en nokkur þorpari. En svo hló hann með sjálfum sér yfir því, að honum skyldi koma önnur eins fjarstæða í hug.

Hertogiinn fór nú frá þeim, en hertogainnan vildi ekki sleppa Caren lávarði. Honum datt nú kona sín í hug og hvort hún myndi skemta sér. Hertogainnan gat sér strax til um hugsanir hans. "Þér hafð hugann annarstaðar", sagði hún, "og takið ekki eftir því, sem ég segi".

Svo beitti hún allri sinni málsnild og brúkaði alla þá fyndni, sem hún átti til, svo hann gleymdi öllu við að hlusta á hana. Og allan þennan tíma horfði Lady Aðalheiður á þau. Hún dansaði, talaði og gerði að gammi sínu, en horfði samt alt af á þau.

Þegar hertogainnan hafði haldið lávarðinum eins lengi hjá sér eins og hún þorði, stóð hún upp og

sagði: "Égum við nú ekki að leita Lady Aðalheiði uppi, mér langar svo til að kynnast henni?"

Þau fundu hana í litlu herbergi út úr salnum. Kasteinn Randolphi sat hjá henni. Hún var þreytuleg að sjá.

Þarna stóðu þá þessar tvær konur augliti til auglitis, sem keptust við að vinna hinn sama mann. Hertoginnan rétti brosaði fram hendina.

"Ég er hjartanlega glöð yfir að hitta yður, Lady Aðalheiður", sagði hún, um keið og hún virti hana nákvæmlega fyrir sér. Hún var hin vingjarnlegasta við Lady Aðalheiði, og vildi henni sjónir með fagurgala sínum, eða svo hélt hún. En hún gat ekki vilt Lady Aðalheiði sjónir, sem las út úr augum hertogainnunnar öfund, ólsku og hatur.

"Lady Aðalheiður var að kvarta um, að hún væri þreytt", sagði kasteinn Randolphi.

"Hún hefir dansað of mikið", sagði hertogainnan í afsökunarróm. Kasteinn Randolphi tók eftir því og dró sínar ályktanir þar af.

XXX. KAPÍTULI.

"Af hverju ertu að brosa, Allan? Þú ert vist að hugsa um eitthvað skemtilegt?" sagði Lady Car-en við son sinn.

Þetta var um morguninn eftir dansleikinn. Lá-varðurinn hafði sest niður hjá konu sinni og móður í hinu skrautlega morgunherbergi þeirra.

"Var ég að brosa? Ég var að hugsa um, hve það væri undarlegt, að ef einhver heldri maður hittir einhvern, sem honum fellur vel við, og vill á illa með

honum því heita sem hann á, þá býður hann honum til miðdagsverðar".

"Það er alveg náttúrulegt. Honum geðjast að þér og vill svo láta þig njóta þess heita, sem hann hefir að bjóða. Hvern varstu að hinga um?"

"Hertogaun af Ormont. Mér fellur hann vel í geð. Hann minnir mig á hina góðu, gömlu aðalsmenn frá fyrri tíðum. Hann bauð okkur heim á föstudaginn".

"Það er maðurinn þessarar fögru konu, sem mesta eftirtekt vakti í gærkveldi?"

Lávarðurinn blóðröðnadi og jätti því. "Hvernig lizt þér á hana, mamma?"

"Ég hef að eins eitt út á hana að setja: Hún er of fögr".

"Það er alls enginn galli", sagði sonur hennar brosandí.

"Jú, mjög alvarlegur galli. Kona, sem er mjög fögr, þarf að eiga skynsaman og gatinn leiðtoga, sem bendi henni þá leið, sem hún skad ganga. Égfi hún engan að, sem bendi henni á hinn rétta veg, gerir hún meira ílt af sér en gótt, og ég ímynda mér, að hún sé hún mesta daðurkvendi".

"Nei," sagði Allan ákasta, "nú hefir þú stórlega rangt fyrir þér, mamma".

"Ér það svo? En þá er það líka í fyrsta sinni, sem ég hef lesið kvenandlit skakt. Hvernig lizt þér á hana, Aðalheiður?"

Lady Aðalheiður leit til manns síns. Hún sá, að hann horfði á hana alvarlegu, spyrjandi augnaráði.

"Ég get ekki sagt um það, ég talaði að einu við hana í fáar mínútur. Mér fanst hún vera sheantileg. Ef ég sé hana oftari, get ég betur dæmt um hana".

Lávarðinum létti við að heyra þetta. Hann brosti til hennar.

"Ætlaðu að heimsækja hertogann á föstudaginn, Adalheiður?" spurði hann. Hann nefndi hana nú oft Adalheiði, og þegar hann gerði það, fyltist hjarta hennar af undarlegu samblandi gleði og sorgar.

Átti hún að fara? Hún var búin að hugsa um það með sjálfri sér, en vissi ekkert, hvað hún skyldi gera. Var ekki betra, að ganga beint móti hættunni, — betra að vita með vissu, hvort maður hennar elskaði ennþá þessa fögru konu? Væri ekki betra að vita, hvort nokkur von væri fyrir hana, að reyna að vinna hjarta hans? Fyrst þegar hún sa hertogainnuna, hafði gripið hana órvanting. Henni félst hugur, en svo maunaði hún sig upp og hugsaði sér, að veita öllum kröftum sínum móti klakjum hertogainnunnar. Nú voru þær tvar um að vinna sama mamminn. Áður hafði hún verið ein um það, og lítið orðið ágengt. Nú varð hún að beita sér hálfu meira, því móttstöðukona hennar var sú hættulegasta sem hugsast gat. Hún vissi, að upp frá þessari stundu myndi hún og hertogainnan heyja stríð upp á líf og dauða.

Fyrst hafði hún athað sér að verða heima, en svo snerist henni hugur og hún ásetti sér að fara. Hún vissi fullvel, að maður hennar elekaði hana ekki, en hún vildi frelsa hann frá þeim fjötrum, sem ástríðufull, vond kona getur lagt karluannshjartað í. Nú kom alvaran, sem rak í burtu þá sorg og eynd, er áður hafði búið í hjarta hennar, meðan hún var ein um að vinna hann. Hún bar saman mátt sinn og mátt óvinar síns, og henni fannst sem að lokum myndi hún sigra.

"Ég er ekki eins falleg og hún, en rétturinn er á mína hlið", sagði hún við sjálfa sig.

Um alt þetta hugsaði hún, meðan maður hennar

beið eftir svari hennar. Hann var hálf órólegur. Auðvitað gerði það hvorki til né frá, hvort hún færi eða ekki, en best væri þó, að hún væri í kunnings-skap við hertogaðinnna.

“Mér skal vera ánægja t að fara”, sagði hún svo, og aftur brosti hann framan í hana.

“Svona bros skal ég einhverntíma fá vegna sjálfrar mín”, hugsaði hún með sér, “en ekki vegna annarar konu”.

Áður fyr hafði alt af legið mjög illa á henni, — hún var búin að missa alla von um, að vinna hann. En nú, er hún sá hættunni beint í andlitið, óx henni hugur. Hún ásetti sér fastlega, að heyja stríðið, hvað svo sem það kostaði.

Þetta sama kveld stóð hún brosandi fyrir fram-
an spegil sinn. Hún hafði búið sig eins vel og unt var, og hún var mjög vel ánægð með sjálfa sig.

“Ég held ég hafi ekkert að óttast”, hugsaði hún. “Ef Allan að eins gengst fyrir fegnirð, þakka ég guði fyrir, að hann gafa mér hana”. Þegar hún hafði klætt sig, sá hún að maður hennar horfði á hana. Lady Caren, sem alt af hafði lof handa henni á reið-
um höndum, lagði hendi sína á herðar henni.

“Allan, sýnist þér ekki Aðalheiður verða fegri með hverjum deginum sem líður?”

Fyr meir mundi hann hafa smíð sér undan og tautað einhver marklaus lofsyrði, en nú brosti hann framan í hana.

“Við megum ekki skemma hana með dálæti, mamma”. Bæði orð hans og augnaráð var svo hlýtt og hjartanlegt, að Aðalheiður varð sem öll önnur manneskja. Þau óku svo saman til Ormont hallarinnar, og á leiðinni var hún miklu glaðari og þægilegri, en hún var von að vera. Hann varð algerlega hrifinn af henni, og nú tók hann eftir, að

hann hafði aldrei talað við neina konu, sem jafnaðist á við hana að gróind og fyndni.

Hún var hin glaðasta, er hún kom til Ormont hallarinnar. Hún tapaði alls ekki glaðlyndi sínu, þó hún sæi, hve skrantleg og fögur hertogammau var.

Hertogammau stóð prýðilega í stöðu sinni. Lávarður Caren virti hana fyrir sér með mestu aðdáun. Það var sem væri hún vön við frá blautu barnsbeini, að vera innan um alt þetta skrant. En það var þó langt frá, að svo hefði verið. Hana kungaði nú mjög mikið til að fá tækifæri til að tala við Caren lávarð, og vinna hann handa sér, því það hafði hún fastlega ásett sér.

Það voru engir fleiri ókunngir, nema furstinn af Gadsteen, sem kveldið áður hafði mest dádóst að hertogammau. Nú hafði hann allan hugann við Lady Adalheidi, og var alt af í kring um hana. Hún tók því vel. Henni þótti vænt um, að maður hennar skyldi sjá, að öðrum þetti svo mikið til hennar koma. Samt sem áður var hún enn að mörgu kytic saklaus og barnaleg í sér.

Þegar bíld var að borða, settust gestirnir inn í salinn. Furstinn hafði mjög mikið gaman af söng, eins og flestir þjóðverjar. Hann bað Adalheidi að syngja fyrir sig.

"Ég þarf ekki að spyrja yður að, hvort þér syngið", sagði hann, "ég sé það á andliti yðar og heyr það á málrómi yðar, og þegar ég horfi á yður, detta mér í hug fögur, alvarleg kvæði. Ó, lofið þér mér að heyra yður syngja".

"Hvað á ég að syngja fyrir yður?" spurði hún um leið og hún gekk að hljóðfærinu.

"Ekki franska og ítalska söngva, heldur þessi fallegu, dreymandi lög, sem við brúkum á Þýzka-

landi. Kumið þér ekki þýzku vísuna : "Ó, ef þú værir mín eigin ást, og alt af vildir vera mín?"

"Jú", sagði hún, "mér þykir hún mjög falleg".

"Syngið hana þá, ef þér viljið gera svo vel".

Í sama vetfangi hljómaði um salinn svo fagur, sorgblíður söngur, að allir þögnuðu og hlustuðu hugfangnir á hann. Hertoginn sat í upphalds-sæti sinn. Hún hafði bent Caren lávarði, að koma og setjast hjá sér. Fann var á leiðinni til hennar, þegar kona hans byrjaði að syngja. Hann varð allveg frá sér numinn, og í stað þess að ganga til hertogainnum, gekk hann að hljóðfærinu. — Það var sem söngurinn töfraði hann. Þegar hertogainnan sá það, nísti hún tömmu af reiði og eldur gleypaði í augum hennar, en hún gætti sin strax og arð á augabragði brosandi út að eyrum. Næst kemur mitt tækiferi", hugsaði hún.

"Ó, ef þú værir mín eigin ást og alt af vildir vera mín", — í því Lady Adalheiður söng þessi orð með allri þeirri tilfinningu, sem hún hafði yfir að ráða, leit hún í augu manns síns. Hún þorði að syngja það, sem hún þorði ekki að segja við hann.

Hinn fagri, angurblíði söngur hræðri hjarta lávarðarins. Honum fannst hann vera í algjöfningi, og hann horfði stuðugt á hið fagra andlit konu sinnar.

Það er ómögulegt að segja, hver endirinn hefði orðið, ef hertogainnan hefði ekki komið og tekið í handlegg hans.

"Caren lávarður", sagði hún, "ég held þér séuð að sofna, og það vil ég með engu móti. Komið með mér, mig langar til að sýna yður nokkrar falllegar myndir".

Þegar Lady Adalheiður snéri sér við, sá hún mann sinn ganga yfir salinn með hertogainnum. Í þetta skífti hafði hún tapað.

XXXI. KAPÍTULI.

Hertogainnan settist hjá lávarðinum við litid borð. "Ég ætla að sýna yður óvanalega fallegar myndir", sagði hann, "ég man eftir, hve montan legurðarsmekk þér hafið".

Karlmömmunum þykir ávallt mikið verið í að heyra sér hrósar af fallegum kynmönnum. Lærdurinn roðnaði við hól hemmar. Hann var ekki búinn að ná sér eftir þau áhrif sem sönnur kom, hans hafði haft á hann. Orðin í ömmun að hans eigi el þú verir minn eigi ást og alt af vidda vera minn. Augu hemmar höldu sag þorun, hvað henni bjó í brjósti. Það var sem bæði hún um hjarta hans. Honum tænt að hún væri sambodin hvaða konungi sem væri, að því hvað legurð og hæfileika snerti. En hvernig gat staðið á því, að hún hafði átt hann á móti vilja hans? Aftur og aftur kom þessi spurning í huga hans, er hann horfði stöðugt á konu sína. Þung stupa leið frá brjósti hans. Hertogainnan tók eftir því.

"Lady Adalheiður svungur vel", mælti hún.

"Já", svaraði hann, "hún syngur mjög vel".

"Ég hef aldrei heyrt hana syngja fyr", sagði hertogainnan, "mér datt ekki í hug, að hún syngi svona vel".

"Ég hef heldur ekki heyrt hana syngja fyr" sagði hann hugsunarlaust.

Hertogainnan leit upp forviða. "Hafið þér ekki heyrt konuna yðar syngja fyr?" spurði hann. "Ég hélt að öll hjón, sem elskuðu hvort annað, myndu

syngja hvort fyrir annað, ég áleit það sem sjálf-sagt".

"Má ég spyrja, hafið þér sungið mikið fyrir mamminn yðar?" sagði hann.

Hún eldroðnaði og öldur brann úr augum hennar. "Þetta er ekki ærleg spurning, það er að gjalda líku líkt, og vesæl hefnd".

"En hertogainna, þér gáfuð sjálfar orsök til þess- arar spurningar".

"Mér stendur alveg á sama, Caren lávarður, hvort ég segi það sem yður líkar eða ekki, — ég vil að eins mega tala við yður".

Lávarðurinn hló. Hann vissi, að þetta var ekki sagt í neinni alvöru. Og nú stríddu þau hvort öðru eins og oft á sér stað meðal þeirra, sem einu sinni hafa hugsað hvort mu annað, þangað til lávarðurinn sagði: "Níta, við skulum ekki alt af vera að rífast. Getið þér ekki tekið gamni lengur? Skiljið þér ekki, að ég hafi ekki sagt eitt einasta orð í alvöru?"

Þegar hún heyrði hann nefna sig hinu gamla gælunafni, 'Níta', lék bros um alt andlit hennar, og hún gerði sig eins blíða og henni var unt. "Ég man það", sagði hún, "að þér hafið alt af haft gaman af að stríða mér, en það getur samt orðið full hættu- legt fyrir yður. Hinni elskuverðu konu yðar getið þér eslaust strítt eftir vild, hún mundi bara brosa og taka því öllu þakksamlega, en við spönsku konurnar erum öðruvísi".

Einu sinni hafði hann elskað Nitu svo heitt, en nú gladdist hann í hjarta sínu yfir því, að kona hans var svo ólík henni, — að Aðalheiður hans hafði ekki þessa sömu fegurð til að bera. Hún hafði ekki þessi svörtu, tindrandi augu, sem nú litu til hans. Nei, hún átti annað miklu betra: hreina, flekklausu sál. Hann leit til konu sinnar og hugsaði um, að

enginn annar en hann hefði séð hana jafnglaða og ánægða eins og þegar hann hafði talað vingjarnlega við hana.

“Þér eruð samsílega leiðinlegur í kveld”, sagði hertogainnan. “Það kemur þó ekki oft fyrir, að þeim, sem ég tala við leiðist, og þeir hafi hugann annarstaðar”.

“Hverskonar ásökun! Mér leiðist alls ekki, Nita. Þér eruð svo heimtufrékar”.

Aftur nefndi hann hana gælmáfui, en af vananum tók hún ekki aftir að hann sagði það. Hún reyndi nú samt að skemta honum sem bezt hún gat.

Hertogainnan hafði fastlega ásett sér, að töfra lávarðinn, og hann féll algerlega í snöru þá, sem hún hafði lagt fyrir hann, líkt og fluga fellur í kongulóarves. Angu hennar glömpuðu æ meira og meira. Hún brosti sætara og sætara. Hún næstum talaði í hálfum hljóðum við hann. Hann var eins og ósjálfbjarga. Hann gat ekki slitið sig frá henni. Hitinn og hljóðslaraslátturinn og ilmur blómannna höfðu einnig áhrif á hann. Hann var næstum hræddur við hana. Því hafði hún svona mikil áhrif á hann og vald yfir honum? Honum datt í hug sagan um hafgígjuna, sem svæfði sterka, hugrakka menn, og tók þá svo með sér í djúpið.

Hún sá, hvert vald hún hafði yfir honum. “Nú sleppir hann mér ekki framar”, hugsaði hún.

Alt í einu hrukku þau við. Lady Adalheiður stóð fyrir framan þau í hvítum kjól. Með sitt blíða og milda andlit og bjarta hár, líktist hún fremur engli en jarðneskri veru.

“Ég var farin að halda, að þú værir farinn”, sagði hún. Enga minstu ásökun var hægt að finna hvorki í málrómi eða svip hennar.

Hertogainnan leit upp brosandi. “Þér sunguð

lávarðinn inn í annan heim, svo ég mátti til, að kveða hann aftur til jarðarinnar".

Hún vissi ekki, hve satt hún sagði, og heldur ekki, hve nálægt hann var kominn jörðinni.

Þær litu rólega hvor á aðra og mældu með augunum hvor annarar kraft. Þær þöggðu, en hvor um sig vissi vel, að stríðið milli þeirra var byrjað, og það myndi verða háð upp á líf og dauða.

Lady Aðalheiður vissi, að hún hafði réttinn á sína hlíð, heilagan rétt, sem enginn átti með að taka frá henni. Hún átti hina göfugu, óeigingjörnu ást sína, svo óeigingjarna, að hún hefði gjarnan gefið líf sitt fyrir að sjá hann hamingjusaman. Hún átti einnig hina yndislegu fegurð sína, hreint, barnslegt hugarfar og mikla hæfileika.

Hertogainnan hafði á hina hlíðina sína töfrandi fegurð, óleyfilega ást og tælandi aðdráttarafl. Hvor þeirra skyldi sigra? Að þeirri spurningu spurði Aðalheiður sjálfa sig, þar sem hún stóð og studdi hendi sinni á öxl mannsins síns. Hún horfði rólega framan í hertogainnuna.

"Ég held, að allir hefðu gott af því, að vera snugnir inn í annan heim, eins og yður þóknast að kalla það. Sá heimur, sem söngurinn flytur oss inn hlýtur að vera göfugri og betri, en sá, sem við lifum í".

"Án efa", sagði hertogainnan hirðuleysislega, en ég er lík lávarðinum, og elska þennan heim. Sá hönnur, sem þér talið um, er of myrkur fyrir mig.

Lávarðurinn virti báðar þessar konur fyrir sér. Hann horfði frá sér numin á konu sína. Það var sem engilljónna legði yfir andlit hennar, hann gat ekki skilið, af hverju það stafaði.

Dú kom hertoginn.

"Þér eruð þá að skoða þessar myndir, lávarður. Þær komu frá París í gær". Og nú fóru þeir að

tala um franskar og enskar bókmentir, og allan þann tíma sat Lady Adalheiður við hlið manns síns, og hlýddi á tal þeirra með mesta athygli. Þeir söktu sér og ein betur tíðar í samræðnum, er þeir höfðu jafn eftirtektasamaan dreyranda.

Kurtseis vegna sat hertoginn nokkrar mínútur hjá þeim, en fór svo í burtu. "Þegar giftir menn fara að ræða um bókmentir", sagði hún, "langar mig ekki til að hléða á tal þeirra lengur. Lady Adalheiði finst það vest skemtilegt, en mér ekki".

Hertoginn geðjaðist mjög vel að Carens hjónunum, honum fannst, sem hann aldrei hefði kynst jafn skemtilegu fólki.

Þegar þau kvöddu hann, sagði hann: "Lady Adalheiður, ég get ekki lýst þeirri ánægju, sem ég hefi haft af að þekkja yður. Ég er sjaldan margmáll, en mér þætti sérlega vænt ym, ef þér og hertoginn yrðuð góðar vinkonur. Hún er ung og óvön enskum síðum, þess vegna hefði hún svo gott af, að vera í kunningskap við yður, jafngóða og inn-dæla konu".

Hún leit upp, og sá að maður hennar var rauður út undir eyru, og að eins af meðamunkum með honum sagði hún nokkur vingjarnleg orð, og svo eyddi hún samtalinu með mestu lipurð, án þess að særa tilfinningar hvors þeirra.

Þegar þau voru að búa sig af stað, sá Adalheiður að þjónn hertoginnunnar læddi litlum sedli í léna lávarðarins. Hún tók eftir, að hann roðnaði og varð mjög ergilegur á svipinu. Því næst sneri hann sér við til þess að vita, hvort hún myndi nokkuð hafa tekið eftir því.

En Lady Adalheiður lærði nú það erfðasta, sem nokkur kona getur lært, að láta andlit sitt hvorki vitna um gleði né sorg.

Arnljófur B. Olsen

XXXII. KAPÍTULI.

Hertogainnan af Ormont stóð ein í skrautsal sínum. Hertoginn hafði fylgt hinum síðasta gesti út. Hún studdi annari hendinni á marmara líkneski, en með henni veifaði hún blævang sínum, því henni var mjög heitt.

"En hún að voga sér út í stríð við mig, þessi föla enska stúlka, sem ekkert hefir annað að stæra sig af, en þessa heimskulegu rósemi og fallett hár! Og hún leyfir sér, að standa á milli mín og þess, sem ég elska, — hún með þetta guðræknis andlit og þessar varir, sem eru víst alt af að biðjast fyrir! Svei, ég gæti drepð hana! Ég gæti troðið hana undir fótum mér! Hvað þekkja þessar hæglátu ensku konur til ástar? Og hún keimur á milli okkar einmitt þegar ég var í þann veginn að vinna hann".

Það var alveg hræðilegt að sjá, hve hertogainnan var orðin breytt. Augu hennar brunnu af hatri og reiði. Hún var eldrauð í framan og æddi til og frá um salinn.

"Að hugsa sér að hún tekur hann frá mér með fáeinum marklausum orðum, og hún horfði rólega á mig eins og hún hefði ekkert að óttast! Ég, sem elska hann með þeirri ást, sem honum er verðug! Hún stendur við hlið hans, eins og ætli hún að vernda hann, og eins og hún vilji segja: Þér megið freista hans, ég er hér til að frelsa hann! Ég hata hana!" Og hertogainnan stappaði fótunum í gólfð og skalf af ilsku. "Ég skal fara með hana eins og

þennan blævang! " Og hún tætti hann allan í sundur og fleygði honum í burtu.

"Ég skal mörja hjarta hennar, því ég sé hún elskar hann! Ég skal sára hana, svo að hún skal liða helvitiskvalir! Henni hefði verið betra, að láta mig einráða".

Á næsta augnabliki varð hún alveg róleg, og lyktaði af blómi, sem stóð rétt hjá henni. Hún heyrði, að hertoginn var að koma inn, og hún vildi ekki fyrir nokkurn mun, að hann sæi hana í þessu ástandi.

"Ertu þreytt, Nita?" spurði hann.

"Nei, sagði hún brosandi. "Ég gæti vel byrjað daginn aftur, Gervase".

"Hvilik blessun er ekki að vera ungur og hraustur, Nita! Ég hef líka skemt mér mjög vel í dag. Aldrei hef ég talað við jafn gáfaðan mann, sem Caren lávarð, og hvað komu hans viðvikur, þá lizt mér svo fjarska vel á hana".

"Já, þið ættnð víst saman, það er ég viss um", sagði hertoginn háðslega. En maður hennar veitti því enga eftirtekt. Hann tók að eins eftir brosinu, sem lék um varir hennar.

"Ég vildi gjarnan vera vinur hennar, Nita. Hún hefir auðvitað ekki eins mikla heimspekkingu eins og Lady Montfalcon, en hún er yndisleg og saklaus, og gædd miklum hæfileikum. Ég vildi óska, að þið gætuð orðið góðar vinkonur."

Hún beit sig til blóðs í varirnar. Svo mælti hún rólega: "Ég vil fara að vilja þínum og óskum og hafa eins mikinn samgang með Carens fólkinu og hægt er".

"Því ertu svona heit í framan, Nita? Hvar er blævangurinn þinn?"

Nú sá hann leifarnar af honum út um alt gólfð.

"Það vildi svo illa til, að hann brotnaði", sagði hún.

"Þú skalt fá annan miklu fallegri", svaraði her-
toginn.

"Ó, það er nú það hægasta, að kaupa einn bke-
væng aftur", sagði hún hugsandi. Haun gat ekki
skilið, hvað hún meinti.

Nokkrn seinna gekk hún út úr salnum, stolt og
tíguleg. Maður hennar horfði á eftir henni, dáðist
að henni, og hugsaði um, hve vel hún sóndi sér í
þeirri háu stöðu, sem hún var komin í með því að
giftast honum.

Lady Aðalheiður æfndi ekki á nafn við manni
sinn seðilinn, sem hún hafði séð, að honum var feng-
inn. Hún var orðin umbreytt mjög. Öll öfund og
æfbrýðissemi var horfin úr hjarta hennar, síðan hún
sá hina hræðilegu hættu, sem maður hennar var
staddur í. Í hennar góða, göfuga og hreina hjarta
áttu engin lág né ógöfug hugsun sér stað. Haun var
í hættu, hún mátti til að frelsa hann, eins og góðar
konur frá elztu tímum oft hafa frelsað karlmenn frá
glötun. Hún mátti ekki hugsa um sínar eigin til-
finningar, heldur standa umlli hans og hinnar fögru
en vondu konu, sem vildi leiða yfir haun eynd og
smáu. Hún varð að gleyma sjálfri sér, gleyma að
ást hennar var einskis metin. Gleyrna öllu nema
því, að hún varð að frelsa haun.

Þetta sama kveld, þegar hún var orðin ein í her-
bergi sínu, féll hún á kné, og snéri hinu fallega, sak-
lausa andliti sínu til himins. Hún bað guð um
styrk og þolinnaði, svo hún gæti vakað yfir velferð
manns síns. Hún setti sér það fyrir mark og mið,
að frelsa hann, og aldrei hefir hreinni né göfugri ást
búið í neinu konuhjarta en hennar.

"Guð hjálpar mér", sagði hún við sjálfa sig. "ég
skal ekki gefast upp, ég vil standa í vegi fyrir eyði-

leggingu hans, og ég skal vera ánægð, bara ef ég get frelsað hann frá þinni hræðilegu synd og skömm, sem yfir honum vofir".

Hún sýndist vera of ung til að varpa frá sér allri von um ást og hamingju, að hafa það fyrir takmark sitt, sem ómögulegt sýndist að ná, en þó leysti hún það af hendi sem alt annað smíðarlega vel.

"Ég má ekki hugsa neitt um minar tilfinningar, né hvað ég verð að liða", sagði hún. "og ef ég gat umið sál hans fyrir þínum, þá er það full borgun fyrir alt, sem ég hefi liðið".

Að þessu takmarki stefndi hún og lagði fram alla krafta sína til að ná.

"Þetta er bardagi vegna kærleikans, og ekki einasta vegna hans, heldur vegna gnósríkis, sem annaðhvort vinnur eða tapar", sagði hún við sjálfa sig.

Það kemur víst ekki oft fyrir, að konan skeytir ekki um tilfinningar sínar, en ofrar hjarta sínu og sál til að frelsa mann, sem enga ást ber til hennar, en geri hún það, líkist hún mest góðum engli.

Þegar Lady Adalheidur kom niður til morgunverðar næsta morgun, undradist bæði maður hennar og tengdamóðir yfir þinni miklu alvörn, sem lá yfir andliti hennar. Lady Caren kysti hana og maður hennar horfði lengi á hana.

Það leit út fyrir, að hann væri hvorki rólegur né ánægður. Honum féll alls ekki að hertoginn fór að skrifa honum, og senda síðan þjón með það. Það var svo æfintýrlegt, og það féll alls ekki í smekk ensks trúðmennis. Andvitað var það satt, að hann hafði einu sinni elskað hana, og nú dáðist hann að henni, en hún var nú annars manns kona, og hann ærverður maður.

Hann hafði tekið sér nærri, þegar hann mátti hætta að hugsa um hana. Hann hafði oft hugsað

til hennar, og varð glaður yfir að hitta hann aftur, og gladdist yfir, að geta oft séð og talað við hana, en ekki kom honum til hugar neitt sem ekki mátti vera. Það var varla til sá maður, er virti meira heimilistíð og helgi hjónabandsins, en Caren lávarður.

"Því gat hún ekki talað um þetta við mig meðan ég var þar?" hugsaði hann. "Mér fellur þetta ekki, en úr því hún er spönsk kona, meinar hún vist ekkert ílt með þessu".

Ekki varð hann ánægðari, þegar hann hafði lesið bréfið, sem var á þessa leið :

"Kæri vinur minn!" Þér hafið alls ekki verið vingjarnlegur við mig í kveld, — ég er svo hrygg. Æ, lífið er svo leiðinlegt! Ég fer á morgun til Signor Rubínios til þess að láta mála mynd af mér. Þér verðið að koma þangað, því ég geri ekkert út um, hvernig hún á að vera, fyrir þér komið. Þér verðið að koma. Nita",

Honum líkaði alls ekki tónninn í bréfinu.

"Ég held, að hún muni ekkert eftir því, að hún er gift", sagði hann við sjálfan sig. En svo kom honum í hug hið töfrandi lagra andlit hennar og hin svörtu tindrandi augn.

"Hún meinar ekkert með þessu, hún er bara svona gerð", hugsaði hann.

Átti hann að fara? Samvizka hans og æra sögðu nei. En Nitu myndi falla það svo illa, ef hann kæmi ekki. Það tók því ekki, að gera veður út af þessu. Hún vissi ekki svo nákvæmlega um enska síði, og svo gat skeð, að hún fengi hinar og aðrar grillur í höfuðið, ef hann neitaði henni um að koma.

Hann ásetti sér að fara, og biðja Lady Aðal-

heiði um að koma líka. Móðir hans hafði nýlega talað um, að hana langaði til að eiga mynd af Aðalheiði. Signor Rubinos gat svo málað hana líka. Honum hitnaði um hjartaræturnar, er hann hugsaði um, hve falleg sú mynd yrði. Hann ætlaði líka að biðja móður sína um, að koma með þeim. Svo gátu ekki einu sinni hinir siðavöndustu sett neitt út á það.

Hann hefði viljað gefa mikið til að vita, hvort konan hans hefði tekið eftir því, þegar honum var tenginn seðillinn. Hann skammaðist sín fyrir það, og hann vonaði, að hún hefði ekki veitt því eftirtækt.

"Mér fellur illa, ef hún heldur að ég beri ekki meiri virðingu fyrir nærveru hennar á heimili mínu en svo, að ég hafi þannig lagaðan kunningsskap við nokkra manneskju, og það fyrir augunum á henni". Þetta sýndi, að lávarðurinn, þó að hann væri sér þess ekki meðvitandi, virti konu sína æ meira og meira.

Meðan verið var að borða, var hann utan við sig. Hann reyndi að lesa það úr svip Lady Aðalheiðar, hvort hún vissi nokkuð um seðilinn, en hún brosti jafn vingjarnlega til hans og vant var, og á svip hennar var enga ásökun að finna.

"Mamma", sagði hann, "þú varst að tala um, að heimsækja Signor Rubinos. Viltu koma með mér þangað fyrripartinn í dag?"

"Já, það vil ég gjarnan", sagði hún.

"Lady Aðalheiður, mér þætti vænt um, að þú kæmir líka", sagði lávarðurinn.

Hún brosti raunalega, en leit hlýlega til hans. Nú vissi hún, hvað seðillinn hafði haft inni að halda, og hún þóttist vita, að manni sínum hafði ekki geðjast að honum.

"Hann vill að ég komi með sér", hugsaði hún.

Þegar lávarður Caren gekk út úr herberginu, þá

sagði hann: "Hertoginn af Ormont talaði um að verða þar, svo við verðum ekki ein".

Á þessum tíma var Signor Rubinos frægasti málari í London. Hann málaði ekki annað en myndir, og tókst honum það svo vel, að það var sem varu þær lifandi með holdi og blóði.

Hann var frábrugðinn öðrum málurum í því, að hann fékst ekki til að mála annað en fallegar konur. Öllum öðrum neitaði hann, hve mikið sem í búi var, og það þótti því miklu skifta, að fá mynd málaða af honum, því það var næg sönnun fyrir því, að sú kona var fögur, ef Signor Rubinos hafði málað mynd af henni.

Þennan dag voru staddar hjá honum tvær hinar fríðustu konur í London: Hertoginn af Ormont og Lady Adalheiður Caren.

Gleðin skein út úr andliti malarans. Að mála þessi fögru andlit mundi verða sannarleg ánægja og auka frægð hans og virðingu.

Hertoginn var fyrir skömmu kominn, þegar lávarður Caren kom. Hún varð mjög ergileg, þegar hún sá, að kona hans og móðir voru með honum. Samt lét hún sem ekkert væri, heilsaði Lady Caren mjög vinkjarnlega, en rétti Lady Adalheiði hendina.

"Mér datt ekki í hug í gærkveldi, er við skildum, að við myndum sjást aftur í dag", sagði hún þrosandi.

Hún lét sem hún tæki varla eftir lávarðinum, og hneigði sig kuldalega fyrir honum, en talaði ekki orð við hann.

"Ég hef sært hana", hugsaði hann með sér. Hann vildi tala við hana, en strax þegar hún sá hann nálgast sig, stóð hún upp og gekk reigingslega í burtn.

Málariinn leyfði aldrei mörgum í einu að vera á vinnustofu hans, en hann hafði skrautlegt herbergi

við hliðina á henni, sem hann bað fólk bíða í. Herbergið var alsett fögrum málverkum, blómum og bókum. Hertogainnan fór þangað um, og hitti hún þar Sir Geoffrey Plumptre, sem var einn af þeim, er einna mest dádíst að henni, en hafði samt enga von um vináttu hennar. Hann var mjög glaður, þegar hann sá hana koma.

"Mér þykir vænt um, að sjá yður hér", sagði hún við Sir Geoffrey, sem roðnaði út undir eyru. "Ég þarf að fá góða ráðleggingu".

"Í hverju get ég hjálpað yður?" spurði hann.

"Ég ætla að láta mála mynd af mér. Ég hef orðið fyrir vonbrigðum, ég bað góðan vinnumann að koma og ráðleggja mér, hvernig myndin ætti að vera, en hann neitaði að koma". Hún talaði svo fjörugt og blátt áfram, að enginn skildi hvað hún meinti, nema lávarðurinn og Lady Adalheiður.

"Nú skuluð þér", bætti hertogainnan við og brosti yndislega framan í Sir Geoffrey, "nú skuluð þér hjálpa mér í stað hans. Hvað sýnist yður svo um myndir eins og þar eru vanalega?"

Hinn ungi barón varð svo utan við sig og feiminn, að það var ómögulegt annað en brosa, og Lady Adalheiður gat ekki stílt sig um að hlægja ofurlítið. Hertogainnan sá það og hataði hana nú enn meira en áður.

"Má ég gefa fáeinar bendingar?" sagði lávarður Caren og gekk nær.

En hertogainnan lét sem hún heyrði það ekki, en hló og gerði að gamni sínu. Lávarðurinn sá, að hún var reið og myndi seint fyrirgefa honum. Hann virti hana fyrir sér. Það var sem gleddi hún alla, er í kringum hana voru, með fegnir sinni og kerti. Sir Geoffrey varð sem allur annar maður, þegar hann var nálægt henni.

Hafði hann breytt rétt? Henni hafði þótt mið-

ur, að kona hans var með honum, það gat vel verið að hún hafði helzt viljað sjá hann einan, henni þótti alt af svo mikið til hans skoðana koma, og eins gat verið í þessu.

Þegar hann hugsaði um þetta, sagði hann við sjálfan sig, að hann hefði verið ofbráður á sér, og hann afsakaði hana, en ásakaði sig. Kona hans las í huga hans, en sagði ekki eitt einasta orð.

Hann reyndi nú á allar lundir til að ná sættum af henni. En það var ónögulegt, hún var alt af að tala við kvenfólkið og Sir Geoffrey. Hún sá, að lávarðurinn vildi ná tali af sér, en hún vildi ekki, að hann fengi neitt tækifæri til þess. Lávarðinum leið því ekki vel, hann hafði ætlað að bæyta hyggilega, en hafði nú reitt hana svo til reiði, að hún lýrtingaf honum það aldrei.

Nú kom Signor Rubinos inn. Angu hans leiðrúðu, er hann sá hina fögru konu.

"Ég er hræddur um, að yðar náð sé orðin leið á að biða", sagði hann.

"Við verðum að sætta okkur við það", mælti hún vingjarnlega. Enginn getur verið ákemtílegri eða viðfeldnari en hún, þegar hún vill þess við hafa.

"Hafið þér ráðið við yður, hvernig myndin á að vera. Hún verður að vera áttíttítt, en þér þurfið ekkert að flyta yður með aðrir, hvernig hún verður".

"Ég geri það heldur ekki", sagði hún. "Ég átti von á vini mínum hingað í dag, sem hefir svo gott vit á þess konar, en hann hefir svikið mig".

"Ég get ekki hugsað mér, að neinn vilji svikja yðar tign".

"Getum við ekki hætt úr þessu á neinn hátt?" sagði Lady Aðalheiður.

"En hvað þér eruð vingjarnlegar!! Jú, ég er viss um, að þér eigið hægt með það. Ég er að eins

í efa um, hvort ég eigi að láta mála mig í skrautklæðum, eða einföldum búningi".

"Það verður að vera listaverk", endurtók Signor Rubinos og virti fyrir sér tegund hennar.

"Má ég koma með eina bændingu?" sagði lávarðurinn.

Hún leit framan í hann og brosti kuldalega.

"Nei," sagði hún, "Signor Rubinos getur greitt fram úr því".

Lávarðurinn þagnaði.

"Ég verð að hugsa um það", sagði málarinn. "Það gæti orðið falleg mynd, ef yðar tign lægi í litlum giltum tegubekk, væruð í rauðri flauelskápu, með annan handlegginn beran upp að öxl. Eða eins og ítalskir málarar hafa myndu sínar, í gulllögðum búningi, með hvíta dúfu á annari öxlinni".

Lady Adalheiður var að náttúrufari listakona. Hún fann nú ekki til nokkurrar afbrýðissemu og sagði því blátt áfram: "Má ég segja nokkur orð um þetta?"

Hertogainnan hneigði sig og sagði, að hún álitu það mikla virðingu fyrir sig.

"Ég held", sagði Lady Adalheiður, að ef andlitslitirnir eru sterkir, þá eigi alls ekki við, að hafa klæðnaðinn mjög glitrandi. Þér hafið vðar náð, ekta spanskt andlit, látið því hár yðar falla um herðar niður, og hafið eina stóra, rauða rós í hárinu, og brúkið annaðhvort spanskt slör eða "mantila". Takið svo eftir, að það verður falleg mynd".

"Signor Rábinos hneigði sig.

Það er svo hugðnæmt að þeyra fagra konu viðurkenna tegund annarar konu. Lávarður Caren brosti, en hertogainnan hataði nú Lady Adalheiði meira en nokkru sinni áður.

XXXIV. KAPÍTULI.

“Það var ekki ásetningur minn að reita hana til reiði”, sagði Lord Caren við sjálfan sig. “Ég gleymdi, hve bráðlát hún er. Hún hefir ekkert ilt meint með þessu, en henni fellur nú illa, að ég hélt að hún væri ekki hygnari en þetta. Öll framkoma hennar sýnir, að ég hefði haft rangt fyrir mér”.

Hann ásakaði nú sjálfan sig fyrir óréttlæti, og langaði til að sjá hana og sættast við hana. Þinginn maður gat þessið fyrirgefnir á því, að hann hafði móður sína og konu með sér.

En hann vildi sýna henni, að honum þótti mikið til vináttu hennar koma, og hann óskaði eftir að þau yrðu eins góðir vinir og áður.

Það var liðinn einn dagur síðan þetta skeði, og honum fannst sem hann ætlaði aldrei að taka enda. Hann hugsaði stöðugt til hennar. “Mér fellur svo illa, að gera henni á móti,— af því hugsa ég svo mikið um hana”, sagði hann við sjálfan sig.

Hann ástótti sér að heimsækja hana, og fór til Ormont hallarinnar, en þjónninn sem tók á móti honum, sagði að hertogainnan væri ekki heima. Lávarðurinn vissi samt, að svo mundi ekki vera, og fór í burtu í illu skapi. En hertogainnan, sem sá hann út um gluggann, brosti ánægjulega og sagði við sjálfa sig: “Hann gerir það ekki að gamni sínu, að gera á móti vilja mínum í næsta skifti”.

Lávarðinum þótti þetta mjög illa farið. Hann hélt að hertogainnan mundi aldrei fyrirgefa sér framfar:

“Ég hefði ekki átt að dæma vesalings Nitu

skakt", hugsaði hann. "Hún hefur ekkert ilt haft í hyggju. Ég var líka flón, að láta mér detta slíkt í hug".

Lady Adalheiður sá, að manni hennar leið ekki vel. Hún gat ekki skilið, af hverju það kom, en hún gerði allt sem hún gat, til að gleðja hann, og stundum tókst henni að fá hann til að gleyma, að hertoginn var til.

Nú voru liðnir þrír dagar. Þá sagði Adalheiður, að sig langaði í leikhúsið nú kveldið. Lady Caren langaði líka til að fara. Fræg söngkona, Adelina Patti, átti að syngja, og Adalheiði langaði svo til að hlusta á hana. Lávarðurinn var óvannur við, að heyra konu sína láta í ljósi óskir sínar, og hann brosti, þegar hún talaði nú það.

"Það er sjálfsagt", sagði hann. "Mér þykir mjög vænt nú, að þú nefndir það".

"Ég er alt af svo hrædd nú, að ég valdi þér óþæginda, Allan," sagði hún blidlega.

Hann leit blidlega til hennar, og sagði brosandi: "Ég er farið að hafa mestu ánægju af öllu, sem ég get gert fyrir þig".

Hún leit framan í hann alveg forviða.

"Segirðu þetta í fullri alvöru, Allan?"

"Já, það máttu reida þig á"

Hún flýtti sér út, til þess hann skyldi ekki sjá, hve glöð hún varð.

"Guði sé lof!" sagði hún við sjálfa sig. En gleði hennar var ekki óblönduð, hún vissi, hve hættulegan óvin hún átti, og að stríðið var ekki nærri því á enda.

Þetta kveld var leikhúsið alveg fult, af því hin heimsfræga kona átti að syngja þar. Flest göfugasta aðalsfólkið í London var þar, og gat að líta margt fallett þar. En þegurst af öllu var Lady Adalheiður Caren. Hún fékk orð, sem maður hennar hafði

sagt við hana, höfðu glatt hana svo mjög, að gleðin jók á legurð hennar. Hún hugsaði ekkert um hina dökkhærðu hertogainnu, hugsaði að eins um það, ef hann hafði sagt. Hún var mjög vel klædd og allir veittu henni eftirtekt. Mönnunum fannst hún bera af öllum í leikhúsinu að legurð og ynispokka.

Lávarðurinn sá, hve mikla eftirtekt kona hans vakti, og honum þótti mjög vant um það.

"Það er gaman að vera ung og fögur" sagði Lady Caren brosandi við Aðalheiði.

Nú sá kaftinn Randolph þau og kom strax til þeirra.

Lady Aðalheiður", sagði hann, "ég hef aldrei séð yður eins fögra eins og í kveld, — og heldur aldrei eins ánægða", bætti hann við lágt.

Hún brosti glæðlega.

"Ég veit nú hve mikið er varið í lof yðar", sagði hún, "ég veit þegar þér talið sannleikann og þegar þér vikjið frá honum. Én ég er mjög ánægð í kveld".

"Fólk má segja það sem því lízt, en ég er viss um, að ánægjan er það, sem gerir manninn fegurstan", sagði kaftinninn. "Én hver er það, sem allir eru að horfa á?" bætti hann við. Hann var samt ekki lengi í neinni óvissu um það.

Í einhverjum skrantlegustu stólunum í húsinu sat hertogainnan af Ormont. Hún hafði dregið knip'ngatjaldið upp til háls, og myndaði það eins og ramma um höfn hennar. Hún var að vanda skrantlega klædd. Í hárinu bar hún stóra, nýtsprungna rós, aðra bar hún á brjóstinu, og í hendinni hélt hún á blómvendi. Hún var eins og fögur mynd í ljósgeisla ungerð. Enginn, sem leit hana, gleymdi henni.

Kaftinninn sneri sér brosandi að Lady Aðalheiði.

Lávarðurinn sagðist vilja heilsa upp á hertogainnuna. "Það litur út fyrir, að hertoginn sé ekki með henni", bætti hann við.

Lady Montfalcon og maður hennar voru með hertogainnumni. Það sýndist undarlegt, að meðan hin fræga söngkona lét tóna sína hljóma um allt húsið, þá voru menn alt af að ganga til og frá stól hertogainnumnar. Allir helztu menn í London máttu til að sjá hana og tala fáein orð við hana, og þóttust fá launað ómak sitt, ef hun lét svo lítið að brosa til þeirra.

Lávarður Caren gekk einnig þangað. Lady Adalheiður reyndi að hafa allan hugann við hinn fagra, unaðslega söng, en hún gat ekki að því gert, að hún veitti manni sínum nána eftirtekt. Kaffeinninn horfði einnig í sömu átt.

Lávarðurinn gekk inn í stól hertogainnumnar, en hún lét sem hún sæi hann ekki. Hún kreisti fast blómín, sem hún hélt á í hendinni, og hjarta hennar sló ótt og titt.

"Innan minn allan þennan fjölda, hreytir hún engum ónotum í mig", hugsaði hann og gekk til hennar. Hann talaði nokkur orð í hálfum hljóðinn. Honum þætti létt að hafa stygt hana, en hún lét sem hún heyrði það ekki.

"Hann hefir ekki líðið nóg ennþá", hugsaði hún. "Hann skal fá að vita, hvað það þýðir, að reita mig til reiði".

Hún pressaði varinnar saman og hneigði sig kuldalega fyrir honum, og lávarðurinn sá, að þó hann stæði þar alt kveldið, myndi honum ekkert verða ágengt. Hann vildi samt ekki láta neinn sjá, hve óheppinn hann hefði verið, og sneri sér því að Lady Montfalcon og talaði við hana. Hertogainnan lét sem hún sá það ekki, og eftir nokkra stund fór lávarðurinn burtu, og kvaddi Lady Montfalcon. Þín

hertogainnan lét nægja, að hneigja höfuðið lítið eitt, en varir hennar bærðust ekki.

“Þér eruð í engum vinskap við hina fögru hertogainnu”, mælti lávarður Hartington við Caren, “ég hélt samt, að þið væruð kunnug”.

“Dutlungar kvenfólksins”, sagði Lord Caren brosaði á frönsku. Hann lét sem ekkert væri, en honum var þungt niðri fyrir. Hann hélt að öll vin-átta væri úti á milli þeirra. Honum hafði þótt svo skemtilegt, að tala við hertogainnuna og vera í vin-áttu við hana, en nú var alt búið að vera.

Og alt þetta var honum að kenna, af því að hana hafði verið svo heimskur, að halda það ósiðsemi og fljótferni, þó hún vildi hitta hann hjá mál-aranum. Hann gat engum kent um þetta nema sjálfum sér.

Kafteinn Randolph hló, er hann kom til baka. “Hertogainnan er líkust Katrínu Rússadrotningu í kveld”, sagði hann, “hún sendir þá, sem ekki þóknast henni, í útlegð”.

Lady Aðalheiður giskaði á, hvernig farið hafði “Ef hún sýnir honum fyrirleitning, þá skal hann þess betur sjá hve mjög ég elska hann”, hugsaði hún.

Hún leitaðist við, að gleðja hann á allar lundir, og eigi leið á löngu, áður en hún hafði komið honum til að brosa. Þá var hún ánægð. Hertogainnan veitti því eftirtekt, og hún sagði við sjálfa sig :

“Ég má ekki láta dragast að fyrirgefa honum.

XXXV. KAPÍTULI.

Lady Clanalpin var hin yngsta af hefðarkonunum í London. Það var að eins eitt ár síðan, að hún gekk á skóla. Hún giftist þegar hun var 18

ára, og hélt enn miklu eftir af sinni barnslzgu hund og glæðlyndi.

Hún hrósaði sér mikið af því, að heimboðin hjá sér væru þan beztn í allri London, og það var alveg víst, að allar hennar veizlur og dansleikir voru mjög skemtilegir. Clanalpin átti gamalt hús við Kin, og þar hélt hann veizlur sínar. Lady Clanalpin þótti mjög vænt um þennan stað, og vildi heldur bjóða Londonarfólkinu þangað til sín, en flytja inn í borgina. Henni faust hún vera frjalsari þar en í hinni miklu borg.

Hún var búin að halda því margar veizlur, en nú valdi hún halda eina til, er tæki öllum hinum fram Maður hennar lét alt eftir henni. "Ljósinn út í garðinum skulu líta út, sem tungsljós væri", sagði hún. "Dansasalurinn skal vera sem eitt ljóshaf, — svalirnar skulu vera opnar, svo tungsljósið að ntan nái að skína inn. Alt niður að ánni skulu vera alla vega lit ljós".

Maður hennar hló að hinum barnslegu hugmyndum hennar. Og sama dag voru boðsbréf send í allar áttir.

Lávarður Caren og hertoginn af Ormont voru meðal þeirra, sem boðnir voru.

Lady Adalheiður hlakkaði til veizlunnar. Hún hafði um nokkurn tíma verið miklu kátari en vant var.

Éinn morgun spurði Lady Caren hana, hvernig hún ætlaði að vera búin í þessari tungsljóssveizlu. "Ég hef mikið hugsað um það", bætti hún við.

Lady Adalheiður leit upp mjög ánægjuleg. "Mig langar til að vera sem best búin það kveld", sagði hún blátt áfram.

Lady Caren hló. "Ég veit það, góða mín. Allan sagði í gær, að þú værir orðin svo glöð og skemtileg. Ég hef hugsað mér, að þú yrðir í sægrænum

silkikjól, lögðum með hvítum kniplingum og skreyttum með vatnsliljum. Svo hafir þú ginstema, og ég myndi mér, að þessi búningur eigi vel við tungsljósið hennar Lady Clanapin".

Lady Aðalheiður undirbjó sig sem best fyrir veizluna. Énum morgun sagði lávarðurinn við hana:

"Aðalheiður, hafir þú nú búið þig nógu vel undir veizluna. Ég heyri sagt, að allar hinar fegurstu konur í London eigi að vera þar".

Aðalheiði langaði mjög til að vita, hvort hertoginnan yrði þar, en enginn nefndi hana á nafni. Lady Caren spurði son sinn einn sinni, hvort hann hefði séð hana, en hann kvað nei við.

"London er undarlegur staður", sagði hún, "stundum hittast menn á hverjum degi, en aftur liða stundum fleiri dagar, án þessir hinir sömu menn sjáist eða heyri nokkud hver frá öðrum".

Lávarðurinn vissi vel, hvers vegna hann sá ekki hertogainnuna. Hann hafði séð hana nýlega út í skemtigardi einum, en hún hafði látið sem hún sæi hann ekki.

En nú ætlaði hún sér í þessa dýrdögnu veizlu, og hún hafði hugsað sér, að tala fyrst í stað ekki orð við hann, en svo alt í einu sattast og endurnýja viðtönn.

Það myndi koma alveg flatt upp á hann, og hann yrði svo glaður yfir því, að hann myndi ekki að sinni gera á móti vilja hennar. Hún áleit, að þessi óvild væri hið besta vopn fyrir sig. Mönnunum þykir alt af mest varið í það, sem erfiðast er að fá. Hann hefði nú um nokkurn tíma orðið að vera án hennar, en þess meira myndi honum nú þykja til hennar koma.

Í þessari veizlu ætlaði hún að fyrirgefa honum. Hann var búinn að liða nóg. Henni sýndist hann vera svo raunalegur, þegar hún gekk fram hjá hon-

um alveg þegjandi. Nú ætlaði hún að bæta úr þessu öllu, og honum myndi nú finnst þúsund sinnum meira til hennar koma en áður.

Lady Clanalpin var vel ánægð með verk sitt. Danssalurinn var hinn skrantlegasti, og flamelstjöldin fyrir herbergjunum, sem lán út úr honum, voru hálfðregin frá. Hvergi bar skugga á. Og innan um allt þetta lifu skrantklæddar hefðarkomur til og frá. Gardurinn fyrir utan var einnig vel upplýstur. Innan um trén hengu allavega litir lampar, sem létu út eins og tungl í fyllingu, og bekkir voru hér og hvar. Alt var sem í Paradís.

Hertoginn kom að vanda með þeim fyrstu. Hann gekk yfir salinn með konu sinni og daddist mjög að, hve smekkvíslega öllu var niður vaðað. Rétt strax yfirgaf hann konu sína, og fór sjálfur að spila víst.

Hertoginn var mjög vel búinn, og henni fannst sjálfri hún aldrei hafa verið eins falleg og þetta kveld. Hún dansaði við Sir Geoffrey, og svo bað hún hann að ganga með sér í gegn um öll víðtalsherbergin. "Við skulum skoða tunglsljós Lady Clanalpin", sagði hún.

Eitt af þessum herbergjum var sérstaklega falllegt. Hvít blómstur voru hingað og þangað og hvítar marmarastytur stóðu á milli þeirra, og innadall vatnsniður heyrðist þangað upp. Ljósinn nutu sín svo prýðilega innan um allt skrantid og blómin.

Sir Geoffrey var hvorki malskur né smekkmáður, en samt skildi hann, að öllu þessu var dásamlega fyrir komið. Hertoginn settist þar, sem bæzt heyrðist til vatnsniðsins, og hlustaði með athygli á hann. Sir Geoffrey kát, að henni þætti nikið til sín koma, og talaði af allri þeirri malsku. er hann hafði yfir að ráða. Hún hlustaði brosandi á hann. Ef hann hefði vitað, að hún ekki að eins tók ekki

eftir einn einasta orði, sem hann sagði, heldur hugsaði um, hvernig hún ætti að fara að að koma honum í burtu og ná í Caren lávarð, þá hefði honum að líkindum ekki þótt eins mikið til hennar koma.

Alt í einn snéri hún sér að honum og spurði :

“Hafið þér nýlega verið að lesa skáldskap? Gangist þér nú strax við því”, bætti hún við.

“Nei”, sagði hann alveg forviða, “það hefi ég vissulega ekki gert”.

“Jaja, þá ernd þér í raun og veru svona skáldlegur. En nú verðið þér að fara. Allar fallegu stúlkurnar inni myndu hata mig, ef ég héldi yður lengur hjá mér”.

Sir Geoffrey brosti og varð mjög upp með sér af orðum hertogainnum. Svo spurði hún hann alt í einn, hvort hann myndi eftir Caren lávarði, “sem við hittum hjá Rubinios”, bætti hún við.

“Já, ég man eftir honum”, sagði hann.

“Ef þér sjáið hann í sálum, þá segið honum að hertogainnan af Ormont vilji finna hann. Þér segið honum, hvar mig sé að finna. En yður finst nú ef til vill ekki skemtilegt að vera sendiboði”, sagði hún.

Sir Geoffrey gekk í burtu án þess að gruna neitt og hertogainnan brosti, þegar hann var farinn.

“Það er merkilegt, hve hægt er að fara í kring um þessa karlmenn, ef maður nær langachaldi á þeim eru þeir hlýðnari en nokkur barn. Ég elast um, að hann finni lávarðinn samt”.

Margir gengu framhjá henni, en hún séðist vera svo sokkin niður í hugsanir sínar, að enginn tódi árulla hana. Hún sat þar sem drottning unnað. Hún höfðu hvítu blóm.

Nú heyrðist fótatak. Svo varð alt kyrt. Hertogainnan tissi vel, hver það var, sem kom, en hún leit ekki upp. Caren lávarður stóð og virti hana

fyrir sér. Hún var blíð á svip, og það jók á fegurð hennar. Hún horfði dreymandi augnu á vatnsfallið úti fyrir.

Nú kom hann nær. Hann vissi varla, hvað hann ætti að segja. "Skyldi það vera satt, að hún hefði gert það eitthvað honum? Gat ekki sked, að hún snéri sér frá honum þegar hann ávarpaði hana, og vildi alls ekki tala við hann. Ó, Nita, að þvílíkur kuldi skyldi nokkurutíma ríkja á milli okkar. Og einn sinni hefðu þau þó elskast svo heitt". Nú setti hann kjark í sig. Hann hafði ekkert rangt gert, þó hann hefði haft komu sína með sér. Það var ekki rétt af henni, að reiðast af því. Hann gekk til hennar.

"Yðar náð óskaði að sjá mig".

Hún snéri sér að honum brosandi og rétti höndum hennar.

"Erud þér sorgbitinn?" spurði hún í mjúkum lágun rónu.

Hann var engin bleyða, heldur hugrakkur maður, og það þarfti meira en að eins eitt bros til að yfirstiga hann.

"Sorgbitinn, hvers vegna?" spurði hann. Honum datt ekki í hug að afsaka sig, þó hann hafði haft móður sína og komu með sér til málarans.

Hún stóð nú upp og gimsteinar hennar vörpuðu geishum alt í kring um hana. Hún lagði hönd sína á handlegg hans.

"Þér erud sorgbitinn yfir að hafa dæmt mig rangt".

Hann roðnaði, og hún hélt áfram: "Þér hafið að líkindum misskilið mig. Það er svo langt síðan við skildum, að þér hafið gleymt mér, — gleymt mér, Allm. Þensku stúlkurnar eru rólegar og kaldar, alt öðru vísi en við Castilín komur. Ég álit vökur sem gamlan vin minn, sem ég hélt að skildi mig.

Én þér hafið gleymt mér og umgangist mig sem ókunnuga".

"Nei, Nita, það er ekki sœtt. Ég ber í minnu heita hjarta sama vináttu til yðar".

"Én þér misskiljið mig, og hafið komu yðar með yður, — til að gæta yðar, að ég ímynda mér. Ó, Allan, hvað þér ernd orðinu umbreyttur! Getum við ekki verið vinir. Mér þykir svo mikið varð í, að vera í vináttu við yður. Én hvering get ég það, þegar þér hafið jafnlágar hugsanir um mig? Ef þér óskið þess, getum vér náttúrulega látið, sem við höfum aldrei þekst. Ég get þá endað þennan þægilega draum. Við getum lifað í hinum sama heimi án þess að hittast nokkurntíma. Þér skulnd alveg sjálfráður. Én ef við höldum áfram vináttu okkar, þá megið þér ekki dæma mig jafn óréttfátt og mí. Þér verðið að muna eftir, að hin spanska kona með sitt heita hjarta er öðruvísi skapi farn en ensku konurnar".

Henni vöknadi um anga, þegar hún sagði þetta.

"Ég álit það hina mestu virðingu og hamingju fyrir mig, að vera vinur yðar, Nita. Þér ættuð að vita það. Og nú skulum við ekki minnast meira á þessa fíðinklegu misklið".

"Ég skal gleyma þessu, ef þér hátíðlega lofið mér, að það skuli ekki koma fyrir aftur. Mér er alveg sama um, hvað heinnurinn heldur um mig, en mér fellur illa, ef þér hugsuðuð eitthvað illt um mig. Mér þætti miklu betra, að skilja nú við yður fyrir fult og alt, en að þér dæmduð mig jafn ranglega aftur".

Ljósgeislarnir féllu á andlit hennar og breiddu yfir það nokkurskomar töfraljóma. Hann sá mjög eitthvað, að hafa sært hana. Blómsturilmurinn gerði hann eins og utan við sig. Hann laut áður og kysti á hönd hennar.

"Nú erum við vinir" sagði hann lágt.

"Já, til dandans", svaraði hún. Hún brosti, og hefði hann séð það, myndi hann hafa gætt sin betur framvegis.

"Ég hef svæft hann. Aldrei tíðar minn hann eftir um mig", hugsaði hún.

Nú heyrðu þau, að verið var að spila fallegan þýzkan vals. Hertoginnan Lit framan í hann. Hafið þér lokað þessum dans?" spurði hún.

"Nei", sagði hann.

"Þá skulhum við ekkert hugsa um hann", sagði hún og brosti yndislega. "Mér þykir miklu skemti-legra að sitja hér og tala við vör. Finginn ónáð-ur okkur, því allir eru að dansa. Ér ekki öllu vel fyrir komið! Það er engu líkara, en ljósbirtan sé í-ramm og vern tungsljós".

Hann sat við hús hennar, en hún hélt samtalinu uppi. Hún talaði af viti og þekkingu. Hún vildi hrifa hann með findni sinni, láta hann dáðast að sér, en hún gætti þess að fara ekki lengra en hún sá sér fært.

Henni tókst það vel eins og allt annað, sem hún tók sér fyrir hendur.

"Ér La by Adalheidur hér?" spurði hún eftir nokkra stund.

"Já, mælti hann. "Við komum seint. Hafið þér ekki séð hana?"

"Nei, — mér finnst stundum, sem ég sé ekki að skapi hennar. Ó, hvað hún er góð, Allan, — ég vildi gefa mikið fyrir, að vera lík henni".


Kænskan, sem fólst í þessum orðum hennar, rak á burtu þann síðasta snelil af efa um hreinskilni hennar, og ríkt hafði í hjarta haus. Honum faust hún vera svo sönn og blátt áfram.

"Ég get ekki skilið, hvers vegna þér óskið eftir, að vera öðruvísi en þér eruð", sagði hann.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

Hún hló. "Summun þykir ég vera falleg, öðrum ég vera glimrandi, — en ég vildi gefa alla fegurð mína til þess að vera eins góð og blíð eins og Lady Aðalheiður er".

Hann gat ekki álitð annað, en að hún væri góð og skemtileg. Hún laut niður yfir vatnið og raulaði visu fyrir munni sér.

"Hvaða visa er þetta, Nita?"

Hún leit framan í hann. "Munið þér ekki lengur eftir henni?" spurði hún.

"Koma og fara hin kára ást má,
kærleikann leiða um foldu og sjá.
En ef að ég Mary Ann ekki má fá,
elskunnar vegum ég burtu sný frá".

"Mér þykir svo vænt um þessa visu, en ég vil hafa annað nafn. Nú er valsinn úti og dansfólkið kemur brátt hingað, og þá er úti með samveru okkar. Hver gaf yður blómin, sem þér berið?"

Hann kvaðst sjálfur hafa valið þau. Hún tók þá stóra rós úr blómaknippi því, sem hún hélt á og sagði: "Sir Geoffrey bað mig um eina, en ég neitaði. Þetta eru mínir uppáhaldslitir, ljósrautt og hvítt, þér skuluð verða mér trúr riddari & bera þá".

Hún tók blómið, sem hann bar, og fleygði því í burtu en setti rósina í staðinn. Svo brosti hún hróðug framan í hann.

"Gætið yðar nú, ég ætla einungis að veita þessari rós eftirtekt. Ef hún fölnar og deyr, þá hafið þér gleymt mér, en ef hún heldur sér og lifir, þá veit ég að þér munið eftir mér".

Hann hló. "Þér hvað þetta er líkt fðnr, Nita, ein af þessum spönsku hugmyndum yðar".

"Já, það er líkt mér. Munið nú eftir, að ég er

öðrnvísí en þessar ensku konur. Mér finst svo margt náttúrulegt og sé ekkert ilt í, sem þær eru hræddar við".

"Þér ernð svo blátt áfram og alt verður svo náttúrulegt hjá yður. En þarna kemur dansfólkið".

Nú var úti með samtal þeirra.

XXXVI. KAPÍTULI.

Nokkru seinna sá Lady Adalheiður mann sinn hjá hertogainnum, og hún sá, að góðverk hennar var ekki nema að eins hálfnað.

"Aftur hefir henni tekist að töfra hann", hugsaði hún.

Veizlan var í alla staði hin besta. Lady Clanapin var hin ánægðasta, og fullviss um, að þessi veizla var sú langbesta, er haldin hafði verið á þessu ári. Allir gestirnir hrósuðu henni, en enginn hafði þó skemt sér eins vel og hertogainnan af Ormont. Hin marglitu ljós, blómsturilmurinn og hljóðferaslátturinn, alt þetta hjálpaði henni til í hinn skammarlega ráðabruggi hennar. Seinna um kveldið, er heitt var orðið inni, kvað hún sig langa til að koma út að skoða ána. Lávarður Caren bandst strax til að koma með henni, og þan gengu niður að ánni. Ljósinn skinn yfir ána og niður hennar var sem fegursti hljóðferasláttur. Þan töluðu ekkert orð, en þögnin dró þan nær hvort öðrn, en nokkur orð myndu hafa getað gert.

Hertogainnan stundi nú þungan og leit framan í lávarðinn.

"Tíve fagurt og rólegt hér er, engin orð geta

lýst því, maður að eins finnur það! ” sagði hún. “Én nú fer hertoginn víst að leita að mér, því hann fer alt af svo snemma heim. Við verðum því að snúa við”.

Þan gerðu nú svo, en gengu mjög hægt, og töluðu um kvæði, er snerti ást.

Loks komu þan aftur inn í danssalinn, og var hertoginn farinn að leita að konu sinni, enda var þá komin mið nótt.

“Við verðum að fara að halda af stað, Nita, við eigum langan veg að fara”, sagði hann. “Þú ert víst orðin þreytt”, bætti hann við. Það var þó alls ekki á henni að sjá, að hún væri það. Hún myndi hafa kosið að vera miklu lengur, ef hún hefði mátt ráða. Áður en þan fórn, sagði hertoginn við Caren lávarð, að hann ætlaði sér að taka reiðtúr til Richmond, og hann vonaði að lávarðurinn yrði sér samferða. Hertoginn leit biðjandi augum framman í hann, svo að hann gat ekki neitað, en sagði að sér skyldi vera það hin mesta ánægja.

“Við erum ekki búnir að gera út um það alt ennþá, en ég ætla að hitta yður á morgun og ræðla mig við yður”, sagði hertoginn.

Hertoginn hafði alveg rétt fyrir sér, er hún segdist hafa svæft Caren lávarð.

Hún hafði talað svo hreinskilnislega og látist vera svo ann yfir þessum misskilningi, að honum kom ekki til hugar, að hún meinti annað en hún talaði.

Hann var gáfður og heiðvirður maður, fljótur að finna út, hvernig menn í rann og vern vorn, en hún hafði sáð ryki í augu hans og svæft hann. Hann ásakaði nú að eins sjálfan sig, — en ekki hana. Honum fanst hann hafa verið fljótfer og ranglátur gagnvart henni. Hann rak í burtu alla þá tortrygni, er hann hafði borið til hennar.

Henni var fullvel ljóst, hvern sigur hún hafði unnið. Lengi eftir að hertoginn var sofnaður, sat hún í búmingsherbergi sínu, og rifjaði upp fyrir sér allt er við hafði borið. Þjónustustúlka hennar undræðist yfir því, hve lengi hún sat þarna. Ljósastjakar stóðu á borðinu hjá henni og vörpuðu geislum yfir hina dýrn gimsteina hennar.

Hún var farin úr veizlufötunum og þjónustustúlkan hafði farið með þau í burtu. Hún áleit að þau hefðu komið að góðnu notum. "Ég fer að halda, að ég sé kæn", hugsaði hún. "Énginn hefði unnið hann eins og ég hef gert. Ó, hversu ólíkt er líf mitt nú og áður en ég hittí hann. Hversu fagnr og yndislegur er hann ekki. Hann er fyrir mig það sem sólin er fyrir blómin. Gæti ég fæð á hann?"

Nei. Hún rifjaði upp hvert einasta orð, sem hann hafði sagt, hvert einasta angaráð, er hann sendi henni. Éngin aðvarandi rödd hvíslaði að henni.

Falska kona, fláráði vinnr, varaðu þig!! Því laun syndarinnar er dauðinu!

Var það syndsamleg ást, er fylti hjarta hennar, sú ást, er leiddi hana í blindni á barm glötumariunar? Sú ást, er lét hana gleyma öllum skyldum bæði við guð og menn. Hún spurði sjálfa sig aldrei að því. Hún hugsaði ekkert um, hve ljótt það var, eða hver eudirinu yrði. Ef samvizka heunar lét til sín heyra, lét hún það sem vind um eyrun þjóta. "Lífið er stutt", sagði hún, "og maður lifir að eins einu sinni, ég vil því njóta þess eins vel og mér er umt".

Hið sama hafa heiðingjarnir sagt á undan henni, en þeir vissu ekki betur. Þeir, sem kalla sig kristna, hafa einnig talað þannig, en á dauðastundinni hefir samvizkan vaknað hjá þeim, og þá mundu þeir fegnir viljað hafa breytt betur en þeir gerðu.

Klukkan sló 2, en hertoginnann fann ekki til svefus. Loks tók hún eltir, hve hinar tvær stúlkur, er vöktu eftir henni, voru orðnar sífjæðar. Hún sagði, að þar þyrftu ekki að biða lengur, en sjálf kvaðst hún ekki vilja háttu strax.

Hún sat lengi alein uppi, þangað til svefmann sigraði hana, og eins og í þoku sá hún mynd Carens lávarðar. Þá gekk hún til hvílu.

"Þú skal aldrei gleyma veizlu Lady Clanalpin og þeim sigri, sem ég vann þar", — með þessi orð á vörmm, sofnadi hún.

XXXVII. KAPÍTULI.

Hertoginn var mjög gestrisinn maður, og hann vildi, að veizlan sem hann ætlaði að halda í Richmond yrði svo stórkostleg, að hún yrði lengi í minnum höfð. Hann ferðaðist þangað sjálfur og ráðstafaði öllu við gestgjafann, sem átti að standa fyrir því. Hann pantaði allskonar vín og sagði fyrir, hvaða matur skyldi vera hafður.

Fyrst áttu allir gestirnir að koma saman í Ormont höllinni og borða þar, svo átti að ríða og aka þaðan til Richmond.

Lady Caren vildi ekki fara. Hún hafði nú nokkurn tíma verið mjög fálát og niðurdregin og sonur hennar tók sér það mjög nærri, en vissi ekki hvað valda mundi.

Lady Adalheiður ætlaði að fara. "Þú hittir gamla vini þar", sagði hvarðurinn við hana. "Lady Kan og Alisa eru þaðnar, og einnig kaftinn Randolph, en ég veit ekki, hvort hann fer".

"Ég skil ekkert í því", sagði nú Lady Caren, "af hverju zafteinninn giftir sig ekki. Maður í hans stöðu hefir ekkert leyfi til að vera ógiftur".

Lávarðurinn hló. "Ég held að engin lög séu til, sem geti neytt mann til að gitta sig".

"Skeð gæti, að það væri þetta, að svoléidis lög væru til", sagði móðir hans. "Ungir menn hafa miklu þetta af, að festa ráð sitt en vera einhleypir. Ég læ ekki skilið, hvers vegna hann á ekki Miss Alisu Kan. Ég er þó viss um, að henni lýst vel á hann".

"Éinnitt það getur verið ástæðan fyrir því, að hann á hana ekki. Karlmenntir vilja vinna sjálfir, en ekki láta vinna sig. Þessi maðurinn giftir sig og vill verða lánsamur, verður hann sjálfur að velja og vinna".

Lávarðurinn sagði þessi orð alveg hugsunarlaust og áu þess að meina nokkuð sérstakt, en Lady Adalheiður varð eldrauð í framan við orð hans.

Það var sú tíð, sem hann hefði látið sér standa á sama um, hvort hann særði hana eða ekki, en sú tíð var liðin, og honum sárnaði við sjálfan sig fyrir að hafa sagt þetta. Hann gekk til hennar og lagði hendur sínar á herðar henni. Hún leit framan í hann.

"Adalheiður", sagði hann bliðlega, "ef ég einhverntíma segi í hugsunarleysi það sem særir þig, þá minstu þess, sem ég segi nú: Ég meina þau ekki til þín, ég vildi ekki fyrir nokkurn mun hryggja þig".

Hún mintist þeirra tíma, sem hann hugsaði ekkert um, hvort hann gladdi hana eða hrygði. Hún brosti því glaðlega framan í hann, og það fór henni svo vel, að lávarðurinn horfði á hana með aðdánn.

Svo datt honum í hug: Hvers vegna átti hún hann á móti vilja hans? Hún, sem var svo sönn, einlæg og gölug. Hún vissi þó vel, að hann ekki

elskaði hana. Hvernig var þessu varið? Hver gat ráðið þessa gátu? Hann þóttist viss um, að hér væri um eitthvert leyndarmál að ræða. Þess betur, sem hann lærði að þekkja konu sína, því meir þótti honum til hennar koma. Hvernig gat staðið á því, að þáfn fullkomin kona í ölin, sem Lady Aðalheiður, átti þann mann, sem ekki elskaði hana og sem hafði hedið hann um, að ónýta þann samning, sem hann fyrirleit?

"Hég gæti bezt myndað mér", hugsaði hann, að hér lagi leyndarmál undir, og ef svo er, skyldi eg nokkur tíma komast að því?

Dagurinn, sem fara átti til Richmond, var runninn upp. Lady Aðalheiður hlakkaði ekki mikið til hans. Að visu þótti henni hertoginn skemtilegur. Hún áleit ham mesta priðmenni, en henni leiddist hertoginn. Hún var að visu framúrskarandi falleg, og karlmönnumum leizt prýðilega á hana. Og hún gat fylgst með í öllu, talað um skáldskap, og næstum hvað kettúðarfult, sem bar á göma, gat hún gefið orð í. En hún gerði sér ekki minsta ómak til að þóknast kvenfólki. Það var ekki annað sjáanlegt en hún hataði sitt eigið kyn, og álitu, að karlmennt væru þar einn manneskjur, er vert væri að tala við.

Lady Aðalheiður ætlaði til Richmond einnugis vegna þess, að hún hafði ásett sér að standa á milli manns síns og allra þeirra freistinga, sem myndu mæta honum þar. Hún bjó sig mjög vel. Kjóll hennar var allur lagður dýrum og fögrum kniplingum.

Í Ormont höllinni hittu þau furstann af Gad-steen, Lady Kan og Alisu, greifainnuna af Carstares, lávarð og Lady Paragon, kaftin Randolph og margra fleiri háttstandi menn og konur.

Meðan verið var að borða, komu menn sér saman um, hverjir vildu fara riðandi og hverjir keyrandi

Lady Adalheiður ætlaði að keyra í vagni sínum. Alisa Kan spurði, hvort hún mætti vera með henni, og kaffeinn Randolph mæltist til hins sama. Hún leit hálf hrædd til manns síns. Hann hafði verið svo góður og nærgættur við hana, að hún hálfvegis vonaði, að hann mundi keyra með sér. Hún horfði spyrjandi á hann, og hann ætlaði að fara að biðja hana um ríman handa sér, en þá snéri hertogainnan sér að honum:

"Það er að eins eitt, sem ég vona, að ég hafi á nægju af í dag", sagði hún, "og það er að ríða með yður til Kín. Bonnhell minn er hér og margir fleiri góðir hestar. Ég vort, að þér neitid ekki þessari bön minni".

Hann var gestur hennar og átti því ekki gott með að neita því. Þar að auki þótti honum mjög skemtilegt, að ríða með henni. Hún tók sig svo vel út á hestbaki og var alveg óhrædd. Hann leit á hið alvörugelna andlit konu sinnar og hugsaði sig um.

"Ég þóttist vita", sagði hertogainnan fletulega, "að þér munduð ekki neita mér, og ég hef því valið hest handa yður".

Hann hneigði sig til samþykkis. Þinginn hafði heyrt þetta. Rétt á eftir var stadið upp frá borðum. Lady Adalheiður gekk til manns síns.

"Allan", sagði hún blíðlega. Þau nefndu nú ávalt hvort annað með nafni. "Allan, viltu keyra með mér?". Hertogainnan heyrði þetta. Hún brosti með sjálfri sér. "Ég varð í þetta sinn á undan þér, mín lagra Lady", hugsaði hún. Lávarðurinn varð í vandraðum við bæn konu sinnar.

"Ég var alveg nýbúinn að lofa hertogainnnni, að ríða með henni", sagði hann.

Mörgum konum mundi hafa sárnað, en Lady Adalheiður lét sem ekkert væri, hún var hans góði eng-

ill, og ef hún átti að geta komið fram ásetning sinn, mátti hún ekki hugsa neitt um sig. Það var ómögulegt að sjá á andliti hennar, þort henni þótti betur eða ver.

"Ég vona, að þú skemtir þér vel", sagði hún brosandí, "veðrið er svo gott". Rétt í þessu kom kaftiinn Randolph til þeirra.

"Ég get varla trúað minni eigin hamingju", sagði hann. "Á ég virkilega að fá að keyra með yður, Lady Aðalheiður?"

Hún hló og jätti því.

Það var ekki frítt fyrir að lávarðinu fæli illa, þegar hann sá, hve "Beauty" gladdist yfir að fá að vera með Lady Aðalheiði á leiðinni.

"Hérna kemur Bonnybell", sagði hertogainnan "Ó, hvað ég hlakka til. Hertoginn vill heldur keyra en fara ríðandi, en ég — já, þér munnið víst eftir, hve mikið gaman mér þykir að sitja á hestbaki".

"Já, og ég man líka eftir, hve góð reiðkona þér eruð".

"Það er fallega gert af yður, að veita mér þessa ánægju. Þó alt sýnist brosa við mér, þá hefi ég, þegar alt kemur til alls, ekki mikla gleði af lífinu".

Hann var göfuglyndur maður og gladdist af, að geta glatt aðra. Hún gat því ekki valið heppilegri orð.

"Jafn mikið og mér þykir varið í útreiðir, fa ég þó sjaldan tækifæri til þess. Hertoginn er dálítið sérvitur, og vill ekki hafa nema einstaka mann með mér í útreiðir, og þér eruð einn af þeim".

"Þá vona ég, að þér snúið yður alt af til mín, þegar þér þurfið á fylgdarmanni að halda, ég skal ávalt vera tilbúinn". Hún þakkaði honum og ásetti sér að nota það.

Hertogainnan sat vel á hestbaki, og hún var nú

bundum máli og yrkið til mín, Caren lávarður".

Margt af kvenfólki stó upp, en enginn taldi hertogainnunn. Allir vissu, að hún vildi ekki lána ónáða sig, þegar hún tók sig út úr á annað borð.

Lady Adalheiður hafði heyrt á tal hennar við mann sinn, og sönnleidis kasteinn Randolph.

"Má ég yrkja til yðar, Lady Adalheiður? spurði hann.

"Ónei, þakka yður, ég het mér nægja óbundið", sagði hún.

"Alisa, viljið þú koma með mér, golan frá ánni er svo svalandi".

Hún vildi hafa Alisu með sér, svo hún og kasteinn Randolph væru saman úti á svölunum. Hún vissi, að það var Alisu hin mesta gleði, að geta verið hjá honum.

Hún talaði við Alisu þannig, að hæfileikar hennar komu sein best í ljós, svo kasteinninn sá, hve samman gimstein hann fengi, þar sem hún var. Lady Adalheiður þóttist viss um að Alisu leikt vel á hann.

Hún reyndi af fremsta megni, að gera aðra hamingjusama, á meðan allur hennar hugur og hjarta dvaldi á þeim svölunum, sem enginn sýndist þora að vera á.

Hertoginn var að ræða um stjórnmál við nokkra af gestum sínum. Hann hélt að kona sín myndi skemta hinum gestunum, en hann hafði ekki hugmynd um, á hvaða hátt hún gerði það.

Hún hafði dregið fortjaldið, sem skildi svalirnár frá salnum, niður. Það var næstum niðamyrkur. Golan færði með sér blómangan og einstaka fugl heyrðist syngja. Hún sat og sneri sér að ánni, brosið var horfið af andliti hennar og þunglyndisblær kominn í staðinn. Hún var óneitanlega fögur, er hún sat þar í kveldkyrðinni. Alt var svo rólegt, að Caren lávarður sýndist ekki vilja rjúfa þögnina.

"Ég get ímyndað mér", sagði hún loks, "að ef við hefðum gífst, þá hefði meiri partur af lífi okkar hðið í þögulli hanningju. Þegar ég er ein hjá yður, finst mér ég falla í algleyming. Ég skil ekkert í, af hverju það kemur".

"Mér finst það sama", sagði hann.

"Ég ímynda mér helzt, að það stafi af því, að við dástum að því sama, og við skiljum hvort annað svo vel, að við þurfum ekki að brúka nein orð".

"Það er vel trúlegt", sagði hann.

"Ég er því tilfinningamæmi, sem ég læt þær sjaldnar koma í ljós".

"Ég ímynda mér, að flestir haldi tilfinningum sínum leyndum", sagði hann.

"Þeir eiga bezt, sem engar tilfinningar hafa, rólegt, kaldlyndt fólk, sem hvorki þekkir til fullkominnar sælu, né til hinnar djúpu örvæntingar".

"Er það alvara yðar, Nita, að álíta þær mann-
eskjur hanningjusamastar?"

"Já, áreiðanlega. Hvað gera ástriðurnar annað gott, en setja hrökkur á enn okkar, reka æskuna á flóttu og setja grá hár í höfuðið löngu fyrir en ellur kemur til sögunnar? Nei! Þér megið reiða yður á það, að allar geðshræringar eru mjög skaðlegar. Ninore D. Eneles, sem varnafnfræg fyrir fegurð sína, hélt henni til dauðans. Haldið þér að hún hafi nokkurn tíma grátið af sorg, eða hennar svoknu vonir hafi hlegið eins og margar gera? Nei, sá seti vill halda fegurð sinni, verður að varast alt því um líkt".

"Þér eruð undarlegur læriateistari. Nita. Hugs-
ið þér til að ganga í gegn um lífið, án gleði og án mótgangs?"

Hún stundi þungan. "Ég mun aldrei njóta
neinnar ánægju, og ég hef liðið verstu kvalir".

Hún færði sig nær honum, og talaði í hálfum

hljóðum við hann. Hún horfði til himins, talaði um stjörnur. Hún horfði út á ána, og talaði um það sem hún nefndi hinu lagra söng hennar. Hún talaði um allt, sem hún vissi að mundi hrifa hann, þangað til henni tókst að töfra hann, svo að hann gleymdi öllu nema nærveru hennar.

Hún tók strax eftir því. Hún sá leiftri bregða fyrir í augum hans, og hún brosti sigrihrósandi.

"Nú hefi ég hann á valdi mínu", hugsaði hún. En í sama bili var tjaldið dregið til hliðar og Lady Adalheiður stóð hvítklædd fyrir framan þau. Hún hreina, rólega framkoma hennar, var blessun fyrir lávarðinn. Töfrarnir, sem hann var í, hurfu burtu og urðu að engu, er hann sá konu sína.

Hann stóð upp. "Komdu og litu á ána, Adalheiður", sagði hann. Hún laut yfir grindaverkið og horfði á strauminn. Svo sagði hún: "Áin er mjög falleg. En, Allan, það er vist orðið mjög fram- orðið. Mér sýnist líka hertogainnan vera þreytt".

"Nei, það er nógur tími eftir enuþá, sagði hertogainnan. "Það bezta við þessar Richmond ferðir er, hvað þar enda seint".

En lávarðurinn hafði tekið hönd konu sinnar, og sagðist vilja fara að halda heim. Aftur hafði hertogainnan tapað.

Ó, hvað hún hataði hina góðlyndu, fögru Adalheiði! Því verður ekki með orðinu lést. Hún brosti framan í hana, en þó hefði hún helzt viljað krenja hana í sundur. Hún skildi vel að hún ætlaði sér að gæta manns síns fyrir henni.

"Það verður blóðugt stríð á milli okkar", sagði hún við sjálfa sig, "en að loknu sigra ég. Útlitið er mikið betra á mína hlið". En rétt á eftir, þegar hún heyrði, að lávarðurinn ætlaði að keyra henn með konu sinni, var hún ekki eins viss um sigur sinn eins og hún hafði verið áður.

XXXIX. KAPÍTULI.

Samkvæmistíðin í London hafði verið mjög svo skemtileg þetta ár, en nú var hún nærri á enda. Oft-
ar en einn sinni hafði hertoginn af Ormont talað um
að flytja í burtu, en þá hafði kona hans alt af sagt :
"Við skulum vera dálítið lengur, hér er svo skemti-
legt og svo margir vinir okkar hjá okkur".

Hún gat ekki hugsað til þeirrar stundar, er hún
yrði að sjá af Caren lávarði. Það var orðið að
vana fyrir þeim, að sjást á hverjum degi.

Hún sagði satt, er hún kvaðst hafa svæft hann.
Hún kunni til fulnustu þá list, að fjötra það sem
hún vildi. Jafnunngur og óreyndur, sem lávarðurinn
var, gat ekki hættulegra kvendi orðið á vegi hans.
Hún notaði öli tækifæri, og hafði ávalt net sitt úti.
Hún bar undir hann hvað lítið sem var. Hún lét
sem hún álti hann sem eldri bróðir sinn, sem hún
bæri hina mestu virðingu fyrir, en hún vakti einn-
ig hverja hans hreyfingu og hvert hans orð, og svo
hlakkaði hún yfir, hve vel henni tókst að snara hann.

"Einhvern dag mun hann vakna og finna, að eng
inn fugl í búri er meiri fangi en hann" hugsaði hún.

Hún kom því ávalt svo kaulega fyrir, að engan
grunaði neitt. Fólk áleit þau bara góða kunningja,
og hefði einhver áltið, að meira byggji undir, hefði
hann mátt hlægja að sjálfum sér. En Lady Adal-
heidur og kaftinn Randolph sán vel, hvernig í öllu
lá. Hún gat ekki kastað ryki í augu þeirra.

Það var orðið að vana, að Caren lávarður
fylgdi hertogannum ávalt, þegar hún reið út, og

hann heimsótti hana á hverjum degi til að vita nær hún óskaði samfylgdar hans.

Hertogann grunaði ekkert. Honum hefði eins vel getað dottið í hug, að lávarður Caren stæli silfrmunnum hans, eins og hann léki ástaræfintýri við konu hans. Hann hafði of göfugan hugsunarhátt til að geta látið sér detta slíkt í hug.

Íf hertogainnan var í leikhúsinu, var það ekki nema náttúrulegt, að kunningi hennar kæmi til hennar og talaði við hana.

Íf maður gætir sín og hefir augun opin fyrir öllum freistingum, sem fyrir kunna að koma, þá er alt gott. Ín gleymi hann þessu, og láti svæfa árvegni og skynsemi sína, er vegurinn fyrir óvininn opinn.

Hertogainnan hugsaði með sér: "Þegar ég hef náð honum á mitt vald, þá veit ég hvað ég skal gera: Ég hef auð og völd, en hvað stóðar mig það? Heimurinn beygir sig fyrir mér, menn hggja fyrir fótum mér, en hjarta mitt er dautt og kalt. Ég vil lifa og elska, og sjá að hverju mér verður það".

Hún reyndi að koma sér inn undir við Lady Caren, móður lávarðarins. Henni þótti ekki ráðlegt, að hafa hana á mæti sér. Hvenær, sem hún létti Lady Adalheiði, talaði hún við hana, en með hverjum degi óx hatur hennar til hennar. Hún sa, eins og allir aðrir, að lávarðurinn var orðinn sem annar maður við konu sína. Hann var nú ætíð hlýlegur við hana, ráðkerði sig í öllu með henni, og spurði hana oft, hvort hún óskaði ekki einhvers, sem hann gæti veitt henni.

Lady Adalheiður var mjög vinsæl. Fólki þótti miklu meira til hennar koma en hertogainnum, sem var mjög draumbömur, og engu líkara en hún fyrirliti sitt eigið kyn. Sérstaklega dáðist hertoginn að Adalheiði, og talaði oft um hana, og konu hans

samþykkti það með honum. Hún var of kæn til að láta sér um munn fara, að henni gæðaðist ekki að Lady Aðalheiði. Hún talaði alt af um Aðalheiði, sem fallega og yndislega konu. "Hún er róleg og falleg", sagði hún, "en alls ekki fjörug, og samt er hún skemtileg". Kasteinn Randolph heyrði einu sinni til og spurði hertogainnuna, hverja meiningu hún legði í orðið fjör.

Hertogainnan leit brosandi til hans. "Menn leggja nú margvíslega meiningu í það orð, en meining mín er, að geta skemt nullu húsi af gestum", og hún hló góðlátlega.

"Ég hef aldrei heyrt konu tala af jafnmikilli fyndni og þekkingu sem Lady Aðalheiði", sagði kasteinn Randolph, "og ég þekki enga konu betri hæfileikum bána og jafnvíðfeldna í framkomu sinni, sem hana".

"Þér takið svari vna yðar, kasteinn Randolph. Þér yrðið víst mjög ánægður, ef ég segði Lady Aðalheiði fullkomna í alla stadi, og ég vil gera það yðar vegna".

"Nei, ekki mín vegna, heldur vegna réttlætisins og sannleikans", sagði hann. Hertogainnan reiddist ekki, en upp frá þessari stundu varaðist hún, að tala um Lady Aðalheiði, þegar kasteinnur heyrði til.

Loks var hertoginn orðinn sárleður af að vera í London, og kona hans sá, að hún varð að láta undan honum.

"Mér gæðjast ekki að lifinu í London", sagði hann. "Við verðum náttúrlega vegna stöðu okkar að dvelja þar vissan tíma, en ég uni mér miklu betur í sveitaloftinu".

Hertogainnuni fannst nú reyndar það vera sama. En þá varð hún að hafa þann með sér, sem henni þótti meira til koma en manns síns. Alt í einu

datt henni ráð í hug. Hertoganum geðjaðist svo vel að Carens hjónunum, því þá ekki að fara með þeim til Brookland?"

Sama dag kom Caren lávarður að finna hana. Hertoginn var ekki heima, en kona hans var ein í herbergi sínu. Honum var vísað þangað inn. Hún þóttist vita, að hann myndi koma og hafði búið sig undir, að taka á móti honum.

Randleitinn ljósbjarma sló yfir herbergið. Hvít blóm stóðu hér og hvar og tóku sig út sem stjörnur. Sjálf var hún í hvítum kjól, bryddum með randinu höndum og með blóm í hárinu. Hún hallaði sér upp í hægindastól og hafði randan flanelskodda undir höfðinu. Hún hreyfði sig ekki, er lávarðurinn gekk inn, en brosti glaðlega framan í hann.

"Mér þykir vænt um að þér komið. Funduð þér á yður, að mér leiddist, fyrst þér heimsóttuð mig?"

"Ég hélt, að þér vilduð ef til vill ríða eitthvað út. Veðrið er svo gott í dag".

Hún stundi þungan. "Nei, ég verð nú að sjá á bak hinni mestu ánægju lífs míns".

"Hvers vegna?"

"Ég hef sagt yður, að hertoginn er svo sér-sinna, að hann vill ekki lofa mér að ríða út með neinum nema yður, og nú líður óðum að þeim tíma, sem við verðum að skilja".

"Við förum ekki strax í burtn úr London", sagði hann.

"En við förum", sagði hún. "Hertoginn vill með engu móti dvelja hér lengur, og ég verð að gera eins og hann óskar. Ó, hvað ég mun sakna samveru okkar!"

Lávarðurinn leit út, eins og hann hefði orðið fyr-

ir vonbrigðinn. "Ég hafði ekki hugmynd um, að þið færuð svona fljótt. Við munum sakna ykkar mjög. Hvenær farið þið?"

"Hertoginn ræður því. Við getum ekki farið til heimilis hans, því það er verið að breyta höllinni, og á meðan get ég ekki lagt á mig að vera þar, — ímynda mér því, að hann fari til bugarðs síns uppi í landi. Það verður sem fangelsi fyrir mig, en náttúrlega verð ég að fara að vilja hans".

Hominn fannst hún vera svo góð og andsveipin. Hann sá tár læðast niður kinnar hennar.

"Ég vildi, að ég gæti eitthvað hjálpað yður, Nita, mér tekur svo sárt, að sjá yðursvona hrygga"

"Ég kvarta ekki. Hvernig líka gæti ég það? Ég hef alt til alls".

Aftur kom hominn í hug, hve þolinnóð hún var.

"Get ég nokkuð hjálpað yður, Nita?" spurði hann.

Hún leit brosandi framan í hann. "Munduð þér reiðast, ef ég segði yður, hvað mér dettur í hug?"

"Reiðast? Nei. Hvernig get ég það?"

"Mig langar svo mikið til að sjá Brookland, mig langar svo til að dvelja þar nokkrar vikur. Mig hefði alt af langað svo til að koma þangað. Þar gætum við ríðið út og skemmt okkur vel".

Lávarðurinn stóð upp og roðnaði út undir yru.

"En myndi hertoginn vilja þiggja heimbo að Brookland?"

"Ef þér bjóðið hominn, skal ég sjá um, að hann þiggi það".

Þegar Caren var farinn, sagði hún brosandi við sjálfa sig: "Kænska, fastur ásetningur og góð heilbrigð skynseui, getur miklu til leiðar komið".

Arnljotur B. Olson

XI. KAPÍTULI.

"Ég veit varla, hvernig ég á að svara þessu", sagði hertoginn nokkrum dögum seinna við komu sína. Hún var ein í herbergi sínu, og hann kom inn til hennar með opið bréf í hendiinni. Hún léit glæðilega framan í hann.

"Hvað er það?"

"Lestu það, góða min", sagði hann. "Caren lávarður býður okkur að koma með sér til ættaróðals síns Brookland. Ég veit varla, hverju svara skal".

"Til Brookland!" sagði hún alveg forviða. "Ég sé ekki, að við getum farið þangað".

Svo las hún bréfið og lagði það svo frá sér aftur. Hún lést vera í vandraðum með, hvað gera skyldi.

"Þú vilt helst fara norður í land og ég vil það gjarnan líka".

"Caren lávarði þykir fjarska mikið til þín koma, en þú ert víst nú búin að afráða, hvert þú ferð".

Hún lét, sem sér staði alveg á sama um þetta, og engum gat komið til hugar það, sem hún hafði á bak við eyrað. Hún vissi, að bezt yrði sér ágengt, að láta sem hún færi í öllu að vilja manns síns. Hún kom samt með nokkrar mótbáurur, fullviss um, að maður hennar myndi eyða þeim.

"Að vísu var ég búinn að fullráða við mig, hvar við yrðum í sumar, en Carens fólkíð eru þær skemtilegustu manneskjur, sem ég þekki", sagði hertoginn.

"Já, það er skemtilegt fólk. Mér hefir þótt svo fjarskalega skemtilegt, að riða út með lávarðin-

um", sagði hún. "Saurt hugsa ég, að Caren lávarður hugsi mest um sjálfan sig með þessu heimboði. Það er ekki meira en vika síðan hann sagði mér, hve mikið hann hefði lært af þér, og honum þykir svo mikið varið í, að tala við þig um stjórn-mál".

"Sagði hann það?" spurði hertoginn heiminnlifandi. "Það heita, sem maður getur gert með þá reynslu og þekkingu, sem maður fær í lífinu, er að kunna hana öðrum og láta þá hlafa gott af henni, eða hvað finst þér?"

"Vissulega hefir þú rétt fyrir þér. Ég gæti bezt ímyndað mér, að Caren lávarður ætlaði sér að verða kerisveinn þinn".

"Já, hvað segirðu um þetta, Nita? Á ég að þiggja heimboðið eða ekki? Þætti þér skemtilegt, að dvelja nokkrar vikur á Brookland?"

"Mér, jó. Mér þykir Lady Caren skemtileg, og mér þykir gaman að ríða út með lávarðinum. Éu annars ræður þú því alveg".

Hún vissi, að hún hefði unnið spilið, og væri því réttast, að hún þættist vera auðsveip. Hertoginn þakkaði henni með handabandi.

"Nei", sagði hann, "þú ert drottning hjarta míns og á heimili mínu. Óskir þínar eru mér lög".

Úrslitin urðu þau, að hertoginn þáði heimboðið, og tjáð þakkir fyrir.

Nú fyrst fór Caren lávarður að hugsa um, hvað móðir hans og kona myndu segja um þetta heimboð. Lady Caren hafði lofað, að fara með þeim til Brooklands. Nú, henni þætti vist ekki margt að því, að fá gesti, og Aðalheiði ekki heldur. Þó hafði hann tekið eftir, að í seinni tíð hafði engin sýnileg vinátta verið á milli þeirra. Hann áleit bezt, að vera ekki í meinni óvissu lengur, og gekk því inn til þeirra með bréf hertogans í höndinni.

"Ég hef góð tíðindi að fara ykkur", sagði hann. En það var ekki frítt fyrir, að rödd hans skilfi. Lady Adalheiður leit upp frá teikningu sinni, og móðir hans lagði frá sér pennann.

"Góð tíðindi", endurtók hún. "Hvað er það, Allan?"

"Hertoginn og hertogainnan af Ormond hafa lofað að heimsækja okkur á Brookland. Hér er bréf hertogans, þú getur lesið það, matama."

Lady Caren las bréfið og sýndist mjög ánægð yfir því.

"Mér þykir vanta nú það, Allan", sagði hún. "Hertoginn er maður, sem vert er að vera í vináttu við, göfugt þrúmennti. Það var rétt af þér að bjóða þeim heim. Hertogainnan er mjög falleg, og með aldrinum verður hún skynsamari en hún er nú".

Lávarðurinn hló. Honum fannst sem létt væri af sér þungri byrði. "Helder þú, að hún sé ekki nógu skynsöm nú?" sagði hann.

"Maður getur auðvitað ekki dæmt hana eftir sama mælikvarða og enskar konur", sagði hún, "en að mínu áliti er hún of glysgjörn".

Lady Adalheiður var ekkert farin að segja nú þetta. Lávarðurinn var aldrei vel ánægður, fyr en hún hafði samþykkt það sem hann gerði. Hann gekk til hennar, horfði nokkra stund á teikningu hennar. "En hvað þú teiknar vel, Adalheiður", sagði hann, "þú ert að náttúrufari mjög listgefin".

"Ég held það sé fremur þolinæði minni að þakka en hæfileikum", svaraði hún.

"Ég vona", sagði hann hálf vandræðalega, "að það sé þér ekki á móti skapi, að fá gesti á Brookland í eina eða tvær vikur".

Hún vissi varla, hverju svara sýldi. Átti hún skýrt og skorinort að segja honum, að hún vissi meira en hann hélt, eða átti hún að halda fast við

ásetning sínum og vera þolinmód til hins síðasta? Hvað átti hún að gera? Þó hún setti sig upp á móti þessu, gát ekkert gott af því leitt. Heimboðið varð ekki tekið aftur. Hún leit alvarlega framman í mann sinn:

"Ég er alt ánægð, þegar ég veit, að þú ert ánægður. En í þessu efni höfum við gagnstæðar skoðanir. Hertoginn af Ormond er ein af þeim konum, sem mér gæðjast ekki vel að, og hreint út sagt, þá kærir ég mig ekkert um vináttu hennar, en ég vil gera allt, sem ég get, vinnu þínum til gæðs, Allan, og það ættir þú að vita".

"Ég veit", sagði hann fljótlega, "að allir góðir eiginleikar eiga henna hjá þér. Ég býst við, að þú viljir ekki segja mér, hvað þér þykir að hertoginninn? Kvenfólk er svo undarlegt í skoðunum sínum. En eitt vil ég segja þér, að það er langt síðan ég fann, að þú, Aðalheiður er sú fullkomnasta og besta kona, sem ég hef nokkur tíma þekkt".

Lady Caren heyrði þetta, og henni þótti svo vænt um það, að hún stóð upp og lagði hendur um hals syni sínum og kysti hann.

Seinna um daginn gekk Lady Aðalheiður inn í bókaherbergi manns síns. Hann var að skrifa bréf en lagði pennann strax frá sér, er hann sá hana koma inn, og smærir sér brosandi að henni. Hversu ólíkt var ekki viðmót hans frá því nokkrum mánuðum áður!

"Máttu vera að tala við mig í fimm mínútur?"

"Já, þó það væri í fimm ár". Hann stóð upp, og bauð henni sæti. Hann tók eftir, að hún var náfól og skjálfaði.

"Er nokkuð að, Aðalheiður?", spurði hann fljótlega.

"Nei, en mér finnst vera kominn tími til, að tala

um nokkuð við þig, þó ég taki nærri mér, að verða að tala um það".

Hann horfði órólega á hana. "Það er best illu allokið, Aðalheiður. Þú muntu strax".

"Þú muntu vist ekki eftir brúðkaupsdegi okkar?"

Hann hneigði sig, og fannst ekkert þurfa að tala um það nú.

"Við komum okkur saman um þá", hélt hún áfram, "að þú munt nokkurn tíma, og skilja svo, af þeirri ástæðu okkur milli ekki".

"Já, ég munt", sagði hann.

Einn sinni hélt hann þurt þig að, hvort ég ætti ekki að fara þú svarðir því neitandi. Nú vil ég spyrja þig um þetta aftur. Samkvæmistíðin er nú liðin, þú munt nú aftur til Brokland, og verður þar umkringd af vinum þínum. Er því ekki kominn sá tími sem ég get farið á þér?"

Í öllum þessum gjafum, sagði hann. "Hvaða ástæðu höfðu þú til að skilja, Aðalheiður? Hvað gæti þú fundið að þér? Þú ert blíð sem engill og tignuleg sem drottning. Þú ert elskuð af öllum, og þú hefur þig og allir dáðst að þér. Fólk myndi bara hafa ástæðu að mér, og ekki trúna því, ef ég segði að okkur væri ekki komið saman".

Þrátt fyrir geðshokkuna, gat hún ekki varist brosi.

"Svo þú héltst okkur myndi ekki geta samíð?" sagði hún hlöðin.

"Ég vissi ekki þá", sagði hann, "þú ert í raun og veru".

"Mundu eftir því að orlög min og líf mítt er algerlega í þínum höndum. Ef þú vilt að ég fari, — svo fer ég. Ef þú vilt að ég verði, — þá verð ég. En, Allan, vertu sanngjarn við mig í einn".

Hún var svo elskuleg í andmýkt sinni, að hann hefði ekki getað neitað henni um nokkurn hlut.

"Sýndu mér nú réttlæti", sagði hún. "Komdu

mér ekki til að þykja svo vænt um Brookland, að ég geti aldrei farið þaðan".

Blóðið hljóp fram í kinnar honum og hjarta hans sló hrætt. Í fyrsta skifti á æfi sinni langaði hann innlegga til að taka hana í faðm sei og kyssa hið lagra andlit hennar.

En þá kom aftur gamli elum, veldu og sterkari en nokkru sínu fyr. Hann greip um hendi hennar.

"Aðalheiður!" hrópaði hann. "Gerðu þau mínna: Segðu mér hvers vegna þú áttir mig".

Hún leit sorglega framan, hann.

"Ég vildi óska, að ég gæti sagt þér það, en ég get það ekki. Þú verður að ljúga um það, hvað sem þú vilt".

"Þú mátt þá heldur ekki láta þér detta í hug, að yfirgefa Brookland".

"EKKI fyr en þú segir mér að fara. Í sama vetfangi var hún út úr herbergjum.

Arnþjotur B. Olson

XIII. KAPÍTULI.

Um þessar mundir fékk Lady Caren bréf frá Clavering hershöfðingja. Sagði hann, að ófyrirséðar orsakir hefðu hindrað sig frá að koma á þeim tíma, sem hann hafði ákveðið. En nú kvaðst hann mundi heimsækja þau í júlímánuði. Lady Caren varð ávalt hálf óróleg, er hún fékk bréf frá honum. Hún sagði syni sínum frá, að hann hefði skrifað sér og hvenær hann byggist við að koma.

Sonur hennar hló. Brookland er enginn smá-kofi", sagði hann, "en við verðum samt að láta

byggja við húsið, ef gestir okkar fjölga. Kaftunn Randolph kemur og margir fleiri, en velkomnastur af öllum skal verða hinn góði gamli hershöfðingi".

Lady Caren var samt mjög óróleg, og sonur hennar tók vel eftir því, og féll það mjög illa.

"Mig langar til, að hershöfðingjannu lítist sem best á sig hér".

Lávarðurinn hló aftur. "Þú mátt vera viss um að honum mun líkast á sig hér, mamma".

"Allan", sagði hún, "þú mátt ekki hlægja að því sem ég segi: Lofaðu mér því, að vera ná reglulega góður við Adalheiði á meðan hershöfðinginn dvelur hér".

"Er ég ekki alt af vingjarnlegur við hana?" spurði hann óþolinmóðlega.

"Já, á vissan hátt", mælti hún sorgbitin, "en sérhver, er líkað hefir í hamingjusömu hjónaböndi, hlýtur að sjá, að sambandið á milli ykkar er frentur sem bróður og systur en þeirra, sem elskast, og ég er hrædd um, að hershöfðinginn sjái fljótt, hveruig því er varið".

Lávarðurinn leit alvarlega til móður sinnar.

"Setjum svo, að hann gerði það. Hvað svo? Ekki óttast ég hann".

"Móðir hans náföluaði og stundi þungan. Sonur hennar horfði forviða á hana.

"Er nokkuð leyndardómsfult við þennan góða, gamla hershöfðingja, mamma? Það er engu líkara, en að þú sért hrædd við hann".

"Nei," mælti hún með breytttri rödd, "en mér er ant um, að hann fái hina bestu hugmynd um okkur, og ég vil, að hann sé fullviss um, að Adalheiður sé hamingjusöm".

"Ég geri það, sem ég get", sagði hann dauðlega.

"Ég ólst svo upp, að ég vissi ekki annað, en að ég væri eini erfingi föður míns, en svo kom þessi hræði-

lega, oréttláta erfðaskrá, og ég varð að ganga að eiga þá stúlku, sem ég ekki elskaði, þó hún sé bæði góð og fögur. Ég hef gert mitt besta, mamma, og ég get ekki gert meira".

"Gerðu það, sem ég bið þig um, Allan".

"Ég er enginn hræsnari, mamma, ég get ekki hrænað að eins til að þóknast öðrum. Ég ber hina dýpstu virðingu fyrir Lady Aðalheiði, og sé og kann að meta hina miklu mannkosti hennar, og ég sé um, að allir sýni henni tilhlýðilega virðingu".

"En, elsku Allan, getur þú ekki gert eins og ég bið þig? Ég óska svo hjartanlega eftir, að þú elskir hana, eins og hverjum eigimmanni ber að gera".

"Menn geta fremur ráðið yfir vind og sjó, en hjartastrengjum sínum", sagði hann sorgbatinn. En í huga hans flaug sú hugsun: Var hann ekki farinn að elska hina fögru, blíðlyndu konu, sem að eins að nafni til var kona hans. Hjarta hans sló ávalt hratt, er hann hugsaði til hennar.

Hann kysti móðir sína blíðlega, sem kom þó ekki oft að.

"Vertu ekki neitt kvíðandi, mamma, ég geri það sem ég get. Ég skal alt af muna eftir því, sem þú hefir beðið mig um, og þegar hershöfðinginn skilur við okkur, skal hann standa í þeirri meiningu, að við séum hamingjusömustu manneskjur undir sólunni".

Lady Caren varð að láta sér nægja þetta loforð. Og nú var farið í óða önn að flytja til Brokkland.

Lady Aðalheiður kveið ekki fyrir framtíðinni til neinna muna. Hún hafði sagt manni sínum meiningu sína aðdráttarlaust, og fengið fullnægjandi svar. Hún þóttist viss um, að ef maður hennar hefði boðið hertogaimunni til Brookland, með þeirri hugsun frá beggja hálfu, að þau gætu fengið tækifæri til að

sjást og dvelja saman, — þá stæði honum á sama, þó hann sæi henni á bak.

Hún gat samt ekki ráðið annað af orðum hans en að hann væri alveg saklaus. Hún gladdist af að heyra, hve mjög honum var á móti skapi að hún yfirgæfi hann og hvað hann óskaði mæilega eftir, að hún dveldi með honum á Brookland.

Hún leit til himins.

“Með tímanum mun hann elska mig”, hugsadi hún með sér. “Það hefði getað orðið létt fyrir mig að vinna ást hans, en nú verður það næsta erfitt. Bara hún taki hann ekki frá mér!” Hún kveið miklu meira fyrir, að sigra hana fögru töfrandi hertogann en mann sinn.

“Ef þan hefðin ekki hízts aftur, hversu væri þá ekki alt öðruvísi en það er nú. En einkunnarorð mitt skal vera: GUD OG RÉTTURINN MINN”.

Svo var það eitt fagurt kveld í júlímánnði, að hertoginn af Ormont kom til Brooklands með konu sína og þjómstúfólk. Alt stóð í fullum blóma. Hin stórn, fögru tré voru þakin grænn laufskróði. Í greinunum sungu fuglar þúsundum saman. Gosbrunnarnir glóðu í sólskininu. Blómin stóðu útsprungin í blómgórdunum.

Sólin var að síga til viðar, en varpaði geislum sínum á hallarghiggana, svo þeir voru tilsýndar sem eldlitir. Hertoginn gat ekki orða bundist, er þau keyrðu inn um garðshlíðið.

“Það er eitthvað hátígnarlegt við Brooklands”, sagði hann. “Það hrifur mann meira að komu hingað en til búgarðs okkar”.

Hertoginn tók ekkert eftir því, sem hann sagði. Hin dökkn, úndrand angur hennar dvöldu hugsandi á himin stórvöxnu trjám og grán míveggjum.

“Alt þetta væri nú mætt, ef þessi skammarlega

erfðaskrá hefði ekki komið til sögunnar", hugsaði hún, "og mér hefði þótt þúsund sinnum betra, að vera ráðandi hér en vera hertoganu af Ormont".

Carens fólkið var komið til Brokklands fyrir nokkrum dögum. Margir gestir voru komnir þangað og alt var tilbúið til að taka á móti hertogahjónunum.

Hertogainnan veitti öllu nákvæma eftirtekt, og hún varð frá sér numin af undrun og aðdáun yfir öllu því skranti og ríkidæmi, er var á bugarði Carens lávarðar.

"Að hugsa sér, ef þetta hefði verið heimili mitt, og mér skyldi hafa þótt vænna um það, en hið leiðinlega hefðarbyli, með öllu þess gamaldags skrauti".

Það var haldin veizla í tilefni af komu hertogans. Hertogann þótti hún svo skemtileg, að hann hlakkaði til veru sinnar á Brooklands. Eftir máltíð, fóru þau að spila tvímenningsspil hertoginn og Lady Caren. Hertogainnan snéri sér að lávarðinum :

"Ég dáist mjög að bústað yðar", mælti hún. "Alt er hér svo fallegt. Mig langar til, að þér sýnið mér uppálagsstaði yðar, því þeir hljóta að vera til".

"Með mestu ánægju", sagði hann, og snéri sér til komu sinnar. "Aðalheiður, viltu ekki koma líka út í garðinn?"

Hún leit brosandi framan í hann. Augnaráð hennar lýsti bæði fullkýmnasta trausti og ást.

"Nei, ég vil ekki koma út strax. Sýndu hertogainnummi uppáhaldsstaði þína. Ég fer ekki út fyr en í kveld".

Lávarðinum hitnaði um hjartaræturnar, er hann fann traust hennar. En hertogainnummi sárnaði það svo, að hún hefði fegin viljað drepa hana.

Þau gengu svo út, og lávarðurinn sýndi henni

tréhundinn, sem fyr var getið um. Hún varð frá sér numin.

“Ég get ekki ímyndað mér, að fegurri staður sé til á öllu Englandi”.

Á meðan þau sátu þar og nutu hins hressandi lofts, þá var það ekki hertoginn, sem lávarðurinn var að hugsa um, heldur um konu sína, sem á brúðkaupsdegi þeirra hafði staðið hér biðjandi fyrir framan hann.

XLII. KAPÍTULI.

Caren lávarðu sat einu í tréhundinum. Ljósín, sem lýstu út um loftsgluggana, bentu á, að fólkið ætlaði að fara að taka á sig náðir. Hann hafði boðið gestum sínum góða nótt, en sjálfur gat hann með engu móti sofnað.

“Ég ætla að ganga út í garðinn og reykja mér vindil”, hafði hann sgt við þjóninn. “Láttu dyrnar vinstra megin standa opnar.

Honum fannst hann ætla að kafna inni í húsinu. Hann mátti því til, að anda að sér hreinu lofti. Í hundinum var niðamyrkur, og það var einmitt það, sem hann óskaði eftir. Tungsljós lagði um innanganginn, en eftir því sem innar dró, þess myrkara varð, unz maður var staddur í kolniðamyrkri. Hann þreifði fyrir sér, þungað til hann fann sæti hjá hvítu líkneski, og þar settist hann. Undarleg hugsun hafði flogið í huga hans, sem hann varla vildi trúa, og hér í kyrd næturinnar, spurði hann sjálfan sig að þessari spurningu:

“Er ég orðinn ástfanginn í minni eigin konu?”

Í fyrstunni hafði hann kastað þessari hugsun frá sér, sem einhverju ómögulegu. Hann, sem hafði heitið því, að fyrirlíta hana, af því hún átti hann

móti vilja hans. Hún hafði skilið hann frá Nitu, sem hann elskaði svo heitt, og hún kastaði ósjálf-rátt skugga á minningu föður hans, sem honum hafði þótt svo vænt um. Gat það verið, að hann elskaði hana? En ef það var ekki, kvernig stóð þá á þessari maðsríku tilfinningu, er verndi hjarta hans? Hvers vegna var hún alt af í huga hans? Hvers vegna var hið fagra sudlit hennar ávalt fyrir augnum hans? Honum kænst rödd hennar ávalt hljóma í eyrum sér. Hvers vegna tók hann eftir sérhverri hreyfingu hennar, hlustaði eftir hverju orði af vörum hennar? Hvers vegna vildi hann ekki fyrir nokkurn mun valda henni hrygðar? Fyrir nokkurnum mánnöðum síðan áleit hann þó, að sú kona, sem neyddi mann til að eiga sig, átti skilið sorg og mótlæti.

Aftur og aftur spurði hann sjálfan sig: "E- það mögulegt, að ég elski hana?"

Svo fór hann að hugsa um, hve ólíkar þær væru, hertoginninn og konan hans.

Lady Adalheiður: Saklaus, blíð, róleg og viðfeldin í allri fránkomu sinni, með hin djúpu, fögru augu og alvörugefni varir. Hvítklædd, með sújóhvíta sál, kvenleg, og elskuð og vart af öllum, sem þektu hana.

Hertoginninn af Ormont aftur á móti: Óvanalega falleg, með svört, eldfjörug augu, lítinn fallegan munni. Drambsöm og tignarleg. Hættuleg sem töfradisir fornaldarinnar. Kona, sem gat komið hverju mannhjarta til að slá tíðara, en sem ferði hann ekki einu einasta fæti nær hinuminnu. Hún var að öllu leyti heimsleg.

Hann hugsaði langa stund um þessar tvær. Allar hinar göfugu og sönnu tilfinningar hans hneigðust að þeirri fertöldu.— En hún hafði átt hann á móti vilja hans.

“Ég jata það hreinskilnislega”, sagði hann. “að ef þetta hefði ekki skeð, álití ég konu mína þá beztu konu í öllum heiminum”.

En hann gat ekki rekið þessa hugsun úr huga sér. Ef hún hefði ekki átt hann móti vilja hans, myndi hann hafa elskað hana heitt og innilega. Ef hann að eins hefði skilið hana í þessu atriði. Ef hann hefði getað fundið einhverja ástæðu fyrir því! En hvernig sem hann braut heilann um það, gat hann enga fundið. Hún hafði átt hann, hvort sem hann vildi eða ekki. Það hlaut því að vera auðæfi hans, er hún sóttist eftir. Það var ekki hægt, að leggja það öðruvísi út. Hann óskaði heitt og innilega eftir, að hún hefði í þessu efni breytt öðruvísi en hún gerði. Honum var ómögulegt að segja um, hvort hann elskaði hana eða ekki. því endurminningin um, að hún hefði neytt hann til að eiga sig, varpaði ávalt skugga á hina mörgu kosti hennar. —

Hertoginnan elskaði hann heitar en nokkurn annan mann. Það var auðséð á allri framkomu hennar gagnvart honum. — Aftur á móti gat hann lagt hönd sína á hjartað og svarið, að hann var saklaus af, að bera nokkra óleyfilega ást til hennar. Það kom að visu fyrir, að hún tölraði hann, og kom honum til að dádast að sér, en hann bar enga óleyfilega ást til hennar, sem hún til hans.

En hann kendi í brjósti um hana, því hann sá, að hún gat aldrei orðið ánægð við líf þíns göfuga, prúðmannis, sem hafði deilt með henni hertogakórónu sinni. Hún var of ung og glysgjörn til að geta verið eftirlát og blid við hinni aldraða manni sinni. En um leið og hann vörkendi henni, reis upp í hjarta hans efi, sem hann gat ekki gert sér fulla grein fyrir.

Honum kom í hug eitt kveld ekki alls fyrir löngu. Allir gestirnir tóku þátt í alvarlegu sam-

tali. Kasteinn Randolph hafði sagt, að sér findist lífið of stutt í hlutfalli við, hve mikið af meðlæti og mótlæti fylgdi því. Lady Caren stundi þungan og sagðist álita, að lífið hefði í för með sér meira af sorg en gleði. Þá hafði hertogainnan gripið fram í, og sagt með sínu vanalega drambi: "Lífið er ekki til annars en að gleðja. Þeir, sem sakna gleðinnar, eru að eins þeir, sem ekki hafa snarræði eða hugrekki til að ná henni".

Hann hugsaði nú til konu sinnar, er með sinni blíðn röddu hafði svarað: "Lífið er skóli, sem býr okkur undir annað líf. Við getum gert það hjart og dímpt eftir hvers eigin gæðþóttia, en samt sem áður er það undirbúningsskóli, sem býr okkur undir annað og betra líf.

Hertogainnan hafði hlegið, en kasteinn Randolph sagði: "Þér hafið rétt, Lady Aðalheiður. Það væri betur, að við öll líktumst yður".

Sjálfur hafði hann dádast að henni, og fundið, að sál hennar lifði í þeim heimi, sem hertogainnan þekti ekki einusinni til.

Það var svo langt frá, að hann væri rólegur eða ánægður. Hann hafði mjög næma sómatilfinningu. Hann fann vel, að aldrei myndi Lady Aðalheiður hegða sér gagnvart nokkrum manni, eins og hertogainnan hegðaði sér gagnvart sjálfum honum. — Hann vissi vel, að allir dádust að konu hans. Kasteinn Randolph leyndi því alls ekki, að hann áleit hana þá fullkominustu og göfugustu konu, sem hann nokkur tíma hafði þekt. Þó var hann fullviss um, að kona hans hafði hvorki með orðum eða tilliti gefið honum nokkra ástæðu til þess.

Annað eins traust og tiltrú hefir mikið að segja. Sæll er sá maður, sem getur borið slíkt traust til konu sinnar, og sá kona, sem ávinur sér það. — Hann hefði ekki getað borið annað eins

traust til hertogaimmunnar. Hann hafði grun um, að ef hún væri konan hans, þá myndi honum ekki líka vel, að hún hegðaði sér við annan mann, eins og hún hegðaði sér við hann.

Lávarðurinn sat þarna langa stund. En hann var engu nær, né hafði hann leyst fram úr hinum mörgu efasemdum sínum, þegar hann stóð upp. —

Það er mjög leiðinlegt að skrifa um konu, sem syndgar af ásettu ráði, að hún heldur frelsi sínu og virðingu í hendi sér og leggur það á metaskálar á móti ást og sérlyndi sínu. Það er leiðinlegt, að verða að lesa og trúa slíku. — Ef einhver er afvegaleiddur eða hrasar, getur maður ímyndað sér, að hans sé freistað um megn. — En um Júanitu, hertogaimmuna af Ormont, getur enginn hugsað það. Hennar var ekki freistað af neinu, nema hinni óleyfilegu, ástriðufullu ást sjálfrar hennar.

Það er óskemtilegt, að þurfa að skrifa um afbrot annara. Þinglarnir geta grátid yfir því. Ég, sem skrifa þessa sönnu frásögu, — ég vil ekki hugsa að hún hafi til fulls þekt synd sína, né séð fyrir afleiðingar hennar. En eitt er víst, — hún vissi vel, að hvaða takmarki hún stefndi.

“Tíga konur, sem hafa skilið við mann sinn og gíft aftur, nokkurntíma afturkvaemt í góðan félagskap?” spurði hertogaimann einnsinni Lady Caren.

“Það er mikið undir því komið, af hvaða ástæðu konan hefir skilið við mann sinn, og svo hverjum hún hefir gíft aftur”.

“Gud gæti mín frá, að dæma náunga minn óvægilega”, bætti Lady Caren við, “en hreint út sagt, vildi ég ekki vera í kunningsskap við þær konur”.

“Já, en skilnaðir eru mjög algengir. Hvað mynduð þér gera, Lady Caren, ef t. d. sonur yðar ætti konu, sem hefði skilið við mann sinn?”

“Sonur minn myndi aldrei gera sig sekan í því,

og ef hann gerði það, myndi ég, þrátt fyrir það hve mér þykir vönt um hann, aldrei lita hann framar.

XLIII. KAPÍTUL

Eitt legurt smarkveld á Brooklands, er Lady Caren óvanalega döpur og áhyggjufull. Um morguninn hafði hún fengið bréf frá Clavering hershöfðingja, þar sem hann segir henni, að hann sé á leið til Brooklands, og muni að öllu forfallalausni koma um kveldið. Hún hafði strax flýtt sér með það til Lady Aðalheiðar.

“Ó, Líða”, sagði hún, “mér finst sem eitthvað ólán muni henda mig, ég er alveg eyðilögð af ótta og hræðslu”.

Lady Aðalheiður lagði hendur sínar um háls henni. “Já, það sýnist hart”, sagði hún, “að öll þessi byrði skyldi falla á þig”.

“Þú hefirhaft þinn hluta af henni, Aðalheiður”, sagði Lady Caren. Og nú grét hún svo sárt, að það var sem ómögulegt væri að bæta úr sorg hennar.

“Ég þekki hershöfðingjann svo vel, Líða. Hann er heiðursmaður í alla stadi, og hann demir alt eftir strangasta mælikvarða. Þessi heimsókn hans hefir óhamingju í för með sér, það er ég viss um”.

“Nei, þú ert alt of kvíðafull. Hvers vegna ertu hrædd um, að nokkur óhamingja hendi þig?”

“Hershöfðinginn mun tala við Allan, og þá leiðist hvert orðið af öðru. Alt af hefir ég kvíðið fyrir, ef þeir hittust. Ó, Líða, spár mínar hafa ræzt”.

“En þú getur komið í veg fyrir, að hann segi

nokkuð það, sem hafi illar afleiðingar í för með sér", sagði Lady Adalheidur.

"Ég get ekki séð, hvernig ég get það", sagði Lady Caren.

"Vertu hjá þeim, hvenær sem þú getur því við komið, og segðu hershöfðingjannum, að Allan vilji sem minnst nu þetta mál tala".

"Já, ég get reynt það, en hershöfðinginn er svo skarpur og greindur maður, að það verður ekki svo auðvelt, að fara í kring um hann. Hugbæð mitt er það, elsku Adalheidur mín, að leyndarmál það, er þú hefir svo vel hjálpað mér til að leyna, munu áður en langt liður opinberast".

"Nú setjum svo, að Allan komist að því? Hvað svo? Nú gerir það ekkert til".

Lady Caren fölnaði upp. "Adalheidur mín, það mundi dæpa mig. Éftir það gæti ég ekki tíðar litit framán í Allan. Það má ekki komast upp! Veistu hver vorn hin síðustu orð mannsins míns við mig?"

"Nei", sagði Adalheidur, nu leið og hún virti tengdamóður sína fyrir sér með hluttekningu.

"Rétt áður en hann skildi við, sagði hann við mig með veikri breyttri röddu: 'Elsku konan mín, sver mér það við alt sem heilægt er, að geyma vel leyndarmál mitt!' — og ég sör. 'Ég get ekki hvílt rólegur í gróf minni, ef Allan nær að vita það', sagði hann. 'Hann skal ekki komast að því', sagði ég grátandi. En svo hefir hann vist fengið óræð. Því hann sagði, að ef svo skyldi fara, að það yrði uppvið, annaðhvort fyrir tilviljun eða svik, þá ætti ég að láta setja járngriindur yfir gróf hans, svo hann kæmist ekki upp úr henni, því hann gæti ekki hvílt í friði, ef Allan fengi að vita það. 'Gæð hjálpi minni sorgmæddu sál', sagði hann svo. 'Sver það aftur, að það skuli aldrei komast upp'. — Ég sör. Hæi nefndi þig ekki á nafni; né loforð var

þinni hálfu, en ég varð að lofa honum, að biðja þig að uppfylla ósk hans. Þú vissir, að ég gerði það. En á næturnar hræðist ég svo síðustu orð hans, og einu sinni dreyndi mig svo ljótan draum".

Aðilheiður lá á hjánum við hlið tengdamóður og fóstur sinnar, og reyndi að hugga hana.

"Ég vil segja þér draum minn", sagði Lady Caren, "þá getur þú betur skilið, hvers vegna ég er svona hrædd".

"Mig dreyndi, að leyndarmálið var orðið uppvíst. Ekki vissi ég samt á hvaða hátt. Fólk t. d. aði í hálinn hljóðinn sín á milli um afbrot hins framliðna manns. Mér fannst — ó, Lída! — einasta hugsunin mín það gera mig ruglaða. Mér fannst ég ganga um húsið, og hvar sem ég gekk, sá ég alt af manninn minn í líkleðnum standa hjá mér og segja: "Ég sagði þér þetta, að ég gæti úr þessu ekki fundið frið. Sjáðu mig, hér er ég". — Eftir þennan draum var ég hrædd bæði dag og nótt".

"En kær Lady Caren, þetta er að eins drammur. Enginn hefir líðið meira út af þessu leiðinlega leyndarmáli en ég. Aftur og aftur hefir það verið komið fram á varir minar, að segja frá því, til að hefna mín. En þó ég hafi líðið jafnmikið til þess að halda því kyndu, þá get ég ekki séð, að það leiði svona mikið illt af, þó það kemist upp".

"Ég hef oft hugsað um, hversu ranglátt það er, að ölbýrðin skyldi falla á okkur. — Konnr er vist skapaðar til að líða".

"Ég hef meiri von en þú, Lady Caren. Ef Alfur hefði nokkra hugmynd um þetta, mundi hann veita orðinn hershöfðingjans nana eftirtekt, en fyrst hann grinnar eikent, þá hugsar hann ekkert út í, þó honum finnist hershöfðingjann tala nokknu undarlega. Þú veist, að ég er enginn bjáni, og við skulum vel ráða við hinn góða gamla hershöfðingja".

Lady Caren kysti hana. "Ég held, Adalheiður, að þú sért sú besta kona í heiminum. Hversu margar myndu ekki hafa kvartað yfir því, sem þú verður að þola, — daglega talað um þann órétt, sem þar yrdur fyrir. Ég get aldrei að fullu endurgoldið þér".

Lávarðurinn kom nú inn. Honum þótti næsta undarlegt, að móðir hans, sem jafnaðist á við hina tignustu furstainnu, skyldi kviða fyrir, þó gamall kunningi hennar heimsækti hana.

Lady Caren sagði, að ástæðan fyrir gedshraeringu sinni væri sú, að þetta hefði komið svo flatt upp á hana. "Ég hélt ekki ég mundi sjá hershöfðingjann nokkru sinni framar", sagði hún.

"Ég er fullviss um það, maðurinn," sagði Lávarðurinn líklegjandi, "að þú vildir miklu heldur ekki sjá hann".

Hún svaraði engu, en reyndi að láta, sem sér staði alveg á sama.

Hún situr alein í gestasalnum. Miðdegisverðinum hefir verið frestað um einn klukkutíma, svo hershöfðingjinn gæti borðað með. Kvenfór í er í herbergjum sínum, karlmennirnir í reykinga herbergjum. Hún vill vera ein, þegar hún heilsar hershöfðingjann. Lady Adalheiður bauð henni að vera hjá henni en hún afþakkaði það. Það voru margar ástæður fyrir því, að hún vildi hitta hann ein og tala við hann.

Hver, sem hefði virt hana fyrir sér, þar sem hún sat, hefði séð, að meira en lítið þr. í að henni. Hún gætti sín eftir því sem hún gat, þegar hún var með öðrum. En þegar hún var ein hugsaði hún ekki um annað en sorg sína.

Djúpar hrökkur myndast á enni hennar. — Hún stynnur og þrýstir nöndnum að brjósti sér. Hvað eftir annað gerður hún að gluggnum, og hortir út.

— „Æ, alt hefði farið vel, hefði hann ekki komið, en guð einn veit, hver nú verður endirinn.“

Nú heyrir hún vagnskrölt og blóðið hleypur fram í kinnar hennar. — Hann er kominn. — Hún fer megnan hjartskátt, en er hún heyrir fótatak, reynir hún til að brosa.

Þjónninn kemur inn og segir: „Clavering hershöfðingi er kominn“.

Dyrnar opnast og inn gengur laglegur, rosinn maður. Hann var hvítur fyrir hærnum, en hernamlegur í allri framgöngu. Á brjóstinn bar hann heiðursmerki, er fór honum vel. Hann var friður sýnum, en alvörngefinn mjög. Hann hneigði sig djúpt, er hann sá Lady Caren, og sýndist verða hræddur mjög.

„Vellömminn til Brooklands, herra hershöfðingi“, sagði hún, og tók í hönd hans.

„Ég þarf ekki að spyrja, hvernig yður líður, Lady Caren. Þér hafið ekkert breytt öll þessi ár“.

„Þjuggust þér við, að sjá mig umbreytta?“ sagði hún.

„Ójá. Það eru líðin svo mörg ár síðan ég kom hingað, og þessu tímabili er ég orðinn hvítur fyrir hærnum. — Það var aði leiðinleg koma mín síðast“.

„Hún verður þeim mun skemtilegri nú, vona ég“.

„Já, þó ég sakni mjög hins kára, gamla vinar míns. Hann er farinn þangað, sem við förum að lokum. — Én mikið þótti mér vænt um, er ég heyrði um giftingana“.

„Já, ég man eftir, að ég skrifaði yður um það“, sagði Lady Caren fljótlega. „Ég bað yður —“ lengra komst hún ekki, því nú kom lávarður Caren inn til að heilsa hinum gamla hershöfðingi og bjóða hann velkominn.

XLIV. KAPÍTULI.

"Og þetta er", sagði hershöfðinginn með sýnilegri ánægju — "þetta er Adalheiður litla, sem ég man svo vel eftir. Nú orðin Lady Adalheiður, og fyrirtaks fögur. Hver skyldi hafa haldið, að hin litla, feimna telpa skyldi verða svona falleg? Kyss-ið nú gamlan vin, Lady Adalheiður".

Hinn roðnadi og hann kysti hana innilega.

"Ég hef aldrei gilst", sagði hann, "og á engar dætur til að gleðja mig í ellinni, en heldi ég átt þér myndi ég hafa óskað, að þér væri líkar yður, Adalheiður. En horfið nú í augu mér og segið mér, hvort þér ernd hamingjusamar".

Lady Caren lét hálkviðin til og Adalheiður tók eftir því.

"Hamingjusöm? Þessi spurning er st við, eftir það, sem þér hafið sagt um íttlit nátt, ég þarf því varla að svara heimi. Hamingjusöm? Náttúrlega er ég það",

"Guði sé lof", sagði hershöfðinginn. "Ég veit ekki, hversvegna ég hef nokkurntíma efist um það. En ég hef hugsað mikið um yður. Kringumstæðurnar voru svo fáheyrdar. En vinnur minn hefir gætt skyldu sinnar gagnvart yður, — og ég þykist sjá, að öllu hefir verið haldið leyndu".

Lengra komst hann ekki, því Lady Caren varð mjög óróleg, og sagði mi, að á slaginn kl. 8 ætti að borða.

Nú tók hershöfðinginn eftir nokkrum konum, er stóðu í garðinum fyrir utan gluggann.

"Þér hafið marga gesti hér?" sagði hann og sneri

sér að Lady Aðalheiði. "Hver er þessi fallega kona, sem er að tala við manninn yðar? Hún hefir svört augu og mannrinn er rauður sem rós".

Þrátt fyrir að mikla vald, er Lady Aðalheiður ávallt hafði yfir tilfinningum sínum, gat hún ekki ger að því, að hún roðnaði. Hún reyndi að tala rólega, en henni tókst það ekki. Hann tók eftir því, þó hann ekki gæti gert sér grein fyrir, af hverju það stafaði.

"Það er hertoginn af Ormont", sagði Lady Aðalheiður. "Maður hennar er hér líka".

"Ég man eftir honum", sagði hershöfðinginn. Er þessi unga, fagra kona, konan hans?? Því eru sameinadir maí og desember? Og þó kemur það oft fyrir. Hún talar alvarlega við Caren. Þau eru víst gamalkunning. Og eruð þér ekkert afbrýðissamar?"

Aftur roðnaði Lady Aðalheiður. Hún hló. En skeð gat, að hún gamli, greindi hershöfðingi skildi að það var uppgerðarlátur.

"Nei, ekki það allra minsta", sagði hún svo. En nú greip Lady Caren fram í, og rétt á eftir tor hershöfðinginn til herbergja sinna. Lady Caren horfði á Lady Aðalheiði mjög óttalgin.

"Kæra Aðalheiður, hvað eigum við að taka til bragðs?"

"Við skulum vera rólegar, og gæta vel að okkar. Ég álit, að tveir kvemmen geti vel ráðið við, þó svo væri, að tuttnu karlmennt væru á móti þeim".

"En, kára Lída, þetta er einmitt það, sem hertoginn segir".

"Þess vegna skulum við álita, að hún stundum að minsta kosti geti talað skynsamlega. Reyndu að vera róleg. Mér finst að allt muni fara vel".

Nú var farið að borða, og allir veittu því eftirtekt, hve mikla virðingu hershöfðinginn veitti Lady.

Aðalheiði. Það var engu líkara, en hann álti, að hún ein ætti hér alt og réði öllu. Alt, sem hann talaði um, bar hann undir hana. Enginn varð eins forviða á þessu eins og hertogaimnan. Samt þótti henni vænt um komu hershöfðingjans.

"Þér fáið nú meiri tíma til að síma gestum yð-
ar", sagði hún í áskandi róm við Caren lávarð.

"Þessa ávítan á ég ekki skilið", sagði hann.

"En þér hafið ekkert skift yður af mér núna í tvo daga", sagði hún hálf hlæjandi, "og ég vona, að hinni góði, gamli hershöfðingi saki sig eftir Lady Aðalheiði".

"Lady Aðalheiður er ekkert daðurkvendi", sagði lávarðurinn fyrirhléga.

"Þökk fyrir hólið. Þér litid á mig alveg eins og yður finnist ég vera það".

"Þér eruð orðnar aði ímyndunarveikar, mín kára hertogamma".

"Þér eruð farinn að rifast við mig, lávarður", sagði hún.

Hann brosti að uppgerðarhraðslu heunar. Og nú tók hann eftir því, að hershöfðinginn var að tala við hann, en hann hafði enga hugmynd um, hvað hann var að segja.

"Unga fólkið getur alt af skemt sér", sagði hershöfðinginn. — Hann var búinn að borða og sat nú í gestasalnum. — "Nei, þakk yður fyrir. Lady Aðalheiður, ég vil ekki ganga út núna. Ég hefði gjarnan viljað það, því kveldin eru minar beztu stundir, en ellin og kveldin eiga ekki saman. Ég vil heldur tefla skák við Lady Caren, ef hún vill gera svo vel".

Lady Caren vildi það fúslega. Alt var betra en hershöfðinginn væri einn með lávarðinum. Hershöfðinginn leit hlægjandi á Lady Aðalheiði. "Ég sé", sagði hann, "að þér svipist um eftir manni yð-
ar. Það hefir að eins verið fyrir kurteisissakir, að

þér buðuð mér að koma út með yður, en sannléikurinn er sá, að þér viljið vist alt af vera ein með manni yðar, þegar þér getið því viðkomið. Fallegu augun yðar eru sannsöglari en varirnar, góða mín".

Lady Aðalheiður roðnaði og gekk út. Lávarðurinn fór á eftir henni. Þaringu þegjandi þangað til þau komu að rósagardinu. Þá sneri hún sér að honum með glæðlegu brosi.

"Allan, þetta er hræðilegt. Hvað eigum við að gera, ef hann stendur alt af í þeirri trú, að við elskum hvort annað. Ég veit hreint ekki, hvernig við eigum að laga okkur".

Henni fannst þetta svo hlæjilegt, að hún hló hjartanlega að þessu. Hann gat ekki annað en hlegið með henni, og tók mu leið um hönd hennar og kysti hana.

"Það undarlegasta af því öllu er", sagði hann, og roði flaug yfir hið fagra, karlmannlega andlit hans, — "að ég held, að hann hafi ekki svo mikið rangt fyrir sér".

Hún vissi, hvað mundi fylgja eftir. En nú kom hún inn í hendingskasti til þeirra. Hún hafði hlegið látur, og þekt að hann kom frá Lady Aðalheiði, svo hún varð að kasta skugga á gleði hennar, ef nnt væri. Hún kom til þeirra og lést vera alveg forviða.

"Lady Aðalheiður", hrópaði hún, "mér fannst ég heyra heilan kór af sílfurskærum röddum. Aldrei hefði ég getað trúað því, að þér gætuð hlegið".

"Ég hefði heldur átt að gráta en hlægja. Nú, Allan, ég hef nokk annað til að gráta yfir. En hvorki þú, Allan, eða ég ættum að hlægja að þessu smáræði oftar".

"Þér eigið svo mörg leyndarmál", sagði hertoginn. En Lady Aðalheiður gaf því engan gaum. Hún sála meðvitund um það, að hún hafði talað við

mann sinn og hann kyst á hendi hennar og sagt það, sem hann sagði, — alt þetta gladdi hana ósögjanlega mikið.

Hertogannan var alt kveldið mjög ergileg yfir því, að hún gat með engu móti kastað skugga yfir gleði Adalheiðar. Hershöfðinginn, sem nú sá, hve glöð Adalheiður var, sagði aftur og aftur við sjálfan sig: "Hún er ánægð. Guði sé lof!"

Lady Caren sýndist nú alt atla að enda vel.



NIV. KAPÍTULI.

"Ég vildi heldur vera Lady Caren á Brooklands, en hertogannan af Ormont", sagði Nita við sjálfa sig. Hvað er það, sem við eigum uppí landinu? Gamalt höfðingjasetur við sjávarströndina, þar sem skrækjandi máfar er eina skemtunin. Að fara þangað, er sama sem að fara í útlegð. Nei, það er alt annað, að eiga Brooklands og sérstakt hús í London, — engan gamlan eiginnann, sem lætur mig yfirgefa dansleiki um miðja nótt, af því hann er þá orðinn þreyttur. Ég hef að vísu eins mikið af peningum eins og ég vil, en það er eins og þung byrði hvíli á herðum mér sökum þess, hve maður minn er orðinn gamall. Hann hefir enga skemtun af því, sem mér þykir gaman að".

"Ef ég væri Lady Caren, skyldi ég vera ánægð, en því er nú ver og miður, að svo er ekki, þá mætti ég ávalt vera við hlið þess manns, sem ég elska, og ráða öllu hér á Brooklands".

"Biðji hann mig um það, mun ég svara: já".

Nú brosti hún.

"Næsta spursmál er, hvort hann biður mig um það, en ég vona að svo verði. Ég veit nú hér um bil, hvernig sambúðinni milli hans og konu hans er varið. Hann elskar hana ekki, og þeirra á milli hefir aldrei verið um neina ást að ræða. Hann var neyddur til að eiga hana, vegna erfðaskrárinna. Nú getur hann haldið eignum sínum, þó hann skilji við hana. Komi hann til mín og segist vera þreyttur af að lifa ánægjulausu lífi án ástar, — og biðji mig að verða hans, — vil ég svara: já. Svo verða þá tveir hjónaskilnaðir og eitt hamingjusamlegt hjónaband. Eftir nokkra mánuði gleymist þetta, og við lifum ánægjulegu og glöðu lífi".

Henni kom ekki til hugar, að hugsa það minsta um, hvort áform þennar væru rétt eða ekki. Um virðingu og sóma sínu hirti hún ekkert, — að eins um að svara ástríðum sínum og lifa glöðu lífi. Hún hugsaði ekkert um, að hún ætlaði að drýgja stórsynd, eða um hve ólakmanni sári hún myndi sára mörg saklaus hjörtu. Hún setti sér það að eins fyrir mark og mið, að vinna hann, sem hún elskaði svo heitt. Hún brosti, er hún hugsaði til þeirrar sorgar, er hún ylli Lady Caren móður Allans.

"Látum hana einhvern góðan veðurdag hitta mig sem eiginkonu Allans, og hún skal fljótt mega hætta við siðfræðiskemmingar sínar".

Þá gladdist hún, er hún hugsaði til, hvílíka smáu og sorg hún leiddi yfir Lady Aðalheiði.

"Hann elskar hana ekki", sagði hún og brosti illgirnilega, "það hefi ég fulla vissu fyrir. En ég er viss um, að hún elskar hann. Já, ég mun hefna mín vel".

Það er ómögulegt, að hylja aðrar eins syndir og þessar með neinni afsökunarblæju. Þessi synd var hugsuð af ásettn ráði, hún átti rót sína að rekja frá köldu, spiltu hjarta, sem ekki hafði minsta snefil

af siðgæði til að bera, en sem lét stjórnast eingöngu af girndum sínum.

Hertogainnan gekk til og frá um rósagarðinn á meðan hún var að hugsa um allt þetta. Það var sem ilmvatn streymdi út um hvern saum á kjól hennar.

Alt í einn hrökk hún við. Hún heyrði innilegan hlátur, og sér til mikillar undrunar, sá hún lávarðinn standa hjá konu sinni og tala við hana. Bæði hlógu. Hún varð svo hrygg og reið yfir sjón þessari, að því verður ekki með orðum lýst. Það leit ekki út fyrir, að það yrði svo auðvelt, að fá komið skilnaði af stað hér. Heldur var ekki alveg víst, að ástæða væri að eins á aðra hliðina. Hún lét sér samt í einu bregða, talaði við þau nokkur orð og gekk svo í burtn.

Lávarðurinn horfði undrandi á eftir henni, þar sem hún gekk ein en. Garðinn, var hún líkust manni, sem er yfirbuginn í sorg. En svo kom einhver og fór að tala við hann, svo hann gleymdi henni um stundarsakir.

Kveldið var mjög blítt og fagurt. Hægur vindur lék um blöð trjána, fuglarnir voru hettir að syngja, og öll náttúran sýndist ætla að fara að hvíla sig.

Lávarðurinn mundi ekkert eftir hertogainnum, fyr en einhver gestanna spurði eftir henni, því hún var ávalt lífið og sálin í hópnun, þegar gleði og gaman var á ferðum.

Hann mundi nú eftir, hve skyndilega hún hafði gengið frá honum, og hve hrygg hún sýndist vera. Hann fór strax að gata að henni, fyrst í rósagarðinn, svo hjá gosbrunnunum, en hún fannst þar hvergi. Lengst inni í skóginum heyrði hann einn af turgala syngja.

"Hún er vist þarna", hugsaði hann, "og hlustar

á meturgala sönginn". Hann kallaði hátt 'Nita', en enginn ansaði.

Það var orðið skuggsýnt, ekki samt mjög dímmt.

"Ég skil ekki, að hún hafi farið inn í skógin, hún kemst þá aldrei ein til baka úr því farið er dímmta".

"Nita", kallaði hann aftur, — en það var það sama.

Nú mundi hann eftir uppáhaldsstað sínum, trjálundinum. "Það getur þó varla verið, að hún sé þar?" hugsaði hann, en samt gekk hann þangað.

Sólin náði aldrei að skína inn í þennan lund og allajafna var þar skuggsýnt. Kyrðin inni í honum og blóminlmurinn að utan var mjög aðlaðandi fyrir sérhvern mann.

Þegar lávarðurinn stóð við innganginn, heyrðist honum hann heyra grát.

"Nita!" kallaði hann, — en ekkert svar. Þó var hann viss um, að einhver var hjá uppáhaldssæti hans, hjá elsta hvíta líkneskinu. Hann gekk þangað, en nú heyrðist ekki lengur nokkur ekki. Samt var hann viss um, að hún var þar. Hann fann það á sér, að hún var nálægt honum, og nú sá hann skína í hinu rauða skrantlega kjól hennar.

"Nita", sagði hann lágt.

Hún ansaði ekki, en hann sá að hún lá þar með höfuðið við fatur líkneskisins. Hann gekk til hennar.

"Nita, er það möglegt, að þetta sénd þér? Hvers vegna eruð þér hérna ein og grátandi? Hvað hefir komið fyrir yður?"

Hann tók hendurnar frá andliti hennar, og sá að hún var náfól og fljótandi í tárnum.

"Ef þér viljið gera mér greiða, Allan, þá lofið mér að vera einni hér. Mér líður svo illa, að ég veit ekkert hvað ég segi".

Það vill verða erfitt fyrir karlamann, að ganga í burtu frá fallegri konu fljótandi í tárinn, sérstaklega þegar hún biður hann um það. Lávarðurinn fór heldur ekki í burtu, en tók um báðar hendur hennar.

“Nita, þér verðir að segja mér, hvað þetta á að þýða. Ég sakna yðar og hafi mikið leitað að yður. Hvernig stendur á því, að ég finni yður hér í þessu ástandi? Segið mér það og berið traust til mín”.

Hún leit framan í hann, og tárinn rann ótt og títt niður kinnar hennar.

“Það er bezt, að spyrja mig einskis. Allan”, sagði hún. “Mér — mér datt ekki í hug, að þér mynduð finna mig hér. En ég varð að gráta út sorg mína í einvernum og kyrðinni”.

“Hvað er það, sem amar að yður, Nita? Segið mér það”.

Hún reyndi til að losa hendur sínar og hún stundi þungan.

“Spyrjið mig ekki. Ef ég nokkur tíma segði yður það, gæti það haft slæmar afleiðingar í för með sér. Látið mig vera einu, — það er það beztu”.

A

En hann tók því fastara utan um hendur hennar.

“Ég verð að vita það, — þér megið til að segja mér það”.

Arnfríður B. Olsson

XLVI. KAPÍTULI.

Aldrei gleymdi hann hinni föla, fagra andliti hennar, er nú snéri sér að honum. — Hún horfði lengi á hann. —

“Þér spyrjið mig, hvers vegna ég sé svona hrygg og grátin”, sagði hún svo. “Það er af því, að ég

er ekki eins og þér, — ég get ekki gleymt. Í guðs nafni vildi ég óska að ég gæti það, en mér er það ómöglegt."

Hann vissi ekki, hverju svara skyldi.

"Ég hefði getað orðið hamingjusöm, hefði ég aldrei hitt yður", hélt hún áfram, — en nei, þess vil ég þó ekki óska. Það er betra, að hafa elskað og tapað, en aldrei hafa elskað. Allan, ég hélt ég væri sterkari en ég er, — ég hélt eins og svo margir aðrir, að ég gæti lifað, ef ég að eins hefði nógan and, — en ég get það ekki, — get það ekki, — guð hjálpi mér! Hjarta, mitt hrópar eftir meirn, — ég get ekki lifað án ástar".

"Én, Nita", sagði hann, "þér eigið góðan og blíðan eiginnmann".

"Já, en ég elska hann ekki. Líf mitt er ekki annað en löng ramakeðja, því ég elska hann ekki. Ó, guð hjálpi mér!"

Hann leit ramalega á hana, hann sá, hvað henni bjó í brjósti.

"Ég hugsaði", sagði hún, "daginn, sem þér komuð að kveðja mig, — þá hélt ég að ég gæti gleymt yður. Én, Allan, ég hef haldið mig sterkari en ég er".

"Kæra Nita", sagði hann, "ekki get ég ímyndað mér, að viljakraftur yðar svikji yður".

"Hann hefir þegar gert það!" hrópaði hún ákaft. "Ó, Allan, Allan, ég vildi að ég hefði þann dag, í staðinn fyrir að vera stolt og köld við yður, tekið um háls yðar og beðið yður, að hugsa ekkert um arf yðar, en ganga að eiga mig. Munduð þér hafa gert það?"

"Já, ég held ég hefði gert það", mælti hann alvarlega".

K

"Ó, vei mér! Nú er það of seint. Ó, Allan, mín byrði er svo þung, að ég get ekki risið undir

henni!" Lofaðu mér að gráta út sorg mína!" Ég elska bítað yðar meira en nokkurn annan blett á jörðinni. Mér þykir orðið svo vant um hann, að ég get ekki hugsað til að fara hédan. Þegar ég fer, verð ég eins og Eeva, þegar hún var rekin úr Paradis. Ég vil heldur deyja og lá að hvíla í þeirri mold, sem tilheyrir yður, en lífa nokkurstaðar annarstaðar".

"En, Nita —"

Hann ætlaði að leiða henni fyrir sjónir, hve heimskulegt tal hennar væri, en hún lét hann ekki komast að.

"Takið ekki fram í fyrir mér! Lofið mér að útansa mínu hrygga hjarta fyrir yður, Allan, — þó þér reiðist mér, sýnið mér samt þá saungirni. Get ég að þessu gert? Reynduð þér ekki alt sem þér gátuð í fyrri daga til að lá mig til að elska yður?"

"Ef ég hef gert yður rangt til, Nita, þá þykir mér það fjarska leiðinlegt".

"Ég ásaka yður ekki, Allan. En endurminning þeirra daga ætti að gera yður mildan í dómmi yðar gagnvart mér".

"Ég er það, og mér hefir ekki dottið í hug, að vera ómildur í dómmi mínum. Ég gæti það heldur ekki, Nita, þó ég leginn vildi".

"Ég hata alla meðaunkvinn", sagði hún. "En það kemur stundum fyrir, að ég er víti mínu fjar af sorg. Ég vissi ekki hvað ást var, fyr en ég fann yður, Allan. Þér getið tæpast myndað yður, hve heitt ég elskaði yður. En það nokkuð ljótt, þó ég segi yður, að ég hélt að þér einhveru daginn mynduð biðja mig að verða konuna yðar? En það var bara draumur, — heimskulegur draumur. En þegar ég vaknaði af honum, var ástand mitt hræðilegt. Getið þér ásakað mig fyrir það?"

"Nei", sagði hann í hálfum hljóðum, "ég ásaka yður ekki, Níta. Guð hjálpi okkur báðum!"

"Ég hugsaði", sagði hún ennfremur, "að við gætum verið vinir, þegar við hettustum aftur, en ég sé, að það er ómöglegt. Ég hefi líðið mikið undir þessu þaki. Ég var svo blind og vitlaus, að i-mynda mér, að ég ætti mestan rétt á yður, — og í raun og veru er það svo, — af því þér elskuðust mig fyrst, og nú er hart fyrir mig að verða að horfa á, að allur sá áhugi og minnum, sem þér fyr meir sýndust mér, skuli nú vera sýnt annari konu, þó hún aldrei nema hafi rétt til þess".

"Vesalings Níta!" sagði hann og tók blíðlega um hönd hennar. Þér hafið líðið allt þetta, án þess ég hefði minnstu hugmynd um það".

"Ég hefi haldið hugsunum mínum kyndum þang- að til mín, og ég ætlaði mér ekki að láta þær í ljós, ef þér hefðust ekki fundið mig hér. Mig langaði ekkert til að segja yður það, en svo er líklegast best, að þér vitjið það. Menninga eiga ekkert með, að reyna að vinna ást konunnar, til þess á ír að kasta henni frá sér sem visnu blómi".

"Níta, þetta er ekki rétt. Í það minsta hefi ég aldrei gert það".

"Þér gerðust hér um bil það sama. Það er jafu- gott, þó þér fáið að vita, að ég aldrei get gleymt eins og þér getið. Guð miskuni mér! Engin er óláussamari en ég, og ánægjusamasta stundin í lífi mína verður, þegar ég segi skilið við þennan heim".

"Þér þurfið ekkert að tala um þetta, Níta. Ég hefi ávallt virt ást konunnar, — aldrei hefi ég gert gis að henni, og aldrei hefi ég viljað dæfna hana ranglega".

"Það getur vel verið, ég er svo leið í skapi mína, að ég veit varla hvað ég segi. Ó, Allan, hversu skemtilegt er ekki að lifa fyrir þær konur, sem eru

elskaðar. Hví skyldi nokkur eiga að lifa og deyja, án þess að þekkja þá sálu".

"Þér hafið þekt þá sálu, Nita", sagði hann mjög hryggur, af því hann sá, hve illa lá á henni. — "Þér vitið hvað það er, því — ég elskaði yður".

"Gerðuð þér það?" spurði hún og leit innilega í augn hans.

"Elskuðuð þér mig þá, Allan?"

Hann beygði sig niður að henni. "Já, þáð gerði ég, Nita. En ég áleit það skyldu mína, að uppfylla óskir og vilja föður míns".

"Skyldu!" sagði hún og stundi við. "Hversu mörg hjörtn mega ekki liða fyrir þetta eina orð? Allan, elskuðuð þér mig? Segið það aftur, — ég er svo hamingjusöm. Segið það aftur, og ég vil geyma endurminninguna nú það til dauðans.

Hann leit framan í hið fagra, sorgbitna andlit hennar, og sá að augun stóðu full af tárnum.

"Ég segi það aftur, Nita. Ég elskaði yður hertt, og aldrei hefði ég slept af yður vegna annars en þess, sem ég áleit skyldu mína".

"Þakk, þessi orð hafa veitt mér meiri ánægju, en ég gat nokkurntíma þúist við að fá. Þér hafið elskað mig Allan! Ernuð þér nú alveg búinn að gleyrna mér?"

Hún horfði í augn hans, varir hennar voru rétt við hans, og hún leit út eins og barn, sem biður nú kærleika.

Það var því bæði göfugt og mannlegt af honum, að hann lét á móti freistingunni að kyssa hana.

Nú leggið þér hattulega spurningu fyrir mig", sagði hann, — en, nei, Nita, ég hefði ekki gleymt yður, ég þer mikla virðingu fyrir yður, og vil vera vinnur yðar. En ég veit vel, að þér ernd annars manns kona, og það göfugs manns. Aldrei gleymin

ég því djúpi, sem nú er staðfest á milli okkar, og sem er breiðara en sjálfur dandiinn.

Hún hrökk saman. "Það er rétt, sem þér segið, en yður stendur þó ekki alveg á sama um mág, Allan. Að eins ofurlitið verðið þér að skifta yður af mér".

"Já", mælti hann fljótlega. "Þér hafið rétt til mín, Nita, og skuluð hafa hann á meðan ég lífi. Þér hafið líðið mín vegna, og ég vil eftir því sem ég get, bæta fyrir það".

Það brá fyrir nokkurs konar glaupa i augum hennar.

"Og þér gefið mér það ekkert að sök, þó ég hafi sagt yður þetta allt saman, Allan. Þér ætlið ekki að fyrirrita mig þess vegna?"

"Nei", sagði hann dæmlega, "alls ekki, Nita".

"Ég er nú miklu ámegðari, úr því þér vitið þetta, að ég get ekki gleymt yður og að ég — æ, ég má til að segja það — elska yður ennþá". —

Hann laut niður, en sagði ekkert orð. Hún brosti sigri hrósandi. — Hann hafði hlustað á hana, án þess að atyrða hana. Nú taldi hún sér visan sigur.

"Nú verðið þér að fara", sagði hún. "Ó, Allan, mér þykir leiðmlegt, að þér funduð mig hér. Þér megið ekki láta samtál okkar hafa nein áhrif á yður. Ætlið þér að láta það hafa áhrif?"

"Nei, ég skal ekki gera það".

En þetta var það óheppilegasta loford, sem hann gat gefið, því eftir þessa jafningu hennar átti hann að segja henni, að nú yrði kunningsskapur þeirra að vera úti og þau mættu ekki sjást framman. Þetta hefði hann átt að segja, og hún hafði búið við, að hann mundi segja þetta. Þess vegna áleit hún sigur sinn hálf minni, þegar hann ávitadi hana ekkert fyrir ákafu og frekju hennar.

"Ég get ekki skilið yður eftir hér, Nita", sagði hann. "Það er líka kominn nótt". En hún bandaði honum frá sér.

"Ég vil ekki, að neinn sjái okkur saman nú, ég fer ein til herbergja mína, og vil ekkert tala meira í þetta sinn".

Hann margað hana að koma með sér, en það var ekki að nefna.

Hann vissi ekki, hve lengi hún dvaldi þar, en hún lét engan sjá sig alt það kveld.

NLVII. KAPÍTULI.

Næsta morgun lá grá þokumóða vör öllu héraðinu, sem merki þess, að dagurinn yrði mjög heitur.

Lávarðurinn var á gangi í ávaxtagarði sínum. Hershöfðinginn gekk til hans.

"Þér eigið góðan ávaxtagarð hér", sagði hann. "Það má hver hrósa sem vill ávöxtunum á Ítalíu, en ég, sem hefi þó lærdast um hálfan hnöttinn, fullyrði, að hvergi finnst eins góðir ávestir og hér á gamla Englandi".

"Ég er alveg á sama máli og þér", sagði lávarðurinn. "Hvergi hefi ég séð fallegri ávesti, en þá, sem vaxa hér. Þeir eru frábærlega góðir".

Hershöfðinginn hallaði sér npp að heitu grindverki og sagði: "Nei. Allan, yður hefði vist ekki fallið vel, að missa af Brooklands?"

"Nei, það hefði mér ekki gert. Mér þykir mjög vænt nun það, og ekkert heinnili hefi ég séð eins falllegt og Brooklands.

"Þetta er vel mælt", sagði hershöfðinginn. "All-

ir eiga að elska heimili sitt. Ég var svo hræddur um, að þér kynnuð að yfirgefa það, og varð því glaður, er ég heyrði um brúðkaupið".

Lávarðurinn leit á hann forviða. Hvað kom brúðkaup hans við eignarrétti hans á Brooklands?

"Ég hef oft hugsað um yður", sagði hershöfðinginn ennfreimur, "og meðan ég vissi ekki í hvaða hof málið var komið, var ég mjög kvðandi yðar vegna".

"Þér höfðuð þó enga orsök til þess", sagði lávarðurinn.

"Það er sérlega göfugmannlegt af yður að tala svona. Flestir ungir menn hefðu tekið sér það mjög nærri. Það sýnir skynsemi og þolgaði, að taka því eins og þér gerðuð".

Lávarðurinn hélt, að hershöfðinginn meinti erfðaskrá föður síns.

"Ef ég á að segja sannleikann, herra hershöfðingi, þá var ég mjög ergilegur yfir því fyrst í stað. Mér fannst það vera mjög órýmlegt, en það dugar ekki, að ergja sig yfir því, sem verður að vera".

"Nei, rétt er það. En leyfið mér að spyrja yður að einni spurningu. Ég jata, að ég hef engan rétt til þess, alls engan, en ég var góður vinur föðurs yðar, og hef einlægán áhuga fyrir öllu, sem yður viðvíkur. Segið mér, vildi nú Aðalheiður af fúsum vilja giftast yður?"

"Af fúsum vilja?" hrópaði lávarðurinn. "Já, ég held það. Það megið þér vera vissir um".

"Og enginn hefir lagt að henni í því efni?"

Lávarðurinn, sem mundi vel eftir, hvernig alt hafði gengið til, gat ekki stílt sig um að brosa.

"Já, ég gat fullvissað yður um það, ég held að gifting okkar hafi í alla staði verið að vilja hennar".

"Og þér fullvissið mig um það?" sagði hers-

höfðinginn, og leit rannsakandi augum framan í lávarðinn.

"Já, það geri ég", sagði hann undrandi. Hvers vegna haldið þér, að Adalheiði hafi verið þröngvað til að giftast?"

"Ég hélt", sagði hershöfðinginn, að hún hefði ekki viljað valda yður vonbrigðum, og þess vegna hefði hún samþykkt ráðahaginn".

"Ég get fullvissað yður um, að svo var ekki", sagði Caren.

"Þess betra", sagði hershöfðinginn. "Mér þykir væmt um að heyra það. Þér skiljið það, að þó mér sé ant um yður, er mér þó enn annara um Adalheiði".

Lávarðurinn hneigði sig, án þess að skilja, hvað hann meinti. En nú kom Lady Caren til þeirra. Hún var óróleg, en það var sem henni létti, þegar hún sá, að sonur hennar var alveg rólegur.

"Hershöfðingi", sagði hún, "þér hafið ekki haldið loforð yðar. Það var aftalað á milli okkar, að við gengjum þennan morgun til plantuanna, þér, Adalheiður og ég".

"Ég hefði ekki gleymt loforði mínu, en ég tók það svo, að þið hefðuð ekki tíma til þess fyr en eftir hádegisdögum".

Lady Caren sýndist verða í vandræðum.

"Ég hafið gleymt því", sagði hún svo. "Allan, leiddu mig, mér þykir svo hressandi, að ganga hér litla stund. Hvað hafið þið verið að gera?"

"Við höfum verið að skoða ávextina", sagði hershöfðinginn og hneigði sig kurteislega.

"Og talað um stjórnmál —?"

Sonur hennar hló hátt. "Nei, mamma, stjórnmál og ávextir eiga ekki vel saman".

"Ég var að segja Caren lávarði, hve glaður ég

varð, þegar ég heyrdi um brúðkaup hans", sagði hershöfðinginn rólega.

Lady Caren varð náfól. Hún næstum skali. Sonur hennar tók eftir því.

— "Um giftingu hans?" sagði hún seint, "og þér glöddust yfir henni. Það gerðum við öll líka".

"Ég get ekki annað sagt", sagði hershöfðinginn, "en að Caren lávarður sé mjög hamingjusamur maður. Hann á eina hina elskulegustu og fegurstu konu á öllu Ínglandi. Ef ég væri ungur, og hún ógift, skyldi ég hafa reynt að ná ástíun hennar. Hún er tíu sinnum meira virði en þessi hertogainna, sem þér eruð alt af að tala við Caren.

Allan hló svo hjartanlega að þessu, að hershöfðinginn gat ekki annað en 'rosað með honum. En Lady Caren reyndi að breyta sem fyrst umtalsefniinu. Hún gat fengið hershöfðingjann til að tala um herferðir sínar, og svo álezt hún öllu óhætt. En lávarðurinn undradist stórlega yfir tali hershöfðingjans, og allri framkomnu móður sinnar.

"Ég skil hreint ekkert í þessu", sagði hann hundrað sinnum við sjálfan sig um daginn. "Hér er um eitthvert leyndarmál að ræða, — og úr því enginn sýnist hafa tiltrú til mín í því efni, þá verð ég komast eftir því sjálfur".

Daginn eftir setti hann lagi, að vera einn saman hjá hershöfðingjannum, og fór svo að tala við hann. Hann ætlaði að koma giftingu sinni í tal, en þá kom móðir hans og eyddi því. Og þannig kom margoft fyrir. Hann fór því að gruna, að móðir sín gerði þetta af ásettu ráði, og einn dag sagði hann við hana:

"Mamma, veistu hvað ég er oft að hugsa um?"

"Nei, þess get ég ekki getið".

"Mér finst að þú sért hrædd við, að láta mig vera einan með hershöfðingjannum".

Hún brosti vandræðalega. "Hvers konar vitleysa er þetta, Allan? Hvi skyldi ég hræðast það? Hann sem er gamall vinur föður þíns"

"Það sýnist vera heimskulegt, að halda það, en þó stend ég í þeirri meiningu. Yfirleitt skil ég ekki helminginn af því, sem hershöfðinginn segir. Hann talar alt af eins og Adalheiður hafi verið sem fórnarlamb, eða eitthvað því líkt, — ég get ekki skilið það".

"Þetta er að eins ímyndun þín, Allan."

"Það væri gott, ef svo væri. En stundum finst mér, sem hér sé um eitthvert leyndarmál að ræða, en svo get ég samt ekki skilið, hvað það gæti verið".

Lávarðurinn gekk nú í burtu. En móðir hans sló höndum saman af angist.

"Það kemst upp!! Það verður ómögulegt að leyna því. Guð gefi mér styrk til að bera það!"

Lady Adalheiður kom inn og fann tengdamóðir sína fljótandi í tárarn.

"Adalheiður", sagði veslings konan, "hve lengi stendur þetta yfir? Sjáðu, hve hendur mínar titra. — Reyndu að komast eftir, hvenær hershöfðinginn fer. — Ó, Lída, Lída, kraftar mínir þverra óðum, því ég finn á mér, að leyndarmálið kemst upp!."

XLVIII. KAPÍTULI.

Júaníta hertogainnan af Ormont notaði öll leyfileg og óleyfileg meðul, til að ná ástum annars manns, þrátt fyrir það, að hún sjálf átti göfugan og heiðarlegan mann. Henni kom ekki til hugar, að kalla það synd, því samvizka hennar var fyrir löngu

sofnuð. Henni fanst sem hið djöfullega ráðabrugg sitt vera líkt nokkurs konar æfintýri, en það átti svo vel við hina suðrænu náttúru hennar. Hún hugsaði um þetta nótt og dag.

Einhvern morgun stóð hún á svölunum fyrir utan húsið, hjá tveimur fögrum og stórum blómum. Hún var mjög kvíðandi fyrir því, að hertoginn myndi nú fara, áður en hún næði takmarki sínu — því, að ræna lávarðinum frá Lady Aðalheiði. Meðan hún var að hugsa um þetta, fann hún að hönd var lögð á öxl hennar.

“Það er fallett hér á Brookland”, sagði hertoginn, því þetta var hann, — “okkur liður vel hér, Carens er gestrisið fólk, en mér finnst nú kominn tími til að halda heimleiðis.

Hún var alt of kæn til að setja sig beint á móti vilja hans. Hún brosti og leit framan í hann.

“Þú skalt alveg ráða því, Gervase. Mér þykir vænt um, að þú hefir skemmt þér vel hér. Þú þarft ekkert annað, en ákveða, hvenær þú vilt fara, — ég skal þá vera tilbúin”.

“Mér þykir Clavering hershöfðingi svo skemti-
legur”, sagði hertoginn, “að ég hefði mikla ánægju af því, að bjóða honum að dvelja hjá okkur í nokkrar vikur, ef þú væri það sama”.

“Ég hef ekkert á móti því. Þú veizt, Gervase, að ég vil gera alt, sem ég get, til að uppfylla óskir þínar”.

“Þú er alt af svo góð”, sagði hertoginn og kysti á hönd hennar. Alt í einu leit hún brosandi til hans:

“Gervase! Það er nokkuð hér, sem ég vildi fara með mér heim til Skotlands”.

“Hvað er það, Nita? Ef hægt er að kaupa það skal það verða gert”.

"Það er ekki hægt að kaupa það fyrir peninga, en það eykur mér nýtt líf".

"Hvað er það, Nita?"

Hún hóf upp höndurnar, og sagði hrifin, að því er sýndist: "Hið hreina, hressandi loft! Ó, hvað mér þykir mikið til þess koma. Gervase, þegar ég kom hingað, var ég þreytt og ekki nærri því heilbrigð. En horiðu á mig nú. Mér finst ég vera eins og önnur manneskja. Mér finst ég vera sterkari, og ég er svo glöð og ænægð hér. Ég vildi, að við gætum flutt þetta loft með okkur. Á Skotlandi er svo kalt. Ó, mér finst sem hrollur fari um mig, þegar ég hugsa þangað".

"Hertoginn brosti að ákafa hennar. "Það er ekki svo gott, að ráða bót á því", sagði hann. "En hjartkæra Nita, úr því þér líður svona vel, skulum við dvelja hér enn þá í tíu daga".

Annaðhvort fékk hún ofurlítið samvizkubít eða hjarta hennar hræðist af góðsemi hans. Hún laut niður og tók um hendur hans.

"En hvað þú ert góður við mig", sagði hún rólega.

Góður við þig, Nita! Elsku konu mín, þú ættir að vita, að ég vildi láta lífið fyrir þig! Það ert þú, sem ert góð. Því þú gafst mér ást þína, fegurð og æsku. Alt þetta gafstu mér".

Það var leiðinlegt, að þurfa að svíkja hann, hann var svo blíður og eftirlátur, og alveg grunlaus. Hann bar fullkomið traust til hennar. — Það gat vel verið, að henni hafi komið til hugar eitthvað álíkt þessu, því hún var vingjarnlegri við hann en vandi hennar var til. Þau gengu svo innu, og strax voru hinar betri tilfinningar horfuar úr hjarta hennar. Hún gladdist að eins yfir því, að lá ennþá tíu daga til að koma áformum sínum fram. Þegar þau gengu gegnum gestasalinn, sá hún Aðalheiði sitja

þar og vera að lesa í bók. Hún brosti með sjálfri sér, þegar hún hugsaði til þess, að ekki yrði langt að bíða, að Lady Aðalheiður yrði þarna ekki lengur. Hún fann ekki til neinnar meðaumkvunar með henni, og þó hafði Lady Aðalheiður aldrei gert henni annað en gott. Hertogainnan hugsaði ekki um annað en það, að hún elskaði Caren lávarð, og vildi lifa við hlið hans lifið á enda.

Tíu dagar! Það var ekki langur tími. Hún varð að byrja strax. Hún vildi ekki yfirgefa Brooklands án hans.

Við máltíðir var hún vanalega mjög skrautlega búin, en þennan dag var hún í svörtum kjól algerlega skrautlausum. Flestu kvenfólki myndi ekki hafa þótt smekklegt, að vera þannig búin, en henni fór þó þessi búningur vel. Hún var mjög sorgbitin að sjá, og talaði fátt á meðan á máltíðinni stóð.

Lávarður Caren horfði alveg forviða á hana. Hann ásetti sér, að fá tækifæri þegar búin væri að borða, til að tala við hana og vita hvað að henni gengi. Einhverju sinni, er hann vék nokkrum orðum að henni, leit hún framan í hann, og honum sýndist tár glitra í augum hennar. Hann varð órólegur hennar vegna.

Það gat ekki verið af því, að hún byggist við að fara það. Því hertoginn hafði sagt honum um morguninn, að hann gjarnan vildi dvelja þar lengur. Og ekki hefir hann orðið reiður við hana, því hann elskar hana ofmikið til þess.

"Vesalings Nita", hugsaði hann, "hvað ætli að gangi að henni?"

Hann var góðhjartaður og göfuglyndur maður. Hann sárkendi í brjósti um hana, sem ekki hugsaði um annað en að eyðileggja sjálfa sig og hann.

XLIX. KAPÍTULI.

Lady Aðalheiður reyndi til að fá hertogainnuna til að taka þátt í samtalinu, eftir að búið var að borða, og eins að spila og syngja, en allt varð árangurslaust.

“Ég er eitthvað svo ergileg og í svo vondu skapi í kveld”, sagði hún, “ég man ekki til, að hafa nokkurntíma verið í jafnu vondu skapi. Mér leiðist alt, svo hefi ég líka höfuðverk og vil því helst vera ein. Ég ætla að lita í bók og reyna að komast í betra skap”.

Hún var brosandi. Lady Aðalheiður skildi, að hún vildi vera ein, en hún sá líka, að hertogainnan laug öllu hinu upp.

“Hún vill reyna, að ná tali af Allan, þess vegna vill hún vera ein”, hugsaði Aðalheiður með sér. Henni fannst hjarta sitt brenna af afbrýðissemi. Síðan Allan hafði breytt í viðmóti sínu gagnvart henni, var hún farin æ meira og meira að finna til afbrýði. Það jók mjög á byrði hennar, og enginn veit, hve slæmur og þungbær sjúkdómur afbrýðin er, nema sá, sem lifur af henni sjálfur.

Þegar Allan hafði verið hlýlegur og blíður við hana, fór hana að dreyma um hamingju og sælu, en svo á milli leið nú meira en nokkru sinni áður af afbrýðissemi.

Hún bar það allt samt með stökustu þolinmæði. Hún hugsaði alt af til þess, sem hún hafði sett sér sem mark og mið, að frelsa mann sinn frá glötun og eyðileggingu.

Hjarta hennar brann og varir hennar skulfu, er hún sá mann sinn ganga til hertogainunnar.

"Nita", sagði lávarðurinn, "hvað gengur að yður í kveld? Búningur yðar og öll framkoma, ber vott um það, að yður þykir eitthvað að."

"Já, ég vildi, að ég gæti verið öðruvísi",

"Hvað gengur þá að yður?"

"Ekkert. Ég er að eins í vondu skapi. Já, í svo vondu skapi, að ég næstum get drepíð sjálfa mig. Þér þurfið ekkert að hlægja að þessu, Caren, það er alveg satt, að ég vildi að ég væri dauð".

"En, Nita —".

"Skiftið yður ekkert af því", greip hún framt í. "Þér ætlið vist að halda langa áminningarræðu yfir mér um dygd og skyldu, — ég þekki það. En það er bezt fyrir yður, að tala ekkert við mig, ég tek það upp aftur, að ég vildi að ég væri dauð".

"Því óskið þér þess, svo ung og svo fögur?"

"Líf mitt er fult af sorgum og þjáningum — fult af eynd og örvauting. Því skyldi þá ekki vera bezt að deyja?"

Hann sárkendi í brjósti um hana. Hún var ung og rík og falleg, en þó svo framúrskarandi ógæfusöm.

"Þér þurfið ekki að nita illilega til mín, Caren. Lady Adalheiður er þarna. Ef yður langar svo mjög eftir hlýleika og góðum vilja, þá farið til hennar, hún hefir ávalt nóg af þess konar".

Lávarðurinn hló að þessum djörfu ókurteisni orðum hennar.

"Þér eruð ekki eins reiðar og þér látist vera, Nita, það er ég viss um, og hvað mig snertir, langar mig ekkert til að tala við aðra en yður".

Augu hennar stóðu fullar af tárum, og hún var svo fögur í sorg sinni, að hann gat ekki annað en fært sig nær henni.

"Það hefir náttúrulega ekkert að þýða", sagði hún. "Laufin falla af trjánnum, og legurð þeirra verður að elgu, rósirnar visna. Hver grætur, þó að stormarnir seyki burtu blöðum þeirra. Er það ekki sama og vinna hjarta konunnar, kasta því svo burtu og eyðileggja það? Það hefir ekki meiri þýðingu en visnað blóm."

Hann varð mjög alvarlegur.

"Þetta eru hræðileg orð, Nita".

"Ern þan það? Ég sagði yður, að ef þér vilduð að eins heyra smjadder og blöðnyrði. Þá skylduð þér fara til Lady Adalheiðar".

Hann laut rólega niður að henni. "Þér eruð alls ekki réttlát, Nita, ég á þessi orð alls ekki skilið".

Hún snéri sér undan og varir hennar skulfu lítið eitt. Svo leit hún aftur framan í hann.

"Fyrirgefðu mér, Allan, ég er í svo vondu skapi núna. Ég fór hingað til þess að vera ein, mér fanst sem ég hefði raun af gleði og hljóðkerasketti. Því komuð þér til mín? Því voruð þér ekki kyrrir hjá hinum, sem syngja og hlægja eins og lífið hafi enga sorg í för með sér? Nú er ég búin að ergja yður, en samt meinti ég ekkert illt með þessu".

"Segið mér, hversvegna þér eruð alt af svona óánægðar, Nita, þér sem sýnist alt af að vera svo glaðar og skemtilegar. Ég þykist vita, að það sé næsta alvarlegt, sem gengur að yður".

Hún leit dreymandi augnum á blómin fyrir utan gluggann.

"Ég hefi talað við hertogann um að fara hédan og til heimilis okkar á Skotlandi", sagði hún lágt, "og ég hefi hugsað um og séð, hvernig líf mátt verður þar".

"Og hverju líkist það?"

"Spyrjið mig ekki um það. Ég hélt að ég væri sterk, Allan, en ég er það ekki. Ég hélt að ég væri

stolt, en alt stolt er dautt og horfð úr hjarta mínu. Ég óska dauðans, — en, æ, — ég get ekki sagt hvers vegna".

"Þér verðir að gera það, ég vil lá að vita það".

Hún var náfól, augu hennar leitruðu, þegar hún leit framan í hann.

"Það er af því, að ég get ekki lifað án yðar, — ég get það ekki — og —"

"Allan", sagði blíð og mild rödd á bak við þau, "Clavering hershöfðingja langar að spila vist á móti þér".

Hann gat ekki vel átt að sig á, hvort það gladdi eða hrygði hann, að samtalið tók svo fljótan enda. Eitrið, sem hann drakk úr orðum hertogainunnar, var svo töfrandi. Það dillaði hégómadýrð hans, að heyra, að þessi kona, sem allir karlmenn dáðust að, skyldi elska hann. Þó fann hann, að það var rangt af honum, að hlusta á hana. Honum létti því, er kona hans kom, og með hinni blíðu rödd sinni feykti töfrunum út í veður og vind.

Að eins eitt augnablik var hann í efa um, hvað gera skyldi. Hertogainnan var alveg mállaus af andrun og reiði. Hann horfði frá einni til annarar.

"Etlarðu að koma?" sagði Lady Aðalheiður blíðlega. "Hershöfðinginn er ekki ungur lengur, og það er ekki svo hægt að skemta honum, en honum þykir mjög gaman að spila vist. Það er ein af hinum fáu skemmtunum hans".

"Caren lávarður er að tala við mig um nokkuð, sem ég vil ekki fresta", sagði nú hertogainnan mjög drembilega.

Lady Aðalheiður leit brosandi til hennar. "Um það getið þið talað hvenær sem er, hertogainna!! En vinur okkar er gamall, og hefir stóran rétt til þess, að við skemtum honum sem best".

Nú sló hún á réttan streng. Lávarðurinn stóð strax upp, og hneigði sig djúpt fyrir hertogainnum.

"Ég skal með mestu ánægju tala við yður, hvernær sem þér viljið, en nú verður Lady Aðalheiður að koma, minn stað".

Hann gekk til hershöfðingjans og fór að spila við hann vist.

Hertogainnan sagði ekkert einasta orð. HHún lét sem hún sæi ekki Lady Aðalheiði, þó hún sæti við hlið hennar.

Lady Aðalheiður raut svo þögnina með því að spyrja hana, hvort henni væri batnaður höfðuðverkurinn.

"Mér hefir aldrei verið neitt illt", sagði hertogainnan, "meira að segja, ég hef skemt mér vel. Það er ef til vill ókurteis spurning, sem mig langar til að spyrja yður að, Lady Aðalheiður, en mig langar til að vita, hvers vegna þér hafið alt af vakandi auga á manni yðar".

Lady Aðalheiður leit rólega framan í hana. "Nú skil ég ekki, hvað þér eigið við, hertogainna".

"Nú, ekki það, þá hafið þér ekki mikla skynsemi til að bera. Það yrðu vist ekki margir, sem tækju þessum mjósnum eins rólega og Caren lávarður".

"Ég skil ekkert af þessu", sagði Aðalheiður rólega. "Clavering hershöfðingi óskaði eftir að spila vist á móti Allan, og bara lét hann vita það".

"Þér gatið verið nógu slungnar, Lady Aðalheiður, en tíminn mun leiða margt í ljós, sem nú er hulið. En nú vil ég bjóða yður góða nótt, því ég er þreytt og sífjuð. Og svo gekk hertogainnan burtu.

I. KAPÍTULI.

Hálfnum tíma seinna gekk hertoginn fram og aftur um gólfid í hinn skrautlega herbergi sínu. Hún líktist freimur norn en fallegri konu. Hann réði sér ekki fyrir heift.

"Þetta er alveg óþolandi", sagði hún. "Mér ríður á, að koma áforminum mínum fram. Hvernig þorir þessi kona, að reyna að koma í veg fyrir þau? Hún skal líða fyrir það. Fyrir þann sigur, sem hún vann í kveld, skal hún úthella blóðingum tárnum. Hún elskar hann, — það er ég viss um. En ég skal taka hann frá henni. Ég hafði rétt unnið sigur, þegar hún kom í spilið, en hún skal líða eins miklar kvalir fyrir það, eins og ég nú verð að líða".

Hún hugsaði sér að biða svo seint einn eða tvo daga. Svo ætlaði hún að hefna sín. Þó að þær hefðu lengi strítt hvor á móti annari, þá höfðu þær þó alt af verið kurteisar hvor við aðra. Hún hló ógeðslega.

"Hann átti hana af því honum var þröngvað til þess, en hann elskar hana ekki. Næst þegar ég tala við hana, skal ég segja henni þetta. Mig hefði hann elskað".

Því lengur, sem leið á tímann, þess harðari varð baráttan milli þessara tveggja kvenna. Lady Aðalheiður vakti og bað. Hún var mjög kviðandi fyrir því, að manni hennar yrði rænt frá henni, og að afleiðingin af því yrði æfinleg eyðilegging fyrir hann. Annað slagið vonaði hún þó, að hans innri og betri maður myndi sigrast á þeirri freistingu, sem lögð var fyrir hann.

Hún bað gúð heitt og hjartanlega fyrir honum, og fyrir sjálfri sér. Hún elskaði hann þúsund sinnum heitara en sitt eigið líf. En hún hafði ekki annað en ást sína og þenir til að skilja hann frá þeirri hættu, sem hann var staddur í.

Hertoginn hafði leitast við að fá tækifæri til að ná tali af honum, en nú voru þrír dagar liðnir af þessum tíni, og enn hafði henni ekki tekist að ná tali af honum. Henni lá við örvinglan. Það voru eftirkomnir nýir gestir til Brooklands, og lavarðurinn hafði engan tíma til neins stefnumóts, en það var það sem hún þráði svo mjög. Hún gat talað við hann svo aðrir heyrðu og smugið fyrir hann, en hún gat aldrei verið ein með honum. Hann sýndi henni alla tilhlýðilega kurteisni, en varð að öðru leyti að sinna gestum sínum.

Lady Adalheiði leið mjög illa. Hér var það að vissu ekki mjög ókurteis við hana, en hún var sem hún sá sér það fært, sárði hún eftir því sem henni var mót tillíningar Adalheiðar. Lady Adalheiður bar það með þolinmæði, en henni féll það mjög illa. Hún var miklu fölarí en hún átti að sér. Nú brosti hún aldrei, og angur litu danflega út. Hún gerði allt sem hún gat til að halda sér uppréttri í þessari voða baráttu, en hún varð samt æ magrari og magrari, og smáhrakkur komu hver eftir aðra á enni hennar og krugum minnivikna.

Lady Caren tók eftir því og féll það mjög illa. Lávarður Caren tók ekkert eftir því, en Clavering hershöfðingi sá það samt.

Einn sinni kom hann óvörum að Adalheiði í bókaherberginu. Allir gestirnir höfðu ekið burtu, og hún hélt, að hershöfðinginn heiti larsi líka. Þennan sama morgun höfðu krattar hennar sviðið hana. Hún fann, að hún gat ekki latið sem ekkert gengi að sér. Hún varð að fá tíma til að gráta út sorg sína.

í einrúmi. Hertogainnan hafði haldið orð sín, og fengið hana til að líða. Við morgunverðarborðið hafði hún setið nálægt Aðalheiði, og var að segja sessunaut sínum sögur um þau hjónabönd, sem hefðu orðið til vegna samninga erfðaskrár eða vegna peninga, og svo lagði hún út af því. Hvert orð var Aðalheiði ætlað að heyra, enda gerði hún það, og hvert orð var sem hnífstunga í hennar göfuga hjarta og dreif blóðið fram í kinnar hennar. En hún reyndi að láta sem hún heyrði það ekki. Hún talaði við og við til hertogainnunnar, bauð henni hitt og annað sem var á borðinu, en allt var móttengið með kulda. Hertogainnan sá, að orð sín höfðu áhrif á Aðalheiði, og eftir því, sem hún fölnaði meir, því sárbeittari varð hún í orðum sínum. En svo gat Aðalheiður ekki til lengdar þolað þetta. Hún stóð rólega upp og gekk út úr salnum.

Hertogainnan talaði um að riða eitthvað út með lávarðinum. Á þann hátt áleit hún, að hún fengi það bezta tækifæri til að tala við hann. En kaþteinn Randolph, sem sá hvernig öllu leið, beið þangað til allir höfðu komið sér saman um, hvað skyldi verða saman. Þá kvaðst hann heldur vilja fara riðandi en keyrandi. Aðalheiður blessaði hann í hjarta sínu fyrir það, en hertogainnan hataði hann. Nú þurfti hún ekki að búast við, að ná tali af lávarðinum þann daginn, og svo voru þá einir sex dagar eftir.

Aðalheiður kvaðst ekki hafa tíma til að fara. Hún fann, að henni veitti ekki af, að hvíla sig lítinn tíma. Hún hélt, að allir gestirnir hefðu farið, og gekk því inn í bókaherbergið, og gaf þar tilfinningum sínum lausan taum.

At í einu fór hún að hugsa um, að hún hefði ekki breytt hyggilega. Hún skildi til fulls ráðbrugg

hertogainunnar, og sá, að hún ætlaði að koma á-
setningi sínum fram á næstu sex dögum.

"Ég verð að vera þolinmód", hugsaði hún með sér, "að eins sex daga, svo er alt gott. Ég verð að gera alt, sem ég get til þess að frelsa hann, og ég verð að hafa vakandi auga með þeim án þess að sýna nokkra ókurteisi. Guð gefi mér styrk, því ég hefi sannarlega við mikið að stríða!"

Hún sá nú eftir, að hafa staðið upp frá borðinu. "Ég hefði átt að gæta mín betur, og keyra svo út með þeim. En hún særði mig svo hræðilega".

Þegar hún hugsaði til hinna hörðu og bitru orða setti að henni ákafan grát. Hún byrgði andlitid í höndum sér, og grét, eins og hertogainnan hafði spáð, blóðugum tárur. Þá var það, að dyrnar opnuðust og Clavering hershöfðingi gekk inn. Hún leit forviða upp, og hann sá, að hún hafði grátid.

"Ég hélt, að þér hefðuð farið með hinu fólkinu, hershöfðingi", stamaði hún út úr sér. En hann gekk til hennar mjög alvörugefinn.

"Svo þér hélduð það, og þess vegna urðuð þér heima. Mér þykir vænt um, að það hittist svo á, að ég skyldi einnig verða heima, Adalheiður. Ég álit mig sem bezta vin yðar og tilsjónarmann. Og þó þér álitid það ókurteisi af mér, þá vil ég þó fá að vita, hvers vegna þér eruð að gráta. Ég vil ekki heyra neinar afsakanir né undanbrögð, heldur hreinan sannleikann. Ef þér ekki segið mér það, þá skal ég sjálfur komast að því".

Hann settist við hlið hennar. Hún sá, að honum var full alvara með, að komast eftir, hvað að henni gengi, og hún vissi ekki, hverju svara skyldi.

Arnþjófur B. Olsson

V. KAPÍTULI.

"Mig langar ekkert til, að blanda mér inn í mállefni á milli hjóna, Aðalheiður. Mér finst, að þau eigi að hafa sín eigin málefni út af fyrir sig, og engir aðrir eigi að skifta sér af því. En þér verðið að hugsa út í, hve nákommið band er á milli okkar, og að ég þess vegna hafi rétt til að skifta mér af yður. Þegar faðir yðar lá banaaleguna, bæð hann mig fyrir yður, og ég lofaði honum því, að ég skyldi ávalt reynast yður sem faðir. Það hafi ég gert eftir því sem ég gat. Þó ég væri í annari heimsálfu, misti ég aldrei sjónar á yður, ég hélt ávalt nákvæmum spurnum fyrir yður. Ekki eitt einasta augnablik hafi ég gleymt yður. Í bardögum, sem ég hafi verið í, á hinum löngu og erfiðu vökunóttum, hvar sem ég hafi verið, hafi hið fagra elskulega barn, sem faðir þess trúði mér fyrir, verið í huga mér".

Hún laut niður og kysti innilega hönd hans.

"Þér hafið verið mér mjög góður", sagði hún með tárbot augu, "og ekki er ég vanþakklát".

"Okkar á milli er um ekkert þakklæti að ræða. Ég á ekki konu og ekkert barn, þér eruð það eina, sem ég á og mér er ant um í heiminum. Hér er því um að ræða traust og tiltrú, en ekki þakklæti. Aðalheiður, þér verðið að bera traust til mín. Þér megið til að segja mér, hvers vegna þér eruð hér einar og grátandi, svo óhamingjusamar. Þér verðið að segja mér, hvaða skuggi hvílir yfir þessu heimi".

Hún leit óttaslegin framan í hann. "Hvaða

skuggi", tók hún upp eftir holið. "Hvað meinað þér?"

"Ég meina, að það hvílir yfir Brooklands í umur skuggi. Það getur vel verið, að þér getið hulið hann fyrir annara augum, en þér getið ekki hulið hann fyrir mér. Haldið þér, að ég sé blindur. E, barn! Ég er orðinn of gamall og hefi séð svo margt í heiminum til þess að vita ekki, hvernig hamingjusönn heimili eiga að vera. Ég sé vel, hvernig yðar heimili er. Þér sitjið hér alein og grátandi. — Þó ég sé gamall og grár, þá seiti ég, að þegar kona grætur á maður hennar að vera til staðar, til þess að þurka í burtu tárin. Þegar konan á við eitthvað að stríð, á hann að hugga hana og hughreysta. Hvað er varið í hjónabandið, ef hjörtun eru ekki sameinuð í trú og ást. En hvernig á ég að geta ímyndað mér, að það eigi sér stað hér, fyrst ég finn yður hér grátandi, á meðan maðurinn yðar skemtir sér við hlið annarar konu?"

"Hann veit ekkert um þetta", sagði Adalheiður. "Hann hefir ekki hugmynd um, að ég var að gráta".

"Það er einmitt það", sagði hershöfðinginn fljótlega. "Þér segið mér áhyggjur yðar, ég sé sorg yðar, en eiginmaður yðar veit ekkert um það. Er það rétt, Adalheiður? Mundi það vera svo, ef hjónaband ykkar væri eins og það ætti að vera?"

Hún vissi ekki hverju svara skyldi.

Hershöfðinginn var mjög reiður á svip. "Ef ég vissi, að Caren helði átt yður vegna eigna yðar, skyldi ég aldrei fyrirgefa honum það".

"Hann gerði það ekki", mælti Linn afgerandi. "Þér megið trúa mér, þegar ég segi yður, að hann hugsaði ekki um neina peninga".

"Þér voruð þó það sem heimurinn kallar gott gjafirð", sagði hershöfðinginn.

Hún eldroðnaði, og hann leit beint í augu hennar.

"Hugsaði hann ekkert um það? Viðurkendi hann aldrei, að þér væruð ríkar?"

"Ég hef aldrei heyrt hann nefna það, og ég ímynda mér, að hann hafi aldrei hugsað neitt um það".

"Því hefir annars verið haldið vel leyndu, Aðalheiður, — ég hef aldrei heyrt neinn tala um þetta".

"Það var alveg óþarfi, að tala nokkuð um það, — öll leyndarmál eru best geynd innan ættarinnar".

Hún greip um hönd hans og leit biðjandi framan í hann: "Hershöfðingi, lofið mér einu. Við höfum haldið sögu ættarinnar feyndri, aldrei talað neitt um hana. Lofið mér því, að gera það sama: aldrei nefna þetta við nokkurn mann".

"Ég skal gjarnan lofa því, ef þér segið mér ástæðuna fyrir, hversvegna þér viljið halda því leyndu".

"Lávarður Caren vildi aldrei láta tala um það, og Lady Caren fellur mjög illa að heyra það nefnt".

"En maðurinn yðar?" spurði hershöfðinginn hvatlega.

"Ég vil ekki, að það sé nefnt á nafn við hann, þér getið skilið, að fáar konur myndu vilja tala um það".

"Ég skil vel, hve göfuglyndar þér eruð, og ég vil láta að vilja yðar. Engum manni fellur vel, að standa í skuld við konu sína. Þér megið reiða yður á, að ég skal ekki særa sómatilfinningu hans".

"Ég er yður þakklátari fyrir þetta en alt annað, sem þér hafið fyrir mig gert, hershöfðingi".

"Þér skuluð þó ekki láta yður detta í hug, að öll þessi sniðugu undanbrögð hafi komið mér til að gleyma því, sem ég vil fá að vita. Takið nú eftir: — Ég finn yður fljótandi í tárum, þér munduð ekki

gráta, ef þér hefðu enga sorg að bera. Þér segið, að maður yðar viti ekkert um þetta, en ég segi, að hann ætti að vita um það. Og ef það er eitthvað, sem þér getið ekki sagt honum, þá segið mér það".

"Það væri ekki réttlátt", sagði hún, "það sem ég ekki get sagt honum, ætti ég ekki að segja yður".

"Þér neitið þó ekki að svara spurningu, sem beztu vinur yðar spyr yður að: Elskið þér manninn yðar?"

Aldrei gleymdi hann augnaráði hennar, þegar hún leit í angu hans, og greip um leið um hendur hans.

"Elska ég mína eigin sál — elska ég líf mitt? Ég elska hann svo heitt, að ég vildi láta lífið með glöðu geði til þess homum gæti líðið vel".

"Nú hafið þér sagt mér sannleikann, en segið mér nú: Elskar Allan lávarður yður?"

Varir hennar skulfu. Hún fölnaði og roðnaði á víxl. Hún stóðst ekki augnaráð hans, en varð að líta til jarðar. Hún hefði viljað gefa mikið til, að geta sagt, að hann elskaði sig, en það gat hún ekki. Henni datt í hug myndin, sem hún hafði fundið, af henni, sem hann hafði elskað, og tapað 14. júní. Nei, hún þorði ekki að segja, að hann elskaði hana. Hún reyndi að brosa og sagði svo:

"Nú spyrjið þér um leyndarmál Allans, en ef þér viljið fá þetta að vita, verðið þér að spyrja hann sjálfan að því".

"Ég hef fengið fullnægjandi svar, — ég sé nú, hvernig í öllu liggur. Þér elskið mann yðar, en hann elskar yður ekki".

"Þetta er ekki allskostar rétt", mælti hún fljótlega. En hann tók fram í fyrir henni.

"Ég skil þetta alt saman, Adalheiður mín. Guð hjálpi yður. Guð hjálpi hverri konu, sem ekki á ást manns síns. Ég kenni í brjósti um yður, og skal ekki fyrst það hryggir yður, tala oftar um, að mað-

ur yðar hafi átt yður peninganna vegna. Ég skil það, það er það sem Frakkar kalla "hagnaðar hjónaband".

"Hann er mjög vingjarnlegur og góður við mig", sagði hún.

"Ég skil það, barn. Segið ekki eitt orð meira. Þér hafið fulla orsök til að gráta. Hver er þessi dökkhærða kona, sem hann er alt af með?"

"Þér meinið víst hertogainnuna af Ormont?"

"Hver var hún, hefði ég átt að segja. Þekkti maðurinn yðar hana áður en hann giftist?"

"Já", sagði hún, "en hún tók mjög nærri sér að segja það.

"Ég skil. Segið mér nú, Aðalheiður, því ég var bezti vinur föður yðar og er einlægur vinur yðar:—þykir honum ennþá vænt um hana. Ég meina ekkert ilt með þessu, en eru þessi tár henni að kenna?"

Spurningin kom henni svo á óvart, að það liðu nokkrar mínútur fyrir en hún vissi, hverju svara skyldi. Svo lagði hún hönd sína á handlegg hans.

"Bezti vinur minn", sagði hún, "far ekki svo hédan, að þér hafið ranga hugmynd um mann minn. Ég hef yfir engu að kvarta honum viðvikjandi, Hann er bæði göfugur og góður maður. Ég elska hann, og ég get ekki hugsað til, að þér hugsið nokkuð ilt um hann. Hann er góður við mig, og þó hann ekki elski mig nú, mun honum með tímanum lærast það, og þá elskar hann mig miklu heitara en ég hann. Lofið mér að ráða, og reynið ekki til, að breyta hér. Sérhvert ónotayrði í hans garð, sker mig í hjartað".

Hún laut niður og kysti hið gamla alvörufelna andlit hans. Hershöfðinginn hafði alt af verið svo góður við hana.

"Gerið nú bæn mína", sagði hún. "Við viljum

hvort öðru vel. Trúid mér, það besta, sem þér getið gert, er að lofa öllu hér að hafa sinn vana framgang. Guð sér um, að alt gangi vel".

"Ég skal aldrei hryggja yður, aldrei frammar tala um þetta, fyrst yður fellur það illa. En ég skal komast fyrir þetta leiðindamál, Aðalheiður. Við gamla fólkið lesum betur í hjörtu þess yngra, en þið hugsið, og ég sé vel hjartasorg yðar".

Í því hún gekk út úr herberginu, brosti hún til hans innilega hræð yfir velvilja og umhyggju hans henni til handa. En hann endurtók með sjálfum sér — "Ég skal komast fyrir þetta leyndarmál. Ég skal komast að, hvort hún grætur vegna þessarar fögru hertogainnu, og ég skal finna út, hvers vegna lávarðurinn átti hana, fyrst hann elskaði hana ekki".

II. KAPÍTULI.

Aðalheiður beið nú komu manns síns og gesta sinna. Hún var mæta vel búin, og engan vott þess, að hún hefði grátið, var hægt að sjá á andliti hennar. Henni leið miklu betur eftir samtal sitt við hershöfðingjann. Það hafði styrkt hana enn betur í að reyna af öllum mætti að frelsa mann sinn frá þinni voðalegu synd, sem hann var freistaður til að drýgja.

Sex daga ennþá fulla af ótta og hrygð. Sex daga, sem hún varð að vaka yfir hverri hreyfingu manns síns og þessarar fögru, vöndu konu. Að yfisu bar hún fullkomnað traust til hans, er hann hafði þó einu sinni elskað þessa konu. Hún var frábær-

lega fögur, og hún gerði alt sem hún gat til þess að lokka hann í snöruna.

Margar konur myndu í sporum Aðalheiðar hafa brúkað brögð á móti brögðum, og ólíkindalæti. En það var laust við, að hún gerði það. Hún bað til guðs um að halda hendi sinni yfir manni sínum, — kenna honum að elska sig, af því hún var konan hans og elskaði hann svo heitt. Hún hugsaði sér, að breyta eins skynsamlega eins og hún gæti, og vera þolinmód. — Sex dagar! — Æ, hvað þeir yrðu langir og leiðinlegir fyrir hana! Hún varð að gæta manns síns frá morgni til kvelds, án þess þó að hann eða aðrir veittu því eftirtekt.

Lady Aðalheiður hugsaði um þetta fram og aftur, þangað til henni fanst alt dansa fyrir augum sér. Hún gekk nú að glugganum og horfði lengi á blómin úti fyrir. Einn rósaleggur bar þar af öðrum. Hún hafði fengið hann að gjöf frá Lady Die. Sex rósir voru útsprungnar, og sex dagar voru það, er gera mundu út um framtíð hennar. Hún ásetti sér, að taka eina rós á hverjum degi, og bera hana inn í herbergi sín. Hvernig mundi henni líða, þegar þær væru allar tindar af leggnum? Hún mundi þá vera annaðhvort hin hamingjusamasta eða óryæntingarfylsta kona undir sólunni.

Hún sleit nú eina rós af, og bar hana inn í herbergi sitt og lét hana þar í vatn. Svo fór hún niður aftur til að biða komu gestanna. Nú heyrði hún vagnskrölt, og sú fyrsta, sem hún kom auga á, var hertogainnan. Hefði hún séð, að hún var með glöðu bragði, hefði hún óttast, að maður hennar væri í hættu staddur. En það var öðru nær. Hertogainnan var andsjáanlega í vondu skapi og leit þreytulega út. Lávarðurinn var aftur á móti glaður og rólegur. Aðalheiði létti við, að virða þau fyrir sér. Hún gekk til hertogainnunnar, því hún

atlaði sér, að hafa öllu fremur gætur á henni heldur en manni sínum. Enginn gat heldur tekið til þess, þó hún gæfi sig mest að henni, sem hinum göfugasta af gestum sínum.

Hún spurði hertogainnuna um, hvernig ferðin hefði gengið, en hertogainnan svaraði henni kuldalega.

"Þér eruð víst þreyttar", sagði Lady Aðalheiður, "það hefir líka verið svo heitt í dag".

"Ég hefi ekki fundið það, ég hefi noga krafta til þess að vera úti í sólskini, án þess að þreytast".

"Þá eruð þér öfundsverðar, því það er góð eign að eiga góða krafta", sagði Lady Aðalheiður.

"Sumt er þó eigulegra", sagði hertogainnan háðslega. En Aðalheiður lét sem hún heyrði það ekki, en var jafn vingjarnleg og áður.

"Þykir yður skemtilegt, að koma á hestbak? Viljið þér það heldur en keyra?"

"Já, ef ég hefi skemtilegan fylgdarmann. Tíminn og hjónabandið bræytir mönnum. Áður fyrir áleitt ég Caren lávarð þann skemtilegasta meðreiðarmann, sem hægt var að kjósa sér".

"Er hann það ekki ennþá?"

"Stundum. Ég held annars, að sveitalífið hafi allt annað en góð áhrif á fólk, annaðhvort stendur maður við í stað, eða fer aftur á bak. Það gerir mikið til, hvort maður hefir skemtilegan samferðamann eða ekki. En mér finnst svo langt frá, að Caren lávarður sé það nú".

"Leiðist yður hann þá? Mér fellur illa, að geta ekki verið á sömu skoðun og þér, ég hefi þá skoðun, að fáir séu eins skemtilegir og hann".

"Mér finnst allt leiðinlegt", sagði hertogainnan hrokalega. "En ég er hæði forviða og glöð yfir, að yður skuli þykja lávarðurinn skemtilegur fylgdarmaður".

Af þessu samtali áleit Aðalheiður, að maður hennar hefði ekki veitt hertogainnuinni mikið athygli á leiðinni.

Arnþjótur B. Olson

III. KAPÍTULI.

Næsta dag hélt Aðalheiður hinu sama vakandi auga með manni sínum. Hún sá, að hertogainnan hafði nú fastlega ásett sér að ná tali af honum, en hún gerði alt, sem hún gat, til þess að koma í veg fyrir það. Hún leitaði ekki hjálpar hjá kaþteín Randolph, því hún vildi ekki, að nokkur blettur félli á mann sinn. En hún vissi, að hvenær, sem hún bæði hann að hjálpa sér, myndi hann af fúsun vilja gera það.

Henni sárleiddist. En enginn veitti því neina eftirtekt. Hún hélt, að kaþteínn Randolph vissi eitt mikið í þessu eins og hertogainnan sjálf, en hann gat ekkert gert, en tók nákvæmlega eftir öllu, sem fram fór, reiðubúinn til að hjálpa Lady Aðalheiði, ef hún þyrfti með. Nú var hún búin að slita upp aðra rós til, og sú fyrsta var orðin visnuð.

"Bara að þær væru allar visnaðar og Allen frelsaður. Hvað ég skyldi vera guði þakklát fyrir það!" hugsaði Aðalheiður.

Nú voru fimm dagar eftir. Hún hugsaði um, hvernig eyða skyldi þessum degi án allrar hættu. Hún vissi, að lávarðurinn gerði alt sem hann gat, til að skemta Clavering hershöfðingja. Hún talaði því um það við Capt. Randolph, að nokkrir af karlmönnum skyldu aka þann dag til St. Bedar klaustursins. En þangað var alllangt að keyra fyrir

kvenfólkið. Hún áleit mann sinn úr hættu þennan dag, ef þessu yrði framgengt.

Kaşteinninn skildi stíx, hvers vegna Lady Aðalheiður talaði um þetta, og tók því vel. Og áður en hún var að borða morgunverðinn, hafði hann sagt hershöfðingjann frá þessu klaustri, og fullvísað hann um, að honum mundi þykja gaman að ferðast þangað.

Hershöfðinginn tók vel í það, og sagði, að sig langaði mig til að sjá þennan stað.

Kaşteinninn fór þá strax til lávarðarins og sagði honum, að hershöfðingjann langaði mjög til að keyra til St. Bedar klaustursins. Lávarðurinn varð glaður við, að geta skemt honum á þennan hátt.

Þegar hertogainnan heyrði talað um þetta ferðalag, vildi hún strax fara með, en Lady Aðalheiður svaraði: "Við vildum allar mega fara með karlmönnum, en vegurinn er of langur fyrir kvenfólk. Ef þér endilega viljið sjá klaustrið, þá verðum við að hvíla okkur allan seinna partinn í Caterham, sem er næsta þorp við klaustrið."

Hertoginn kom ni og blandaði sér strax inn í samtalið. Honum var ávalt mjög ant um heilsu konu sinnar. "Þetta verður ekki í seinasta sinni, sem við dveljum á Brooklands, Nita".

Og hann bætti við: "Við skulum vona, að næst þegar við komum hér, að við höfum ástæður til að sjá St. Bedar. Þú átt langa og erfiða ferð fyrir höndum og verður að vera óþreytt undir hana".

Hún svaraði einhverju brosandi, en í hjarta sínu hataði hún Lady Aðalheiði og mann sinn fyrir þessi orð.

"Hefir allur heimurinn svarið sig á móti mér?" hugsaði hún. "Ég skal sjá hann og tala við hann, þó allir reyni að hindra það. Og hvað ferð minni til Skotlands viðvikur, þá þarf ég ekki mikið að búa

mög undir hana. Minn kærri hertogi, ef þú nokkurn-tíma ferð þangað, þá verður þú að fara án mín".

Hún varð næstum frávíta af reiði og harmi, er hún sá karlmennina fara af stað. Lávarðurinn gekk til hennar að kveðja hana, og hún brosti hið blíðasta framan í hann. Honum sýndist hann sjá tár í augum hennar.

"Góða ferð", sagði hún. "Ég vona, að þið skemtið ykkur vel. Ó, Allan, tíminn hefir vængi. Bráðum kemur sá dagur, er ég sé yður ekki lengur. Það er ekki að undra, þó ég telji hvern daginn, sem liður".

Hann leit hikandi framan í hana. "Hefði ég vitað, að yður þótti verja að ég fari, skyldi ég hafa orðið eftir heima. Það er hægt að ráða bót á því enn, þeir geta farið án mín".

Hún vissi, að það mundi vekja of mikla eftirtekt.

"Nei", sagði hún blíðlega, "ég vil ekki koma í veg fyrir, að þér getið skemmt yður. Ég óska af heilum hug, að þér séuð ánægður, en þér megið til að tala við mig í kveld. Þér hafið varla talað orð til mig síðan gestum bættist við".

"Ég skal flýta mér heim", sagði hann.

Lady Aðalheiður gekk framhjá í þessu og þá varð hvað hann sagði. Hún hafði nú ekkert að geta þennan dag, en það kom ekki að miklum notum, at hertogainnan fengi um kveldið tækifæri til að tala við lávarðinn. Það þurfti ekki annað, en að lita á hertogainnuna, þegar karlmennirnir voru farnir, til þess að sjá, í hve vondu skapi hún var, og að stormur var í nánd.

Lady Aðalheiður settist hjá stórum glugga, og fór að sauma fallegan útsaum. & Hertogainnan gekk til hennar. "En hvað þér eruð ofundsverðar, að geta skemmt yður við annað eins verk og þetta", sagði hún.

"Þetta er mjög skemtileg vinna", sagði Lady Adalheiður rólega.

"Ég get öfundað þessar ensku konur af hve hágt þær eiga með að skemta sér. Við spænsku konurnar þurfum meira til þess, að við skemtum okkur vel".

"Ánægja og nægjusemi eru lagrar dygðir, hvort heldur þær eru hjá enskum eða spænskum konum", sagði Lady Adalheiður. "Því hamingjusemari, sem manneskjan er, þess hægra er fyrir hana að skemta sér. Þetta er nú min skoðun".

Hertogainnan brosti háðslega.

"Éltir þvi má ég þá vona, að ég geti einhverntíma glaðst af fallegri blúndu, eins og þér getið. Nú sem stendur þarf ég nokkuð meira til að geta glaðst og verið ánægð".

Lady Adalheiður gatti sín vel, að reiðast ekki. Hún tók háði og dónaskap hertogainunnar með mestu þolinnaði. Þær litu hvorar á aðra. Þær vissu svo vel, að næstu dagar mundu gera út um framtíð þeirra, — önnur hvor mundi ganga af hólminum sigri hrósandi, en það var spursinálið, hvor þeirra það mundi verða.

Þó töluðu þær saman eins og ekkert væri.

"Hvað segið þér um, að við getum gátur í kveld, eða eigum við að hugsa fyrir dansi?" sagði Lady Adalheiður.

"Ég vil hvorugt, hreint út sagt. Engin kvell-skemtun er leiðinlegri en sú, sem er hugsuð fyrir fram".

"Þó finst mér, að öll kveldin hafi verið fremur skemtileg".

"Mér þykir mest skemtun í, að vera frjals. Ef ég héldi, að fólk stæði í þeirri meinágu, að ég ætlaði að dansa í kveld, vildi ég alls ekki dansa. Eigi

maður að skemta sér vel hér úti á landinu, þá verður maður að vera fullkomlega frjáls".

"Ég er alveg á yðar máli, enda ræður sérhver því sjálfur, hvort hann tekur þátt í skemtuninni eða ekki".

"Ég get ekki hugsað mér betri skemtun, en það, að ganga að kveldinu til og frá um blómgarðana. Ég hef hvergi séð eins fögur blóm og hér".

"Því trúir ég vel", hugsaði Lady Aðalheiður með sér, "en þér skuluð ekki ganga þar ein með manni mínum, ef ég má ráða".

Hertogaínnan vissi, að ef dansað yrði um kveldið þá fengi hún ekkert tækifæri til að tala við lávarðinn. Hún næstum skalf af heipt, er hún hugsaði til, hve fljótt tíminn leið. Þegar þessi dagur var liðinn voru einir fjórir eftir!! Svo varð hún gagntekin af hræðslu. Ef hún hefði nú tekið feil, — ef lávarðurinn kærði sig ekkert um hana, sem hún hafði þó alt af vonað! Ef hann hefði viljað tala við hana, gat hann oft fundið tækifæri til þess. Ef hann vildi biðja hana, að yfirgefa alt haus vegna, þá var hún margoft búin að gefa í skyn, að óhætt væri að nefna það. Hræðsla og ótti hertóku nú hjarta hennar. Hafði hún rangt fyrir sér? Og ef svo var, hvernig gat hún þá lifað öllu lengur?"

"Ég vildi heldur drepa mig, en að fara frá Brooklands eins og ég kom þangað", sagði hún við sjálfa sig.

Hún hvorki skammaðist sín fyrir eða hræddist áform sín. Hún var bæði blind og dauð fyrir röddu samvitzkunnar. Af ásettu ráði gekk hún í móti eyðileggingu sinni og æfilangri skömm.

LIII. KAPÍTULI.

Það var búð að borða. Menn höfðu yfir borðum talað um ferðina til St. Bedar. Kasteinn Randolph og lávarðurinn höfðu sagt frá öllu, er fyrir þá bar á leiðinni, og lávarðurinn lýst eins vel og hann gat öllu, er þeir höfðu skoðað.

Hershöfðingiinn hafði mjög mikla skemtun af ferðinni. Hann unni mjög fornu sögun, og St. Bedar klaustur var frægt fyrir, hve lengi það stóð uppi fyrir ofsóknum óvinanna, og mennirnir, sem vörðu hliðin og múrana, gáfust ekki upp, þótt þeir stæðu augliti til auglitis við dauðann. Samtalið hafði verið fjörugt og skemtilegt, en hertogainnan tók engan þátt í því. Hún bjóst við, að um kveldið myndi eitthvað sögulegt koma fyrir, og hún bjó sig undir stríð.

Lady Adalheiður var með fegursta móti, og mjög skrantlega klædd. Hún var samt hálíkviðandi, og úr hinum fögru, bláu angum hennar skeiu angurbliða.

Hertogainnan hafði klætt sig í alt það skart, er hún gat utan á sig látið, en eins og áður er sagt, sagði hún ekki eitt einasta orð.

Þegar búð var að borða, gengu konurnar yfir í annað herbergi og tóku tal með sér. Hertogainnan tók engan þátt í samtalinu. Hún gekk órólega fráan og aftur um herbergið. Hún leit við og við í bók, en fleygði henni svo frá sér aftur. Stundum leit hún á fallegar myndir, sem voru þar. Hún tók blóm, en reif þau jafnharðan í sundur, og hún var í svo mikilli geðshræringu, að hún tæpast vissi, hvað

hún gerði. En svo kom henni til hugar, að hinu kvenfólkinu myndi þykja undarlegt framferði hennar, svo hún settist niður og reyndi að sýnast rólegri, en hún gætti nákvæmlega að, hvenær karlmennirnir kæmu út úr borðsalnum.

Það voru samt fleiri en hún sem gættu að því. Lady Aðalheiður sá, hve óróleg hún var, og var búin að hugsa sér, hvað gera skyldi. Loksins opnuðust dyrnar, og karlmennirnir komu inn. Lady Aðalheiður fölnaði, og skuggi sveif yfir andlit hennar. Hertogainnan roðnaði og brosti ánægjulega. Caren lávarður leit í kring um sig. Hann mundi eftir, að hertogainnan hafði verið svo niðurdregin um morguninn. Hann gekk til hennar, hún dró brosandí kjól sinn að sér, svo hann gati sest hjá henni.

Nú var sú stund upprunnin, sem hún svo lengi hafði óskað eftir. Hann sat við hlið hennar og horfði hlýlega til hennar, reiðubúinn til að tala eða hlusta eftir því, sem hún segði. Hvað átti hún nú að segja? Hún var í vandræðum með, hvernig hún ætti að byrja. Hún gat ekki í annara viðurvist gripið hönd hans og sagt honum hve heitt hún elskaði hann. Hún gat enga bendingu gefið honum um óskir sínar og ástríður. Hún gat ekki sagt honum þarna hún glæpafullu áforin sín, — að hún vildi draga á talar göfugan og góðan eiginmann. Hún gat ekki útausið fyrir honum hinu elskufulla hjarta sínu. Hún gat að eins talað um vanaleg málefni, — en með nógu mikilli ilsku og kænsku má gera hið einfaldasta tal hættulegt.

“Mér þykir mjög vænt um, að þér hafið skenit yður vel í dag”, sagði hún, “skemtilegir dagar koma svo sjaldan fyrir”.

“Já, ég skemti mér mjög vel. En ég held, að fullkomna ánægju finni maður aldrei, eins og þér

komist að orði. Fullkomna hamingju álit ég vera skugga, sem menn sækjast eftir, en aldrei geta náð".

"Mér þykir leiðinlegt, að yður skuli finnast svo"

Hann roðnaði. "Ég tala ekki beinlínis um sjálfan mig, heldur um fólk yfirleitt, — ég er eins hamingjusamur og flestir aðrir".

Hún stundi við. Brjóst hennar gekk upp og niður, og augu hennar urðu blíð og viðkvæmnisleg.

"Þér ertuð skilið, að vera miklu ánægðari en þér eruð", sagði hún.

"Hvers vegna?" spurði hann hlæjandi.

"Þér spyrjið mig hvers vegna, Allan. Af því þér eruð betri maður en — menn vanalega eru, — af því þér eruð göfugri, tryggari og þrúðari en aðrir. — Það er nóg af karlmönnum til í heiminum, en enginn er líkur yður. — Af því ég hugsa svo mikið um yður, Allan, og mig langar svo mikið til að sjá yður ánægðan, — ánægðari en alla aðra menn í heiminum. Ég vildi, að ég gæti útvegað yður hamingju, — til þess að geta það, vildi ég líða hinar verstu kvalir".

Það var freistandi, að hlusta á þvítík orð frá vörum jafn tallegtrar konu. En Caren lávarður var mjög ærukær maður. Hún áleit, að nú væri hún búin að gefa honum gott tækifæri, ef hann vildi eitt hvað segja við hana. En hann leit að eins sorglega til hennar, og sagði:

"Þér eruð of góðar við mig, Nita, og berið of mikla umhyggju fyrir mér".

Hún beitt sig í vörina af vonzku, og henni var ómögulegt að leyna því. En því erfiðara, sem það reyndist að vinna hann, því ákafara langaði hana til þess. Ef hann hefði verið ákafari í að vinna hana, hefði hún æð líkindum ekki verið svona áleitin. En þessi rólega, hlutdrægnisklausu vinátta etgödi hana hana mjög, og nú við hlið hans sór hún í hjarta

sínu, annaðhvort að vinna hann eða deyja að öðrum kosti.

"Að kára sig um nokkuð, er einstök heimska", mælti hún. "Sá er bezt farinn, sem að eins hugsar um sjálfan sig".

Á meðan hún mælti þessi orð, varð honum litid til konu sinnar. Hið fagra andlit hennar lýsti sakleysi og trausti, ást og bliðu, og í hjarta sínu fann hann til, hve fölsk orð hertogainnunnar voru.

"Nú get ég ekki verið á sama máli og þér", sagði hann. "Þeir, sem lifa einmana alt sitt líf, lifa einskisverðu, gleðisnaðu lífi. Þeir, sem breiða blessun, ást og hamingju og frið yfir sitt og annara líf, — þeir eru sálir".

Hún varð hrygg við þessi orð.

"Ég meinti þetta heldur ekki, Allan. Ég er svo óánægð og ógæfusöm, að ég veit tæpast, hvað ég segi".

Nú varð stutt þögn.

"Ég vildi óska, að þér gætuð verið ánægðari, Nita", sagði hann.

"Ég hef aldrei beðið um nema eina gjöf", sagði hún græmjulega, "en mér var neitað um hana. Aldrei óska ég eftir nema þessari einu gjöf, en hana fæ ég ekki".

"Hvað var það, Nita?"

"Ást yðar", mælti hún stuttlega, og snéri sér frá honum um leið.

Hann sat nokkra stund steinþegjandi og sárkendi í brjósti um hana, en samt var hann alveg forviða á, að hún skyldi tala svona. Hann bar hana í huga sínum saman við konu sína, og hann fann vel, hve miklu kvenlegri hin síðarnefnda var.

Alt í einu stóð hertogainnan upp. Það var sem orðin vildu brjótast út af vörum hennar. Hún mátti til að segja það, sem henni lá svo þungt á

hjarta, eða deyja að öðrum kosti. Henni fanst hún verða að segja honum, hve heitt hún elskaði hann, hve óþarilegt lífið vari henni, og að hún vildi yfirgefa allt sitt til þess að geta notið hans.

Hún var náfól og skalf af geðshræringu. Hún kvaldist meira en nnt er að lýsa.

“Það er svo heitt hér. Mig langar út til blómanna. Viljið þér koma með mér, Allan?”

Út meðal blómanna! Hún þóttist vita, að hann myndi ekki geta neitað því. Hans innri og betri maður setti sig upp á móti því, en hvernig átti hann að neita henni um þessa lítlu bón?

Honum fanst, sem frelsandi engill koma til sín, er Lady Adalheiður alt í einu stóð hjá þeim og sagði: “Hertogainnan talaði um í morgun, að hana langaði til að skoða blómin í kveld. “Allan, mig langar svo til, að sýna henni blómin mín”.

Hann játti því strax. “Það er það bezta, sem við getum gert”, sagði hann, “kveldið er svo fagurt og það er svo skeintilegt, að sjá gosbrunnana þeyta vatninu í loft upp í kveldkyrðinni”.

En hertogainnan sagði reigingslega: “Mér þykir aldrei gaman að neinu innan um heilan hóp af fólki”.

Lady Adalheiður hló góðlátlega. Caren lávarður og ég, myndum engan hóp, og ég skal ekki biðja fleiri að fylgjast með. Eif yður þykir gaman að blómum, er ég viss um, að yður muni þykja falllegar franskar rósir, sem ég á. Þær eru ljómandi fallegar”.

Hertogainnan þorði ekki að hegða sér dónalega í nærveru lávarðarins. En ef hatur gæti drepist, þá hefði Lady Adalheiður dáið á sömu stundu. Hún var fól og titraði af reiði, en það var ekki hægt fyrir hana, að gera annað en samþykkja þetta.

Hún gekk út með þeim, og þegar mesta reiðin hafði runnið af henni, talaði hún við þau. En allt tal hennar bar vott um hæðni og kulda. Caren la-varður skildi það ekki, og fannst það skemtilegt. En Lady Aðalheiður óskaði í hjarta sínu, að kveldið væri liðið. Hertoginn leit hirduleysislega á blómin, hún dáðist ekkert að þeim eða þótti neitt til þeirra koma. Þegar þau höfðu verið úti hér um bil hálfan klukkutíma, sagði hún, að blómin væru alt öðru vísi, en hún hefði búist við, og fór svo til herbergja sinna. Hún hataði nú Lady Aðalheiði meira en nokkru sinni áður, og ásetti sér á ný, að vinna þann mann, sem hún elskaði, hvað svo sem það myndi kosta.



LIV. KAPÍTULI.

Þrjár rósir hafði Lady Aðalheiður slitið upp og sett í vatn. Sú fyrsta var visnuð, önnur byrjuð að fölna, en sú þriðja stóð í blóma.

Að eins þrjá daga, — og svo var vonandi, að hið föla, þreytulega andlit Aðalheiðar, myndi fá sinn fagra roða aftur. Að eins þrír dagar! Þá yrði allur kvíði og öll sorg horfin. Hún herti sig upp. Hún hugsaði með sjálfri sér, að hræðsla sín væri óþörf, og ekki nærri eins mikil hætta á ferðum eins og hún væri að gera sér í hugarlund.

“Ég elska hann svo heitt”, sagði hún við sjálfa sig, “að ég tel hvert augnaráð, sem hann gefur henni og hvert orð, sem hann talar við hana. En það getur skeð, að ég hafi rangt fyrir mér, og að mér með guðs hjálp takist enn þá að vinna hann”.

Henni varð gengið inn í búnings herbergi her-

togainunnar, og henni létti ósegjanlega mikið, er hún sá ferðakistuna standa þar tilbúna fyrir ferðina. Hertogainnan hafði hlegið að þeim og sagt við sjálfa sig, að það mætti gjarnan fylla þær fyrir sít, en aldrei skyldi hún nota þær framar.

Adalheiður sá, að hertogainnan sótti miklu meira eftir Allan, en hann eftir heuni. Hún las í hjarta hertogainunnar, og skildi til fulls öll áform hennar. Hún sá, að maður hennar var algerlega óvitandi um þetta allt saman. Væri Caren lávarður látinn einráður, mundi hann aldrei gera sig sekan í neinu svo óleiðarlegu, hvað svo mikið, sem hann liði við það. En þegar frábærlega fögur, kæn og ilsknfull kona freistaði hans, eftir því sem hún gat, kona, sem hann hafði fyrir ekki löngu síðan elskað, — þá var ómögulegt að segja nu, hver endirinn yrði.

Hún var ekki viss um, hvort Allan var reiður við hana eða ekki fyrir framkomu hennar kveldið áður. Hún hafði að vísu ekki komið öðruvísi fram, en gestrisinni húsmóður bar, en hún vissi ekki, hvort hann hafði skilið hina réttu orsök til breytni hennar.

Hann hafði verið mjög þegjandalegur eftir að hertogainnan ylingaf þan. Hann sökti sér algerlega niður í hugsanir sínar, og oftast einu sinni varð hún vör við, að hann horfði á hana, eins og hann vildi reyna að geta sér til um hugsanir hennar.

Skyldi hann reiðast henni og tapa þolinmæði sinni, áður en hún hefði lokið ætthnarverki sínu? Mundi hann segja heuni, að hún mætti ekki ergja hertogainnuna með nærveru sinni, sem henni auglýsilega væri á móti skapi? Ef hann gerði það, þá var allt tapað, því hún þorði ekki að óhlyðnast honum. Þá var öll viðleitni hennar til að frelsa hann

til einskis. Angu hennar fylltust tárur við þessa hugsun.

"Guð hjálpi mér, því ég á svo erfitt", sagði hún.

Hún reyndi að taka öllu með ró, gekk svo út og reif upp fjórðu rósina, og setti hana hjá hinum, sem fyrir voru.

Þó hertoginn hefði ekki ráðið sér fyrir reiði kveldið áður, var hún búin að jafna sig næsta dag við morgunverðinn. Hún var vingjarnleg við Lady Aðalheiði, þótt hún sæi, að í henni hafði hún fundið mótstæðnumann, er jafnaðist á við hana sjálfa. Henni fannst samt hún geta verið hlýleg og vingjarnleg við hana, því þetta kveld ætlaði hún sér að spila út sínu síðasta háspili, — og vinna. Og ef það heppnaðist henni, vissi hún að hún mundi leiða sorg og smán yfir höfðunð Lady Aðalheiðar, — en það var það, sem hún óskaði svo heitt eftir að geta gert.

Á meðan á máltíðinni stóð, stakk einhver gestanna upp á því, að gestirnir skyldu skemta sér við að skoða gróðrarstírnar, og allir féllust á það.

"Yður mun þykja gaman að því", sagði kaþteinn Randolph við Lady Aðalheiði, "jafnmikið gaman og þér hafið af blómunum. Ég trúi varla, að þér hafið séð öll hin fögru blóm, sem finnast þar".

Lady Aðalheiður leit framan í kaþteinninn og brosti svo raunalega, að hið harðasta hjarta hefði hlotið að kenna í brjósti um hana.

Hvernig gat hún haft ánægju af nokkrum hlut. Þegar hún varð alt af að vera á verði, sem henni féll svo frámunalega illa? Skyldi hún nokkur tíma hafa ánægju af nokkru? Ætli hún yrði nokkru sinni hamingjusöm? Myndi nú nokkur tíma losna við sorgir og áhyggjur, og mega það sig í sólskini og gleði eins og aðrir gerðu?

Kaþteinn Randolph stundi þungan. "Ef hún hefði verið konan mín, skyldi ég hafa gert hana á-

nægða og hamingjusama. Caren er bæði blindur og vitlaus”.

Lady Aðalheiður hafði óskað eftir, að hann byði Alísu. Kan fylgd sína, og Alísa roðnaði af gleði, þegar hann bauð henni það. Kasteininum leizt æ betur og betur á hana, því Lady Aðalheiður hafði opnað augu hans fyrir mannkostum hennar. Það hefði getað farið tvo, ef Aðalheiður — jafnauklá vanrækslu og maður hennar sýndi henni — hefði ekki verið eins saklaus og góð eins og hún var, — þá hefði getað farið svo, að vinkengi þeirra yrði honum til mikillar sorgar. En hann áleit hana fremur engil en konu. Hann bar lotningu fyrir henni, eins og einhverri æðri veru, og tilbad hana. Hann átti ekkert það leyndarmál til í eigu sinni, sem hann trúði henni ekki fyrir.

Hann sá, að hún elskaði mann sinn af öllu hjarta, og hann hefði glaður gefið líf sitt til, að hún næði ást hans, sem hana langaði svo eftir. Hann sardi aldrei með einu einasta orði tillitningar hennar, og hún hafði ávalt mikil og góð áhrif á hann. Því hann fór í öllu að vilja hennar. Hann hafði talið að um Alísu við hann, og hrósað henni meira nú, en nokkrum sinnum áður. Honum hafði ávalt litist vel á hana, og þegar Aðalheiður styktu hann í því efni, þá fór hann að hugsa um að biðja Alísu að verða konu sína, þegar tími væri kominn til þess.

Hún varð svo glöð, þegar hann sagði henni, að í návist hennar yrðu blómur miklu fegri í augum sínum. Lady Aðalheiður sá gleðina skína úr augum Alísu. Hún skildi, hvað það hafði að þýða og hún laut niður og kysti hana.

Vesalings Aðalheiður! Sjálf var hún svo óhamingjusöm og gat ekki gert sér miklar né glæsilegar ymur um hamingjusama framtíð, en hún gladd-

íst af að sjá aðra hamingjusama, og reyndi á allan hátt að stuðla að gleði og hamingju þeirra.

Nú gengu menn út að gróðrarstýjunni. Hertoginn leiddi konn sína. Hann var ekki nærri vel heilbrigður í seinni tíð, hann hafði sofð illa um nóttina og leit ekki hraustlega út.

"Leiddu mig, Nita", sagði hann. "Mér líður ekki nærri vel í dag".

Hún varð að gera það. Hann var maðurinn hennar og hertogi, svo hún gat ekki neitað honum. Hann studdist við handlegg hennar, en hún, sem var svo stolt af kröftum sínum, varð mjög óþolinmód yfir að þurfa að styðja hann. Á meðan þau gengu meðal blómanna og stönsuðu við og við til að skoða þau, hugsaði hún með sér: "Á ég að eyða aili minni þannig? Er ég eignikona, eða að eins hjúkrunarkona hans? Maður getur keypt hertogakórónuna of dýru verði".

Það var sem hertoginn læsi hugsanir hennar. "Þreyti ég þig, Nita?" sagði hann.

"Já, mjög mikið", svaraði hún.

"Þá bið ég þig fyrirgefningar. Ég hefði átt að hugsa um það fyr. En ekkert er mér kærara í heiminum, en að styðja mig við þig, elskaða Nita mín".

Hún brosti kuldalega. "Handleggur minn er því miður ekki af járni ger", sagði hún.

Hertoginn tók sér mjög nærri svar hennar.

"Ég vona, að þú fyrirgefur hugsunarleysi mitt. Aldrei skal ég gleyma því framar".

Hann reiddist mjög hinu kuldalega svari hennar. Hann hafði gefið henni stórjafir, sem sæmdu hverjum konungi sem var, og hann hafði elskað hana heitt og innilega, og áðan, í fyrsta sinni, hafði hann beðið hana um litinn greiða. Kuldi hennar skar hann í hjartað.

"Á ég að kalla á Dyon?" spurði hún.

"Nei, ég þakka. Það var fremur að ánaegjummi mí, að vera með þér og tala við þig, að ég bað þig um að leiða mig, heldur en ég þyrfti nokkurs stuðnings með".

Hún ansaði ekki. Hann horfði á hild stolta, kuldalega andlit hennar, sem aldrei hafði brosað hlýlega til hans, og hann stundi þungan. Í þessu gekk Lady Aðalheiður fram hjá þeim. Hún hafði ekki fylgst með hinu fólkinu, heldur verið að segja fyrir inni í húsinu. Hún tók strax eftir, hve þreytulegur hertoginn var. Hertoginnan helt áfram leiðar sinnar, og var nú nærri horfin úr auglýn.

Lady Aðalheiður gekk til hertogans og sagði vinjarnlega: "Þér eruð mjög þreytulegur að sjá. Éruð þér ekki vel friskur? Viljið þér ekki, að ég leiði yður?"

Aldrei gleymdi hún augnaráði hans, er hann leit í augu hennar.

"Þér eruð bæði góð og elskuileg kona, Lady Aðalheiður. Segið mér nú: Getur nokkur manneskja lifað of lengi?"

"Lífað of lengi?" endurtók hún. "Ég get ekki skilið, hvað þér meinið með þessu, herra hertogi".

"Þegar kráftarnir þverra, augun verða döpur og hárið gránar, er þá ekki tími kominn til að deyja?"

"Nei. Ekkert er segurra eða virðingarverðara, en gamall maður, sem ber hærurnar með sæmd".


"Það geta verið undantekningar. Mér finst — æ, — guð hjálpi mér, hugsunin um það er bitur, — mér finst stundum, að dauði minn vera í mánd".

"Kona hans hefir hrygt hann", hugsaði Lady Aðalheiður með sér. Hún sárkendi í brjósti um þennan gamla mann, sem nú fyrst sá, að kona hans elskaði hann ekki, og að hann aldrei mundi geta



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

unnið ást hennar. Lady Aðalheiður reyndi alt sem hún gat til að uppörfa hann.

“Þetta er að eins ímyndin yðar. Þér eruð ekki nærri heilbrigður í dag, og lasleiki hefir ávalt þunglyndi í för með sér”.

Þann leit áftur til hennar. “Lady Aðalheiður”, sagði hann alt í einu, “þér eruð hreinskilin kona. Segið mér nú, hvernig mynduð þér ungangast mann yðar, ef hann væri orðinn gamall?”

Hún roðnaði. Guð einn vissi, hvort hann yrði hjá henni, þegar hann væri orðinn gamall maður, því hann var að eins að nafninu maður hennar. En hún svaraði samt alveg hreinskilnislega :

“Ég myndi elska hann þúsund sinnum meira, væri það mögulegt, en ég geri nú. Hin hreinasta og sannasta ást í heiminum finst mér vera á milli manns og konu, sem hafa liðið súrt og sætt hvort með öðrum”.

“Ég trúi yður”, sagði hertoginn. “En nú ætla ég að ganga til herbergja minna. Ilmur blómannar er of sterkur fyrir mig”.

Þegar hann snéri heimleiðis, sá Lady Aðalheiður tár blinka í augum hans.

IV. KAPÍTULI.

Hertoginnman hélt áfram leiðar sinnar, án þess, að hugsa hið minsta um sorg þá, er orð hennar ollu manni hennar, sem hafði alt af verið blíður og eftirlátur við hana.

“Það er eins gott, að hann viti strax að ég vil hvorki vera sem þjónn hans eða hjúkrunarkona”.

sagði hún þóttalega við sjálfa sig. Það væri líka dæmalanst skemtileg staða, eða hitt þó heldur! "

Hún hætti svo bráðlega að hugsa um þetta. Því hún heyrði mannamál í hinum enda gróðrarstéjunnar, svo hún gekk þangað. Gestirnir sátu þar í hnapp hjá fallegum gosbrunn, sem þeytti vatninu yfir hinar grænu laúplöntur. Sæti vorn þar til og frá og hvít líkneski á milli þeirra.

Það glaðnadi yfir hertogainnum, þegar hún heyrði hlátur. "Ég kemmi í brjósti um hverja þá konu, sem ver æfi sinni til að hugsa um veikan eiginmann", tautaði hún. Hún hristi höfuðið reigingslega. Caren lávarður stóð hjá Alísu Kan, og var að sýna henni mjög fallegt blóm, sem stóð þar í fulln skranti. Það vorn til tvær tegundir af því, öngur hvít, en hin rauð.

"Hvort þykir yður kallegra, það hvíta eða það rauða?" sagði lávarðurinn.

"Ég verð að virða þau vel fyrir mér áður en ég svara", sagði hún. Hertogainnan heyrði samtalið, og gekk nú til þeirra.

"Svar upp á slíka spurningu sýnir lyndiseinkunn þess, sem svarar", sagði hertogainnan. "Hvernig er hægt að líkja saman hvítu og rauðu?"

"Hví skyldi ekki mega líkja því saman?" sagði kašteinn Randolph. "Og með hverju sýnir það lyndiseinkunu mannsins?"

"Ítílfjörleg, einföld og heimsk persóna mundi kjósa það hvíta. En gef mér hið rauða blóm, fult af ljósi, fjöri, líf og fegurð", sagði hertogainnan.

"En um leið tælandi, glæsilegt og frekjulegt, og sem allra augu stara á", sagði kašteinninn.

"Það getur vel verið, en augun fá þá líka nokknd, sem vert er að horfa á. Finst yður ekki það sama og mér Caren lávarður?", sagði hún.

"Ég hef aldrei hugsað um þetta", sagði hann.

"En þarna kemur kona, sem mér er óhætt að segja, að hefir fullkomnið vit á því".

Hertogainnan varð mjög ergileg, er hún sá, að lávarðurinn meinti Lady Aðalheiði, sem gekk í hægð um sínum til þeirra.

"Þér komið alveg náttulega til að leysa úr vandasamri spurningu, Lady Aðalheiður", sagði kašteinn Randolph. "Hvor þessara ítölsku plátna þykir yður fallegri?"

"Sú hvíta", svaraði hún á augabragði. En hertogainnan brosti illgirnislega.

"Hvers vegna? Segið okkur hvers vegna", sagði kašteinn Randolph.

"Ég veit ekki, hvort ég get svo nákvæmlega útskýrt ástæður mínar fyrir því", sagði hún brosandi.

"Mér finnst hið hvíta blóm vera sýnishorn af sakleysi englanna, en um leið hátignarlegt, vinallegt og blítt, — fagurt sem tunglið og snjórinna. Hið rauða er stórfengilegt, — hræðilegt, og eldsloginn líkt".

Caren lávarður virti konu sína fyrir sér með sýnilegri aðdáun.

"Þú hefir rétt fyrir þér, Lady Aðalheiður", sagði hann, "ég er alveg á sömu skoðun og þú".

"En þá", sagði kašteinninn hlæjandi, — "þá eruð þér eftir meiningu hertogainunnar einskisverður, heimiskur og einfaldur".

"Ég verð að hafa það", sagði hann.

Lady Aðalheiður skildi ekki, hvað hann meinti með þessu. Hún gat heldur ekki hugsað um annað en hertogann. Hún snéri sér að hertogainnunni, sem handlék hlýlega hin rauðu blóm, og sagði:

"Hertoginn er víst lasinn. Hann gekk til herbergja sinna".

"Já, hann kvartaði um þreytu".

"Ég ætla nú að vera gjafmildur", sagði Caren lávarður, "og lofa kvenfólkinu, sem sérstakri náð,

nð taka knippi af blómum þessum og bera þau í kveld".

Kaşteinn Randolph flýtti sér að ná blómi handa Alisu.

"Ég vil velja mitt sjálf", sagði hertogaínnan. Hún tók svo eitt handa sér, en sleit svo minna blóm upp og rétti Caren lávarði. Í sama vetfangi rétti Lady Adalheiður honum hvítan rósa-kvist.

"Berid þetta blóm í kveld", sagði hertogaínnan, "og kjósið svo aldrei framar hvítt í staðinn fyrir rautt".

"Ég ætlaði einmitt að biðja um það sama", sagði Lady Adalheiður brosandi.

Caren lávarður hneigði sig. Hann sýndist vera í vandræðum með, hvað gera skyldi. Svo tók hann kvistinn með rauðu blómum.

"Ég verð að bæta fyrir ókurteisi mína, hertogaínnan. Ég skal með mestu ánægju bera blóm yðar".

"Lady Adalheiður", sagði nú kaşteinn Randolph, "ég vildi alt til vinna, til að mega bera hinn hvíta rósa-kvist yðar".

En hún lét hann ekki lausan og sagði brosandi: "Nei, kaşteinn Randolph, það sem ég hefi boðið manni mínum, get ég ekki neinum öðrum".

Hún lét sem sér stæði alveg á sama, þó hann hefði tekið kvist hertogaínnunnar, en afþakkað hennar eigin. Hún talaði við þau jafn glaðlega og áður og svo, þegar hún sá, að Lady Kan stóð ein sér, gekk hún til hennar. Caren lávarður horfði á eður henni, þegar hún gekk burtu.

"Það getur vel verið, að það eigi ekki vel við", sagði hann, "að maður hrósi sinni eigin konu, en aldrei á afi minni hefi ég þekt nokkra manneskju með eins blitt og rólegt lundarlag eins og Lady Adalheiði".

Hann talaði svo hlýtt og alvarlega, að kaftainninn leit mndrandi á hann.

"Hún ætti að kallast 'Lady Seneca', (það þýðir: 'hún blíða'), hélt hann áfram. 'Ég hygg, að það sé ómögulegt, að láta hina blíðu hendu þennar tapa jafnvægi sínu'.

"Það eru þó vissir hlutir til, sem myndu fljótt láta hana missa rósemi sína", sagði kaftainninn.

"Hvað er það?" spurði lávarðurinn.

"Það er óréttur í hvaða mynd sem er. Ég álit, að hin hræðilegasta reiði af allri réttlátri reiði, sé, er elskandi, elskuleg og blíð kona finnur í hjarta sínu, þegar hún sér þann órétt, sem henni er ger".

"Við skulum vona, að Lady Aðalheiður þurfi aldrei að vita hvað það er", sagði lávarðurinn rólega. En hertogainnan sneri sér mndan og brosti háðslega.

LVI. KAPÍTULI.

Hertogainnan af Ormont hafði nú fastlega ásett sér, að vera ekki í þessari óvissu lengur. Hún ætlaði þetta sama kveld, að ná tali af Caren lávarði, hvað sem það kostaði. Hún var búin að hugsa sér, hvað hún skyldi segja honum, því hún vissi vel, hvar hann var veikastur fyrir. Hún vissi, að hann var bæði göfnugur og hugar ákurr. Sömuleiðis vissi hún, að hún á mat mjög mikils sæmd sína og gott mannorð. En hann var veikur fyrir, þegar til meðauðkvunar með öðrum kom til sögunnar, og hún vonaði, að hans meðkedda tilhneiging til að elska, myndi hjálpa sér í áformum sínum. Hún lærði

næstum utan að, það sem hún ætlaði sér að segja, og hún þóttist nú viss með að vinna.

Lady Adalheidur var heppin, að vita ekki fyrirfram, hvað mundi bera við þetta kveld.

Þegar búid var að borða hádegismatinn, hugsaði hertoginn með sér, að þætt væri fyrir sig, að sýna manni sínum dálitla eftirlátssemi. Hann var töluvert frískari en um morguninn, en treysti sér samt ekki til að yfirgefa herbergi sitt. Hún þóttist þar hjá honum. Hún sá samt ekkert eftir því, hve köld hún hafði verið við hann um morguninn. Nei, langt frá. En hún áleit bezt, að láta sem sér væri unghugað um hann, sem hún ætlaði nú að draga svo skammarlega á talar. Hún tók því fram bækur og las hátt fyrir hann. Og allir gestirnir töluðu um það sín á milli, hve góð og eftirlát hún væri manni sínum.

Hún fann það fljótt, að nú hafði hún gengið of langt með kulda sinn og dramb. Hertoginn var mjög stoltur og tilfinningamæmur maður, og hann gæt ekki gleymt því, að sú kona, sem hann hafði hafið til ands og mætorða skyldi sýna honum kulda og fyrirlitningu. Hann hafði gefið henni eins og áður er sagt, hinar dýrmætustu gjafir, og hann hafði verið bæði stoltur og glaður yfir hve mikla eftirtekt hún vakti fyrir fegurð sína, en í gleði sinni hafði hann gleymt, að hann var helmingi eldri en hún. Hann stóð í þeirri trú, að hún elskaði hann. Þess vegna kom það yfir hann sem reiðarslag þennan sama morgun, þegar hann alt í einu fann út, að hún elskaði hann ekki. Hann var nú í engum efa um það, og aldrei hefði hún getað bætt fyrir þann kulda, er hún hafði sýnt honum, þó hún hefði verið öll af vilja gerð. Engin kona, sem elskaði mann sinn, hefði hegðað sér gagnvart honum eins og hún hafði gert. Hann hafði lesið úr augnaráði hennar mæguan

viðbjóð og fyrirhitningu, þegar hún hafði litið til hans. Honum kom nú einnig til hugar, hvernig hún ávalt hafði viljað hlíðra sér hjá ástaratlotum hans. Fyr hafði hann álitið þetta stafa af feinni, og honum hafði þótt enn meira til hennar koma fyrir það, en nú rá hann, að það hafði eingöngu verið af því, að henni geðjaðist ekki að honum. Þrátt fyrir það, að hann elskaði hana innilega, var hann samt of skynsamur til þess, að hún gæti vilt honum sjónir. Enginn gat narrað hann nema einu sinni. Hann leit nú í huga sér yfir samvertíma þeirra, og hann mundi ótíðir svo fjölda mörgum atburðum, sem sýndu að hún ekki elskaði hann.

"Hún hefir glíft mér vegna eigna minna og met-
örða", sagði hann við sjálfan sig, og stundi þungan.
"Hvað ég gat verið blindur og heimskur, að halda
að hún elskaði mig!"

Þegar hún svo kom inn til hans í þeirri trú, að hún gæti gert alt gott aftur með því að vera vangjarnleg við hann, fékk hún kuldalega móttöku, og það var í fyrsta skifti, sem hann bauð hana ekki velkomna. Hún gekk að hægindastólnum, sem hann sat í, og lagði hendi sína á handlegg hans.

"Þú lítur nú betur út en í morgun, Gervase. Ég skal lesa hátt fyrir þig, ef þú vilt".

"Já, ég er betri", svaraði hann kuldalega. "Divon hefir verið hjá mér í allan morgun, og hann sér um, að ég hafi alt sem ég þarf með".

Áður hafði hann orðið frá sér nummin af gleði, ef hún hefði sýnt honum svona mikla umhyggjusemi. Hann hefði kvst innilega hina litlu hvítu hönd hennar og ausið yfir hana þakklæti og lofi fyrir munnum hennar, — er nú gat hann ekki gleymt, hvernig hún hafði breytt við hann um morguninn.

"Ég fer að öfunda Divon", sagði hún með blíðu brosi, ef þú hrósar honum svona mikið".

Hertoginn gat verið mjög aðlaðandi, þegar hún vildi það við hafa. Það lá einnig í eðli hennar, að vilja vinna ást og aðdánn allra, sem í kring um hana voru. Hún gat ekki að því gert. Hún var nú búin að ásetja sér, að svikja mann sinn. Öll von um, að áform hennar hefndust, var þygd á van-sæmd hans. Til þess að ná takmarki sínu, varð hún að eyðileggja líf hans og hamingju. Samt sem áður, þegar hann leit svo kuldalega til hennar, langaði hana til að vinna aftur bros hans og hún gerði sig eins blíða við hann eins og hún gat. Lyndiseinkunnir hennar voru svo frábrugðnar annara. Hún gat með köldu blóði áformað, að hlanpa burtu frá honum, leida skömm og svívirðingu yfir hann og húsíð Ormont, sem aldrei fyr hafði nokkur blettur fallið á. Þó hún atlaði sér þetta, gat hún gert sig blíða og ástúðlega við hann.

Hún laut niður að honum. "Gervase", sagði hún blíðlega, "var ég vond við þig í morgun?"

"Ég lét aldrei geðshræringar bera mig ofurlíða", sagði hann. "Það eru að eins litilljörlegar og ómerkilegar persónur, sem gera það".

"Ég er hrædd um," sagði hún, "að ég hafi hegðað mér illa gagnvart þér, og ég sé svo fjarskalega mikið eftir því. Ég ætti að skammast mín fyrir að jata það, en ég var í svo vondu skapi, það kom nokk að fyrir, sem mér féll svo illa".

"Það verða allir fyrir meira og minna mótlæti í heiminum. Ég get ekki séð, að nokkur þurfi að brúka ókurteisi og kulda, hver við annan fyrir það".

Hann langaði til að mega trúa henni og það brá fyrir meðanmáttinn í augum hans, þegar hann leit til hennar, en hann var of reyndi og skynsamur til að láta blekkjast í annað sinn. Þann viðbjóð, sem hann hafði lesið úr augnaráði hennar og hvernig hana hrylti við, þegar hann snerti hana, — þetta hvort-

tvöggja hafði grafið sig svo djúpt í harta hans, að það varð aldrei máð burtu.

"Var ég vond við þig?" sagði hún aftur mjög hlíðlega. "Æ, Gervase, ég meinti ekkert illt með því. Við skulum jafna þetta áður. Þú veizt, að ég er enginn engill. Lofðu mér nú að lesa fyrir þig. Hvað viltu að ég lesi?"

"Hvað sem þú vilt", sagði hann þreytulega. En hún lét sem ekkert væri, og dró fótskemil að stól hans, settist þar og fór að lesa. Hertoginn tók ekkert eftir því, sem hún las. Hann var alt af að hugsa um það, sem við hafði borið um morguninn. Alt í einu leit hún upp.

"Értu á sama máli, Gervase?" spurði hún.

"Ég tók ekkert eftir því, Nita", sagði hann.

"Mér datt það í hug. Þú lætur mig lesa fyrir þig, en tekur svo ekkert eftir því. En ég ætla samt að halda áfram".

Svo byrjaði hún aftur. Henni fannst hún fremur geta lesið en talað.

Nú liðu nokkrar mínútur. Svo sagði hertoginn um leið og hann lagði hönd s'na á höfuð henni:

"Nita", sagði hann, "ég óska eftir, að þú svarir spurningu minni".

"Ég skal svara eins mörgum og þú vilt", sagði hún þrosandi.

"Seg mér þá hreinskilríslega", sagði hann: — "Hvort giftist þú mér af því að þú elskaðir mig eða til þess að ná í auðæfi mín?"

"Ég þarf ekki að svara þessari spurningu. Hún er óttaleg. Þú hefir heldur enga ástæðu til að efast um ást mína".

Henni kom til hugar, hvort hann vissi nokkuð um sig og Caren láva í.

"Jú, ég hafi ástæðu til þess", sagði hertoginn, "og það er alvarlegt málefni Nita".

"Og er það vegna þess, sem kom fyrir í morgun? Ó, Gervase, mér fellur það svo illt!"

"Þú hefir ekki ein þá svarað spurningu minni", sagði hann.

Hún stóð upp brósandi. "Ég vil ekki svara henni. Ég hef ekkert um það að segja. Hvers vegna skyldi ég hafa gíft þér, ef ég ekki elskaði þig? Þú yrðir of uppi með þér, ef ég segði þér öll mín leyndarmál".

Hún reyndi eins og hún gat, að komast hjá að svara, því hún gat ekki sagt honum sannleikann. En henni datt í hug, að segja honum þá örgustu lýgi, með að segja honum að hún elskaði hann. Hún reyndi að eyða samtalinu með því að hlegja, en henni tókst það ekki í þetta sinni.

"Komdu hingað, Nita", sagði hertoginn.

Hún gekk til hans, og hann tók um hönd hennar. "Kríptu hérna við hlíðina á mér", sagði hann svo alvarlega, að hún þorði ekki annað en að hlýða, og kramp niður þar sem hann bentu henni.

"Svaraðu mér nú, eiginkona mín, og mundu eftir að þú talar í viðurvist guðs: Elskar þú mig, eða elskar þú mig ekki?"

Hún varð föll eins og nér og hræðslu brá fyrir í augum hennar. Hún hafði aldrei borið jafnmikla virðingu fyrir manni sínum og einmitt nú. Henni fannst hann gölu og legnarlegri en nokkur annar maður, sem hún hefði séð. Hún gat ekki annað en borið virðingu til honum.

"Svaraðu þú mig", mælti hann í skipandi róm.

Og hún — á sama kveld ætlaði sér hlaupa burtu frá honum með öðrum manni, — hún leit nú framan í hann og sagði:

"Ég elska þig, Gervase, og þú ert of harður við mig".

"Ég bið fyrir þér, ef svo er, Nita!! Þú haf-

ir nú svarað spurningu minni. Ég er ánægður og við þurfum nú ekki að tala meira saman að sinni".

LVII. KAPÍTULI

"Ég skal ekki lengi búa við þetta", sagði hertoginn við sjálfa sig litlu síðar. Hún stóð við skrantlegt borð og hélt : gümsteina halsbandi í hendinni. "Ég get ekki þolað það. Það er nógn leiðmlegt, þegar ungur og fallegur eiginnmaður er afbrýðissamur, en þegar hann er nú gamall í viðbót —"

"Að þröngva mér til að falla á kné, og segja, að ég tali í návist guðs! Hver ætli hann haldi að ég sé? Væri ég ekki búin að ásetja mér, að yfirgefa hann, skyldi ég gera það nú. Elska hann! — Éra karlmanni blindur? Mér þætti gaman að vita, fyrir hvað ég ætti að elska hann. Ég elska Allan Caren, og svo framarlega sem ég má ráða, skal hann eina mig líka. Hertoginn skal vita það, að ég læt . . . fara svona með mig oft".

Augu hennar leiftrúðu og úr andliti hennar skein hæðni og reiði.

"Að spyrja mig um, hvort ég hafi gíft honum af ást, eða vegna andæfa hans! Hann hefði átt að geta sagt sér það sjálfur. En nú skal öllu þessu vera lokið, og ég vil ekki lengur vera undir hann gefinn".

Hann hafði skipað henni, og hún orðið að hlýða. Í nálægð hans hafði hún fundið til sektar sinnar, en nú var hún gröm við sjálfa sig fyrir það, að hún gamli eiginnmaður hennar, hvers ást hún hefði fyrir-
litið, skyldi hafa svo mikið vald yfir henni. Hún

göfuga og hreina sál hans hafði haft áhrif á hana vesæl og bládu sál hennar. Þetta fann hún og hataði hann enn þá meira fyrir það.

Nú strax í dag ætlaði hún að brjóta af sér böndin. Hún þóttist viss um, að Caren lávarður gæti ekki staðið á móti vilja hennar. Ekkert gat verið til fyrirstöðu, því hún þóttist einnig vita að honum stæði alveg á sama mun konu sína. E

"Ef hann elkaði hana, gæti ég enga von gert mér um hann. En sem betur fer, gerir hann það ekki, og mun aldrei gera það. Mig skal hann elska bráðum". a

Þjónustustúlkan gat varla gert henni neitt til hæfis, að því er snerti húning hennar. Hún tók fram hvern kjólinn á fatur öðrum, og gimsteinskrínin. — en hertogainnunnni líkaði ekkert. Ált í einu spurði hún: "Á ég nokkurn kjól í rauðum og hvítum lit?"

rauðan flanelis kjól, og ég get sett á hann hvítt silki

Stúlkan hugsaði sig um: "Þér eigið einn rós- og hvíta kniplinga".

"Gerðu það eins fljótt og mögulegt er".

Það tók ekki langan tíma, að laga kjólinn, og hertogainnan var mjög skrantleg, þegar hún var komin í hann. Hið mikla svarta hár og hin dökku augu hennar, tóku sig svo vel út við hinn fagur-rauða lit. Hún hafði gimsteina í hárinu, gimsteina festi með rúbin kross um hálsinn, og armbönd bæði úr demöntum og rúbinum. Hún brosti, þegar hún leit í spegilinn.

"Þér ég of skrantleg?" spurði hún stúlkuna hálf kviðandi. E

"Ekkert er of skrautlegt fyrir yður", var hið sanngjarna svar.

Hún líktist mest skrautlegu málverki, þegar hún gekk inn í gestaherbergið. Ljósir féllu á gimsteina

hemmar og vörpuðu geislum um hana alla. Flestir gestirnir voru þar fyrir. Hún settist niður og kaftuinn Randolph var sá fyrsti, sem ávarpaði hana. Hann brosti, er hann sá hvíta og rauða litinn.

“Þér hafið þá tekið hvíta litinn í sátt aftur”, sagði hann.

“Já, í virðingarskyni við Lady Aðalheiði”.

“Hún metur það víst”, sagði hann háðslega.

Nú kom Caren lávarður til að hrósa henni fyrir búning hennar. Hann þóttist vita, að eitthvað byggði undir, er hún bjó sig svona.

Hertoginn kom ekki til miðdegisverðar, og þegar menn spurðu konu hans, hvernig honum líði, svaraði hún mjög kurteislega, og lét mikla umhyggju fyrir honum í ljósi.

Nú var farið að borða. Enginn, sem sá hana jaðnglaða, lagra og skrautlega, hefði getað ímyndað sér, að hún hefði ásett sér að drýggja hræðilega synd. Hún var samt búin að hugsa sér, hvernig hún skyldi koma ár sinni fyrir borð. Lady Aðalheiður hafði gleymt að svara bréfi, og þegar kvenfólkið fór inn í salinn, gekk hún að skrifborði sínu til þess að svara bréfinu.

Hún tók í hönd sér fallegan penna, sem Lady Caren hafði gefið henni, og skrifaði bréfið. En óðara en hún var búin að því, kom hertoginn til hennar.

“Viltji þér lofa mér að skrifa fácin orð með pennanum yðar, Lady Aðalheiður? Hann er svo fallegur, að mig sárlangar til að reyna hann”.

Um leið og hún sagði þetta, brosti hún kýmmisslega. Aðalheiður skildi ekki, hvað það átti að þýða.

“Þetta er víst gjöf frá einhverjum, er mikið þykir til listfangis yðar koma. Hefir Caren lávarður gefið yður hann?”

“Nei, tengdameðir mín gaf mér hann.”

"Þessi penni væri ekki vel fallinn til að skrifa með konum undir dauðadóm, eða finst yður það?" spurði hertogainnan um leið og hún tók utan um pennann.

"Því dettur yður þetta í hug?"

"Ég veit ekki. Það getur skeð, að ég skrifi einhverntíma undir eitthvað þess konar".

"Ég vona ekki. Mig hryllir við öllu þess konar jafnvel þó í spaugi sé".

Hertogainnan hló hátt. Hún ætlaði sér að skrifa Caren lávarði nokkrar línur, og biðja hann að tiltaka, hvenær hún gæti hitt hann eman. Henni fannst það reglulega smalið, að skrifa bréfið með þenna konu hans.

"Það er það sama, sem kveða upp dauðadóm yfir henni", hugsaði hún brosandí með sjálfri sér. "Éf mér hepnast áform mín, þá er það það eina, sem hún getur gert, að hugga hertogann".

"Þér eruð í undarlegu skapi mína hertogainna", sagði Lady Adalheiður um leið og hún stóð upp frá borðinu, til þess að hún gæti sest þar.

Hertogainnan settist niður og skrifaði í flýti nokkrar línur. Svo brant hún bréfið saman, en það hvorki um munslag eða skrifaði neitt utan á það.

Lady Adalheiði datt nú alt í einu í hug, að einhver innan húss ætti að fá bréfið. Gat vel verið, að það væri maðurinn hennar, sem var ætlað það. Efnasta hugsunin um það, kom hjarta hennar til að slá hratt.

"Ég ætla að fara að senda bréfin mín í póstin. Viljið þér ekki senda yðar um leið?" sagði Adalheiður.

"Nei", mælti hertogainnan seinlega, "ég ætla að geyma það til morguns.

Nú þóttist Adalheiður viss um, að hafa getið rétt til, og einnig að lávarðurinn ætti að fá bréfið.

Henni fannst hún vera stungin í hjartað, og afbrýðis-
semin kvaldi hana voðalega. Hún varð gagnstekin
af sorg, því hann var þó maðurinnu hennar, sem hún
elskaði svo heitt. Hversu hræðilegt var það ekki,
að þessi fagra kona hafði skrifað til hans, og fól nú
bréfið í hinni hvítu, demanta skreyttu hendi sinni?
Og hún gat ekki með nokkru móti hindrað, að hann
fengi það. Hún gat ekkert gert, því hann elskaði
hana ekki. Hvað skyldi innihald bréfsins vera?
Lady Aðalheiður var bæði skynsöm og gat oft rétt
til hlutanna.

Hún hefir skrifað honum og beðið hann að tala
við sig í einrúmi", hugsaði hún, og hún gat rétt til.
Blóðið hjóp fram í kinnar hennar, og hjarta hennar
ætlaði að springa af harmi. Það var fyrir sig, þó
hann nú ekki elskaði hana, en það var hræðilegt, að
láta draga hann frá sér á þennan hátt.

"Það eina, sem mér er hægt að gera", hugsaði
hún með sér, "er að láta hana ekki fá tækifæri, til
að afhenda honum bréfið. Annað get ég ekki gert".

"Á, henni var svo þungt um hjartaræturnar. Hún
elskaði hann svo heitt. Því vildi hin fagra, vonða
og annars manns kona taka hann frá henni?"

"Ef hún hefði látið hann í friði, þá hefði hann
lært að elska mig". — Hún ásetti sér fastlega, að
láta hana ekkert tækifæri lá, til þess að koma bréf-
inu til hans. Hún ætlaði sér að vera við hlið henn-
ar allt kveldið, og næði hún í bréfið, ætlaði hún að
eyðileggja það. Maður hennar skyldi aldrei fá það.

LVIII. KAPÍTULI.

Því entu svona alvörugefin, Aðalheiður?" spurði Caten lávarður um leið og hann settist við hlið konu sinnar. "Ég held ég hafi aldrei séð þig eins áhyggjufulla og í kveld".

Hún reyndi að brosa, og hann sá, hve erfitt hún látti með það.

Hershöfðinginn ber mjög málka umhyggju fyrir þér. Hann hefir spurt mig svo rækilega um, hvers vegna þú sért ekki eins glöð og vanalega, og hann horfir á mig alveg eins og hann heldi, að það sé mér að kemna".

Hann bjóst við, að hún mundi hlægja að þessu, en hún roðnaði við og leit rólega framan í hann.

"Ég vona þó, að hann hafi ekki verið reiður", hann gat ekki annað en hlegið.

Sagði hún alveg blátt áfram, en svo alvarlega, að

"Ekkert skil ég í því, Aðalheiður, að það er eins og þú móðir mín séuð hræddar við hershöfðingjann".

Hann tók eftir hræðslunni, sem brá fyrir í andliti hennar, þó hún reyndi að hylja það.

"Hver segir það?" spurði hún. "Ég fyrir mitt leyti er ekkert hrædd við hann".

"Getur þú horft beint í augu mér og sagt, að hershöfðinginn sé engin orsök í, hve alvarleg þú ert?" sagði lávarðurinn.

"Já, það get ég með góðri samvitzku", sagði hún og úr augum hennar skein hreinskilni og sannleikur.

"Ég trúi þér", sagði hann. "Hefir þú nokkra síuni á æfi þinni talað ósatt orð, Aðalheiður"

"Nei, en ég hefi ekki breytt rótt", sagði hún fljótlega.

Hann sá, að hún iðraðist eftir að hafa sagt þetta.

"Því trúir ég varla", sagði hann. "Þú ert bæði hreinskilin og góð. Hvernig hefur þú átt að breyta ranglega?"

Málrómur hans var alt öðruvísi en vant var, — hálf biðjandi — hálf skipandi. Henni lét hann svo vel í eyrum, en kom henni þó í vandræði.

"Ég hefi gefið fólki ástæðu til að trúa því um mig, sem ekki er satt. Allan, nú talaði ég meira en ég vildi sagt hafa. Þú mátt ekki spyrja mig neins fleira, því þá veit ég ekki, hverju svata skal. Þú verður að hlífa mér við því.

"Ég vil gera eins og þú vilt", sagði hann. En hann skildi ekkert í tali hennar. Hvenær hafði hún gefið ástæðu til, að henni væri gert rangt til? Var það í sambandi við giftingu þeirra? Hann langaði mjög til, að fá svar upp á þessa spurningu, en þó vildi hann ekki spyrja hana þess, er hann sá, hve henni féll það illa.

Nú kom hertoginn, öll angandi í ilmvatni, og sagði: "Þér eruð alt af svo góð, Lady Aðalheiður, að maður er alt af óhræddur að biðja yður þómar".

"Ég geri það, ef ég get".

"Ég þóttist vita. Syngið nú fyrir okkur. Lady. Kan segir, að hún hafi ekki eins gaman af neinum söng eins og yðar. Viljið þér gera þetta fyrir okkur?"

Hún vill setjast hjá manni mínum og fá honum bréfið, hugsaði Aðalheiður með sér, en það skal henni ekki takast.

Hún neitaði að syngja, og hertoginn sá, að ekkert þýddi að leggja meira að henni. Lávarðurinn leit forviða á hana. Það var svo nýtt fyrir henni, að neita því, sem gat glatt aðra.

"Syngdu, kera Adalheiður, ef þú ert ekki of þreytt", sagði lávarðurinn.

"Mér þykir leiðinlegt, að neita þér, Allan, en mér er ómögulegt að syngja í kveld".

Honum sýndist glitra tár í augum hennar, og málrómur hennar lýsti hrygð. Hana langaði svo til að snúa sér að honum og segja: "Allan, elskaðu mig. Þú ert maðurinn minn. Láttu hana ekki komast upp á milli okkar, — ekki taka þig frá mér. Vertu góður við mig, vertu mér trúur, því ég elska þig svo heitt!" Orðin brunnu á vörum hennar. Það var svo sárt, að geta ekki sagt það við hann. Aðrar komur gátu talað við menn sína um sorgir sínar. Hún gat það ekki. Hún varð að þegja og reyna að brosa, þótt hjarta hennar væri nær við að breista. Hun varð að bera alt þetta ein.

Hertoginninn gaf sig ekki fyrir þetta, heldur sneri sér nú að lávarðinum:

"Þér verðið ekki jafn harðbrjóstá. Komid og syngið með mér".

"Hver gæti neitað þessari bön?" sagði hann og stóð brosandí upp og gekk á eftir henni að hljóðkerinu.

"Ég skal finna nóturnar", sagði Lady Adalheiður, og gekk til þeirra. Allan tókinn meðan þau sungu, stóð hún á milli þeirra.

"Hún skal ekki geta fengið honum bréfið í kveld" hugsaði hún. En henni féll samt mjög illa, að verða að geta hennar svona nákvæmlega.

Íhau sínni enn þá frelsaði hún mann sinn frá freistingunni. Bréfið var enn þá í höndum hertoginninnar. Hún sneri sér nú að lávarðinum, hrósaði honum fyrir söng haus og sagði síðan:

"Viljið þér tefla skák við mig, Caren, ég á hjá yður síðan síðast?"

"Já, með ánægju".

Nú vissi Aðalheiður ekki, hvað gera skyldi. Hún ásettí sér samt, að gefast ekki upp fyrir en í fulla hnefana.

"Ef þér haldið að hertoganum leiðist", sagði hún við hertogainnuna, "þá skal ég gjarnan koma í yðar stað".

En hertogainnan hló háan háðnishlátur. "Nei, þökk fyrir, Lady Aðalheiður. Maðurinn minn hefir blöð sín og saknar mín ekkert".

Caren lávarður skildi ekkert, hvað þeir áttu við. Því var hertogainnan eins og sigri hrósandi, en kona hans svo niðurbeygð og hrygg. Hann skildi ekkert í því.

Nú tapaði Lady Aðalheiður allri von. Hún hafði gert allt sem hún gat. Þó hún neytti allrar skynsemi sinnar, þolinmæði og góðvilja, þá gat hún ekki hjálpað. Hún gat ekki gert uppistand í hinum skrautlega gestasal. Hún gat ekki sagt við mann sinn: "Spilaðu ekki við hana. Hún vill fá þér bréf, sem hún hefir skrifað til þín".

Hertogainnan hefði strax neitað því, og maður hennar hefði ekki að eins reiðst henni, heldur álitist hana afbryðissama og illa uppálða.

Hún gat ekki sagt við hertogainnuna: "Þér haldið á bréfi í hendi yðar sem þér ætlið svo að afhenda manni mínum, strax og þér látið tækifæri til þess. En ég vil standa við hlið yðar, svo þér getið ekki fengið honum það, og með því komið honum til að drygja stórsynd".

Í samkvæmislífinu verður stranglega að fara eftir siðareglunum, þótt að hjörtun bresti við það.

Nú var öll árvekni og þolinmæði hennar til einkis. Hún sá þau ganga yfir salinn, þangað sem spila-borðið stóð.

Hún settist niður í algerðri örvæntingu. Hún

gat ekki haft augun af þeim, og eftir litinn tíma, sá hún hertogainnuna leggja bréfið í hönd lávarðarins.

Henni fannst alt hringsnúast fyrir augum sér, en hún náði sér brátt aftur og stundi þungan. Svo gekk hún að glugganum og horfði út. Hún hræðilega óhamingja, sem hún svo lengi hafði kviðið fyrir, var nú fallin yfir hana.

LIX. KAPÍTULI.

Loksins var kveldið á enda. Lady Adalheiður vissi tæpast, hvernig það hafði lðið. Hún næstun hræddist sjálfa sig. Hún fann því betur, hve heitt hún elskaði mann sinn, sem ástríðan og óttinn að missa hann kveldi hana meira.

Hún hafði ekki haft augun af þeim alt kveldið, og henni veittist sú ánægja, að sjá, að það var langt frá, að hann liti glaðlega út. Þvert á móti, hún las út úr andliti hans óánægju og undrun.

Hertogainnan talaði mjög alvarlega við hann. Stundum lék bros um andlit hennar, en svo varð hún aftur alvarleg.

Lady Adalheiður vissi varla sitt rjúkandi ráð. Stundum ásetti hún sér, að ganga til þeirra, taka um hönd manns síns og segja: "Kom með mér, Allar, hún vill draga þig niður í skömm og svivirðingu". En svo sá hún, að hún gat ekki gert það.

"Ég held að ég missi vituð, ef ég sit hér öllu lengur", sagði hún við sjálfa sig.

Svo stóð hún upp og reyndi að hressa sig upp eftir því sem hún gat. Hún skemti gestum sínum.

Öllum virtist hún vera áuægð, en henni sjálfri fannst hún vera eins og í drömmi.

Það var að eins einn, sem skildi hana, og það var kašteinn Randolph. Hann þurfti að eins að horfa á hana til að sjá, hvernig henni leið, miklu betur en þó hún hefði sagt honum það, og — ástarðuna fyrir því. Hann ásetti sér, hvað sem það kostaði, að slíta samtali lávarðarins og hertogainunnar, því hann gat ekki séð Lady Adalheiði svona hryggja til lengdar, þó hún reyndi að hylja það fyrir gestinn sínum. Hann gekk sem ekkert væri yhrsalinn, þungað sem þau sátu lávarðurinn og hertogainnan, og spurði þau, hvernig spilið gengi, og gerði þannig enda á samtali þeirra. Lady Adalheiður blessaði hann í hjarta sínu fyrir það, en hertogainnan leit til hans hatursfullu augnaráði.

Það leit helzt út fyrir, að Caren lávarði staði alveg á sama, þó hann kæmi. Og kašteinninn lét sem hann tæki ekki eftir augnaráði hertogainunnar. Hann vissi, að hann gerði vel í, að slíta samtali þeirra. Þegar tallið var á enda, bað hann hertogainnuna um, að mega telfa við hana, en hún neitaði því mjög drembulega. Þá bauðst hann til að sýna þeim spilagaldra, sem hann væri nýbúinn að læra. Lávarðurinn kvað sig langa til að sjá þá, svo hertogainnan varð að gera sig ánægða með, þó hann sýndi þá, en hún sat þægjandi allan tímann og lét enga ánægju í ljósi. Rétt strax kom svo Lady Kan til þeirra, svo nú var úti með allt samtál milli hertogainunnar og lávarðarins. Hún huggaði sig samt við það, að það gerði ekkert til. Henni væri sigurinn víst. Lávarðurinn myndi ekki neita því, sem hún hafði beðið hann um í bréfinu.

Lóksins stóð hún upp og gekk í burtu. Hún kvaðst þurfa að vita, hvernig manna sínum liði. Hún bauð Caren góða nótt með handabandi, og sagði

um leið nýjög rólega: "Þér verðis mér trúr, Allan, þér neitist mér ekki".

Eitt augnablik var hann í efa, hvernig svara skyldi. En svo sagði hann: "Já, ég skal koma, Nita".

"Að einni klukkustund hér frá", sagði hún, og hann hneigði sig til samþykkis.

Lady Aðalheiður mundi lengi eftir því, hve sigrihrósandi hertogainnan var, þegar hún kom til hennar þetta kveld, til þess að bjóða henni góða nótt. Andlit hennar var eitt stórt bros, og það var eins og hún segði: "Ég hef unnið hann. Nú tilheyrir hann mér". Öll framkoma hennar var drembileg og ókurteis, en Lady Aðalheiður lét sem hún sæi það ekki.

"Ég hef skemt mér sérlega vel í kveld", sagði hertogainnan. "En mér sýnist sem þér vera svo þreytnlegar og fölar, Lady Aðalheiður".

Lady Aðalheiður roðnaði við þessi orð. "Það er víst ekk annað en myndun yðar, hertogainna. Mér líður vel, og ég hef enga ástæðu til að vera í slæmu skapi".

"Já, þá hef ég það ekki. Ég hef í allt kveld verið hjá hinum skemtilega manni yðar. Góða nótt, Lady Aðalheiður".

Þegar hertogainnan var liria út, eftir að hafa storkað Aðalheiði eins mikið og hún þorði, litadist Aðalheiður um. Lávarðurinn og kaftéinn Randolph sátu enn við spílaborðið. Lady Caren var gengin til herbergis sinna, og Lady Ken var að fara. Lady Aðalheiður hugsaði að eins um það, hvað bréf hertogainnunnar hefði haft inni að halda, og hvers vegna hertogainnan hefði verið svo óvanalega ánægð.

Gestirnir fóru nú hver á fætur öðrum út úr herberginu. Caren lávarður gekk með heshöfðingjaunum inn í reykingasölina. Kaftéinn Randolph beidd eftir,

að geta boðið Lady Aðalheiði góða nótt, en er hann sá, í hve djúpun. þönkum hún var, gerði hann það beota, sem hann gat gert: Hann fór án þess að ávarpa hana.

Hún vissi ekki, hvað hún s' 'li nú gera. Bréfið og öll frærkoma hertogainunnar vituði um hættu. Henni fannst hún ekki geta farið til herbergja sinna. Hún gat ekki verið ein með sorgir sínar. Henni fannst hún mega til, hvað svo sem það kostaði, að vita um það, sem fram skyldi fara um nóttina. Hún var alín í hánun stóra sal. Þjónninn kom nú til að sókkva ljósin, en í því sá hún hvítan bréfmíða leggja á gólfinn við spilaborðið. Hún gekk þangað og tók miðann upp. Hun sá strax, að það var bréfið frá hertogainnunni, og lávarðurinn hafði rífið það eftir endilöngu.

Hún hélt nú í handi sér lyklinum að óvissu sinni.

Fléstar konur mundu fljótt hafa lesið það, án þess að hugsa um, hvort það væri rétt eða ekki. — Lady Aðalheiður gerði það samt ekki. Hún var fól og hjarta hennar sló hratt, en án þess að lesa bréfið, fór hún með það til herbergis síns. Hún lagði báða partana á borðið og leit á þá. Átti hún að lesa bréfið? Var það heiðarlegt, að lesa bréfið fjandmanns síns? Lady Aðalheiður var mjög vönd að virðingu sinni, og hana hrykti við öllu, sem hún áleit óheiðarlegt.

En var þetta óheiðarlegt? Hún hafði sett sér það fyrir mark og mið, að frelsa manninn sinn úr þeirri snöru, sem lögð var fyrir hann. Hún hafði ofstrað öllu lífi sínu, öllum kröftum sínum, von og þolinmæði fyrir hann. Hún hafði troðið sínar eigin tilfinningar undir lötum sér og að eins hugsað um hann. Það gat því ekki verið óheiðarlegt. Hún

ásetti sér að lesa það, — að eins til að hjálpa honum með því. Henni laust, að einhver af þri forsjón taka í taumana og hjálpa sér með þessu. Hún hafði ekkert vitað, hvað hún skyldi ger, en nú hafði hún fengið óvænta hjálp, sem henni var svo afar nauðsynleg.

"Tilgangurinn verður að réttlæt meðlin", sagði hún. "Ég ætla að lesa bréfið vegna mannsins míns".

"Hún lagði það altur saman" — las

"Ég verð að sjá yður. Tímann þú ert ódnur, ég mál því til að sjá. Ég hef beðið lengi eftir tækifæri til þess en hafi ekki fengið það. Það, sem ég ætla að segja þér til að segjast. Allan, vegna þess þess, sem þér einu sinni báruð til mín verð þér að til við mál. Ég ætla að verða í upp hliðastað yðar — trjálandinum — í kvöld. Stundun fyrir, að fara til herbergja mína þér þunguð, og þér verðið að koma til mín, er þá losuð við gesti yðar. Ef þér ekki getið þetta skilið þér idrast þess alt til yðar ákúðast undir."

Það stóð ekkert nán með henni, en hún vissi, að það var frá hertogannum. Hún þekti líka rithönd hennar. Þetta var þetta bréfsins.

Þegar hertoginn fékk ekkert svar til að ná tali af Caren lávarði, þá skrifaði hann honum og mælti sér mót við hann. Það gat verið að þau væru nú að tala saman.

Adalheiður grét ekki. Sorg hennar var þyngri en svo, að hún geti grátið. Það var meir en afbrýðissemi, er kvaldi hana, það var það, að ást hennar var einkis metin.

"Ég verð að frelsa hana!! Það er hún, sem

dragur hann til sín, en hann ekki hana. Ó, guð minn, hjálpaðu mér!"

Hún fleygði yfir sig svörtu sjali og gekk út úr herberginu. Hún vissi ekkert um, hvort lávarðurinn hafði neitað eða ekki, en hún vildi fara varlega, til þess að reita hann ekki til reiði. Í húsinu var alt hljótt, í einum ganginum mætti hún ráðsmanninum og spurði hann, hvort hún væri að slökkva öll ljós. "Nei, ekki. Éu emþá, lady min", sagði hann.

Svo spurði hún hálfhikandi, hvar lávarðurinn væri.

"Lávarðurinn bað mig að loka ekki, hann ætlaði að ganga út í ganginn og reykja sér vindil".

Nú vissi hún, að hann hafði gert eins og hertoginn bað hann um. Þan hlytu nú að vera saman.

Hún gekk aftur til herbergja sína. Hún sendi þjónustustúlku sína í burtu, tók sjálf af sér alla skrantgripi sína og huldi sig næstum í hinni svarta kniplingasjali, svo hún saist síður. Að því hún gekk hún eftir mjónum járnröppum út í garðinn.

Arnþjótur B. Olson

IX. KAPÍTULI.

Það var glaða tunglsljós úti. Fuglarnir voru hættir að syngja og vindurinn lék um lauf trjána. Blómin, vökvuð af næturdögginni, beygðust til jarðar líkt og þan væru að sofna.

Lady Aðalheiður var að náttúrufari hugrökk, en þegar hún gekk í gegn um garðinn, þar sem allstaðar ríkti danðapögn, að undanteknum vatnsniðnum í gosbrunnunum, — var sem geigur færi um hana. Hún leit til himans, hún þræsti bæði á hjálp og friði

að halda, og hugði að finna það hvorttveggja þar. Ekkert mannamál heyrðist, og hún vissi ekki um, hvort þau voru hún að hittast eða ekki. Óviðráðanleg hræðsla grip hana. Hvað mundi ske á þessari nótt. Skyldi hún missa mann sinn, sem hún elskaði svo heitt, og skyldi hann leiðast úti skömm, óhamingja og smán? Eða myndi guð taka í taumana og hjálpa henni. Myndi maður hennar halda þann eið, er hann sör henni við altarið? Eða mundi hann yfirgefa allt vegna þessarar fögru konu, sem elskaði hann svo brunnandi heitt?

Með Lámarandvarp á vörum sér, gekk hún um í trjaldunum. Hún kom ekki of seint. Hún heyrði að kona grét heisklega, og karlmaður reyndi að hugga hana. Það lá nærri, að hún hugi maður. Það var hertogainnan, sem grét, og maðurinn hennar, sem var að reyna að hugga hana. Lady Adalheidur hugsaði nú ekkert um, hvort það var rétt eða rangt af henni að vera þarna.

"Guð hjálpi mér til að frelsa hana", sagði hún við sjálfa sig. Hún gekk hljóðlega yfir í hinn enda lundarins, þar sem þau voru, og studdist við marmarstyttnu af Herkúles, er stóð þar með handlegginn á lofti reiðubúinn til að slá. Hún reyndi að tala til þeirra, en orðin dóu á vörum hennar, og hún kom engu hljóði upp. Hún settist við fastur líkneskisins, til þess að detta ekki, og beið þar í því hryggilegasta ástandi, sem hugsast getur.

Það sem hún sá við tunglskinsglætuna, er lagði inn í lundinn, mundi hafa sere hvert einasta elskandi hjarta.

Maðurinn hennar sat á stól skamt frá, með andlitð byrgt í annari hönd sér. Hertogainnan lá við fætur hans, og hafði gripið hina hendi lávarðarins og hélt henni fastri. Hár hennar og kleðnaður var í óreiðu, gümsteinar hennar glóðu í tunglsljósum. Þar

sem hún lá við fætur hans var hún nógu fögur til að freista hins skynsamasta manns.

"Þér segið mér að standa upp, sagði hún með hinní silfurskærni rödd sinn. "Þér segið, að engin kona eigi að krjúpa, en ég skal krjúpa fyrir yður, því ég bið yður — ó, þér verðið að hlýða á mig, elskan mín —".

"Nita", sagði hann rólega og alvarlega, "þér hryggið mig með þessu. Standið upp og liggið ekki svona lengur".

"Þér verðið að hlýða á mig", sagði hún. Hún vætti hendur hans í tárarn sínum og kysti þær í ákafu. "Þér skuluð hlusta á mig. Dag eftir dag, stund eftir stund hefi ég beðið eftir þessu tækifæri, til þess að geta sagt yður um sorg þá, sem eyðir lífi mínu, og útansíð ást mínni fyrir yður. Og nú, þegar augnablikið er komið, á ég þá að þegja. Snýr fyrstur hjörtur sér frá vatnslindinni? Æ, elskan mín, — elskan mín!"

"Þetta er heimska, Nita".

"Svo býð ég hana velkomna. Velkominn dauði, — alt er betra en það líf, sem ég lífi, bundin mauni, sem mér leiðist. Mig hefir alt all langað eftir, að ná tali af yður. Langar eftir einhverutíma að mega kalla yður herra mínn, — ég vil svo gjarnan vera þráll yðar. — Þér talið við mig um líf, — æ, elskan mín, — ég veit að eins hvað líf er, þegar ég er með yður —".

"Nita", sagði lávarðurinn mjög alvarlega, gleym-ið þér alveg, að þér eruð aunnars manns kona?"

"Ég vildi að ég gæti gleymt því", stundi hún upp. "Ó, Allan, hvað þér eruð harður við mig? Hugsið út í, hver fyrst vann hjarta mitt".

Hann svaraði ekki, en stundi þungan.

"Hver vann fyrst hjarta mitt? Það voruð þér, Allan. Þér komuð mér til að elska yður heitar, en

nokkur maður nokkru sinni hefir verið elskaður. Sér hvert orð, er þér sögðuð, var í eyrum mínum sem fegursti hljóðfæraskláttur. Í hvert skifti, sem ég leit yður, varð ég ánægð. Ég get hlegið, þegar enska fólkíð talar um ást, — ég vildi óska, að þér bæruð spænskt hjarta í brjósti litla stund, svo þér finduð hvað það er. Þér kenduð mér að elska yður. Þér gerðuð jörðina fegurri en himininn í augum mínum. Þér gerðuð líf mitt að lögrum, ljósum draumi. Þér tókuð hjarta mitt frá mér. Hvaða bönd eru meira bindandi en þetta

“Ég meinti ekkert ilt með því, Nita”.

“Það getur vel verið. En það segi ég yður, Allan, að engin kona hefir meiri rétt til yðar en ég. Ég er fullviss um, að annara kröfur til yðar, hverjar svo sem þær eru, eru einkisverðar hjá mínum kröfum. Þér tilheyrið mér að öllu leyti, vegna ástar þeirrar, sem þér báruð til mín, og þeirrar, sem þér tókuð frá mér. Þér getið aldrei tilheyrt neinni annari konu á þessari jörð”.

Lávarðurinn stundi þungan. Svo sagði hann: “Þetta tilheyrir liðna tímanum, Nita. Nútíðin á önnur bönd”.

Hún hló skerandi hæðnishlátur. “Þetta er réttlæti karlmanna!” æpti hún. Þér komið til mín í æsku míni. Þér vinnið hjarta mitt, — ást mína. Í nálagð yðar sýnist mér alt hjart og fagurt, en nú — nú finst mér alt einkisvirði, nema það sem yður heyrir til. Hvaða band er sterkara? Hvaða réttur er heilagri en þetta? Og svo —”

Hún þagnaði. Henni laust eins og hún væri að kafna.

“Svo eftir að hafa unnið ást mína”, hélt hún áfram, “já alt líf mitt. Svo komið þér til mín og talið um önnur bönd. Hvaða kröfur eru réttmætari en mínar. Og ég — ég — ég krefst yðar, Allan,

fyrsta, einasta og seinasta ástin mín, að því — þér elskuðuð mig fyrst”.

Hann lagði hönd sína á höfuð hennar, eins og til að setja geðshræringu hennar.

“Nita”, sagði hann blíðlega, “ef þér hefðuð sagt mér allt þetta, er ég heimsótti yður fyrir brúðkaup mitt, hefði ég heldur viljað missa óðul ættar minnar en baka yður þessa sorg”.

“Hvernig átti ég að segja yður það? Þér hefðuð átt að segja yður það sjálfum. Haldið þér, að maður geti leikið með hjarta konunnar, til þess svöa kasta því frá sér aftur? Hvernig átti ég að segja yður það, fyrst þér sáuð það ekki? Ég gat ekki beðið yður um, að sleppa öllu mín vegna.”

“Ég vildi ekki gera yður óhamingjusama”, sagði hann blíðlega.

Og nú hrópaði hún: “Ef þér varuð hamingjusamur, Allan, reyndi ég að setta mig við eynd mína. Ég myndi reyna að bera hana. Og eg skyldi fara langt í burtu, fela mig einhversstaðar, þar sem enginn findi mig. Já, ég vildi gefa lífið til að vita yður hamingjusaman. En ég er ekki blind, Allan, konan yðar —”

Nú tók lávarðurinn fyrir munn hennar. “Þegið þér, Nita!” Ekki eitt einasta orð um hana hér”.

“Þér eruð ekki vitund ánægðari en ég, Allan. Á það allt af að vera svo? Við lifum að eins einu sinni. Eignum við hvorugt að njóta lífsins? Þér eruð gíltur, — nú, ég skal ekki nefna hana — þér eruð ekki ánægður, og þér vilduð vera frjáls. — Ég er svo ógæfusöm, að því er ekki vert að lýsa, og ég óska líka að vera frjáls. — Allan!! Við getum bæði orðið frjáls!”

Hún færði sig nær honum, og tár hennar hrundu niður á hendur hans.

"Sem kristinn maður skil ég yður alls ekki, Nita", hrópaði hann.

"Okkur báðum leiðast þau bönd, sem binda okkur, — því þá ekki að rífa þau í sundur? Lögin munu hjálpa okkur. Aðrir hafa gert það sama á undan okkur, og munu gera á eftir okkur. Þau bönd, sem binda okkur, eru ekki annað en þungir hlekkir. Því þá ekki að brjóta þá au sér, Allan? — Því ekki?"

LXI. KAPÍTULI.

Hún var tælandi fögur, þar sem hún lá fyrir fótum hans. Hún horfði í augu hans, og hið mikla svartu hár hennar féll yfir hné hans. Það þurfti í sannleika skyldurækin og sterkan mann til þess að standast tálsnörur hennar.

"Við gerum ekkert ljótt eða óvanalegt", sagði hún. Við gerum einnugis okkur sjálf hamingjusöm. Þessi bönd eru voðabnug byrði. Ó, Allan, segið mér þó eina ástæðu fyrir því, að við getum ekki gert það, — ekki rífið þau í sundur".

Hann vissi ekki, hverju svara skyldi. Ástand hans var hræðilegt. Svitinn draup af enni hans og hjarta hans skelf. Hún var svo fögur, þess og yndisleg!

"Guð hjálpi mér, því ég veit ekki, hvað gera skal", hugsaði hann.

"Þér vornð mjög hamingjusamir meðan þér elskaðuð mig", mælti hún ennfreður. "Þér yrðuð allur jafnglaður og ánægður og þér vornð þá. Því ekki að slíta þessi andstyggilegu bönd, Allan, því ekki? Segið mér þó eina ástæðu fyrir því".

Köld, hvít hönd var nú lögð á hönd hennar, og þau sáu alt í einu fölt, yndislegt andlit fyrir framan sig. Blíð og viðkvæm rödd, full af meðannkvun og hrygð sagði: "Leyfið mér, að svara fyrir manninu mínum. Ég vil segja yður eina ástæðu af svo fjölda mörgum fyrir því, að þau bönd, sem þér viljið slita, eru sterkari en dauðinn, og eru undir öllum kringumstæðum órjúfandi í þessu lífi".

Þau hrukku bæði við, er þau heyrðu rödd þess, er talaði. Lávarðurinn laust, sem engill hefði komið sér til hjálpar. Hertoginn var mállaus af gremju og harmi.

Það var fögur en voðaleg mynd, er tunglið hefði getað sýnt inni í lundinum. Lávarðurinn lá aftur á bak í stól, óánægður og órólegur. Hin fagra hertoginna lá á jörðinni við fætur hans, í skrautklæðum sínum. En yfir þeim stóð Lady Aðalheiður, róleg en náfól. Hún hugsaði nú ekkert um harm sinn, en að eins um að hjálpa manni sínum í hans bitrustu neyð.

"Ég skal segja yður", sagði hún blíðlega, "þú stærstu og þýðingarmestu ástæðu fyrir því, að maðnrinn minn má ekki uppleysa þau bönd, er tengja okkur saman, þó hann ekki elski mig, eins og þér segið. Það er vegna þess, að guð, skapari og frelsari okkar, hefir sagt, að þau skuli vera heilög til dauðans".

Málrómur hennar hljómaði skært, águ hennar leiðstruð af eldínóði hjartans.

"Mann geta samið lög og reynt að sneiða hjá heilagleik hjónabandsins, en fyrir hinum allsvaldaða drotni gildir það minna en ekkert. Þessi kærleiksnauði heinnur, með öllum freistingum og vonzku sinni, lifur bráðlega undir lok, og mennirnir verða dæmdir eftir verkum sínum, — hvernig þeir hafa haldið. Þess vegna segi ég: Ef cigunnað-

ur minn svíkur eða sína við mig, þó hann ekki elski mig, þá hittir reiði guðs hans og sál hans tortínist".

Lávarðurinn horfði með hinni mestu aðdáun á konu sína. En höfuð hertogainunnar beygðist æ meira og meira niður við hvert orð Adalheiðar.

"Þetta er stærsta ástæðan", hélt Lady Adalheiður áfram. "Önnur er sú, að þér, hertogainna af Ormont — synduga kona, falska eiginkona, ótryggi vinur, — þér getið ekki, þó ekki sé nema vegna mannorðs yðar, yfirgefið mann yðar, sem hefir ausið yfir yður hinum dýrmætustu gjöfum. Þér getið ekki svívirt hinar gráu hærur hans. Þér megið ekki eyðileggja hjarta hans, er ber fult traust til yðar og alt af hefir verið yður trúur".

Ekkert svar, ekkert einasta hljóð kom af vörum þeim, er áður höfðu talað brennandi ástarorð.

"Hvað hefi ég gert yður?" spurði Lady Adalheiður rólega, en sárhrygg. "Hvað hefi ég gert yður, að þér skulið á allar hundir reyna að draga manninn minn burtu frá mér? Hann er það eina, sem mér er nokkurs virði í heiminum, og hann hefði ef til vill lært að elska mig, hefðuð þér ekki komið. Þér standið á milli okkar. Fegurð yðar hefir eyðilaggt þá von, sem ég hafði um að vinna hann. Þér hafið hætt mig og hlegið að mér. Þér hafið siert hjarta mitt með háðglósum yðar, af því þér sáuð, að ég elskaði manninn minn, en hann ekki mig. Því mátti ég ekki elska hann? Hann er þó maðurinn minn. Það, sem hefði átt að vekja í brjósti yðar meðanmákvun með mér, hefir þvert á móti gert yður hatursfulla og hefnigjarna".

"Hann elskaði mig fyrst", sagði nú hertogainnan. "Hann elskaði mig fyrst og því tilheyrir hann mér".

"Nei, það er einungis röng ímyndun yðar. Það

eru ekki guðs lög. Maðurinn er skyldur til að elska og virða þá konu, sem hann gerir að eiginkonu sinni. Gleymið þér því, að einasta blessun guðs helgar hjónabandið? Hvað er ástin annað en ástriða? Þér getið ekki neitað þvílíkum lögum. Ég get ekki neitað því, að maðurinn minn hafi elskað yður fyrir eina tíð, og þó mér sé ekki kunnugt um það atriði í æfiferli hans, er ég þó viss um, að hann hefir ávalt haldið virðingu sinni óskertri. Þér verðið að munna eftir, að viðburðirnir hafa skilið ykkur að. Guð gaf mér hann. Hann hefir svarið að elska mig, að vera mér trúur til dauðans. Þér eigið einnig góðan og göfugan eiginmann, sem ber fullkomnið traust til yðar. Þér hafið líka í auðsnafni lofað honum ást og trúmennsku, og þér þorið ekki, að flekka sál yðar með því, að svíkja og tálðraga hann".

Ekkert svar. En hertogainnan stóð upp, sneri sér drembilega að lávarðinum og mælti:

"Þetta kalla ég hræsni! Þér getið hlýtt á það, Caren lávarður, ef yður langar til, ég kæri mig ekkert um, að heyra meira. Konan yðar hefið getað orðið hezti prestur. Hún talar vel, en hræsnistal og heimskupvaður hefi ég ávalt fyrirliðið".

Hún ætlaði að ganga burtu, en Lady Aðalheiður greip um handlegg hennar.

"Biðið að eins eitt angnablik, hertogainna. Leyfið mér að tala við yður, eins og systir talar við systir, kona við konu. Lofið mér að biðja yður í guðsnafni, að ihuga hina hræðilegu synd, sem þér viljið fremja. É, bara þér sæuð, hve voðalegur óréttur það er, þegar þér reynið að gera manninn mín ótrúan mér. Ef þér sæuð það, þá munduð þér falla á kné og biðja guð um náð og fyrirgefningu. Ég vil gleyma öllu því, er þér hafið gert á móti mér, og alt af hugsa hlýlega til yðar, ef þér hættið við þessi áform yðar og hættið maunni yðar upp alla

þá eynd, sem þér annars munduð leiða yfir hann, í guðs nafni og vegna sjálfrar yðar, lofið mér þessu!"

"Nei, mér kemur ekki til hugar, að lofa því", sagði hertogainnan, og hrinti henni frá sér. "Þér eruð í meira lagi ofstækisfullar, Lady Aðalheiður. Maður yðar hefir og minni skynsemi til að bera, en ég hélt, ef hann fer eftir þessu heimskupvaðri. Þér skuluð tala um æru og sæmd! Þegar þér hafið lagt niður, að standa á hleri og njósna um mann yðar, — þangað til erum við skildar að skiftum. Þér talið um lög við mig, en ég get sagt yður, að ég hefi min eigin lög, og ætla mér að hafa meðan ég lifi".

"Það va guð, sem sendi mig hingað," sagði Lady Aðalheiður rólega, "til að hjálpa mannum mínum á freistingarinnar tíma. Líka til að opna augu yðar á elleftu stundu fyrir í sannleika kvenlegu tilfinningum, — helga hjónabandsins og fleiri dygðum, sem við ættum að kappkosta að ná fullkomnun í".

"Ég hefi alt af fyrirliðið hræsni", sagði hertogainnan, "nú hata ég hana enn þá meira hér eftir. — Caren lávarður, ég óska yður til hamingju með þessa konu, sem heldur njósnum um yður, eltir yður, stendur á hleri, og þvaðrar svo um sæmd og æru. Guð varðveiti mig frá annari eins æru!"

Hún sneri sér við og hló háan hæðnishlátur um leið og hún gekk í burtu.

LXII. KAPÍTULI.

Caren lávarður reis nú á fætur. Honum fannst líkara, sem hann dreyndi — en hann velti. Hann sá

kona sína liggja á hjánum skamt frá sér, með andlitið byrgt í höndum sér. Honum fannst, sem sá hann engil fyrir framan sig. Honum fannst, sem væri hann óverðugur að snerta við henni, — henni, sem hafði svo hreina, saklausa sál, og sem var gædd jafnmiklum skilningi og vísdomi. Hvað var fallet andlit í samanhurði við vitsunni hennar, og þó voru orð hennar kölluð hræsní. Hann roðnaði af gremju, þegar hann hugsaði til þess. Það var hvorki svik né hræsní í orðum hennar. Hann hafði aldrei á afi sinni heyrt jafnfögur og vísdomsfull orð, og hann var fullviss um, að þau voru sannleikur.

Hann stóð kyr og þagði. Það var sem fyriryrði hann sig að yrða á hana. Þó hafði hann ekki sett þetta stefnumót. Hann gekk til hennar og tók hendur hennar hægt frá andliti hennar. Hann varð alveg forviða, að sjá þá hrygd og meðaumkvun, sem skein úr augum hennar. Það var sem væri þar engill guðs að gráta vonzku og syndir manna. Það var sem hefði hún séð gegnum skýin, hvernig illska manna hryggir hjarta guðs.

“Aðalheiður”, sagði hann blíðlega, “hvernig á ég að afsaka mig?”

Hún stundi þungan. “Þú þarft ekki að afsaka þig fyrir mér, Allan. Ég hef lengi þekt ásetning hentogainmunnar, og vítað, að hún ætlaði að ræna þér frá mér”.

“Og ég segi, í guðsnafni, að ég hafði ekki minstu hugmynd um það!”

“Ég trúi þér, Allan. Ég þóttist líka viss um það. Ég þori vel að segja þér, að ég hef vakað yfir þér, gætt að hverri hreyfingu þinni. Ekki sem njósmari, eins og hún sagði, heldur vegna þess, að ég vildi vera viðstödd, þegar mest lægi á, — standa þá við hlið þér og hjálpa þér. Fertu reiður við mig fyrir það? Láttum það vera. að þú ekki elskir mig, en

ég elska þig, Allan, og ég gat ekki vitað, að hún tæki þig frá mér, án þess að reyna að koma í veg fyrir það".

"Ég skil ekki, að hún hefði fengið mig til þess", mælti hann andmjúkur.

"Ég veit ekki. Hún er falleg, og þú hefir elskað hana. Ég get vel sett mig í þín spor. Þú hefir heldur enga ást í hjarta þínu, er geti verndað þig".

"Það er ég nú ekki viss um", sagði hann, en hún virtist ekkert taka eftir því.

"Ég sá hertogainnuna skrifa bréfið til þín, og ég þóttist vita innihald þess. Mér datt ekkert óheildarlegt í hug, Allan. Ekki að njósna, heldur að eins að frelsa þig frá skömm og svivirðingu. Ég get svarið þér, Allan, að það er satt, sem ég segi".

"Mér þykir vænt um, að þú komst", sagði lávarðurinn. "Mér þykir meira varið í gott mannorð, en nokkuð annað, og aldrei hefir mér komið til hugar að rjúfa hjónabandseiða mína. Samt kannast ég við, að ég er að eins dauðlegur, brotlegur maður, og ég þakka þér fyrir, að þú hjálpaðir mér út úr því, sem annars hefði getað orðið freistandi fyrir mig.

"Þú álitur mig þá ekki sem njósnara, Allan".

Hann tók um hönd hennar og kysti hana. Hún hrökk við og blóðið þaut fram í kinnar hennar.

"Aðalheiður", mælti hann, "ég virði þig meira en nokkra aðra konu. Móðir mín er góð kona, en ekki datt mér í hug, að til væri jafn göfuglynd og sönn kona og þú ert. Það getur ekki sært þig, þó ég segi þér, að þegar ég gekk að eiga þig, var ég blindur fyrir öllum þínum miklu mannakostum, — en nú verð ég að kannast við þá. Ég virði þig, og er stoltur af að segja, að þú hefir sigrað tilfinningarleysi mitt, og tekið frá mér það, sem ég ætlaði aldrei að gefa þér".

Á meðan hún stóð í stríðinu á móti keppinaut

sínum, sýndi hún hugrekki og kjark. Þú nú, er hann í fyrsta skifti hvílaði umilegum orðum að heimi og þrýsti hönd hennar að vörum sér, hörfaði hún undan eins og feimin ung stúlka.

"Mér þykir vænt um, að heyra þetta", sagði hún strax. "Já, ég er mjög þakklát fyrir það. Ég vonast ekki eftir meiri hamingju í þessu lífi".

"Aðalheiður", mælti lávarðurinn, "segðu það aftur, sem þú sagðir áðan. Elskar þú mig?"

Hún gleymdi feimari sinni og öllu nema því, að hún elskaði hann.

"Já", sagði hún, "ég elska þig, Allan. Hví skyldi ég ekki kannast við það? Ég elska þig af öllu mínu hjarta og hafi allt af gert það".

Hann lagði handlegginn utan um hana. Hún titraði, og sælufull meðvitund, er hún þá ekki gat gert sér fulla grein fyrir, gagnatók hjarta hennar.

"Aðalheiður", mælti hann, "þú hefir unnið sigur, Lofaðu mér að segja þér þetta, ég met sæmd mína mikils, og aldrei hefði ég fallið í þær talsnörur, sem þú hyggur að ég hafi verið nær fallinn í. Ég vil nú ekki segja meira um það. Ég var þá ungur og fegurð hennar töfraði mig, — en eitt er víst: ég elska hana ekki nú."

Hún tók báðum höndum um handlegg hans, eins og hún vildi halda fast í hann.

"Ég kannast við það, að nokkurn tíma eftir giftingu mína, var ég svo heimskur, að geyma minningu hennar í huga mínum. Ég átti mynd af henni, sem ég hafði skrifað á: "Elskuð, en töpuð 14. júní". Nú þegar ég lit yfir þetta, álit ég það eittthvert það vitlausasta, sem ég á æfi minni hafi gert. Svo þegar ég lærði að þekkja þig, og skildi til fulls mann-kosti þína, þá smámsamau hvarf mynd hennar úr huga mér, en þín tók sér bústað í hjarta mínu. Ég get svarið þér þetta. Ég sá, að hún var einskis-

virði í samanburði við þig. Það er satt, að ég hef kent í brjosti min hana, því ég sá, að hún var ekki á næð. Ég hef vorkent henni, en ég elska hana ekki. Adalheiður, eins og þú vist heldur þó, og mun aldrei elska hana. Töfrarnir brustu fyrir löngu síðan, og koma aldrei aftur".

"En hún elskar þig, Allan".

"Ég veit það ekki. Það er ómögulegt, að fara fram afsöknu fyrir hana. Sú ást, er leiðir til vansæmdar, er einskisvirði. Adalheiður, rektu á flóttu úr hjarta þínu allan ótta, alla afbrýðissemi, því ég álit þig öllum komum freiri".

Nú varð þögn. Frá hjarta hennar steig innleg þakklæisbæn til guðs. Svo sagði lávarðurinn og var hræður unjög.

"Þú ert meiri mannkostun gædd, en ég nokkurn sinni þorði að gera mér von um. Þú ert hreinskilin, góðlynd og trú. — Nei, mín veikni orð megna ekki að lýsa þér til fulls. Sál mín beygir sig í lotningu fyrir þér. — Adalheiður, ástkara konan mín — ég elska þig!"

Loksins. — Djúpt andvarp leið frá brjosti hennar.

"Ég elska þig", endurtók hann. "En fyrir en ég nýt þeirrar sælu, er ást mín veitir mér, verðum við að skilja til fulls hvort annað. Enginn skuggi má standa á milli okkar".

Hún leit óttaslegin framan í hann.

Það er einu hlutur, sem ég vil fá að vita. Þú segir, að þú elskir mig, og hafir allt af gert. Nú þekki ég þig svo vel, að ég veit, að þú hefir ekki átt mig af því þú elskar mig, úr því mér var það þvert um geð".

Hún sölnaði og hendur hennar skulfu í höndum hans.

"Ég þekki þig nú, og ég veit að þú mundir hafa lagt ást þína, já, allt í sölnar til þess að ég gæti

orðið hamingjusamur. Mundar þú ekki hafa gert það?"

"Já", mælti hún lágt.

"Ráddu nú þessa gátu fyrir mig. Losaðu mig við þennan efa, og Aðalheiður, ég skal tilbiðja þig meina, en nokkur kona hefir nokkru sínni áður verið tilbeiðin. Ég skal gera þig hamingjusama, elska þig svo lengi sem lífið endist. Þetta er eini skugginn, sem stendur á milli okkar. Þú ert of góð til þess, að hafa átt mig móti vilja mínum, að eins af ást til mín. Þú hefir haft einhverja aðra ástarðu til þess. Segðu mér hvers vegna það var, — svo skal ég elska þig að öllu mínu hjarta".

Hann tók hana í faðm sér og þrýsti henni fast upp að hjarta sér. Hann laut niður að henni og kysti hana, en hann undradist, hve varir hennar voru kældar.

"Segðu mér alt, elskan mín, — segðu mér alt".

Hún þagði. Hann hélt að hin óvanta ástarjátu-ing hans hefði komið flatt upp á hana, og hún væri ekki búin að ná sér aftur. Hann lagði höfuð hennar að brjósti sér.

"Segðu mér alt, ástkæra Aðalheiður mín, láttu ekkert leyndarmál standa á milli okkar. Þetta er það einasta, sem ég er í efa um. Losaðu mig við þennan efa. Losaðu sólargeislum kærleikans þó að lokum að skína inn í sálu mína".

"Allan", hvíslaði hún, "getur þú ekki borið traust til mín?"

"Jú, ég ber fult traust til þín. Hvernig gæti ég annað? En ég vil ekki að nein launung ríki á milli okkar. Ég er viss um, að þú vilt segja mér það, en ég skal vera þolinmóður, elskan mín, — þú þarft ekki að flýta þér".

Hann klappaði á hio gullna hár hennar, sem lá við brjóst hans. Hann kysti á enni og varir hennar.

"Ég hef lengi elskað þig, Adalheiður. Og ég veit tapast, hvenær ég byrjaði að elska þig. En í hvert sinn, er mig langaði til að taka þig í faðm mér, reis þessi efi upp í hjarta mínu: Hvaða ástæðu gat þessi yndislega, blíða kona haft til að eiga mig móti vilja mínum? Nú þakka ég guði fyrir, að þú gerðir það. Ísf mitt liggur nú opið fyrir mér, fult af sólskíni og sælu. En þetta verð ég að fá að vita, Adalheiður, og þú verður að segja mér það".

LXIII. KAPÍTULI.

Það varð löng þögn. Hann skildi ekkert í, af hverju það kom, því honum kom ekki til hugar, að hún vildi ekki segja honum það, sem hann bað hana um. Hann hélt bara, að hún væri feimin og ótta-slegin, og hann reyndi að tala kjark í hana.

"Óftar en hundrað sinnum", sagði hann, "hefir mig langað til að taka þig í faðm mér og segja þér, hve heitt ég elskaði þig. En þá reis ávalt þessi svartí skuggi upp á milli okkar. En nú, er þú helir numið sigur á tilfinningarleysi mínu og breytt því í hreina, heita ást, nú þegar ég gef þér hjarta mitt, — þá getur þú ekki neitað mér um barn mína".

Hún reyndi sem best hún gat, að herða sig upp, og lagði svo hönd sína á herðar hans.

"Kæri Allur, treystu mér, og láttu þennan svarta skugga á milli okkar hverfa að eilífu".

Hann hafði ekki hugmynd um, hve alvarlega hún meinti þetta, eða hve miklar kvalir hún leið. Andardráttur hennar var órólegur og svitinn draup af enni hennar.

"Nei," sagði hann eftir nokkra umhugsun. "Það er ómögulegt, að slá stryki yfir það, þó ég vildi nú lofa að gleyma því. En gæti ég ekki ent það loforð. Þú sérð það sjálf elsku Aðalheiður mín, að þess betur, sem ég þekki þig, því meira hugsa ég um það, hvers vegna þú treytir þannig í jafn þýðingarinniklu atriði lífs þíns. Skilur þú ekki þetta, ástkæra Aðalheiður mín?"

"Jú", mælti hún blíðlega, "ég skil það vel".

"Ég hef alt af álitid", mælti hann ennfremur, "að maður og kona, sem vígð hafa verið saman, ættu að bera fullt traust hvort til annars, segja hvort öðru öll sín leyndarmál og ráðfæra sig hvort við annað. Ég vil segja þér alla athurði lífs míns, hvort sem þeir eru heimskulegir eða ekki. En í staðinn verður þú að reka burtu þennan skugga, er skilur okkur að. Og ég er viss um, að þú vilt gera það".

"Allan", mælti hún blíðlega, "setjum svo, að ég búa yfir leyndarmáli, sem snertir þig, og að ég hafi enga heimild til að opinbera það. Hvað þá —?"

"Hvað svo?" sagði hann. "Ég vil leggja mig í líma, til að ávinna mér tiltrú þína, og mér skyldi með tímanum takast það".

Varir hennar skulfu, en hún reyndi samt til að halda áfram:

"Hugsaðu þér, Allan, að ég kannaðist við, að hér væri um leyndarmál að ræða, en ég bæði þig um, að hlíða mér við að segja þér frá því, af því ég hefði lofað, að opinbera það aldrei? Hvað svo—?"

"Ég get ekki trúað því", mælti hann. "Það leyndarmál, sem er orsök í því, að þú áttir mig á móti vilja mínum, snertir mig eins vel og þig, býst ég við. Ég vil reyna ást þína með þessu, Aðalheiður. Ég bið þig um, að segja mér þetta, og í staðinn lofa ég þér að elska þig svo lengi sem ég lífi.

Segðu mér alt, og nýtt líf reannur upp fyrir okkur. Við skulum ferðast til útlanda í nokkra mánuði, — látum það verða brúðkaupsferðina okkar. Framtíðin skal bæta þér upp liðna tímann. Ó, losaðu mig við þennan efa, Aðalheiður, og ég skal gera alt, sem mér er unt til að gera þig hamingjusama!"

"Elskarðu mig ekki án þess?" hrópaði hún. "Ég hef elskað þig svo heitt og verið þér trú. Leyndarmálið veitir þér enga ánægju, og ég hef svarið, að segja aldrei frá því".

Hann slepti henni úr faðmi sér og svipur haus varð harðlegur mjög.

"Neitarðu að segja mér það?"

"Ég má til", mælti hún grátandi.

"Þú skaltu ekki reiða þig á mig, Aðalheiður. Ég hef boðið þér ást mína í staðinn fyrir leyndarmál þitt, en þú vilt ekki skifta".

"Ég get það ekki!" hrópaði hún í örvantingu. — "Ég get það ekki! Ó, guð, hjálpaðu mér!"

"Þú myndar þér, að ég sætti mig við það, að þú berir annað eins leyndarmál og þetta í hjarta þínu, án þess ég fái að þekkja nokkuð til þess. Nei, ég get ekki sætt mig við það, Aðalheiður. Ég þekki vel krafta og einnig veikleika mína, og ég veit, að ég gæti ekki þolað það. Nú, en þetta getur ekki verið neitt stórvægilegt. Það er ómögulegt annað, en þú segir mér það".

Hún stundi svo þungan, að hann gat ekki annað en kent í brjósti um hana.

"Ég get ekki hugsað til, að lífa hinu sama lífi framvegis, sem ég hef lifað hingað til", mælti hann úkaft, — "lífa aðskild hvort frá öðru, gleðismandu lífi! Mér hefir um langan tíma fundist það óþolandi. Ó, Aðalheiður, taktu ekki þennan ljósgeisla frá mér, þegar ég er svo lengi búinn að vera í myrkrinu!"

Hún stóð fól og hrygg fyrir framan hann. Það, sem hún svo lengi hafði þráð, var nú fengið. Maður hennar stóð nú hjá henni og bað um hjarta hennar. Hann hafði kyst hana, hvíslað að henni ástarorðum, lofað henni ást og umhyggja henni. Hún hafði þó aldrei þorað að vonast eftir. — Og nú, — nú varð hún að neita öllu þessu! Aldrei gat hún gengið inn á skilnála þá, er hann setti. — Síðar meir, þegar hún hugsaði til þessarar stundar, fanst henni sem hún hefði þá liðið meira en dauðans kvalir.

“Það er nú orðið framorðið, Aðalheiður”, sagði lávarðurinn bliðlega. “Þú hefir sýnt mér þolinmæði og ég vil borga þér í sömu mynt. Ég kæri mig ekkert um svar mína. En ef þú ekki uppfyllir bænum mína, er ég viss um, að eitthvað það ríkir á milli okkar, sem ekki er hægt að hjarlægja, og við verðum þá að lifa sama lífi áfram, sem við höfum lifað, — eymdarfullu lífi, aðskilin hvort frá öðru. En ég vil gefa þér umhúsnartíma, og að nokkrum dögum liðnum segir þér, hvað þú ætlar að gera. Komdu nú, það er orðið, og þú ert víst þreytt”.

Hann kysti hana innilega, og hún þrýsti sér fast upp að honum.

“Það er hart”, sagði hún, “ég þoli það ekki, — það er of hræðilegt”.

“Mundu eftir, elskulega Aðalheiður mín, að eitt einasta orð af vörum þínum, hvenær sem er, ryður á burtu því, sem stendur á milli okkar”.

Hún tók um hönd hans og kysti hana ákaft, og vætti hana með tárnum sínum. Hún sagði eitthvað í hálfum hljóðum, sem hann skildi ekki. Og svo gengu þau hægt heima á leið. Þegar þau komu inn í ganginn, sá hann hve fól og veikuleg hún var.

“Þú ert þreytt, Aðalheiður. Hvar er þjónustu-

stúlkan þín? Það verður að hjálpa þér. Þú lítur helst út fyrir að vera veik”.

Hún leit raunalega framan í hann, en ásetningur hans stóð fastur. Hann ætlaði sér ekki að láta undan.

Lady Aðalheiður gekk þunglaanlega og seint til herbergis síns. Þjónustustúlka hennar gekk á eftir henni með styrkjandi droga, sem lávarðurinn bjó út handa henni. Aðalheiður lét svo stúlkuna fara í hurtu og gaf svo sorg sinni lausan tann. Hún kramp niður og grét nú sárara en nokkru sinni áður.

“Ég þoli það ekki!” hrópaði hún. “Það er of hart að bera, — of hræðilegt! Ég hef ekkert brotið. Hví á ég að líða svona óbærilega fyrir annara syndir?”

Hún grét þangað til að hún var uppgefin.

“Nú er allt búið. Það getur verið, að það hafi verið rangt af mér, að elska hann svona heitt, og langa svona ósegjanlega mikið eftir ást hans. Nú á ég hjarta hans, en hvað stóðar það? Ég get aldrei sagt honum það, sem hann vill fá að vita. Ég verð að halda eið minn, þó það kosti mig sjálft lífið. En mér þykir svo vant um, að hann hefir kyst mig og haldið mér í faðmi sér. Það er í fyrsta og verður í síðasta sinni. Guð hjálpi mér og sendi mér styrk til að taka því, sem að höndum ber!”

LXIV. KAPÍTULI

Lady Aðalheiður var orðin magnþrota af gráti. Hún fíði barist svo vel og lengi, en svo er hún að lokum gerði sér von um sigur, þá urðu vonir hennar að engu.

"Hvílir þá einhver bölvun yfir mér?" hugsaði hún, "fyrst ég verð að liða svona mikið? Þegar einnig koma í ljós, hve mikið ég hef liðið fyrir annað kemur í ljós fyrir hástöli hins æðsta, mun það ara syndir".

Hún háttaði og lagðist út af. Hún sofnaði ekki en féll í nokkurskonar þreytudvala. Það var engu líkara, en að hún væri liðið lík.

Alt í einu hrökk hún upp við afskapleg hljóð, — svo voðaleg, að henni fannst blóðið stansa í aðum sér og hjartað hætta að slá. Hún gat ekki gert sér fulla grein fyrir, hvort það voru mensk hljóð eða ekki. Svo varð stutt þögn, og svo heyrðust aftur hræðileg vein, eunþá hærri en í fyrra skiftið.

Lady Aðalheiður hljóp til herbergisdýrauna frá sér numin af hræðslu. Hún heyrði hratt fótatak í ganginum, og við og við heyrðust þessi hræðilegu hljóð. Nú sá hún þjónustustúlkuna nlanga eftir ganginum.

"Hvað er að?" kallaði hún til hennar.

"Ég veit það ekki, Lady mín. En það hefir eitt-hvað komið fyrir í herbergi hertogaínnunnar".

Án þess að spyrja að fleiru, flýti Aðalheiður sér þangað. Við dyrnar stóðu margir þjónar, sem horfðu í ráðaleysi hver á annan. Enginn þorði að fara inn.

Hvað gengur á?" spurði Lady Aðalheiður.

"Við vitum það ekki. Við getum ekki komist inn."

Aðalheiður tók í lásinn, en dyrnar voru aflæstar. Aftur heyrðist þetta voðalega vein út úr herberginu.

"Hvar er Caren lávarður?" spurði hún. En í sama bili kom hann og Clavering hershöfðingi með honum.

"Hvað gengur á?" spurði lávarðurinn.

"Við vitum það ekki", sagði kona hans, "við getum ekki komist inn."

"Farið þið frá", sagði lávarðurinn við þjónana. "Harshöfðingi, við skulum ganga inn tveir saman. Adalheiður, ég er hraddur inn, að hér sé ekki heppilegur staður fyrir þig".

Lávarðurinn gekk á hurðina unz hún gaf eftir og opnaðist. Það legaði á náttlampu í herberginu, er var mjög ríkulega skreytt. Ált var í óreglu, ginsteinar og fót lágu hvað innan um annað. Við rúmið stóð hertogainnan. Hún var í sama búningi og um kveldið. Andlit hennar var óskugrátt af hræðslu og það var sem augu hennar ætluðu út úr höldinu. Hún tók ekkert eftir, að komið var inn í herbergið, og ein einu sinni rak hún upp þetta voðalega org. sem smaug í gegn um merg og bein. Lávarðurinn gekk til hennar og lagði hönd sín á hvarðar hennar. Hún sneri sér að honum og bentu á rúmið.

"Látið á!" apta hún. "Sjáið dómurinn! Sjáðið hve refsingin hefir hitt mig!"

Lávarðurinn leit til rúmsins og sá, að þar lá hertoginn ódormant dauður.

"Sjáið", mælti hún aftur, "þetta er refsingin, — dómur minn!"

Lávarðurinn tók á brjósti hins dauða manns.

"Hann er dáinn", mælti hann, "og það er nokk að síðan hann dó".

"Hefi ég drepit hann?" spurði hún frárita af hræðslu.

"Nei, þér hafið ekki drepit hann. Því dattur yður það í hug?" sagði Lady Adalheiður.

Þær höfðu verið svarnir óvinir fyrir að eaus lánan stundum síðan, — hatað hvor aðra. En nú var það gleymt. Lady Adalheiður lagði handlegginn utan um hertogainnana og lagði hönd hennar að

svo oft höfðu farið hæðais og fyrirlitningarorðum um hana. Hún klappaði henni eins og hún væri litid barn.

"Þetta hefir verið voðasjón fyrir yður. Það er ekki að furða, þó þér séuð hræddar", sagði hún.

Hún reyndi að lingga hana, og henni tókst að seta huna ofsalegu hræðslu hertogainunnar. Nú sueri Caren lávarður sér að henni.

"Nita", sagði hann, "treystið þér yður til að segja frá því, sem við hefir borið?"

"Ég veit ekki. Ég kom hingað inn fyrir þremur stundum síðan, og þá talaði maðurinn minn við mig, og spurði hvar ég hefði verið, en ég svaraði honum nokkud afundin. Ég var ekkert sýfjud og tók því bók og fór að lesa í henni. Við töluðum ekki meira saman. En rétt á eftir heyrði ég þungar stunnur. — Ég skifti mér ekkert af því, en hélt áfram að lesa hérinn bil í 3 klukkutíma. Þá finnst mér alt í einu eins konar hræðsla gagnataka mig. Ég heyrði ekkert hljóð, enga minstu hreyfingu. Ó, það var svo hræðilegt. — svo óttalegt. Svo gekk ég að ríminu, augu hans stóðu opin og sýndust að ásaka mig. Það er dómur minn, — já, dómur minn!"

Hún rak upp hátt hljóð, reif sig úr fangi Aðalheiðar og fleygði sér á gólfid.

Sorgin hefir hálftruflað hana", sagði hershöfðinginn. "Hvernig ætti dauði manns hennar að vera hegning á hana? Þér getið ekkert hjálpað hertogainum framfar, Caren lávarður. Það besta, sem þér getið gert, er að senda eftir lækni".

Lady Caren hafði vaknað við hávaðann og gaura-ganginn og kom nú inn.

"Er það mögulegt, að hertoginn sé dáiur?" spurði hún. En í því sá hún hertogainunna og þurfti ekki annað svar upp á spurningu sína.

"Hversu hræðilegt er ekki þetta!" sagði hún.

Hertoginn hefir dáið í sama herbergi og kona hans sat í, án þess hún hefði minstu hugmynd um það. Úr hverju dó hann?"

"Það hlýtur að hafa gengið að honum hjarta-sjúkdómur", sagði kaftoinn Randolph. Þó leit ekki út fyrir, að hann gengi með hann".

Það leið ekki á löngu þar til lekna komu. Þeir gátu náttúrulega ekkert gert, sögðu þara að hertoginn hefði dáið fyrir tveimur tímum síðan, að öllum lækindum þegar konan heyrði stumur hans.

Hinu læknanna horfði vandlega á andlit húsframlidna. "Hann hefir ekki liðið miklar líkamlegar kvalir", sagði hann, "en þó er ég viss um, að síðustu stundir hans hafa verið mjög kvalafullar. Andlit dæins manns er vanalega blítt og rólegt, en hjarta þessa manns hefir liðið mjög, þar til dauðinn gerði enda á lífi hans".

Læknarnir snéru sér nú að hertogainnum, en gátu ekkert hjálpað henni. Hún var víti sínu fjar af hraðslu og samvirkubiti, en við því gelast svo fá meðul.

En undarlegast af öllu var, að nú þrýsti hún sér fast upp að Lady Adalheidi. "Verið hjá mér", apti hún. "Sleppið ekki hönd minni. Þér eruð svo góðar, — verið hjá mér og verndið mig fyrir reiði guðs!"

Alla nóttina sat Lady Adalheiður hjá henni og reyndi að hugga hana, en árangurslaust. Hún ógæfussama kona, sem hafði setið þegjandi og í illu skapi meðan maður hennar var að deyja, gat hvorki fundið huggun, hvíld né frið.

LXV. KAPÍTUL.

Lát hertogans fréttist nú um alt. Hann hafði verið látt settur í mannfélaginu og einnig mjög vinsæll maður. Hertogainninn leið mjög illa og enginn fékk aðgang að herbergi hennar, nema þjónustustúlka hennar og Lady Aðalheiður.

Lady Aðalheiður reyndi með öllu móti að hug-

Veikindi hennar stöfnuð mest af hræðslu og ótta. Hreysta hana, en það kom fyrir ekki. Fyrir hugskotssjómann hennar sveif alt af þessi sjón, er hún kom að rúminu og sá, að hann var dæinn.

"Getur ekki skeð", sagði hún aftur og aftur, "að ef ég hefði komið til hans, þegar ég heyrði andvörp hans, að ég hefði þá getað frelsað líf hans?"

Dag og nótt vakti þessi spurning fyrir henni: Hvað var það, sem dró hann til dauða?

Margir læknar komu að skoða líkið, og eftir langt samtal sín í milli kváðust þeir ekki geta gefið aðra orsök fyrir dauða hans en að guð hefði tekið hann til sín.

neinum hjartasjúkdómi, — svo þeim var ómögulegt,

Hann hafði ekki tekið inn eitru og leið ekki af að gefa öðrnvísirirskurð. En alt sátt líf kvaldist hertogainnan af þeirri hugsun, að hún myndi hafa getað frelsað líf hans, ef hún hefði komið til hans, þegar hún heyrði hann stynja. Hún vissi, hve innilega hann elskaði hana, hve alt hans líf tilheyrði henni, og svo — er hann sá, að hún ekki elskaði hann — þá brast hjarta hans.

Aldrei gat hún gleymt augnaráði hans, þegar hún laug því, að hún elskaði hann, — hvílik örvænt-

ing og sorg skein ekki úr augnum hans. Hún gat heldur ekki gleymt, hve ónærgætin hún var við hann nóttina, sem hann dó. Þegar hún kom inn í herbergið, hafði hann risið upp í rúminu og spurt hana hvar hún hefði verið.

"Ég sé ekki, að ég þurfi að standa reikningsskap af hverju augnabliki lífs míns", hafði hún sagt.

"Ég er ekki vel heilbrigður", sagði hann, "og þú finst manni tíminn lengi að liða".

Hún hafði ekki svarað þessu neinu, en tekið bók í hönd og látist fara að lesa í henni, en var þó alt af að brjóta heilann um, hvernig hún gæti best hefnt sín á Lady Aðalheiði. Hún vissi ekki, hvað tímanum leið, svo heyrði hún langa, þunga stund, en sneri sér ekki við til að vita, hvort maður hennar þyrfti nokkurs með. Hún sat enn langa stund, þangað til hún fann til einhvern óhægðar, og til að friða rósemi sína, nefndi hún nafn manns síns.

"Gervase!" Ekkert svar. Hún hélt hann svæfi, og hélt áfram að hugsa. Hún ætlaði sér að yfirgefa hertogaun, vinna Caren lávarð, hve erfitt sem það yrði, en sérstaklega ætlaði hún að hefna sín á Lady Aðalheiði.

Svo kom aftur þessi undarlega órósemi yfir hana. Hún gekk að rúminu og sá strax að hann var dáinn. Voðaleg hræðsla gagntók hana. Á meðan hún var að hugsa um að yfirgefa hann, leiða yfir hann sorg og smán, barðist hann við dauðann. Henni laust sem dauði hans væri sér refsing fyrir synd sína, að reiði guðs, sem hún svo oft hafði hæðst að, hefði fallið yfir sig. Ó, hvað hún tók út, þegar hún stóð við lík manns síns, — því verður ekki með orðum lýst! Hún fann, að ásökun samvirkunnar mundi fylgja sér til dauðans.

Einhvern dag sagði hún við Lady Aðalheiði: "Illgírni og hugleysi fylgdist ævinlega að. Ég held,

að ég hafi verið viti minn fjer. Þegar ég hugsa til hins síðasta tímabils lífs míns, fyrirverð ég mig fyrir bæði sjálfri mér og öðrum".

Hin sterka, syndsamlega ást, er ríkt hafði í hjarta hennar, var alt í einu horfin. Þegar hún leit mann sinn líðinn hina vöðalegu nótt, sloknaði ástin út og kom aldrei aftur.

Þegar maður hennar var dæinn, saknaði hún hans. Hún saknaði umhyggju og ástar hans. Hann hafði ávalt getið sér til vilja hennar og uppfyllt hverja ósk hennar. Nú fann hún það fyrst, en nú var það of seint. En hún játaði það, að aldrei mundi nokkur maður elska sig eins heitt og hann hafði gert eða henta jafnunni umhyggju fyrir sér.

Þegar hlúð var að ganga frá líkinu, kom erfingi hertogans, til þess að sýna homum hin síðustu virðingarkerki. Með mikilli viðhöfn var líkið flutt til hins gamla höfðingjaseturs á Skotlandi, þar sem allir forfedur hertogans hvíldu, og jarðsett þar. Margir stórhöfðingjar voru staddir við jarðarförina, og svo var erfðaskráin lesin upp.

Hann hafði ánaðnað ekkju sinni miklar árlegar tekjur og skrautlegt hús í Adleton í Kent. En hvers virði var það fyrir hana, sem var orðin vön við að ausa peningum út á báðar hliðar. Hún, sem hafði ráðið yfir hálfu greifadæmi, mörgum fögrum búgörðum á Skotlandi og skrautlegri höll í London.

Ættir gjafmanna, vagnarnir með hertoga kórónunni, þjónustufólkið, — alt gekk úr eigu hennar hennar til hins nýja hertoga.

Hún trýsti sér ekki til að yfirgefa Brooklands. Þegar líkfyldin fór þaðan. Lady Aðalheiður vildi heldur ekki, að hún færi meðan hún var svona veik. Hún yfirgef ekki einu sinni herbergi sitt og enginn fékk að koma til hennar, nema Lady Aðalheiður.

Lady Caron og lávarðurinn vildu koma og sjá hana, en hún vildi ekki verja þeim móttöku.

"Þegar ég treysti mér til að fara, fór ég til Adleton og verð þar, — loka mig út úr henninum".

Og hún lét ekki lenda við orðin tón. Sama morguninn, sem hún fór, lét lávarðurinn spyrja hana, hvort hann fengi að kveðja hana, en hún neitaði því.

"Það getur skeð, að ég nái mér með tímanum", sagði hún við Lady Adalheidi. "Ég losna við þessa hræðslu og tangar mínar styrkjast, þá skal ég aftur umgangast fólk, en þangað til vil ég ekki sjá neinn, sem þekkir mig".

Lady Adalheiður reyndi á allar lundir til að tala kjark í hana, en ekkert fékk hana til að breyta áformi sínu.

"Ég vil ekki fullyrða, að ég sé betri en ég var", sagði hún. "Ég held ég sé að eðliskari ekki goðmanneskju. Í þeim viðburðum, sem hér hafa skeð, sé ég hegningu fyrir syndir mínar. Ég er ekki goðkona, og ég sé ekkert eftir hertoganum. Ég elskaði hann ekki, en hann heldi átt skilið, að óga betri konn en mig. Ég er viss um, að ég get aldrei nokkurntíma gleymt því, sem nú hefir komið fyrir mig. Tangar mínar eru allar í ólagi, og það er furða, að hár mitt skuli ekki vera orðið hvítt".

Hún fór frá Brooklands, án þess að kveðja nekkurn mann. Þegar hún ætlaði að fara að stiga upp í vagninn, urðu tilfinningar hennar henni yfirstærkari. Hún lagði hendur um háls Adalheiði og grét sáran.

"Ég hataði yður og reyndi alt, sem ég gat, til að tala mann yðar frá yður, en þér hafið safnað glóðum elds yfir höfuð mér og verið mér góðar í raunum mínum. Ég þakka yður fyrir það".

Þarinnög skildu þessar konur, sem höfðu verið svo bitrir óvinar. Lady Adalheiður gleymdi og fyrirgef

hinni ógæfussönnu komu allan þann órétt, er hún lafði gert henni. Hún hjálpaði henni og hughreysti hana þangað til vagninn fór af stað.

IXVI. HAFÍTULI.

Eftir þennan sorglega atburð, fóru sumir gestanna í burtu frá Brooklands. Lady Kan og Alisa urðu eftir, sönnuleiðis kastra Randolph. Reyndi hann eftir því sem hann gat, að skemta lávarðinum, sem tók sér allt þetta mjög nærri. Hershöfðinginn tók sér einnig mjög nærri dauða hertogans. Öllum á Brooklands finnst meira og minna, sem einhver óhamingja hefði fallið yfir þá.

Enginn þann þó meir til þess, en Caren lávarður. Kveldið, sem hertoginn fékk honum bréfið, hefði hann strax fengið sterka óbeitt á þessu stefnumóti. Það var áreiðanlegt, þó hann vildi varla kannast við það, að með hverjum degi óx ást hans til komu hans. Mótsetningin á milli æfintýrafýknar hertogainunnar og hins hreina, gölga hugsunarháttar komu hans, gerði æ meiri og meiri áhrif á hann. Honum var mjög á móti skapi, að mæta hertogainunni einhversstaðar einslega, en hún hafði þræbeðið hann svo, að hann að lokum lofaði að koma.

„Þetta skal verða í síðasta sinni“, sagði hann við sjálfan sig aftur og aftur. „Ég ætla að segja henni það í eitt skifti fyrir öll, að þetta getur ekki gengið svona“.

Hann var mjög óánægður með sjálfan sig yfir að hafa lofað henni að hitta hana, en ákvað samt, að segja henni hreinskilnislega meiningu sína.

En ásetningur hans varð að engu. Hann hafði ekki hlúst við tárarnar hennar, ekki hlúst við henni miklu sorg og órvænting hennar. Hún vanaði til réttlætis hans og meðannkvæmar. Hún hafði ruglað svo sansa hans, að hann vissi varla sitt rjúkandi ráð, og aldrei hafði hann þakkað guði eins innilega fyrir nokkurn hlut, eins og það, er kona hans kom og hjálpaði honum. Aldrei hafði hann dædt eins að henni, eins og þá, er hann heyrði hana tala. Hann skildi þá til fulls hika, hreinu og göfingu sal hennar, og hann hugsaði þá með sér, að aldrei yrði hann eðlögur fyrir en hann hefði unnið ást hennar, — tyi en hana hefði bætt allan þann kulda, er hann fór með sýndi henni. Látið hana gleyma öllum þeim bitum orðum, sem hann hafði sagt við hana. Hann fann, að ást hennar myndi varpa gleði og ánægju yfir til hans. Að hann gat ekki öðlast meiri sælu í lífinu en þá, að lifa með henni í ást og einlegni.

Hann þekti svo vel hið bláa lundarlag hennar, að hann þóttist vita, að hún mundi hlíslega fyrirgefa sér. Hann var í engum eða nú, að uppfra þeirri stundu yrðu þau bæði glöð og hamingjusöm.

En það var samt ennþá eitt, sem skildi þau að, ekkert nýtt, heldur gamla, leiðinlega spursmálið: Hversvegna átti hún hann á móti vilyi hans? Hann fann nú, að þessi spurning heimtaði alvarlegt svar, því hann þóttist fullviss nú, að hún hefði alvarlega og gilda ástæðu fyrir því.

Hann varð að komast eftir þessu. Það var ekki að eins af tómri forvitni, og sárlangaði hann þó að fá vitneskju í þessu atriði, heldur fann hann til þess, að á meðan hann þekti ekkert inn í þetta leyndarmál, myndi ekkert innilegt samband tengjast á milli þeirra. Nú datt honum í hug, að þetta myndi að eins vera leyndarmál konu hans, en móðir hans og

hershöfðinginn myndu ekkert vita um það, eins og hann hafði haldið í fyrstu. En hvað gat það verið?

Honum kom ekki til hugar, að efast um, að hún myndi segja honum það, hvenær sem hann spyrði hana um það. Hann hafði gefið henni umhugsunartíma, og hann beið þolinróður eftir svari hennar. Hann bæði undraðist og dáðist að, hversu konu hans hafði farist vel við hertogainnuna, og samtímis óx ást hans til hennar, og hann langaði til þess, að alt yrði sem fyrst klappað og klárt á milli þeirra.

"Hún er miklu fremur engill en kona", sagði hann einn morgun við sjáan sig. "Mér finst ég alls ekki vera henni sambodinn. Aldrei hefði hún breytt eins og ég gerði. Hún er miklu betri en ég er".

Hann lét það bíða, að nefna þetta við hana, þangað til hertogainnan var farin þaðan, en hann veitti konu sinni nákvæma eftirtekt, og hann gat ekki skilið í þeirri sorg, sem sýndist að hvíla yfir henni. Hún var bæði orðin föl og mögur, öll framkoma hennar bar vott um þreytu og sorg. Hún var mestum magnlaus eftir alla þá baráttu, sem hún hafði átt í. Hann skildi ekkert í þessu. Hann hafði vonað, að nú, þegar hún vissi að hann elskaði hana, myndi hún verða glöð og ánægð, en honum fannst hún aldrei hafa verið eins þreytt og áhyggjufull eins og nú.

Hann tók einnig eftir því, að hún forðaðist hann. Oftar en einn sinni hafði hann ætlað að ná tali af henni, en hún hafði þá alt af barið einhverju við. Í fyrstunni hafði hann brosað og haldið það stafa af fömnunni, en svo sá hann að hún hafði þjáðst af megnri sorg.

Nú var meira en vika síðan hertogainnan fór þaðan, og einu sinni seinni part dags, er Caren lá-

varður gekk í hægðinni sínum skamt frá Brooklands, sá hann konu sína ganga inn í skógin.

Nú gat hann talað við hana. Nú gat hún ekki sagt, að Lady Caren bíði eftir sér, eða hún vari búin að lofa Alísu að ganga með henni. Hann hugsaði sér, að láta þetta tækifæri ekki ónotað og gekk hægt á eftir henni. Hún sat á mosavöxnum stein við læk, er rann þar.

"Minn lagri, hræddi þú, nú skaltu ekki fljúga frá mér", hugsaði hann. Hann kom hægt við handlegg hennar og mældi nafn hennar.

"Adalheiður, elskan mín, 'loksins hefi ég náð þér, — nú skaltu ekki sleppa frá mér'".

Hann hafði hugsað, að hún mundi roðna og líta brosandí framan í sig, en það brást. Hann varð næstum hræddur, því þegar hún sá hann, varð hún náfól af hræðslu, og rak upp lágt hljóð.

"Ég vona, að ég hafi ekki gert þér bilt við, Adalheiður?" sagði hann blíðlega.

"Nei, — það er að segja, ekki mikið", svaraði hún.

"Það lítur út fyrir, að þér þyki ekki vænt um að sjá mig", sagði hann bæði forvita og gramur yfir því, hvornig hún tók á móti honum.

Hún svaraði engu og hann kandi í brjósti um hana, er hann sá, hversu hún skalt. Hann settist við hlið hennar og lagði handlegginn utan um hana.

"Adalheiður, elsku konan mín. Ég er kominn hingað til að fá svar. Ég kem til að bjóða þér allan þá ást og umhyggjusemi, er maður getur boðið konu sinni, en í staðinn vil ég fá að vita leyndarimál þitt. Þú neitar mér ekki um það. Ég gaf þér umhugsunartíma, og þú hlýtur að vera búin að hugsa þig um. Þú ert of góð kona til að vilja halda nokkru leyndu fyrir mér".

Hún leit til himins, eins og hún bæði um hjálp

þaðan. Hún þrýsti höndunum að brjósti sér og leit því næst djarflega framan í hann.

"Allan, þú mátt halda um mig hvað sem þú vilt, hegna mér eins og þú vilt, — ég get ekki borið hönd fyrir höfuð mér. Ég get ekki opinberað leyndarmál mitt, jafnvel þó að hegningin fyrir það yrði dauðinn eða skilnaður við þig".

Hann stóð uppréttur fyrir framan hana. "Er þetta meining þín Aðalheiður? Neitarðu að segja mér leyndarmálið?"

"Já, það geri ég og verð að gera það, þó ég gæti frelsað lífið með því. Ég get ekki gengið á bak orða minna".

LXVII. KAPÍTULI.

Caran lávarður var alveg forviðan. Það var ekki að eins það, að hann fékk ekki svarað forvitni sinni, heldur sá hann, að hér var um mikilsvarðandi leyndarmál að ræða, sem hann mátti ekki lá að vita um. Hvað gat það verið úr því koman hans, sem elskaði hann svo innilega, vildi heldur skilja við hann, en segja honum það. Það gat ekki verið neitt viðvíkjandi honum. Líf hans var eins og opin bók, sem allir gátu lesið. Það hlaut því að vera eitthvað hemmi sjálfri viðvíkjandi, eitthvað er snerti foreldra eða æðingu hennar.

Nú fór hann alt í einu að hugsa um, hve lítið hann vissi um ætt hennar. Hann hafði þegar hann var drengur, heyrt að hún væri dóttir einhvers bezta vinar föður hans, og hann hafði trúað því, og svo ekkert meira um það hugsað. Þessi vinur föður hans hafði dáið utanlands og á barnasænginni beðið

Canon lávarð fyrir dóttur sína. Líka hafði hann heyrt talað um, að hún ætti töluverðar eignir, er faðir hans hafði einnig umsjón yfir. Nú, þegar fór að hugsa um það, mundi hann eftir, að hann hafði aldrei heyrt neitt talað um þennan Carlton, föður Adalheiðar. Hver var hann? Var hann í hernum? Hvernig höfðu þeir kynst, Carlton og faðir hans? Demont lávarður hafði þó næstum aldrei farið burtu frá Brooklands, sem honum þótti svo vænt um. Canon lávarður furðaði sig á, að hann hafði aldrei hugsað um þetta fyr.

Hann var í stökustu vandræðum. Setjum svo, að einhver amnarkí væri nú á fæðingu konu hans? Átti hann að elska hana minna fyrir það? Nei, hann vissi að hún elskaði hann, og í henni hafði hann fundið alla þá kosti sameinaða, sem konuna prýða. Aldrei á æli sinni hafði hann hitt fyrir nokk-ura konu, sem jafnaðist við hana. Hún var búin að hertaka hjarta hans. Honum stóð á sama um fæðingu hennar, en því fyr, sem hann komst að hinu samna í þessu máli, því betra var það. Því fyr, sem hann gat tekið hana í faðm sér og sagt: "Elskan mín, ég veit alt, og ég elska þig engu minna fyrir það", — þess betra fyrir þau bæði.

Hann langaði svo mjög eftir nærveru hennar. Hún hafði með blíðu, auðmýkt og þolinnaði borið alla þá niðurlægingu og mótlæti, sem hún hafði orðið að þola. Hann hafði ekki haft minstu hugmynd um, hve heitt hann elskaði hana, fyr en atburðurinn í lundinum opnaði augu hans. Þá fyrst skildi hann þær tálfinningar, er hann bar til hennar, og faun að þessi fagra, yndislega stúlka, sem að eins að nafni til var konan hans, sem hafði búið undir hans þaki í niðurlægingu og einskis ráðandi, — hún hafði unnið þá dýpstu og heitustu ást, er hann átti til í hjarta sínu.

Veggurinn á milli þeirra varð að brjótast niður. Honum fannst ómögulegt, að lifa lengur því lífi, sem þau höfðu lifað undir sama þaki, en þó algerlega aðskilin. Hann varð að vinna hana. Hann gat ekki lifað lengur án ástar hennar.

Meðan hann var að hugsa um þetta, gekk hann aftur á bak og áfram á gangstóttinni fyrir framan húsið. Móðir hans sá hann út um glugga og gekk til hans.

“Því ertu svona hugsandi, Allan?”

“Mamma”, sagði hann. “Í allan morgun hefi ég verið að hugsa um, hverjir foreldrar Aðalheiðar hafi verið. Hver voru þau? Því hafa þau aldrei verið nefnd á nafn?”

Lady Caren hrökk við, eins og höggormur hefði bitið hana. Hún varð náfól, og lávarðurinn hlaut að taka eftir því, en hann var of mikið þrúðmenni til að látast taka eftir því og sneri sér því við, svo hún stæði í þeirri trú, að hann hefði ekki séð það.

“Hverjir voru foreldrar hennar?” sagði Lady Caren dræmt. “Móðir hennar var þýzk, eftir því sem ég hefi komist næst um”.

“Það hefir verið falleg kona, ef Aðalheiður líkist henni”, sagði lávarðurinn. “Lézt vera rólegur. “Ég hef ekki hugsað svo mikið um móðir hennar, heldur hver faðir hennar hafi verið. Var hann í hernum? Var hann frægur maður? Ég hafi aldrei heyrt hann nefndan á nafn, — já, meira að segja, ég man ekki til, að nokkur hér hafi talað um hann”.

“Ég held, að hann hafi verið ógæfusamur, faðir þinn talaði varla aldrei um hann”.

“Hvernig annars stóð á því, að faðir minn þekkti hann, — faðir minn, sem sjaldan ferðaðist frá Brooklands, en Mr. Carlton lifði alt af í Ítölundum?”

“Ég veit ekki um það, kæri Allan. Mér er ómögulegt að segja þér það”.

"Clavering hershöfðingi veit það víst alt saman, ég ætla að spyrja hann".

Hinn greip um handlegg hans, og hélt honum föstum. "Gerðu það ekki, Allan. Í guðsnafni, gerðu það ekki, Allan! Það drepur mig!"

"Hvað gengur að þér, mamma? Hvað getur það gert þér til, þó ég vilji þekkja ætt konu minnar?"

"Þú hræðir mig svo, að ég veit ekkert, hvað ég segi", sagði hún.

"Ég skil ekkert í, af hverju þessi hræðsla getur stafað, mamma. Er það ekki náttúrlegt, að ég vilji fræðast um ætt konu minnar?"

"Já, það er alveg náttúrlegt. En, Allan — góða drengurinn minn — spurðu ekki hershöfðingjann um það, — það yrði að eins til að hryggja mig og hann. Gerðu það fyrir mig, Allan, að spyrja hann ekki neitt um þetta.

"Ég vil gera alt annað en þetta fyrir þig, mamma. Mér finst sem hér sé um eitthvert leyndarmál að ræða, sem er með öllu móti haldið leyndu fyrir mér. En nú hefi ég fastlega ásett mér að komast eftir, hvað það er".

Hún ætlaði að grípa frammi fyrir honum, en hann hélt áfram: "Mig furðar mest á því, að ég skili ekki hafa hugsað neitt um þetta fyr, en mér hefir ekki einn sinn komið það til hugar".

"Ó, Allan — Allan!" hrópaði hún angistarfull. Talaðu ekki svona! Ef þetta er að eins imyndun þín, þá skeyttu því ekki. Hvaða leyndarmál ættir það líka að vera?"

"Já, ég læ ekki skilið það", sagði hann hremskiluhislega, "en ég —" Hann endaði ekki setninguna, því rétt í þessu kom þjónn með einhver skilaboð til lávarðarins, svo hann varð að yfirgefa móður sína.

Lady Caren varð ein eftir, algerlega örvingluð. Hún stóð kyr og þegjandi í nokkrar mínútur. Svo hóf hún upp hendur sínar og sagði:

"Fyr skal himininn falla yfir mig, — fyr skal fjörðinn opnast fyrir fótum mér og gleypa mig, en ég segi honum afbrot föður hans!"

Hún gekk nú inn til að finna Lady Aðalheiði og leita huggunar hjá henni. Hún hitti hana í hennar eigin herbergjum, en hún var föl og angun voru þrútin af gráti.

"Aðalheiður", sagði Lady Caren. "Það hangir sverð yfir höfði mér, og það mun falla niður og taka af mér lífið. Allan uppástendur, að hér sé um eitt-hvert leyndarmál að ræða, og hann hefir ásett sér að komast fyrir um, hvað það er.

"Já, ég hef nú um tína verið hrædd um það. Ég sé ekki, að það sé hægt að gera við því"

"Barn!" hrópaði tengdamóðir hennar. Því talarðu svona harðuleysislega um þetta! Það verður minn bani, ef það kemst upp".

"Hvernig get ég afstýrt því? Hefi ég ekki lagt allt í sölurnar? Gæti ég komið í vög fyrir það með með því að láta líf mitt, skyldi ég gera það".

"Ég trúi þér", sagði Lady Caren innilega hrædd af eðallyndi tengdadóttur sinnar.

"Gæti ég afstýrt því með því að yfirgefa allt og fara í burtu samstundis, skyldi ég gera það. En hvorug okkar gatur neitt gert úr því sem komið er. Ílf hershöfðinginn hefði ekki komið, hefði allt farið vel, og við gætum verið leynarmál okkar alla okkar æfi".

Lady Caren varð nú rólegri. "Ég vildi óska, að hann hefði ekki komið", sagði hún. "Mér datt það strax í hug, þegar ég heyrði, að hann ætlaði að koma hingað, að ekkert gott myndi af því leiða.

Hvað heldur þú, Aðalheiður, að Allan geri, ef hann fær vitneskju um þetta?"

"Ég get ekki getið neins til um það", svaraði hún, "en ég vona, að hann láti aldrei að vita það".

"Hann yfirgefur okkur. Hann fer í hirtu og kemur aldrei aftur. Hann getur ekki borið þvilika skömm".

"Já, en þetta þarf enginn að vita. Við getum fengið hann til að varðveita leyndarmálið eins og við höfum gert", sagði Lady Aðalheiður.

"Það gerir hann aldrei. Hann er of stoltur til þess, að hann geri það. Hann er eina barnið mitt, — ég sé hvern ef til vill aldrei framur".

Það var eins og hún væri búin að missa alla von. alt þrek, og hún grét sáran. Lady Aðalheiður grét með henni, en reyndi þó til að hugga hana. Við skulum ekki hugsa okkur það versta", sagði hún. "Alt getur larið ...".

Í sama bili og hún sagði þetta, komu boð til þeirra frá Clavering hershöfðingja, að hann óskaði eftir, að þær kæmu strax til viðtals við sig í bóka-herberginu.

"Hver er hjá hershöfðingjannum?" spurði Lady Aðalheiður.

Svarið var: — "Caren lávarður".

"Nú er stundin komin", sagði Lady Caren með örvæntingar ró. "Sverðið er lalið niður. Aðalheiður, hjálpaðu mér til að taka því, sem að höndum ber".

LXVIII. KAPÍTULI.

Ég vil strax leiða þessi mál til lykta, sagði lávarðurinn við sjálfan sig. Ég get ekki lifað einum degi lengur í þessari óvissu.

Hann fór nú að finna hershöfðingjann, en hann var ekki sem bezt fyrir kallaður. Í stuttu máli sagt, hann var í mjög vondu skapi. Strax eftir morgunverð hafði hann beðið Aðalheiði að ganga út með sér, en hún hafði afsakað sig, og sagt, að hún mætti ekki vera að því. Svo mætti hann henni hálfum tíma síðar úti í garðinum, og þá sá hann greinilega, að hún hafði grátid.

Þess vegna var hann nú í mjög slæmu skapi.

"Hvað hefir hún töl að gráta af?" spurði hann sjálfan sig. "Það gengur eitthvað meira en lítið að henni". Hann ásetti sér, að komast eftir, hvað það væri.

Þeir voru því ekki í nærri góðu skapi herrarnir, þegar þeir hittust. Caren láva... kvíðinn og órólegur. Þeir hittust í bóka-herberginu. Hershöfðinginn var að lesa í blaði, og var mjög grettinn á svipinu.

"Ég var að svipast að yður, hershöfðingi", sagði lávarðurinn.

"Og ég óskaði eftir að sjá yður, Caren lávarður"

"Það var þá heppilegt, að við fundum hvor annan", sagði lávarðurinn.

"Ég mætti komnum yðar rétt áðan og hún var öll gráthólgin. Núna um daginn kom ég hér að henni fljótaði í tárum. Ég vil fá að vita, hvernig

á þessu stendur. Ég veit vel, að stundum hleypur snurða á þráðinn hjóna á milli. Mér þykir vænt um, að ég hafi aldrei átt konu, og minn aldrei eiga. neina, því ég veit vel, hversu þær geta verið þreytandi, og það fiust mannast sá maður, er ber með þolinnaði alt uöldur konu sinnar. En Adalheiður er ólik flestum öðrum konum. Hún er svo blid og þolinmód. Hvað gengur að henni? Hvers vegna grætur hún svona mikið?"

"Þér ættuð að spyrja hana sjálfa nú það, herra minn".

"Að hvaða gagni kæmi það? Ef ég á að segja yður samuleikann, herra minn, — á meðan þessi fína hertogainna var hér, datt mér í hug, að þér værnð hugfanginn af henni, og það væri það, sem hrygði Adalheiði. Nú veit ég, að þetta var bara röng ímyndan mín. Hún er líka — guði sé lof — farin. En þér skuluð vita það, að það er meira en títið, sem gengur að Adalheiði fyrst hún grætur svona mikið".

"Ég er á sama máli, hershöfðingi. Ég er hræddur um, að hér sé ekki alt eins og það ætti að vera, og ég vildi hittast yður til þess að biðja yður að hjálpa mér til að komast eftir því".

Hershöfðinginn lagði blaðið frá sér og horfði á lávarðinn með mestu undrun.

"Þér biðjið mig þess, gamlan piparsvein, sem aldrei á afi minni hafi umgengist kvenfólk. Samt haldið þér, að ég geti sagt yður, hvað se áhúsvant á yðar eigin heimili. Hvernig ætti eg að vita um það?"

"Samt stend ég í þeirri meiningu, að þér hafið í hendi yðar lykilinn að leyndarinnalinn. Hershöfðingi, segið mér. Ég spyr yður í mestu einlægni að því, — er nokk að leyndardómsfult við fæðingu konunnar minnar?"

Hershöfðinginn horfði forviða á lávarðinn.

"Nokkuð leyndardómsfult viðvikjandi Aðalheiði? Nei, alls ekki, nema ef yður finst það kynlegt, undir hvaða kringumstæðum hún kom hingað. Ég hygg, að um þá athurði hafi lítið verið talað".

"Ér þá um ekkert leyndarmál að ræða?"

"Ékki svo ég viti til", mælti hershöfðinginn rólega.

Lávarðurinn sat nokkra stund þegjandi, svo mælti hann:

"Mig langar til að vita eitthvað um Mr. Carlton, ef þér vilduð segja mér eitthvað um hann".

"Um hvern?" hrópaði hershöfðinginn.

"Mr. Carlton, föður Aðalheiðar".

"Hvað meinið þér?" spurði hershöfðinginn undrandi.

"Ég meina einungis það, sem ég segi, herra minn. Það er ekki af eintómri forvitni, að ég spyr um þetta. Mig langar til að vita um ætt konu minnar. Hver var faðir hennar?"

Hershöfðinginn stökk úr sæti sínu. Hann var hinn reiðasti, og eldur leiftraði úr augum hans.

"Érnuð þér að gera gabb að mér?" æpti hann. Aðlið þér að gabbast að því, að ég er gamall maður, og innynda yður svo, að æska yðar sé yður næg afsökum?"

"Minn kæri hershöfðingi, því látið þér svona? Haldið þér, að ég sé að henda gamnan að yður? Hvers vegna ætti ég að gera það? Ég það yður að eins um, að svara einfaldri spurningu, en hefði ég vitað, hvernig yður mundi verða við hana, hefði ég ekki spurt hennar".

"Einfaldrar spurningar. Hafið það upp aftur. Sveið mér ef þér gerið mig ekki hringlandi vitlausan".

"Ég segi það aftur, — í guðsnafni spyr ég yður að: Hver var Mr. Carlton, faðir Aðalheiðar?"

"Þér spyrjið mig um það!" Nú spyr ég yður: Vitið þér ekki, hver faðir Adalheiðar var?"

"Ég veit það ekki, herra minn".

"Ég — nei — ég get ekki trúað því", stundi hinn gamli hershöfðingi upp. "Þér vitið þá ekki, hver Adalheiður er?"

"Ég veit, að hún er konan mín, en svo heldur ekki meira".

Hershöfðinginn settist niður. Lávarðurinn varð næstum hræddur yfir útliti hans.

"Ég skal fljótt ná mér aftur", mælti hann, "ég er gamall maður, og þér hafið komið mér í ákafar geðshræringar".

Hann horfði til jarðar og sat svo lengi hegjandi, að lávarðurinn varð nú í raun og veru hræddur.

"Hershöfðingi", sagði hann, "hvað er að? Hvað hefi ég sagt, sem hryggir yður svona?"

"Eftir þetta", sagði hershöfðinginn, — "eftir þetta reidi ég mig ekki á nokkurn skapadan hlut. Ég stóð í þeirri trú, að þér vissuð það allt saman. Ekki hafið ég minstu hugmynd um, að því væri haldið leyndu fyrir yður. Þér spyrjið um, hver var faðir Adalheiðar. — Hringið, sendið eftir móður yð-
ar, og spyrjið hana þessarar spurningar".

Lávarðurinn gerði það.

"Sendið boð eftir konu yðar líka", sagði hershöfðinginn. "Ég vil nú komast fyrir sannleikann".

Á meðan þeir biðu þarna, töluðu þeir ekkert saman. Lávarðurinn fann, að nú mundi verða leyst úr mikilsvarðandi gátu fyrir hann. En úr svip hershöfðingjans mátti lesa, að hann áleit sig eiga stórmikið vandamál fyrir höndum.

Caren lávarður gleymdi aldrei, þegar loksins dyrnar opnuðust og móðir hans kom inn nálöf og skjálendi. Úr andliti hennar skein bæði hræsla

og örvanting. Lady Aðalheiður var einnig mjög fól.

Hershöfðinginn stóð upp, þegar þær komu inn. Hann lét út fyrir að vera mjög reiður.

"Lady Caren", mælti hann alvarlega, "ég hefi gert það eftir yður til að svara einni spurningu. Spyrjið hennar altur, Caren lávarður, orð fyrir orð, eins og þér spurðuð mig".

"Mér þykir það leiðinlegt, mamma", sagði lávarðurinn alvarlega. "Mér datt ekki í hug, hvaða afleiðingar spurning mín hefði".

"Hafið upp aftur spurningu yðar!" hrópaði hershöfðinginn með þrumandi rödd.

"Ég hef áður spurt, mamma, og nú spyr ég aftur: Hver var faðir Aðalheiðar?"

Lady Caren rak upp lágt hljóð, féll á kné og hildi andlitið í höndum sér.

"Ég get ekki sagt það!" hvíslaði hún. "Aldrei skal það koma yfir mínar varir!"

"Spyrjið Lady Aðalheiði". — En hún rétti upp hönd sína.

"Nei, ég skal ekki með einu einasta orði bæta á sorg hennar", sagði hún, "ekki þó ég ætti með því að frelsa líf mitt".

"Já, ef enginn annar vill segja yður samkeiðann", sagði hershöfðinginn, "þá skal ég segja yður þann, Caren lávarður".

LIX. KAPÍTULI.

Þessi atburður í bókaherberginu fór nú að verða töluvert sögulegur. Hershöfðinginn líktist helst einhverjum refsignði, og var ýgldur bæði á brún og brá. Lávarður Caren var órólegur, og tók sér

enjög merri að sjá alla þá reiði og eynd, er í kring um hana var. Samt hafði hann fastlega ásett sér, að lá að vita þetta, hvað svo sem að því kynni að hljófast.

Lady Caren lá á hnjánum fyrir fótum hans. Hún beygdist æ meira og meira til jarðar við hvert orð, sem hershöfðinginn sagði, þar til andlit hennar var komið alveg niður að gólfu. Hún grét sáran. Lady Adalheiður lá við hlið hennar og reyndi að hugga hana og lyfta henni upp og styðja hana, en árangurslaust.

"Verið kyr!" hrópaði nú hershöfðinginn með hárrí röddu. "Kyr, meðan ég skýri frá svífirðilegu athafi".

Hann lét sem hann sá ekki, að Lady Caren leit til hans banarungum.

"Þeim stærsta órétti, sem nokkur maður getur gert öðrum", hélt hann áfram. Þér spyrjið mig, Caren lávarður, hver hafi verið faðir Lady Adalheiðar. Ég skal segja yður það. Hann var eldri bróðir föður yðar, hinn rétti eigandi Brooklands, og sá rétti Caren lávarður. Adalheiður, kona yðar, er dóttir hans. Þér skiljið ef til vill ekki, hvernig í þessu Eggur. Samt attuð þér, sonur Desmond Carens, að þekkja sögu settarinnar".

"Því miður er mér alveg ókunugt um það", mælti lávarðurinn.

"Já, það lítur út fyrir það. En þér hafið ef til vill heyrt, að faðir yðar átti einn bróður, sem var eldri en hann, Jasper Caren? Hann gerði sig sekan í stjórnmálum, er hann var á unga aldri, — hvorki meira né minna en landráð. Hann varð gerður landrækur. Þetta skeði á meðan faðir yðar lifði. Allir héldu þó og vonuðu, að honum yrði leyft að koma heim aftur, þegar faðir hans félli frá og taka við eignum og nafnbótum sínum. En tvömur ár-

um fyrir dauða afa yðar, fréttist til Ínglands, með áreiðanlegum sannindum, að menn héldu, — að Jasper Caren væri dáiinn. Afi yðar dó, án þess að gera nokkra erfðaskrá, og Desmond Caren, faðir yðar, erfði eftir hann bæði eignir hans og nafnbætur. Hann gifti sig og lifði mjög hamingjusömu lífi. Svo fæddust þér. Hann hélt, sem von var, að þér erfðuð alt eftir hann, því hann þóttist viss um dauða bróður síns. — En Jasper Caren var ekki dáiinn. Honum leiddist útleigð sin, og lét það svo berast út, að hann væri dáiinn. Hann tók upp nafnið Carlton og fór til Indlands. Ég, elsti og beztu vinur hans, var þar í herþjónustu. Hann ætlaði sér að leita þar hamingju sinnar og afla sér fjár. — Á Indlandi giftist hann ungri þýzkri stúlku, sem dó rétt eftir fæðingu Aðalheiðar. Ég bað hann oft um, að láta Desmond bróður sinn vita, að hann væri á lífi, en hann eyddi því allajafna.

“Ég get ekki farið heim til Ínglands aftur”, sagði hann. Allir þar halda mig dauðann. Bróðir minn er nú orðinn lávarður, — lofum honum að vera það. Mig langar ekkert til, að ræna hann nafni og eignum sínum. Ég vil afla mér nafns og eigna, án hjálpar frá Ínglandi’.

“Hann hafði frétt, að faðir yðar hafði gift sig, að þér væruð fæddur og væruð einlegur drengur. Hann öfundaði föður yðar alls ekkert, og alt gekk vel, þar til Aðalheiður var 8 ára. Þá tapaði Jasper Caren alt í einu öllum eignum sínum. — Þér skiljið nú, Caren lávarður, hvernig sakirnar stóðu: Lávarðs-nafnið fékk langafi yðar, og það var ávalt arfgengt í karlegg, en svo var ekki með Brooklands. Þá eign erfði ávalt elzta barn elzta barns. — Jasper Caren tapaði öllum eignum sínum, eins og ég sagði áðan, og nú fór hann að hugsa um, hve ranglátlega hann breytti við hina litlu dóttur sína, Aðalheiði.

Henni tilheyrði með réttu herragarðurinn Brooklands. Þó hann fyrir sitt leyti kærði sig ekkert um nafn og eignir, átti hann ekkert með að svifta dóttur sína lögmætum arfi hennar. Svo lagðist hann veikur, og hann bjóst við, að hann mundi deyja. Þá sendi hann boð eftir mér.

“Ég ligg fyrir dauðanum, hershöfðingi”, mælti hann, “og þá lítur maður öðruvísi á hlutina en áður. Ég hef ekkert hirt um arf minn, og ég hef líka gert rétt í því, en við dauða minn erfið Aðalheiður eigur minar. Ég eftirlæt henni ekkert hér, en hún skal erfa Brooklands. Hún er réttmætur eigandi þess. Ég get ekki dáið frá henni sem eignalausri, þegar hún er þó löglegur eigandi að jafnmiklum eignum”.

“Þér breyttið alvög rétt í því”, sagði ég.

“Þegar ég er dáinn”, bætti hann við, “þá farið með hana til Englands, til Desmonds bróður míns, sem við dauða minn verður í raun og veru Caren lávarður. Segið honum það, sem ég hef haldið leyndu. Segið honum einnig, að ef ég hefði ekkert barn átt, þá hefði ég aldrei gert tilkall til arfs míns, en ég geti ekki vitað dóttur mína sem látaðan betlara. Segið honum líka, að á meðan hann lifir eigi hann að skoða Brooklands sem sína eign, en þegar hann deyr, þá erfið Aðalheiður en ekki Allan eignina. — Tak þessi skjöl: giftingarvottorð mitt, vottorð um dauða komu minnar og fæðingu Aðalheiðar, og erfðaskrá mína”.

“Hann lagði þau í hönd mér, og ég var hjá honum, þegar hann dó, og svo tók ég Aðalheiði að mér.

Takið nú vel eftir, Caren lávarður. Ég fór með Aðalheiði, hinn rétta erfingja Brooklands, með mér til Englands. — Ég get ekki borið á móti því, að föður yðar felli þetta ekki illa. Hann hafði allt af álituð yður sem erfingja sína. Honum þótti minnlega

vænt um yður og hann var stoltur af yður. Allar hans vonir voru tengdar við yður. Hann hlýddi með þolinmæði á mig, en sagði svo :

"Þetta er hart, hershöfðingi. Aldrei nokkurntíma hefir nokkur maður staðið þannig að vígi. Þegar ég dey, verður sonur minn að vísu lávarður Car-en, en hann eignast ekki Brooklands'.

"Þér verðið að salma peningum handa honum, sagði ég. Leggið vissa upphæð fyrir, hvert ár, þá getur það með tímanum orðið lagleg eign. Það er ósk og vilji bróður yðar, að þér búið á Brookland meðan þér lifið, en Aðalheiður — ekki Allan — tekur við því eftir dauða yðar, sem réttmætur eigandi þess.

"Það hefði verið betra, hefði Jasper sagt mér þetta fyr', sagði hann. Þetta verður þungt slag fyrir son minn, og hann er þó svo vel gefinn og fall-egur drengur. Hann hefir verið alinn upp sem erfingi Brooklands. Hvernig á ég að geta sagt honum þetta?"

"Látið börnin alast upp samnan', sagði ég. Að öllum líkindum giftast þau svo hvort öðru, og þá kemur það fyrir eitt, hver á Brookland'.

"Þessi orð, sem ég talaði út í bláinn, sýnast þó að hafa fest rætur hjá föður yðar. Þér vitið svo, hvernig hann notaði það.

"Orlof mitt frá herþjónustunni var mjög stutt, og ég varð að fara strax aftur til Indlands. Ég fór og stóð í þeirri trú, að Desmond Caren myndi gera skyldu sína gagnvart Aðalheiði. Hann skrifaði mér við og við. Hann sagði mér alt af, hvernig Aðalheiði liði, hvað hún lærði og um segurð hennar, og mér — þótti svo vænt um litlu stúlku.

"Svo dó hann, og seinna heyrði ég talað um giftingu ykkar. Mér þótti innmælega vænt um að heyra það, svo eignin gengi ekki úr ættinni. En ég

var alt af hræddur um, að Aðalheiður hefði. — Hvern hátt fórnað sér, — átti yður án þess að hún elskaði yður. Ég gat ekki verið rólegur, fyrir en ég hafði með mínum eigin augum séð það.

“Ég kom til að vita, hvort hún væri hannægjusöm. En hvað finnst þér? Hún hefir verið rænd arfi sínum. Hún hefir fórnufært sér fyrir Desmond Car-en, sem þó allur heimurinn ákútur heiðursmann”.

“Hættið!” hrópaði Lady Aðalheiður. “Þér dæmið of hart. Desmond lávarður var alt af mjög góður og umhyggjusamur við mig, alveg eins og besta faðir”.

“Hann rændi yður þó því, sem yður bar með réttu”, sáði hershöfðinginn.

“Nei”, sagði Lady Aðalheiður. “Ér ekki Brookland heimili mitt? Ég hef vitað alt þetta í mörg ár, en ég skyldi heldur hafa dáið, en segja frá því. Hver var ég? Átti ég að taka frá Allan arf hans? Átti ég að leiða yfir hann smán, ánðmýkja hann, þegar ég vildi svo gjarnan láta lífið fyrir hann? Sú ánægjusamasta stund, sem ég hef lifað á æli mínni var, þegar ég fann, að ég gat borið alt þetta fyrir hann”.

“Þér eruð of heimskulega viðkvæm kona”, sagði hershöfðinginn. “Ég hef ekki einu þá hitt fyrir þá konu, er hefði fylla hugmynd um, hvað réttlæti er. Hvað hafa tilfinningarnar að gera með þá spurningu, sem viðkemur rétti og réttdæmi. Mér þótti undarlegt, þegar ég kom til Englands, að heyra þetta ekki nefnt á nafni. En svo hélt ég, að úr því þið höfðuð gífst, þá hefði það alúrei verið gert opinbert, hvort ykkar átti Brooklands upphaflega. Ékki datt mér í hug, að því væri haldið leyndu fyrir annari aðalpersónunni, er hér átti hlut að máli”.

Arnþjófur B. Olson

LXX. KAPÍTULI.

Málrómur hershöfðingjans varð æ lágri og lágri, þar til seinast hann endaði í lágri hvislan. Svo varð dálitil hreyfing meðal áheyrenda hans. Caren lávarður hafði hlustað á sögu þessa, eins og hún væri dauðadómur hans. Hið karlmannlega andlit hans var orðið fölt sem nár. Það var eins og margra ára reynsla hefði gengið yfir hann. Það var hálfgjörður kviði í augnaræði hans, þegar hershöfðinginn að síðustu þagnaði. Hann ætlaði að tala, en kom engu orði upp. Hann herti sig samt eins og hann gat, og sagði svo :

“Ég er enginn þjófur, hershöfðingi, og hef ekkert um allt þetta vitað. Ég er eins og eyðilagður maður. — Ég hélt, að faðir minn hefði verið hinn mesti heiðursmaður, og ég trúði eins stutt og stöðugt á hann eins og ég trúi á guð”.

Hann var ungur og sterkbygður maður, en á meðan hann sagði þetta, runnu tár niður kinnar hans og varir hans skulfu.

Lady Adalheiður gekk til hans. Hún lagði handlegginn um háls hans, — fyrsta ástaratlotið, sem hún hafði nokkru sinni sýnt honum.

“Allan, kári maðurinn minn, taktu þér þetta ekki svona nærri. Ég þekki svo vel, hve göfugur og góður þú ert, og ég vildi heldur hafa farið héðan og aldrei séð þig frammar, en að þú leigir að vita þetta, — elskan mín. Það stendur alveg á sama, hvort okkar átti Brooklands upprunalega. Nú eigum við bæði þessa eign. Þetta var eini veggurinn, sem var á milli okkar. Nú, þegar þú veizt allt, sendir þú

mig ekki burt frá þér, elskan mín. Nú skulum við bæði verða hamingjusömi".

Caren lávarður sagði ekkert, en virti þegjandi fyrir sér hið undurfagra andlit, er lant að honum.

"Ég get ekki afborið það", stundi hann upp eftir nokkra stund. "Faðir minn randi þig því, sem þér með réttu bar, og ég hefi tekið við ránsfénu. Ég hefði heldur viljað deyja en vita þetta".

Nú gekk Lady Caren til sonar síns. "Allan, þó allur heimurinn áfelli föður þinn", sagði hún djarflega, "skalt þú ekki með einu einasta orði gera það. Þú verður að minnast þess, að hann framdi afbrot þetta af eintómri minhyggju fyrir þér, og að það stytta lífdaga hans".

"Fáns og það nú hefir eyðilagt líf mitt", sagði sonur hennar.

"Hvernig vildi þetta til, Lady Caren?" spurði nú hershöfðinginn.

"Guð varðveiti mig frá, að áfella hann en afsaka mig", svaraði hún. "En ég vissi ekkert um þetta fyrir en hann lá banaleguna, þá sagði hann mér það. Ég man eftir því, að þegar hershöfðinginn kom með Adalheiði til okkar, sagði hann mér, að hún væri dóttir einhvers bezta vinar síns, sem á banasenginni hefði heðið hann fyrir hana. Annað vissi ég ekki, fyrir en hann svo lagðist banaleguna, þá var hann næstum frá sér af samvizkubiti. Þó hafði hann í erfðaskrá sinni gengið svo frá, að Adalheiður hiði engan skaða. Hann gerði boð eftir Adalheiði og mér, og sagði okkur alla söguna, og sárhændi okkur, að segja Allan aldrei frá því.

"Ég gat ekki gert son minn arflausan", sagði hann, er hann bað okkur um fyrirgefningu. Ég heið og heið með, að segja honum þetta, og svo loksins gat ég með engu móti sagt honum það. Ég hélt líka, að alt færi vel, ef hann giftist Adalheiði".

Hann tók um hönd mína og leit á mig deyjandi bænarangum:

"Talaðu mér því, kára konan mín, að segja Allan aldrei frá þessu. Hann þarf ekkert um þetta að vita. — Honum þykir svo vænt nu mig, og hann ber svo mikið traust til mín. Ég vil ekki, að hann komist að þessu, — ég er viss um, að ég hvíli ekki rólegur í grói minni, ef hann kemst að því. — Hann sagði mér í hve miklu stríði hann hefði átt við sjálfan sig, — ástin til sonar hans annars vegar, hins vegar meðvitundin um, hvað rétt var. En svo hélt hann, að hann hefði komið því vel fyrir. Því, sjáðu Allan, hefðir þú ekki átt Aðalheiði, þá var allur arfurinn hennar. Ó, sonur minn, — sonur minn, talaðu ekki illa um föður þinn, áföldu hann ekki, því hann syndgaði af eintómri ást til þín!"

Lávarðurinn lyfti móður sinni upp, tók hana í lang sér og sagði: "Kára móðir mín, hversu þunga byrði hefir þú ekki mátt bera, og þó ertu jafn saklaus af þessu og ég er. Ég fé ekki seð, að þú þurfir að ásaka þig hið minsta".

"Ég er ekkert að hugsa um sjálfa mig. Allan, — ég er einungis að hugsa um manninn minn sáluga, föður þinn. Ó, hvað ég elskaði hann heitt. Hann var að þessu einu undanskildu svo heiðarlegur og góður maður! Ég þoli ekki að hugsa um það. — Ég er viss um, að hann drýgaði synd þessa af ást til þín. Honum þótti svo mikið til þín koma. Og ef þú vildir tala hlýlega um hann, þá gæti ég bétur borið sorg mína".

Allan lávarður átti í miklu stríði við sjálfan sig. Hann hataði alt, sem óheiðarlegt var, og minngsumin um það, að faðir hans hafði gert sig sekan í þessu var það betrasta, er fyrir hann hafði komið. Hann hafði ávallt verið svo stoltur af föður sínum, — hann hafði elskað og heiðrað minningu hans. Nú gæt

hann það ekki lengur. Þó var það, eins og móðir hans sagði, gert hans vegna. Hann leit á hið sorgmædda andlit móður sinnar og sárkendi í brjósti um hana. Svo laut hann niður að henni: "Íttu upp mamma. Ég lofa þér, að tala aldrei illa um föður minn. Það er eins og þú segir, hann hefir látið blindast af umhyggju fyrir mér. Ég bæði játa það og trúi því. Ég skal aldrei tala um þetta, og reyna að gleyrna því, að eins ef þú vilt verða ánægð aftur og reyna að brosa".

"Þú hefir ávalt verið óvanalega gott barn", sagði vesalings Lady Caren. "Mér hefir ávalt þótt mjög vænt um þig, og ég skal nú reyna að verða ánægð aftur".

"Það var ekki meining mín, að koma neinu illu af stað", sagði nú hershöfðinginn. "Mér fellur alt þetta mjög illa. Samt ált ég rétt, að þér fenguð að vita þetta, Allan".

"Ég er yður mjög þakklátur fyrir það", svaraði Allan lávarður strax, "annars hefði ég aldrei fengið að vita, hve góða og göfuglynda komu ég á. En nú skal sannleikurinn verða leiddur í ljós. Ekki einn einasta dag lengur vil ég vera í hámm fölsku stöðu minni. Allir skulu fá að vita, að Adalheiður var erfingi Brooklands, og hvernág öllu var háttað".

"Nú snéri Lady Caren sér aftur að syni sínum:

"Hvernág getur þú gert það, Allan, án þess að fólk fái að vita um, hvað þaðir þinn gerði?"

"Ég veit það ekki, mamma, en þú mátt vera fullviss um, að ég í framtíðinni að eins skal koma fram eins og ég í raun og veru er".

"Ég get ekki séð, að ueina nauðsyn beri til, að gera það kunnugt nú", sagði hershöfðinginn. "Því rettlætinn hefir nú verið fullnægt, og Adalheiður er eigandi Brooklands með fullum rétti. Lady Caren, fylgið ráði minn. Við skulum bæði fara út og láta

unga fólkið gera út um málefni sín í einrúmi. Kon-
ið þér með mér. Ég er hræddur um, að ég sé nokk-
uð bráðlyndur maður. Það var ekki meining mín
eða tilgangur, að hryggja neinn. En sannleikurinn
varð að koma í ljós. Hugsid nú ekkert meira um
þetta. Aðalheiður bætir úr því öllu saman. Hún
er sú besta og skynsamasta kona, sem finnst undir
sólunni.

Arnþótur B. Olson

LXXI. KAPÍTULI.

Lady Aðalheiður stóð grafkyr eftir að hershöfð-
inginn og Lady Caren gengu út úr herberginu. Gat
ekki skeð, að hún væri að hugsa um, að hún nýlega
hafði sýnt manni sínum þau fyrstu ástaratlot, sem
hún nokkru sinna hafði veitt honum, og hún eins og
hálf blygðaðist sín fyrir það? Jú, það var einmitt
það. Hún hugsaði nú að eins um það.

"Honum finnst líklega ég vera ókvenleg og fram-
hleypt", hugsaði hún, "en ég hugsaði að eins um
að hugga hann, og fá hann til að gleyma þessu".

Hún stalst til að líta á hann, til að sjá, hvort
hann væri reiður við sig. Hún varð að líta til jarð-
ar undan augnaráði hans, því í því fólst meira af
aðdáun og tilbeiðslu, en ást. Hún hafði alarei séð
hann horfa þannig á sig áður. — Hann gekk nú til
hemmar.

"Aðalheiður", sagði hann, "fyrst og fremst verð-
ur þú nú að segja mér, hvort ég er vakandi eða sof-
andi".

"Þú ert glaðvakandi, Allan," svaraði hún og
brosti fámislega.

"Seg mér þá, er alt þetta satt, sem ég hef nú heyrt?"

"Því maður er það alt satt".

"Og þú hefir vitað það síðan faðir minn dó?"

"Já, það er eins og Lady Caren sagði frá. Hann lét kalla á okkur að þamasæng sinni, og þar sagði hann okkur þetta alt saman".

"Og þú hefir varðveitt þetta leyndarmál trúlega þangað til nú?"

"Ef ég hefði mátt ráða, Allan, skyldi það aldrei hafa komist upp. Ég fæ ekki séð, að neitt gott hafi af því hlotist, en illt er það búið að koma af stað, það er áreiðanlegt".

"Þú segir, Aðalheiður, að þú elskir mig, og ég trúi því. Samt vildir þú heldur yfirgefa Brooklands og láta mig trú á þig, hvað sem mér sýndist, en segja mér þetta?"

Það brá fyrir björtu brosi á andliti hennar.

"Já, af því ég vissi, hve illa þér myndi falla það, ég vildi heldur ganga út í dauðann, en segja þér þetta leyndarmál".

Hann gekk nær henni.

"Nú veit ég ekki, hvort þú ert engill eða mensk kona".

"Einhverntíma vona ég, að ég verði engill", sagði hún og reyndi að tala rólega, og brosa að orðum hans, en þau þrengdu sér þó inst í hjarta hennar. — Hann horfði stöðugt á hana, og tillit hans lýsti hinni mestu aðdánn.

"Ég vissi, að komur geta haft hreina og góða sál", sagði hann, "en aldrei hugði ég að til væri hálfít svo góð manuskja eins og þú ert".

Lady Aðalheiður svaraði þessu engu.

"Hvað hefir þú ekki mátt hugsa um mig?" sagði hann. "Aldrei hefir nokkur maður verið jafn-

fyrirlitlegur i augum nokkurrar konu, eins og ég hef hlotið að vera í þínum augum".

"Þú gast aldrei orðið fyrirlitlegur i augum mínum", sagði hún rólega. "Ég hef ávalt álitit þig þann besta og góðgasta mann undir sólunni".

"Og hér hef ég státað með lánaðar sjaðrir", sagði hann, "gefðu þér allra náðarsamlegast leyfi til að dvelja undir þaki mínu, ef þú vildir gera þér það að góðu, og lofað þér að bera nafn mitt. En allt, sem ég áleit mitt, tilheyrði í raun og veru þér. Ó, Aðalheiður, það er hart að hugsa um þetta".

"Þú vissir þetta ekki, Allan", hvíslaði hún, "og þú varst mjög góður við mig".

"Góður!" hrópaði hann. "Já, ég var heldur en ekki góður. Ég lofaði þér að búa í þínum eigin húsi. Ég gaf þér þína eigin gúnsteina. Þú vissir, að þú áttir þá með réttu, þegar ég fékk þér þá".

"Já, en þú vissir það ekki, Allan, og þú gafst mér þá í góðum tilgangi, það má ég jata".

"Þú samnar glóandi kolum á höfuð mér. Ef þú vildir hlægja að mér eða ávita mig, gæti ég þolað þetta betur".

"Hvernag á ég að hlægja að þeim manni, sem ég elska svo heitt. Ég get ekki annað en elskað þig af öllu mínu hjarta".

"Aðalheiður, seg mér eitt: Ofraðir þú þér fyrir mig eftir að hafa íhugað það nákvæmlega?"

"Já það gerði ég, og ég mundi gera það aftur, ef til þess kæmi".

"Og þetta er þá ástæðan fyrir því, að þú áttir mig? Oftar en þúsund sinnum, eftir að ég tók eftir mannkostum þínum, hef ég spurt mig sjálfan: Hversvegna skyldi þessi kona endilega hafa viljað eiga mig?"

Og þetta er svar mitt: Ég átti þig eins og þú segir á móti vilja þínum, af því móðir þín bað mig

svo innilega um það. Í öðru lagi af því, að ég gat ekki vitað til þess, að þú, sem varst alinn upp sem erfingi að Brooklands, skyldir þurfa að missa af því. En helzt gerði ég það vegna þess, að þú þyrftir aldrei að vita, hvað laðir þinn hafði gert".

"Þínar eigin tilfinningar hafa þá ekkert haft með þetta að gera, ímynda ég mér".

Hún eldroðnaði. "Nei," sagði hún, "ef um ekkert annað hefði verið að ræða, þá væri alt öðruvísi en það er nú".

"Ég trúir þessu. Ég hef aldrei getað skilið þetta, Adalheiður. Ég vissi, að þú varst göfug og kvenleg, og það var svo ótrúlegt, að þú ættir mann móti vilja hans. Ég hafði svo berlega gefið í skyn, að mér felli ekki ráðahagurinn".

"En nú veistu það", hvíslaði hún. "Það var til þess, að þú fengir að halda Brooklands og yrðir ekki áskynja um afbrot föður þíns. Er, Allan, ef ég hefði vitað einn hlut, hefði ég aldrei þorað að giftast þér".

"Hvað var það?" spurði hann.

"Ef ég hefði vitað eða ímyndað mér að það væri til önnur kona, er þér þætti vænt um —"

"Hvernig fékstu að vita það?"

"Þannig", sagði hún heimnislega, — "þannig, að ég fann myndina af hinni fögru konu, sem þú elskaðir, og á henni stóð skrifað: 'Elskuð, en töpuð 14. júní'. Alt að þeim tíma hafði ég von um, að vinna ást þína, ef ég væri nógu góð og þolinmód, en þegar ég hafði fundið myndina, misti ég alla von".

Hann greip um hönd hennar. "Nei, aldrei", sagði hann, "aldrei hef ég elskað hana eins og ég elska þig nú. Þú hefur unnið hjarta mitt, — þú hefur unnið, svo mikið, Adalheiður, að ég hef ekki meira að gefa burtu. Þú hefur unnið þær dýpstu, inetu tilfinningar hjarta míns og virðingu mína".

Hún svaraði ekki, en augun töluðu fyrir hana.

"Ég er bæði þakklátur og glaður fyrir, að þetta sundurlyndi á milli okkar er nú horfið. En Aðalheiður, ég er nú búinn að gera þér nógu langt til þú átt Brokklands og alt, sem því tilheyrir. Ég vil ekki dvelja hér á þinn kostnað, — sem nokkurskogar þurfa maður".

"Áleist þú mig svo þennan tíma, sem ég hefi lifað hér?" spurði hún skjótlega.

"Nei, en því er nú öðruvísi háttað. Enginn karlmaður gerir sig ánægðan með, að lifa af fé konu sinnar".

"Hvað eigum við þá að gera?" spurði hún rólega.

"Ég vil taka það, sem leiðir minni titlét mér — fimm þúsund pund — og fara hóðan. Ég skal vinna mér fjár og frama, og þegar því er nað, þá kem ég aftur og geri kröfu til þín, elskan mín".

"Hún varð mjög óróleg. "Heldur þú ekki, að ég sé búinn að lifa nóga?" spurði hún.

"Elskan mín, aldrei hefir nokkur kona lifið meir en þú, eða verið göfugri en þú".

"Finnt þér þú standa í skuld við mig?" mælti hún. "Nú fyrst vil ég kannast við, að þú gerir það. Í staðinu fyrir hina leiðinlegu tilveru mína hér, — í staðinn fyrir hina löngu, köldu nótt, órvæntingu, sorg og afbrýðissemi, — fyrir alt, sem ég hefi lifið, ertu í skuld við mig. Viltu borga þessa skuld, Allan?"

"Já, það vil ég", mælti hann. "Ég vil gera alt, sem þú heimtar af mér".

Nú gleyndi hún þeimni sinni, hugsaði ekkert um, hvað hann myndi hugsa um sig. Hún tók um háls honum og haldi höfuðið við brjóst hans.

"Elskan mín", hvíslaði hann og beygði sig niður að henni. "Hvað er það?"

"Allan", sagði hún, "þú verður að vera hjá mér. Við þurfum ekkert að hugsa um, hvort okkar á Brooklands. Við erum hjón og elskum nú hvort annað. Vert hér kyr, og ef þú gerir það, margborgar þú það, sem ég hef liðið þín vegna".

Það varð þögn svo sem hálfu mínútu. Hann var að hugsa sig um, — en svo hafði hún unnið sigur. Hann þrýsti henni að hjarta sér og sagði:

"Ástkæra konan mín, ég skal vera ánægður með, að skulda þér alt, og aldrei skal ég yfirgefa þig".

Þannig endaði þá stríð Adalheiðar fyrir að ávinna sér hjarta manns síns.

LXXII. KAPÍTULI.

Einn sagran morgun í júnímánuði tveimur árum síðar, situr Lady Adalheiður í stáss-sal sínum á Brooklands. Ekkert gerir andlitid þegra en ánægjan. Adalheiður hafði alt af verið fögur kona, en nú var nokkuð það í andliti hennar, sem áður hafði vantað. Það var vottur um gleði og hamingju. Hún var nú yndislega fögur, hið fagra, gullna hár hennar var jafnnikið og áður, bláu augun hennar jafn blíðleg og fyr, og brosið á vörum hennar bók vitni um, hve hamingjusöm hún var.

Hún sat hjá glugga og horfði á fallegt blóm. — Svo opnuðust dyrnar, og Caren lávarður kom inn. Það var auðséð, að nú var ástin jöfn á báðar hliðar. Hann laut niður að henni og kysti hana.

"Er hann kominn, Allan?"

"Já, og hann hefur ekkert breytt. Ég get ekki

séð neinn mun á kaftin Randolph og Shirley lávarði".

"Þykir honum vænt um, að vera orðinn lávarður?"

Caren hló. "Það veit ég ekki, mér finnst hann vera allveg sá sami og áður. Hann spurði strax eftir þér. Ég fer að verða aðbrýðissamur, Aðalheiður".

"Þú hefir svo mikla ástæðu til þess, sagði hún hlæjandi. "En, Allan, taktu nú eftir því, sem ég segi: Hann verður að giftast Alisu. Die og ég höfum fastlega ásett okkur að koma því til leiðar".

"Það sýnir að eins hve heimtufrekar þið eruð. Hvað á ég að gera? Ég get þó ekki þvingað "Beauty", ég meina lávarð Shirley, til að eiga hana"

"Hér er ekki að tala um meina þvingun. Þú veist, Allan, að Alisa elskar hann — og honum þykir vænt um hana líka. Þar að auki hefir hann þekkt hana um langan tíma. Alt, sem þú þarft að gera, er að gefa honum gott ráð, ef hann spyr þig ráða".

"Ég held að allar konur hafi meðfædda löngun til þess, að koma fólki í hjónaband", sagði hann hlæjandi.

"Það getur komið af því, að giftar konur eru svo ánægðar, og vilja að allar aðrar konur verði jafn hamingjusamar".

Hann kysti hana fyrir þessi orð".

"Þarna kemur maður", sagði hann. — Hún stóð fyrir utan gluggann.

"Allan", sagði hún, "alt af sést það betur og betur, hve vænt þér þykir um konu þína".

"Ég sé ekki, hvernig ég fæ varið tímanum létur", svaraði hann. "Komdu, drengur!" Hann rétti handleggina út um gluggann og tók á móti syni sínum, fallegum og hraustum dreng, með augu

og hár móður sinnar. Þegar hann sá móður sína, æpti hann af gleði og fór í fang hennar.

"Nú, Allan, heldur þú að þessi drengur eigi sinn líka, — svo fallegur og skynsamur!"

"Ég man það", sagði Lady Caren, "að ég áleit það sama um Allan, þegar hann var lítið barn".

"Þarna kemur Lady Die", sagði lávarðurinn. — "Spurðu hana að því sama".

Lady Die brosti, þegar hún var spurð um þetta sem kona, er hefði reynslu fyrir sér viðvikjandi smábörnum.

"Ég er að gå að Alisu Kan. Ég hélt hún væri hér".

Nú kom lávarður Shirley. Lady Aðalheiður stóð upp til þess að fagna honum. Hann var enn þá ógiftur, og er hann var spurður, hvíseggi hann ætlaði að fara að gifta sig, svaraði hann öllum spurningum svo, að hann væri að leita, að þeirri stúlkunni, er svaraði til þeirrar hugmyndar, er hann gerði sér um konu sína. Hann vildi eignast konu líka Lady Aðalheiði, en hann var hræddur um, að hann myndi seint finna hennar líka.

Það var fallegt og skemtilegt á Brooklands þetta sumar. Lady Die var þar með mammi sínum og börnum. Lady Caren var nú sest þar að fyrir fult og alt. Lady Kan og Alisu hafði verið boðið að dvelja þar nokkrar vikur, og því datt Aðalheiði í hug, að biðja lávarðinn, að bjóða Shirley lávarði þangað, hinum nýbakaða aðalsmanni, svo Alisa og hann hefðu tækifæri til að vera saman. Lady Aðalheiður áleit, að jaungott júníveður, iðjuleysi og Alisa Kan væri nokkuð, er hann gæti ekki staðið á móti.

Clavering hershöfðingi var nú farinn til Indlands áftur, fullviss um, að nú væri alt á Brooklands orðið eins og það ætti að vera.

Allir sóru sig saman til þess, að koma þeim saman Alisu og Shirley lávarði, og það tókst. Lávarður Shirley var fullviss um, að finna aldrei líka Aðalheiðar, en næst henni gekk þá Alisa Kan.

Það var mikið um dýrðir, er trúlofunin var gerð heyrum kunn. Brúðkaupið stóð svo í ágúst. Og nú er Shirley lávarður kominn á þá skoðun, að hann hafi eignast þá inndælustu konu, sem til er í heiminum. Betur, að allir hugsuðu það sama um konur sínar.

Caren lávarður varð frægur maður. Hann segist ávalt vera hinu hamingjusamasti maður undir sólunni, og hann ber það með sér, að hann segir það satt.

A öllu Englandi er tæpast til sú kona, er meira sé virt en hin fagra Aðalheiður Caren.

ENDIR.

Arnljotur E. Olsen

Það kostar minna en 4 cent á viku

að fá HEIMSKRINGLU heim
til þínar vikulega árið um
kring. Það gerir engan
mismun hvar í heimin-
um þú ert, -- þú ert í
HEIMSKRINGLA mun rata
til þínar. Þú hefur máskæ
heyrt "að blindur er bók-
laus maður", en ef þú
mátt missa 4c. á viku
fyrir HEIMSKRINGLU þá
verður þú hvorugt. 4c.
á viku eða \$2 um árið.
Skrifðu eftir: Hkr. nú
þegar, til P. O. Box 116
Winnipeg, Man.

26

“G”

ALDREI SKALTU reyna til
morguns sem hagt er að gera
í dag. Það Heimskringlu í dag.



”D”

**Skrifið
yður fyr-
ir Heims-**

Á beztu heimilum


hvar sem er í Ameríku, þar
munið þér finna HEIMS-
KRINGLU lesna. Hún
er eins fróðleg og skemti-
leg eins og nokkuð annað
íslenskt fréttablað í Canada

**kringlu,
svo að þér
getið ætíð
fylgst med
málum
Íslend-
inga hér
og heima.**



Ef þér
viljið styrkja þarflegt
íslenzkt fyrirtæki, þá kaupðið og
borgið Heimskringlu





Nýjir fyrirfram borgandi
kaupendur að

HEIMSKRINGLU

fá 2 sögur í kaupbætir. Sendið
pantanir yðar sem fyrst.

Heimskringla,

729 Sherbrooke Street
P.O. Box 116
WINNIPEG

